

**GÍSLI RÚNAR VÍÐISSON**

*Bíladagar á Akureyri*

Bílar Ferðir Atvinna

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS

**MUNDI OG MORRI**

*Syndafall í stiganum*

Skreyttu Barinn með nýtískulegri list

**FÓLK 62**









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

3. júní 2006 — 148. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


### Þarf að berjast fyrir sínu



Þótt hún hafi unnið óskarsverðlaun og sé ein vinsælasta leikkona heims um þessar mundir segist Halle Berry enn þurfa að berjast fyrir hverju hlutverki.

VIÐTAL 40

### Blómadagur á tuttugu ára afmæli



Rúnar Sigurkarlsson er eigandi Yggdrasils sem heldur upp á afmælið á Skólavörðustíg.

TÍMAMÓT 28

### Umdeilt ár að lokum komið



Óhætt er að segja að Tinna Gunnlaugsdóttir hafi hrist upp í Þjóðleikhúsinu á sínu fyrsta ári sem leikhússtjóri. Efnisvalið var venju fremur djarft en að sama skapi umdeilt.

VIÐTAL 42

### Alfreð fær góða hjálp



Guðmundur Guðmundsson, fyrrverandi landsliðsþjálfari og núverandi þjálfari Íslandsmeistara Fram, hefur samþykkt að aðstoða Alfreð Gíslason í leikjunum mikilvægu gegn Svíum og í æfingaleikjunum gegn Dönum í næstu viku.

ÍÞRÓTTIR 56

### VEÐRIÐ Í DAG




**YFIRLEITT LÉTTSKÝJAÐ** - Í dag verður hæg suðvestlæg átt. Yfirleitt léttskýjað en þó hætt við þokubökkum með ströndum vestan til. Hiti 7-18 stig, hlýjast til landsins.

VEÐUR 4






# Halldór Ásgrímsson metur stöðu sína í stjórnmálum

**Formaðurinn segir á að miðstjórnarfundi verði staða flokksins, hans staða og framtíðarsýn rædd. Framsóknarmenn munu nota hvítasunnuhelgina til undirbúnings frekari ákvarðana fyrir fundinn.**

**STJÓRNMÁL** „Við ákváðum að kalla saman miðstjórnarfund þar sem fjallað verður um stöðu flokksins, mína stöðu og mína framtíðarsýn. Ég mun ræða þetta við mitt fólk áður en ég ræði það frekar við fjölmiðla,“ sagði Halldór Ásgrímsson, formaður Framsóknarflokksins og forsætisráðherra, við Fréttablaðið í gærkvöld.

Þessu svaraði Halldór Ásgrímsson er hann var spurður hvort fréttir um að hann muni hugsanlega kjósa að víkja sem formaður flokksins væru réttar.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að rætt hafi verið meðal þeirra sem næstir eru forystunni að bæði formaðurinn og varaformaðurinn, Guðni Ágústsson, létu af embættum.

Í gær varð ljóst að ekki tækist samkomulag stjórnarflokkanna um afgreiðslu frumvarps menntamálaráðherra um Ríkisútvarpið og er talið fullvíst að það tengist aðstæðum og atburðarás sem upp



**HALLDÓR ÁSGRÍMSSON** Framtíð Halldórs verður rædd á miðstjórnarfundi.

er komin í Framsóknarflokknum að loknum sveitarstjórnarkosningunum fyrir viku. Ekki varð heldur samkomulag um afgreiðslu frumvarps iðnaðarráðherra um Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur verið lagt að Finni Ingólfssyni, fyrrverandi ráðherra, að snúa aftur inn á vettvang stjórnmálanna. Hann mun ekki hafa gefið nein svör. Samkvæmt heimildum eru hugsanlegar breytingar á flokksforystunni háðar því að sátt náist um þær og nýja forystu.

Sjá einnig síðu 4



**BUBBI ÆFIR STÍFT** Bubbi Morthens hefur æft af krafti fyrir tónleika sína sem hann heldur í Laugardalshöll næstkomandi þriðjudagskvöld, 6.júní. Bubbi kemur fram á tónleikunum með Utangarðsmönnum, EGÓ, Das Kapital, MX-21 og GCD auk þess sem hann stígur á stokk, einn með gítarinn. Bubbi hefur verið starfandi tónlistarmaður í 26 ár og því koma fjölmargir hljóðfæraleikarar fram á tónleikunum, sem starfað hafa með Bubba á ferli hans. Bubbi sést hér á myndinni á æfingu með Danny Pollock og Magnúsi Stefánssyni, félögum sínum í hljómsveitinni Utangarðsmönnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Annar í hvítasunnu:

## Frí eða vinna í þágu aldraðra?

**FRAKKLAND, AP** Nú spyrja franskir launþegar sig unnvörpum: er mánudagurinn annar í hvítasunnu frídagur eða ekki?

Málið er að hann er það, en þó ekki. Hann var alltaf frídagur, en eftir hitabylgjuna sumarið 2003, sem dró nærri 15.000 veikburða gamalmenni til dauða, var ákveðið að annan í hvítasunnu yrði framvegis unnið í þágu aldraðra. En hefðir deyja seint og því fá sumir frí en aðrir ekki. **- aa**

Tengslanet á Bifröst:

## Færri konur eru í stjórnum

**JAFNRÉTTI** Konum í stjórnum félaga, sem skráð eru í Kauphöll Íslands, hefur fækkað úr sex í fjórar milli áranna 2005 og 2006 en stjórnarmenn í skráðum félögum eru samtals tæplega 140 talsins.

Þetta kom fram á ráðstefnunni Tengslanet III: Völd til kvenna sem haldin var á Bifröst í gær. „Stelpur, þetta er búið,“ sagði Siv Konráðsdóttir hrl. og hvatti til þess að lög yrðu sett til að auka hlutfall kvenna.

Sjá síðu 10 / - ghs


Byrjaðu núna að æfa!

Besta leiðin til að ... fyrir Reykjavíkurmar... að skrá sig í ... ir.is. Hlaupahóp... frá styttunni ... Kirkjusandi þrið...aga ... daga kl.





## SPURNING DAGSINS?

*Oddný, eru konur svona vel úr Garði gerðar?*

Já, og svo eru þær líka gerðarlegar.

Oddný G. Harðardóttir er oddviti N-listans í Garði en þar voru níu konur á framboðslistanum og þrjár í efstu sætunum. Oddný mun taka við embætti bæjarstjóra í Garði.

Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur skipta á milli sín nefndum í Reykjavík:

# Leikskólagjöld verða lækkuð

**XXX** Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, verðandi borgarstjóri í Reykjavík, segir að leikskólagjöld verði lækkuð um 25 prósent 1. september næstkomandi. Einnig munu foreldrar, sem eru með tvö eða fleiri börn á sama tíma í leikskóla, aðeins greiða gjald fyrir eitt barn. Þetta er mikil kjarabót fyrir barnafjölskyldur í borginni, segir Vilhjálmur í viðtali við Fréttablaðið í dag.

Sambúðarfólk greiðir eftir þetta um 5.800 krónum minna á mánuði fyrir vistun barns, samkvæmt gjaldskrá Leikskóla Reykjavíkur. Sé barnið ellefu mánuði á ári í leikskóla lækkar gjaldið samanlagt um tæp 64 þúsund. Einstætt foreldri



**VILHJÁLMUR Þ. VILHJÁLMSSON** Uppboðum á lóðum til nýbygginga verður hætt.

greiðir eftir lækkunina undir tíu þúsund krónur á mánuði fyrir barn sitt.

Vilhjálmur og Björn Ingi Hrafnsson, oddvitar borgarstjórnarmeirihlutans, hafa kynnt borgarfulltrúum hvernig þeir hyggjast skipta málaflokkum milli flokkanna. Skiptingin er þó ekki fullfrágengin. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mun velferðarráð, menningar- og ferðamálaráð og íþrótta- og tómstundaráð falla framsóknarmönnum í skaut gangi þetta eftir. Auk þess mun Björn Ingi vera formaður borgarráðs.

Sjálfstæðismenn munu fara með forræðið yfir menntaráði, skipulagsráði, framkvæmdaráði og umhverfisráði. Einnig var borgarfulltrúum kynnt sú hugmynd að fá fólk utan við borgarstjórnarhópinn til að sitja í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. **bg/Sjá bls. 32**

Karlmaður dæmdur:

## Braut glas á andliti manns

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur mildað dóm yfir tæplega þrítugum karlmanni sem braut glas á andliti manns í júlí árið 2004. Héraðsdómur Reykjavíkur hafði dæmt manninn í sex mánaða fangelsi, þar af þrjá mánuði skilorðsbundna, en Hæstiréttur dæmdi manninn í sex mánaða skilorðsbundið fangelsi.

Maðurinn sem sleginn var fékk skurð á enni og sár víðs vegar um andlitið.

Í dómnum var tillit tekið til þess að kærandinn hafi ítrekað áreitt ákærða um kvöldið og refsingin því milduð. **- sh**



**AKUREYRIN Í HAFNARFIRÐI** Rannsóknarnefnd sjóslysa tekur við rannsókn á eldsvoðanum um borð í Akureyrinni.

Banaslysin á Akureyrinni:

## Engin beiðni um sjópróf

**SJÓSLYS** Engin beiðni um að sjópróf yrðu haldin vegna eldsvoðans um borð í Akureyrinni EA þar sem tveir menn létu lífið hafði borist Héraðsdómi Reykjaness fyrir helgina.

Rannsóknarlögregla hefur lokið rannsókn sinni á upptökum eldsins sem kviknaði út frá rafmagni í ljósabekk í frístundaherbergi skipsins. Þykir ekkert gefa tilefni til frekari rannsóknar af hennar hálfu og telst það upplýst. Rannsóknarnefnd sjóslysa mun hins vegar rannsaka málið ofan í kjölinn í framhaldinu, en ekki er þó loku fyrir skotið að vátryggjendur eða eigendur skipsins fari fram á sjópróf næstu daga eða vikur. **- aöe**

Útgáfa Fréttablaðsins:

## Kemur næst út á þriðjudag

**ÚTGÁFA** Starfsmenn Fréttablaðsins bregða sér í hvítasunnufrí og kemur blaðið því næst út á þriðjudag. Skrifstofan verður opin í dag frá klukkan ellefu til fimm en svo ekki fyrr en á þriðjudag en þá verður hún opin frá átta til sex eins og venja er á virkum dögum.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Sex handteknir** Lögreglan í Kópavogi handtók sex manns í fyrrinótt vegna gruns um fíkniefnamisferli. Sexmenningunum var sleppt að lokinni yfirheyrslu og telst málið upplýst.

# Auka tvö prósent og tólf þúsund krónur

**Verkalýðsforingi segir ólíklegt að tölurnar sem Samtök atvinnulífisins settu fram í gær til að afstýra uppsögn kjarasamninganna dugi til. SA hræðist að verðbólgan fari í tveggja stafa tölur og Íslendingar detti úr hópi fremstu þjóða.**

**KJARAMÁL** Samtök atvinnulífisins hafa boðist til að greiða þeim sem aðeins hafa notið almenna launahækkana allt að tveggja prósenta viðbótarhækkun, samtals 4,5 prósent, og tólf þúsund króna taxtaviðauka til þess að afstýra því að kjarasamningum verði sagt upp í haust. Hækkunin nær ekki til þeirra sem ekki eru á lágmarkskjörum.

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri samtakanna, segir augljóst að verðbólgan verði ekki undir þremur prósentum, sem er forsenda þess að kjarasamningar haldi. Taka þurfi á vandanum strax. Fallist verkalýðsforystan á hugmyndirnar hækki launin nú í júlí.



Grétar Þorsteinsson, forseti Alþýðusambands Íslands, ASÍ, segir hugmyndinar hafa verið kynntar þeim í fyrradag: „Fjallað var um þær á fundi formanna landssambandanna og stærstu aðildarfélaga og ákveðið að kanna á viðbrögðin í baklandi þeirra.“

Formaður Verkalýðsfélags Akraness, Vilhjálmur Birgisson, segir að við fyrstu sýn virðist sér sem tólf þúsund króna hækkunin dugi ekki til að jafna það sem starfsmenn sveitarfélaga og ríkis hafa fengið í launahækkun: „En þetta er jákvætt skref sem verður vegið og metið.“

Grétar vildi hins vegar ekki leggja mat á hugmyndir atvinnurekenda en segir ólíklegt að þær taki ekki breytingum í viðræðum milli sambandanna. „En það er jafnljóst að fari málið í þann farveg munum við banka upp á hjá stjórnvöldum, því þau bera æðimikla ábyrgð á því hvernig komið er.“ Vilhjálmur gerir sér grein fyrir vanda atvinnurekenda vegna launahækkana hjá hinu opinbera. Sveitarfélög og ríki borgi víða á annan tug þúsunda hærri laun en gert sé fyrir sambærileg störf á almenna vinnumarkaðnum: „Við horfum fram á stóran reikning vegna þess að vænst verður þess að verkalýðsfélögin jafni þennan mun í samningum við okkur.“ Verði böndum ekki komið á verðbólguna ráði enginn við aðstæðurnar sem skapist á haustmánuðum og verðbólgan geti farið í tveggja stafa tölu.

„Ef við semjum strax og náum verðbólgunni niður fyrir 2007 færum við fólki mestu kjarabætur sem það getur fengið. Við sköpum líka atvinnulífinu bestu starfsmöguleikana,“ sagði Vilhjálmur. Hann bætti við, á blaðamannafundi samtakanna í gær, að fari verðbólgan úr böndunum eins og á árum áður stimpli Íslendingar sig út úr hópi fremstu þjóða í heiminum. **gag@frettabladid.is**



**FORYSTA SAMTAKA ATVINNULÍFSINS** Grétar Þorsteinsson forseti ASÍ, til vinstri, og Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, kynna hugmyndir um samning sem afstýra á uppsögnum kjarasamninga milli SA og ASÍ.



**VILHJÁLMUR EGILSSON** Framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins segir verðbólgu eina mælikvarðann á velgengni stjórnvalda.

Framkvæmdastjóri SA:

## Verðbólga verði undir mörkum

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, gerir aðeins eina kröfu til ríkisstjórnar landsins: „Náið niður verðbólgunni.“ Mælikvarðinn á hvort ríkisstjórnir standi sig eða ekki sé hvoru megin verðbólgan er við 2,5 prósentu mörkin. Hún er 7,6 prósent, samkvæmt tölum Seðlabankans.

Vilhjálmur segir einn áhrifaþátt þess að kjarasamningar haldi í haust að sveitarfélögin haldi fast um fjármálin. „Sveitarfélögin verða að lifa við sína tekjustofna. Ríkið má ekki bjarga þeim í gegnum jöfnunarsjóði eða með öðrum leiðum. Sveitarfélögin verða að bera ábyrgð á eigin fjármálum,“ sagði hann á blaðamannafundi um kjaramálin á föstudag.

„Sveitarfélögin hafa verið í eilífum mínus. Samt virtust vera til nógir peningar til allra hluta í aðdraganda kosninganna, þrátt fyrir það að þau hafi á undanförnum árum kvartað undan að vitlaust hafi verið gefið á milli sveitarfélaga og ríkisins.“

Samtökin segja þó framkvæmdir ríkis- og sveitarfélaga ekki ráða úrslitum um þenslu á markaðinum. „Stóru tölurnar liggja ekki í því hvort að ríkið framkvæmi fyrir einum milljarði meira eða minna. Þær liggja í íbúðaframkvæmdunum og einkaneyslunni,“ segir Vilhjálmur.


HÁSKÓLI ÍSLANDS

Lagadeild



Laganám í Háskóla Íslands:
Metnaður, gæði og árangur.

Allar upplýsingar í síma **525 4386** og á **www.hi.is**.
Umsóknarfrestur er til 6. júní.


Gæsluvarðhald framlengt á þrjá fíkniefnasmyglara en hafnað á hinn fjórða:

# Allir úrskurðirnir kærðir

**SAKAMÁL** Þrír menn voru úrskurðaðir í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær í áframhaldandi gæsluvarðhald í sex vikur að kröfu lögreglunnar í Reykjavík. Þetta eru þeir Ólafur Ágúst Ægisson, Ársæll Snorrason og Hollendingurinn Johan Handrick, sem allir sitja inni fyrir tilraun til stórfellds fíkniefnasmygls til landsins. Héraðsdómur hafnaði hins vegar kröfu lögreglunnar um framlengingu á fjórða manninn, Hörð Eyjólf Hilmarsson.

Allir þessir úrskurðir voru kærðir til Hæstaréttar. Ólafur Ágúst, Ársæll og Hollendingurinn kærðu úrskurð um framlengingu og lögreglan kærði höfnun á framlengingu á Hörð Eyjólf.

Fíkniefnasmyglararnir fjórir, þeir Hörður Eyjólfur, Ólafur Ágúst, Ársæll og Johan hafa allir setið í gæsluvarðhaldi undanfarnar vikur vegna tilraunar til að smygla til landsins rúmum 25 kílóum af amfetamíni og hassi í bensíntanki bifreiðar. Þrír þeirra, Ólafur Ágúst, Ársæll og Hollendingurinn, voru staðnir að verki að kvöldi skírdags, þegar þeir voru að losa efnin úr bensíntanki bifreiðarinnar í iðnaðarhúsnæði á Krókhálsi. Hinn fjórði, Hörður Eyjólfur, sem skráður er fyrir smyglbílnum, var handtekinn síðar um kvöldið í heimahúsi í borginni.



**GÆSLUVARÐHALD** Einn sakborninga í fíkiefnamálinu leiddur í héraðsdóm.

Fimmti maðurinn, Herbjörn Sigmarsson, var handtekinn síðar í tengslum við rannsóknina en honum hefur verið sleppt. **-jss**



20 stk
Stjúpur
799



Nelikkur 3stk 999



Sólboði 3stk 999



Hengilobelía 399

Opið
í Skútuvogi alla
Hvítasunnuna



25%
afsláttur af öllum
frostþolnum
útipottum

# Gróðurátak
## 1.-11. júní



5 lítra
úðakútur fylgir
frítt með
Permasect c og
Herbamix

Permasect C gegn roðamaur 1.590
Herbamix fíflaeyðir 1.595



5 kg
mosaeyðir
með áburði
999

blómaval
heillandi heimur

Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind

## GENGIÐ

**GENGI GJALDMIÐLA 2.6.2006**

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 71,53 | 71,87 |
| Sterlingspund | 133,5 | 134,14 |
| Evra | 91,62 | 92,14 |
| Dönsk króna | 12,282 | 12,354 |
| Norsk króna | 11,78 | 11,85 |
| Sænsk króna | 9,917 | 9,975 |
| Japanskt jen | 0,6339 | 0,6377 |
| SDR | 106,45 | 107,09 |

*Gengisvísitala krónunnar*
**126,7556**

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fyrrverandi rektor Tækniháskólans hefur verið ráðinn bæjarstjóri í Árborg:

# Meirihlutasamstarf í Árborg

**KOSNINGAR** Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur í Árborg hafa náð samkomulagi um meirihlutasamstarf í bæjarstjórn á næsta kjörtímabili. Stefanía Katrín Karlsdóttir, fyrrverandi rektor Tækniháskóla Íslands, hefur verið ráðin bæjarstjóri.

Þorvaldur Guðmundsson, efsti maður á lista Framsóknarflokks í Árborg, verður forseti bæjarstjórnar. Sjálfstæðisflokkur fer með embætti formanns bæjarráðs og mun Þórunn Jóna Hauksdóttir gegna því starfi fyrsta starfsárið. Eyþór Arnalds tekur við af henni að loknu ársfríi sínu frá bæjarstjórn sem hann hyggst taka sér á meðan hann vinnur í málum tengdum ölvunarakstri sínum um miðjan maí.

Frekari skipting embætta og málefnasamningur flokkanna tveggja verður kynntur í næstu viku.

Stefanía Katrín Karlsdóttir er 42 ára viðskiptafræðingur sem skipaði átjánda sæti á lista sjálfstæðismanna í Reykjavík í nýafstöðnum borgarstjórnarkosningum. **- sh**



**NÝR BÆJARSTJÓRI** Stefanía Katrín Karlsdóttir skipaði átjándi sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík. Hún hefur nú verið ráðin bæjarstjóri í Árborg,.

Þrýst á Íransstjórn:

## Tjáir sig ekki um sáttatilboð

**ÍRAN, AP** Talsmenn Íransstjórnar ítrekuðu í gær að hún væri staðráðin í að halda kjarnorkuáætlun sinni til streitu. Þeir sögðu hins vegar ekkert um sáttatilboðið sem stórveldahópurinn, Bandaríkin, Frakkland, Bretland, Þýskaland, Rússland og Kína, hefur komið sér saman um. Samkvæmt því stendur Írönum ýmiss efnahagslegur ávinningur til boða gegn því að þeir hætti auðgun úrans.

Bandaríski utanríkisráðherrann Condoleezza Rice sagði að Íranar yrðu að gefa skjót svör við tilboðinu. Að öðrum kosti ætti Íran yfir höfði sér alþjóðlegar þvingunaraðgerðir. **-aa**

Ísaksskóli áttatíu ára:

## Fær nýjan flygil að gjöf

**SKÓLAMÁL** Þrír nemendur Ísaksskóla, þau Sigrún, Ísak Sölvi og Ísak Elí, afhentu skólanum í gær nýjan flygil við skólaslit.

Tilefnið var áttatíu ára afmæli skólans sem var stofnaður árið 1926 af Ísak Jónssyni, en nemendurnir báru nöfn hans og konu hans Sigrúnar.

Börnin tóku lagið við athöfnina og sungu meðal annars Ísaksskólalagið við undirspil kennara. Gjöfin kemur sér vel en flygillinn kemur í stað gamla píanósins sem hefur verið notað frá upphafi skólans. **- gbg**



**FORSETAR OG ÞINGFLOKKSFORMENN** Frestun afgreiðslu á frumvarpinu um RÚV og nýsköpunarmiðstöðina var endanlega ákveðin á fundi þingflokksformanna undir kvöld í gær.

# Frumvarpi um RÚV frestað

**Afgreiðslu frumvarpa um Ríkisútvarpið og nýsköpunarmiðstöð verður frestað til haustsins. Stjórnarandstaðan segja þetta gert vegna ósamkomulags stjórnarflokkanna. Menntamálaráðherra lýsir vonbrigðum.**

**STJÓRNMÁL** Ákveðið var á fundi forseta Alþingis og formanna allra þingflokka að taka frumvarp menntamálaráðherra um Ríkisútvarpið og frumvarp iðnðarráðherra um nýsköpunarmiðstöð af dagskrá sumarþingsins og fresta afgreiðslu þeirra til haustsins.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráherra segir niðurstöðuna vera vonbrigði, en bendir á að mörg önnur frumvörp á hennar snærum hafi verið afgreidd á sumarþinginu. Þar á meðal rammalöggjöf um háskóla og réttarstöðu einkaskóla. „Ég undirstrika að frumvarpið um Ríkisútvarpið verður rætt í upphafi haustþingsins og þá ásamt fjölmiðlafrumvarpinu.“

Talið var að frumvarpið um Ríkisútvarpið hafi átt skammt í land og samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er frestun þess sögð tengjast aðstæðum og atburðarás sem farin sé af stað innan Framsóknarflokksins. Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra kveðst binda vonir við að frumvarpið um stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og byggðaþróun verði tekið upp í haust. Lítið sé við því að segja þótt málinu sé frestað nú.

Stjórnarliðar vilja ljúka þingstörfum í dag, fyrir hvítasunnuhelgina, en margir stjórnarandstæðingar vildu í gærkvöldi boða eldhúsdagsumræður á þriðjudag.

Arnbjörg Sveinsdóttir, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, segir það nokkur vonbrigði að hafa ekki náð að afgreiða frumvarpið um Ríkisútvarpið.

Ögmundur Jónasson, þingflokksformaður vinstri grænna fagnar því að frumvörpin um nýsköpunarmiðstöð og RÚV skuli vera tekin út úr þinginu. „Þetta er ánægjulegt því þessi frumvörp voru umdeild innan þings sem utan,“ segir Ögmundur.

Margrét Frímannsdóttir, þingflokksformaður Samfylkingarinnar, segir að með þessu verði unnt að ljúka störfum þingsins í dag. „Þessi niðurstaða er til komin vegna þess að stjórnarflokkarnir geta ekki komið sér saman um afgreiðslu frumvarpanna um RÚV og nýsköpunarmiðstöðina,.“ segir Margrét.

**johannh@frettabladid.is**

Steingrímur J. Sigfússon:

## Sigur stjórnarandstöðu

„Við fögnum því ef tekst að koma vitinu fyrir ríkisstjórnina og hún hættir við að afgreiða umdeildustu og verstu frumvörpin,“ segir Steingrímur J. Sigfússon, formaður vinstri grænna. „Það er mikill árangur fyrir stjórnarandstöðuna ef hún fær sitt fram í því að Ríkisútvarpinu verði ekki breytt í hlutafélag og þetta stórgallaða nýsköpunarfrumvarp verður ekki afgreitt. Ef það verður niðurstaðan þá er það auðvitað bara ánægjulegt. Þetta eru frumvörp sem stjórnarandstaðan og fjölmargir aðrir í þjóðfélaginu eru mjög andvígir og við höfum bara náð þeim árangri að ríkisstjórnin hefur fallið frá því að keyra þessi mál í gegn, það er mjög ánægjulegt. Það hefur komið í ljós að nýsköpunarmiðstöðvarfrumvarpið er svo meingallað að það er varla afgreiðsluhæft.“ **- sh**

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

## Endurspeglar óstjórnina

„Það endurspeglar þá óstjórn sem er á málum ríkisstjórnarinnar sem síðan smitar forystu þingsins,“ segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingar, um að þing skuli rofið án þess að frumvörp um Nýsköpunarmiðstöð og RÚV skildu vera tekin til afgreiðslu. „Það var ákveðið að kalla til sumarþings til að klára þessi veigamiklu mál og svo verður ekkert af því svo þetta er hálfgert reiðileysi en það þurfti svo sem að afgreiða fjölda annarra mála. Það er einnig mjög sérstakt að afgreiddir séu tugir mála á þessum stutta tíma að sumri en það hefði mátt klára þau fyrir sveitarstjórnarkosningar hefði ríkisstjórnin skipulagt vinnuna í tíma. Hins vegar tel ég það ágætt að þessi tvö veigamiklu mál séu komin út úr þinginu en þau þurfa mun meiri yfirlegu en þau eru vanbúin til afgreiðslu eins og þau eru.“ **- jse**



**Á KJÖRSTAÐ** Tékknesku forsætisráðherrahjónin laga sig til á kjörstað í Prag í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tékkar ganga að kjörborðinu:

## Mjótt á munum í Tékklandi

**TÉKKLAND, AP** Tékkar gengu að kjörborðinu í gær í þingkosningum sem ómögulegt var að segja fyrir um hverning færu þar sem mjög mjótt var á munum milli fylkinga í síðustu skoðanakönnunum.

Hart var tekist á í kosningabaráttunni; meðal annars var forsætisráðherrann Jiri Paroubek, sem er jafnaðarmaður, sakaður um spillingu af mótherjum sínum í Borgaralega lýðræðisflokknum, flokki Vaclavs Klaus forseta. Kjörstöðum verður ekki lokað fyrr en á hádegi í dag svo að úrslit verða fyrst ljós með kvöldinu. **- aa**


STÓRGLÆSILEG EIGN TIL SÖLU..





OPIÐ HÚS
4-5.júní frá kl. 13-16

Fallegt og sérlega vandað heilsárshús fyrir vandláta við hjarta Meðalfellsvatns. (40km frá RVK)

Húsið er tæp 90fm, 3 herbergi, stofa, eldhús, bað og geymsla. Steypt plata með hitalögn í gólfi, niðurlímt parket á gólfum, flísar á baði og forstofu. Innréttingar eru sérsmíðaðar og helstu tæki fylgja. Heitur pottur á 140fm verönd.

(Til afhendingar í júní)

Verð 24,9 millj. Uppl. í síma 659-9109




## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**VÆTA Á MORGUN**

Það er dæmalaus veðurblíða á landinu í dag og trúlega margir sem horfa hýru auga til útigrillsins en það er ávallt gaman að grilla góðan mat í góðu veðri. Ekki er síðra að ferðast um eigið land í þessu veðri. En því miður eru horfur morgundagsins ekki eins góðar fyrir landið sunnan- og vestanvert því í nótt fer að rigna á þeim slóðum en þó gæti hann hangið þurr yfir miðjan daginn.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI**

Hæg suðvestlæg átt. Þokubakkar með morgninum en síðan

*um hádegi »*




*» á morgun*




*» mánudagur*




*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 15°C skúrir | London | 22°C léttskýjað | Alicante | 25°C léttskýjað |
| Billund | 15°C hálfskýjað | París | 22°C léttskýjað | Mallorca | 22°C léttskýjað |
| Osló | 18°C skúrir | Frankfurt | 17°C skúrir | Algarve | 26°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 15°C hálfskýjað | Friedrichshafen | 12°C skúrir | Krít | 24°C heiðskírt |
| Gautaborg | 13°C hálfskýjað | Berlín | 14°C skýjað | Las Palmas | 33°C heiðskírt |

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.


Grillum saman
Grillpinnar úr kjötborði
lamb, naut eða svín
GOTT Á GRILLIÐ
Eggaldin
GOTT Á GRILLIÐ
BBQ hamborgari 120gr
úr kjötborði
GOTT Á GRILLIÐ
Jói FEL
Dijon hunangs sósa
Rósapipar sósa
Basil & hvítlauks sósa
Mest seldu grillsósurnar
í Hagkaupum!
Hefur þú prófað?
Mjúkís
TILBOÐ
559 kr/pk
Verð áður 759,-
Mjúkís 2l
5 tegundir
Gildir til 5. júní eða á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



## KJÖRKASSINN

*Þarf að bæta öryggisgæslu við hafnir landsins?*

| | |
|---|---|
| Já | 59,9% |
| Nei | 40,1% |

SPURNING DAGSINS

*Telurðu kjarnorkuáætlun Írana ógn við heimsfriðinn?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Breytingar á úthlutunarreglum stúdentagarða Félagsstofnunar stúdenta:

# Höfuðborgarbúar komist að

**MENNTAMÁL** Framvegis mun áttatíu prósentum af nýjum íbúðum á stúdentagörðunum verða úthlutað til nema sem búsettir eru á höfuðborgarsvæðinu. Með tilkomu Skuggagarðs, nýs stúdentagarðs sem rís við Lindargötu, „gefst kostur á að hefja leiðréttingu ójafnvægis sem ríkir í úthlutun“, eins og segir í tölvubréfi sem nemar við Háskóla Íslands fengu sent frá Stúdentaráði.

Fram til þessa hafa nemar utan af landi aðallega átt möguleika á úthlutun einstaklings- og paríbúða, en breytingarnar gera ráð fyrir því að nemar af höfuðborgarsvæðinu hafi meiri möguleika á íbúðunum sem teknar verða í notkun frá og með haustinu. Ásgeir Runólfsson, framkvæmdastjóri Stúdentaráðs, segir eftirspurn eftir íbúðum á Stúdentagörðum vera það mikla að nauðsynlegt sé að úthluta lóðum undir svæði fyrir frekari uppbyggingu Stúdentagarða. „Eins og staðan er núna erum við að bjóða námsmönnum, sérstaklega af landsbyggðinni, upp á húsnæði til þess að þeir geti komið á höfuðborgarsvæðið til þess að mennta sig. Það er mikilvægt að haldið verði í það meginmarkmið og það verður gert. Það er orðið afar brýnt, að lóðum verði úthlutað undir stúdentagarða þar sem eftirspurnin eftir íbúðum er gríðarlega mikil og mikilvægt að komið verði til móts við þá miklu þörf.“ **- mh**



**ÁSGEIR RUNÓLFSSON** Segir uppbyggingu stúdentagarða miða að því að útrýma löngum biðlistum eftir íbúðum.

Síminn breytir gjaldskrá sinni:

# Sama verð í öllum löndum

**ÞJÓNUSTA** Viðskiptavinir Símans munu framvegis greiða fast verð, 39 krónur á mínútuna, þegar þeir eru staddir erlendis og taka á móti símtölum frá Íslandi. Þá gildi einu í hvaða landi viðskiptavinurinn sé staddur.

Síminn segir þetta lið í einföldun á gjaldskránni. Þannig sé komið til móts við þann hóp manna sem ferðast mikið utan landsins. Verð á þessum símtölum hefur hingað til verið mismunandi eftir löndum.

Áfram verður þó gjaldfært fyrir þau aukagjöld sem erlend símafyrirtæki taka fyrir þjónustu sína. **- sh**


Bjartir dagar

Lista- og menningarhátíð Hafnarfjarðar

1.-10. júní 2006

DAGANA 3.-5. júní

laugardagur 3. júní

**Dagur helgaður fjölmenningu í Hafnarfirði**

**Kl. 11:00 Stokrotka,** pólsk matarkynning í pólsku búðinni Hvaleyrarbraut 35

**Kl. 13:00 Opið hús hjá Nýbúadeild Lækjarskóla.** Fjölmenningardagskrá, söngur, dans, leikrit o.fl. Afrakstur vetrarins sýndur.

**Kl. 13:00 Manneskjubókasafn á Gamla bókasafninu.** Jafningjafræðsla unga fólksins í Hafnarfirði á vegum Competó.

**Kl. 14:00 66. vormót Hraunbúa í Krýsuvík** sjá nánar á www.hraunbuar.is

**Kl. 15:00 Stuttmynd um fjölmenningu í Hafnarfirði** í Gamla bókasafninu

**Kl. 15:00 Innileg fjarvera.** Opnun sýningar á verkum listmálarans og ljósmyndarans Patricks Huse í Hafnarborg

**Kl. 17:00 Sýning á Agnes High Quality í Jaðarleikhúsinu.** Athugið að sýningin er á ensku. *Aðgangseyrir 1000 kr./800 kr - ókeypis fyrir börn yngir en 16 ára*

**Kl. 19:00 Hljómsveitin Mogadon leikur á A. Hansen fram eftir kvöldi**

**Kl. 20:00 Cantare – söngvakeppni hinna mörgu tungumála** í Hafnarfjarðarleikhúsinu. *Aðgangseyrir 500 kr*

**Kl. 20:00 Fuglaskoðun í Höfðaskógi og við Hvaleyrarvatn** á vegum Skógræktar Hafnarfjarðar

sunnudagur 4. júní

Landsbankinn

**Kl. 14:00 Bastien og Bastienne** eftir W.A. Mozart. Óperusýning fyrir börn í Hafnarfjarðarleikhúsinu í samvinnu við barnaóperuna „Piccolino“ frá Vínarborg. Börnin eru virkir þátttakendur.

**Kl. 20:00 Það besta úr „Nótt í Feneyjum“** eftir J. Strauss í Hafnarborg. Aríur, dúettar og ýmis hópatriði. Dagskráin var áður flutt í Óperustúdíói Íslensku óperunnar.

**Kl. 20:00 Kakóbollinn í Gamla bókasafninu** Alþjóðlegar veitingar og tónlistaratriði.

**Kl. 20:00 Sýning á Agnes High Quality í Jaðarleikhúsinu.** Athugið að sýningin er á ensku. *Aðgangseyrir 1000 kr./800 kr - ókeypis fyrir börn yngir en 16 ára*

**Kl. 24:00 Drungablús og djöflakántrí,** miðnæturtónleikar á A. Hansen

mánudagur 5. júní

**Kl. 20:00 Pétur og úlfurinn** í flutningi Alræðis öreiganna í Hafnarfjarðarleikhúsinu. Rokk-, fusion-, og fönkkennd spunaútgáfa á verki Sergei Prokofieff þar sem sviðsframkoma og klæðaburður vekja athygli.

Aðgangur ókeypis á viðburði nema annað sé tekið fram

**ALLA BJARTA DAGA** - Rativ - Tungur í leikhúsi - Míkróveröld og morgunstemningar
Ljóð í lauginni - Leikskólalist - Sumarlestur - Brynja og börnin

**Allar nánari upplýsingar í Þjónustuveri Hafnarfjarðar, Strandgötu 6**
**Sími 585 5500 - www.hafnarfjordur.is**

vilborga@centrum.is


# Kristján verður ekki bæjarstjóri öll árin

**Sjálfstæðisflokkur og Samfylking hafa komist að samkomulagi um myndun meirihluta í bæjarstjórn Akureyrar. Sjálfstæðismenn ráða bæjarstjórastarfinu fyrstu þrjú árin. Kristján Þór Júlíusson mun sækjast eftir því fyrst um sinn.**

**KOSNINGAR** Sjálfstæðisflokkurinn og Samfylkingin á Akureyri hafa náð samkomulagi um myndun meirihluta í bæjarstjórn. Sjálfstæðisflokkur mun ráða bæjarstjórastólnum fyrstu þrjú ár kjörtímabilsins og Samfylkingin það síðasta. Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri, mun líklega gegna starfinu áfram fyrst um sinn og þá mun Hermann Jón Tómasson, oddviti Samfylkingar, starfa sem formaður bæjarráðs. Þá er búist við að Hermann taki við bæjarstjórastólnum síðasta árið. Frekari skipting í embætti liggur ekki fyrir.

Kristján segir að sátt hafi verið um samninginn meðal bæjarfulltrúa. „Við vorum sammála í öllum meginatriðum. Það voru örfá atriði sem skildu á milli sem vörðuðu tengibrautir, skólamál og skipulagsmál.“

Hermann tekur í sama streng. „Við þurftum að takast á um bæði málefni og verkaskiptingu og náðum niðurstöðu sem okkur finnst viðunandi.“

Jóhannes G. Bjarnason, bæjarfulltrúi Framsóknarflokks, hefur blendnar tilfinningar til samstarfsins. „Ég hef nú ekki séð hvernig þessi meirihlutasamningur lítur út á pappír. Ég óska þeim velfarnaðar og velgengni en auðvitað óttast maður það, af því að það hefur verið töluverður núningur milli þessara flokka, að það sé um einhvers konar málamiðlanir að ræða sem kannski duga ekki til að leysa okkar stærstu og erfiðustu málaflokka.“

Baldvin H. Sigurðsson, oddviti vinstri grænna, er óánægður. „Þetta eru vonbrigði fyrir alþýðufólk á Akureyri sem vildi bersýnilega einhverjar breytingar og ætlaðist til að hér yrði vinstri viðreisnarstjórn.“ Hann efast um að breyting verði á bæjarstjórninni með innkomu Samfylkingar.

Spurður um bæjarstjórastólinn segist Kristján munu sækjast eftir honum fyrst um sinn. „Viðræðurnar hafa sem betur fer ekki snúist um persónur en ég reikna síður með að sitja öll þrjú árin.“ Baldvin undrast það. „Mér skildist að Kristján ætlaði að verða bæjarstjóri í fjögur ár ef hann næði kosningunni.“

Í kjölfar vangaveltna í aðdraganda kosninganna um það hvort Kristján væri á leið í þingframboð gaf hann það út að hann yrði bæjarstjóri öll fjögur árin ef það kæmi til greina.

Oddur Helgi Halldórsson, fulltrúi L-lista, vildi ekki tjá sig um nýjan meirihluta.

**stigur@frettabladid.is**



**ODDVITARNIR** Kristján Þór Júlíusson og Hermann Jón Tómasson kátir með niðurstöðuna eftir að samningar náðust í gær.

Dæmdur fyrir tvær grófar líkamsárásir:

# Eins árs fangelsi

**DÓMSMÁL** Karlmaður á fertugsaldri, Charles Róbert Onken, var í gær dæmdur til eins árs fangelsisvistar í Héraðsdómi Reykjavíkur vegna grófra líkamsárása í september 2004.

Var hann fundinn sekur um að hafa slegið tvo menn hnefahöggi í andlit á Laugavegi aðfaranótt 5. september fyrir tæpum tveimur árum. Féll annar mannanna með höfuðið í götuna við höggið svo að blæddi inn í höfuðkúpu og hljóðhimnu en áverkarnir hefðu hæglega getað dregið hann til dauða samkvæmt framburði lækna. Hinn maðurinn sem kom félaga sínum til hjálpar fékk einnig hnefahögg svo hann nefbrotnaði.

Þótti með framburði vitna fullsannað að hinn dæmdi, sem þekktur var á tímabili sem Charlie strippari, hefði verið sá er höggin veitti en hann neitaði sök allan tímann. Hefur hann áður hlotið dóm fyrir líkamsárás.

Dómurinn hafnaði hins vegar rúmlega fimm milljón króna skaðabótakröfum fórnarlambanna þar sem kröfur beggja þóttu vanreifaðar. **- aöe**



**FANGELSI FYRIR LÍKAMSÁRÁS** Annar mannanna sem ráðist var á hlaut lífshættulega áverka sem hefðu hæglega getað dregið hann til dauða. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



**LANDSPÍTALINN** Læknanemar mæta ekki í vinnu í dag.

Læknanemar á LSH:

# Hreyfum okkur ekki

**KJARAMÁL** „Við hreyfum okkur ekki fyrr en Landspítalinn kemur til móts við okkur,“ segir Erik Brynjar Eriksson, formaður Félags læknanema. Í dag er þriðji dagurinn sem læknanemar á fjórða og fimmta ári mæta ekki til vinnu sinnar á LSH. Með þessu mótmæla þeir því sem þeir kalla kjaraskerðingu af hálfu stjórnenda spítalans. Deilan snýst um lækkun vaktaálags úr tólf prósentum í átta og fækkun daga sem spítalinn greiðir þeim fyrir undirbúningsnámskeið fyrir vinnu á spítalanum úr tíu í sjö. **-jss**

# Kræktu þér í kerru!

## Einstakt opnunartilboð!

Kerra nýtist vel fyrir það sem þú þarft í garðinn; fjórhjólið eða bátinn; gamla ísskápinn, þvottavélina eða eldavélina sem þarf að koma á haugana; hjólbörurnar, sláttuvélina og nýja arininn sem á að fara í sumarbústaðinn; mótorhjólið, vélsleðann – og eiginlega hvað sem er.

**Komdu við í nýrri og glæsilegri verslun okkar að Fiskislóð 1.**

### Daxara 198
Með sturtubúnaði og loki úr ABS-plasti.
Opnanleg að framan og aftan.

**Stærð 190x120**
**Tilboðsverð**
**129.900 kr. án loks**



### Daxara 107
Litla sturtukerran
með stóru eiginleikana.

**Stærð 1,10x0,90**
**Tilboðsverð**
**29.900 kr.**



### Daxara 158
Ein öflug á 13" dekkjum
og með sturtubúnaði.
Opnanleg að framan og aftan.

**Stærð 150x105**
**Tilboðsverð**
**89.900 kr.**



### Daxara 127
Lítil og snaggaraleg.
Opnanleg að framan og aftan.

**Stærð 1,25x0,97**
**Tilboðsverð**
**49.900 kr.**



### Daxara 218
Stór og sterk með sturtubúnaði. 13 tommu hjólbarðar.
Opnanleg að framan og aftan.

**Stærð 230x135**
**Tilboðsverð**
**159.900 kr.**



### Daxara 147
Meðfærileg og notadrjúg.
Opnanleg að framan og aftan.

**Stærð 1,5x1,05**
**Tilboðsverð**
**69.900 kr.**



### Mótorhjólakerra CH750
Með eða án rampa. Möguleiki á krossviði í botni.

**Stærð 300x155x70**
**Tilboðsverð án rampa**
**89.900 kr.**






Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • www.ellingsen.is • Póstsendum um allt land
Opið mánud. til föstud. kl. 8–18, laugard. kl. 10–16, sunnud. kl. 12–16.

**Ellingsen**

*– fullt hús ævintýra*

Himinn og haf / SÍA










Hvatningarverðlaun Vísinda- og tækniráðs:

# Mannfræðingi veitt hvatningarverðlaun

**VERÐLAUN** Agnar Helgason hefur hlotið hvatningarverðlaun Vísinda- og tækniráðs. Megin starfsvettvangur Agnars er hjá Íslenskri erfðagreiningu, en hann er jafnframt aðjúnkt við mannfræðiskor félagsvísindadeildar Háskóla Íslands, þar sem hann kennir og leiðbeinir háskólastúdentum í framhaldsnámi. Agnar stundaði nám bæði í félagslegri mannfræði og síðan líffræðilegri mannfræði. Hann hefur unnið að ýmsum rannsóknum á því sviði, ýmist einn eða í félagi við aðra.

Með rannsóknum sínum sem birst hafa í fjölmörgum virtustu fræðitímaritum á sviði mannerfðafræði, sýndi Agnar meðal annars fram á að um áttatíu prósent af landnámskörlum voru upprunnir á Norðurlöndum, en um 62 prósent af landnámskonum voru upprunnar á Bretlandseyjum. Þetta bendir eindregið til þess að blandaðar fjölskyldur, þar sem feður voru norrænir en mæður breskar, og afkomendur slíkra fjölskyldna, hafi verið ríkjandi í hópnum sem nam land á Íslandi fyrir um 1100



**HVATNINGARVERÐLAUN** Agnar Helgason tók við hvatningarverðlaunum úr hendi Halldórs Ásgrímssonar, forsætisráðherra.

árum. Af þessum ástæðum hefur Agnar ályktað að flestir landnemarnir hafi lagt af stað til Íslands frá byggðum norrænna manna á Bretlandseyjum. Nýlegar erfðarannsóknir Agnars og annarra á fleiri eyþjóðum Norður-Atlantshafsins hafa rennt frekari stoðum undir þetta. -jss

Rúm vika í fyrsta stjórnarfund:

## Enn óráðið á fimm stöðum

**KOSNINGAR** Enn á eftir að mynda meirihluta í fimm sveitarstjórnum á landinu, Árborg, Dalvík, Húnaþingi vestra, Mosfellbæ og Rangárþingi eystra. Til þess er nægur tími þar sem nýkjörin sveitarstjórn tekur ekki við störfum fyrr en fimmtán dögum eftir kjördag, lögum samkvæmt, það er sunnudaginn 11. júní.

Ef meirihlutasamstarf hefur þá ekki náðst verður oddviti sveitarstjórnar kosinn á fyrsta fundi. - sh

### HÁSKÓLAR

**Landbúnaður** 44 nemendur voru brautskráðir frá Landbúnaðarháskóla Íslands í fyrradag við hátíðlega athöfn í Reykholtskirkju. Þetta er í annað sinn sem skólinn útskrifar nemendur, en hann var stofnaður fyrir rúmu ári.



**GEORGE W. CASEY HERFORINGI** Æðsti yfirmaður bandaríska herliðsins í Írak hefur tilkynnt hermönnum að þeir verði að gangast undir sérstaka þjálfun í siðferðilegum efnum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Fleiri dæmi um voðaverk

**Bandaríkir hermenn sagðir hafa drepið óbreytta borgara í árás í Írak í janúar. Bandarískir hermenn í Írak verða allir settir í sérstaka þjálfun í siðfræði.**

**ÍRAK, AP** Strax í kjölfar umfjöllunar um dráp bandarískra hermanna á 24 óbreyttum borgurum í Haditha í Írak í nóvember síðastliðnum koma fram fleiri dæmi um að bandarískir hermenn hafi orðið óbreyttum borgurum að bana þar í landi.

Íbúar í þorpinu Ishaqi halda því fram að ellefu manns, þar á meðal fimm börn, hafi farist þegar bandarískir hermenn gerðu árás á hús í þorpinu í janúar síðastliðnum. Bandaríski herinn hefur staðfest að árásin hafi verið gerð, en segir að fjórir hafi dáið, einn karlmaður, tvær konur og eitt barn. Síðar bætti bandaríski herinn við að rannsókn stæði yfir á því hvað gerðist.

Eitt hús í þorpinu var lagt í rúst, þakið var hrunið og stór hola í einum útveggjanna sem enn stóðu uppi. Innri veggir hússins voru þaktir kúlnagötum og dauð kýr sást skammt frá rústunum.

Í myndbandi sem AP fréttastofan sendi frá sér mátti sjá lík fimm barna og tveggja karlmanna vafin inn í teppi. Á öðrum myndböndum sjást lík þriggja barna aftan á pallbíl.

Íröksk stjórnvöld hafa ákveðið að rannsaka sjálf atvikið í Haditha og Nouri al-Maliki forsætisráðherra kallaði drápin þar „hryllilegan glæp“. Hann sagði að þess háttar athæfi væri „orðið algengt meðal margra í fjölþjóðaliðinu.“

William Caldwell herforingi, talsmaður erlenda heraflans í Írak, sagði „þrjú eða fjögur“ atvik á ýmsum stöðum í Írak vera til rannsóknar, en vildi ekki veita nánari upplýsingar.

Bandaríski herinn hefur meðal annars brugðist við með því að senda hermenn í Írak í sérstaka þjálfun í siðfræði þar sem meðal annars verður fjallað um „þau gildi sem aðgreina okkur frá óvinum okkar“.

George W. Bush Bandaríkjaforseti hefur sagt að hann líti málið mjög alvarlegum augum og lofar því að ítarleg rannsókn verði gerð á drápunum í Haditha. Niðurstöður hennar verði birtar opinberlega.

Á fimmtudaginn sögðu bandarísk stjórnvöld að Bush forseti hefði ekki frétt af rannsókninni fyrr en mánuði eftir að hún hófst, en fyrr í vikunni hafði því verið haldið fram að forsetinn hefði fengið upplýsingar um hana fljótlega eftir að hún hófst. gudsteinn@frettabladid.is

Hjúkrunarfræðingar og launamunur á Landspítala:

# Beita sér áfram

**HEILBRIGÐISMÁL** „Við höfum ekki hvatt hjúkrunarfræðinga á LSH til eins eða neins varðandi starfsmannaleigumálið, heldur höfum við hvatt yfirstjórn spítalans, svo og stjórnvöld, til þess að gera eitthvað í málunum. Það er sá vettvangur sem við getum beitt okkur á og það munum við gera áfram.“

Þetta segir Elsa B. Friðfinnsdóttir, formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, eftir fund sem stjórn þess átti með hjúkrunarfræðingum á LSH nýverið.

Að sögn Elsu var fundurinn tvíþættur. Annars vegar var farið yfir stofnanasamning hjúkrunarfræðinganna og vörpunina yfir í nýtt launakerfi sem tók gildi 1.maí.

„Síðan var rætt um starfsmannaleigumálið. Farið var yfir þær upplýsingar sem stjórn félagsins hefur dregið saman, svo og okkar útreikninga. Jafnframt, að þarna séum við að bera saman sambærilega hluti og að um sé að ræða hreinan launasamanburð en ekki samanburð á verktökum og fastráðnu starfsfólki.“

Elsa sagði að um tvö hundruð hjúkrunarfræðingar svo og stjórnendur spítalans hefðu sótt fundinn, þar sem skipst hefði verið á skoðunum af hreinskilni. -jss


EFTIRTALDAR VERSLANIR ERU MEÐ
OPIÐ MÁNUDAG
ANNAN Í HVÍTASUNNU:
13-18

Adams
Adesso
Ben&Jerry's
Benetton
Blómaval
Body Shop
Byggt og Búið
BT
Ís-inn
Levi's
Lukkusmárinn
Nammi.is
OgVodafone
Skór.is
Te & kaffi
Tiger
Retro
Síminn
Skífan
Dótabúðin

Nóatún er opið frá kl. 11-20 og Hagkaup er opið frá kl. 12-18.
Veitingastaðir Smáralindar hafa einnig opið.



# Afsakið hlé!

Að kröfu 365 miðla, rétthafa HM í knattspyrnu á Íslandi, verður Skjárinn að loka fyrir útsendingar á nokkrum stöðvum á meðan leikir í HM standa yfir. Þetta eru norrænu og þýsku stöðvarnar DR, NRK, SVT, ARD og ZDF.

Skjárinn lýsir yfir vonbrigðum vegna þessa og biður viðskiptavini sína velvirðingar, en ítrekar jafnframt að þetta er gert að kröfu 365 miðla, sem er eini aðilinn á Norðurlöndum sem krefst þessa.

Lokanir ná einnig til endurvarps á Digital Ísland.

Upplýsingar um lokunartíma verða birtar á heimasíðunni skjarinn.is

Skjárinn

– á þínu valdi!

HÓLASKÓLI · HÁSKÓLINN Á HÓLUM
Umsóknarfrestur
10. júní

Frambjóðendur C-lista í Grímsnesi kæra kosningu á Sólheimum:

# Krefjast annarrar kosningar

**KOSNINGAR** Frambjóðendur C-lista í Grímsnes- og Grafningshreppi hafa kært framkvæmd utankjörfundaratkvæðagreiðslu sem fram fór á Sólheimum miðvikudaginn 24. maí. Þeir krefjast þess að sveitarstjórnarkosningar í hreppnum verði úrskurðaðar ógildar og látnar fara fram að nýju.

Í kærunni kemur fram að vistmenn Sólheima hafi margir borið barmmerki K-lista, sem einnig bauð fram í hreppnum, þegar fulltrúar C-lista mættu á staðinn þennan dag. Kærendur segja ljóst að á staðnum hafi átt sér stað áróðursherferð sem aðeins öðru framboðinu var gefinn kostur á að taka þátt í.



**SÓLHEIMAR Í GRÍMSNESI** Frambjóðendur C-lista gera alvarlegar athugasemdir við framkvæmd kosninga á Sólheimum.

Einnig kemur fram að í stofu þar sem atkvæðagreiðslan fór fram hafi verið kassi með stefnuskrá K-listans, sem C-listamenn segja augljósan áróður á kjörstað.

Í kærunni er jafnframt gerð athugasemd við það að fulltrúi K-lista hafi, upp á sitt einsdæmi, farið inn í stofuna þar sem atkvæðagreiðslan fór fram til að hugga vistmann sem hafði brostið í grát. Vistmaðurinn átti eftir að greiða atkvæði.

Þá kemur fram að vistmenn hafi ekki allir þurft að framvísa persónuskilríkjum eins og lög kveða á um, að ekki hafi verið tilkynnt um atkvæðagreiðsluna með tilskildum fyrirvara og einnig að utankjörfundaratkvæðagreiðsla hefði ekki mátt fara fram á Sólheimum þar sem heimilið er ekki stofnun samkvæmt skilgreiningu. - sh

Litháar heiðra Íslendinga:

# Safna 300.000 undirskriftum

**LITHÁEN** Litháar safna nú undirskriftum til að þakka Íslendingum fyrir að hafa fyrstir þjóða viðurkennt sjálfstæði landsins. Forseti Íslands tók á móti tilkynningu um undirskriftasöfnunina við hátíðlega athöfn í ráðhúsi Vilnius í fyrradag. Gintautas Babravisius fer fyrir átakinu, en takmarkið er að safna þrjú hundruð þúsund nöfnum, einu fyrir hvern Íslending. Í ágúst eru liðin fimmtán ár frá því að Íslendingar viðurkenndu sjálfstæði Litháa, en þá verða undirskriftirnar afhentar og stefnt er að því að efna til tónleika á Íslandi með litháískum listamönnum. -sgj

Hafnarfjörður
Takk fyrir okkur.


Samkvæmt könnun Félagsvísindastofnunnar í mars 2006.
Flestir Hafnfirðingar kjósa að Atlantsolía fái að reisa mannlausa bensínstöð í nágrenni sínu. Við þökkum traustið. Nánari upplýsingar um könnunina eru á www.atlantsolia.is.

Áhyggjur í Japan:

# Fæðingar færri

**JAPAN, AP** Fæðingartíðni í Japan árið 2005 var sú lægsta frá upphafi, eða 1,25 börn á hverja konu.

Forsætisráðherra Japans, Junichiro Koizumi, lítur þessar tölur alvarlegum augum, enda eru efnahags- og félagsleg áhrif af lækkandi fæðingartíðni gífurleg og leiða til skorts á vinnuafli, lægri skatttekjum og minni þjónustu fyrir aldraða.

Ástæðan er talin vera hækkandi giftingaraldur, enda fresta margar ungar konur giftingu og barneignum vegna starfsferilsins. Yfirvöld hafa því fjölgað leikskólum og stutt fæðingarorlof karlmanna, en án árangurs. - sgj

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Tveir í haldi** Tveir eru enn í haldi, grunaðir um ölvunarakstur og fíkniefnabrot, eftir að lögreglan í Reykjavík fann fíkniefni í fjórum bílum, við eftirlit í nótt. Fíkniefnahundur aðstoðaði við leitina.



**GERMAINE GREER** Líkti stjórnendaheiminum í fyrirtækjunum við apabúr þar sem ein karlgórilla situr á efstu greininni og ungu karlaparnir sitji svo fyrir neðan og bíði þess að taka við af honum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Konur þrói nýja hugsun

**Rithöfundurinn og prófessorinn, Germaine Greer, líkti karlkyns stjórnendum við górillur í þoku.**

**RÁÐSTEFNA** „Ef konur ætla að komast áfram í fyrirtækjunum þá verðum við að þróa aðra hugsun eða alveg nýja strategíu. Það verður að vera eitthvað alveg nýtt,“ sagði Greer á ráðstefnunni Tengslanet III: Völd til kvenna á Bifröst í gær.

Fyrirtækjaheimurinn byggir á karllægum sjónarmiðum, og svo hefur verið um langt skeið. Hún líkti fyrirtækjaheiminum við apabúr þar sem einn karlapi hefur náð völdum og situr á efstu greininni í trénu. Ungu karlaparnir bíða svo neðar í trénu eftir því að geta tekið við af honum.

Konur virka öðruvísi og vinna öðruvísi. „Kerfið var þróað til þess að körlum gengi vel í því,“ sagði Greer.

Hún var ekki tilbúin til að benda á það nákvæmlega hvað þetta nýja væri eða ætti að vera en það var augljóst að hún taldi í stuttu máli að konur ættu að halda áfram að vera konur, vera trúar sjálfum sér, reynslu sinni og reynsluheimi. Þær ættu að víkka út hefðina með heimilisrekstur til að ná stjórn í heiminum. Konur ættu ekki að breyta sér í karla eða láta karlana breyta sér í karla, svipað og Margrét Thatcher, sem hafði orðið forsætisráðherra í Bretlandi á sínum tíma af því að „það fannst enginn annar karl“. Konur ættu ekki að sækjast eftir jafnrétti í blindu. Sem dæmi nefndi hún hermennskuna þar sem konur hafa sóst eftir því að verða hermenn eins og karlarnir. Það hentaði ekki konum.

„Konur eru öðruvísi en karlar. Ég hef aldrei verið hrifin af því að segja: Við viljum gera allt sem karlar gera,“ sagði hún.

Greer benti á að konum væri ógnað úr ýmsum áttum. Sögulega séð hefðu stjórnvöld litið á leg kvenna sem náttúruauðlind. Hún sagði að eftir 100 ár gætu konur valið um að ganga með börn eða þá að þau yrðu búin til í tilraunastofum með nýrri tækni. Þá mátti skilja hana sem svo að karlar sem hefðu farið í leiðréttingaraðgerð á kyni gætu ógnað konum eða kvenleikanum.

ghs@frettabladid.is




Dæmdur í 18 mánaða fangelsi fyrir líkamsárás:

# Reyndi að stinga löggu

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur staðfest átján mánaða fangelsisdóm yfir karlmanni fyrir brot gegn valdstjórninni, hótanir, eignaspjöll og sérstaklega hættulega líkamsárás með því að leggja til tveggja lögreglumanna með hnífi þegar þeir höfðu afskipti af honum á heimili hans.

Lögregla hafði afskipti af manninum á heimili hans í kjölfar þess að hann kastaði gangstéttarhellu í gegnum kjallaraglugga og rispaði lakk á bíl. Hann lagði þá til lögreglumannanna tveggja með hnífi með þeim afleiðingum að gat kom á samfesting annars.

Hann er einnig dæmdur fyrir að hafa hótað barnsmóður sinni lífláti og þremur öðrum alvarlegum líkamsmeiðingum með bréfaog sms-sendingum.




**HÆSTIRÉTTUR** Maðurinn hótaði barnsmóður sinni lífláti og þremur öðrum alvarlegum líkamsmeiðingum með sms- og bréfasendingum.

Maðurinn krafðist ómerkingar héraðsdóms en ella sýknu af ákæru fyrir brot gegn valdstjórninni og sérstaklega hættulega líkamsárás. Ákæruvaldið krafðist þyngingar dómsins. Hæstiréttur staðfesti hins vegar dóm Héraðsdóms Reykjavíkur. - sh



# Opið hús!

Opið hús verður í dag á milli kl. 14:00 og 16:00.

Allir sem vilja kynna sér skólann eru velkomnir.

MENNTASKÓLINN HRAÐBRAUT | TVEIMUR ÁRUM Á UNDAN

Faxafen 10
108 Reykjavík
Sími: 517-5040
Fax: 517-5041
Netfang: postur@hradbraut.is
Veffang: www.hradbraut.is

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 5.843 **+1,72%** **Fjöldi viðskipta:** 537 **Velta:** 5.710 milljónir

MESTA HÆKKUN

| | |
|---|---|
| **Straumur-Burðarás** | +5,23% |
| **FL Group** | +3,09% |
| **Atorka** | +2,59% |

MESTA LÆKKUN

| | |
|---|---|
| **Avion Group** | -1,36% |
| **Flaga** | -0,72% |
| **Mosaic** | -0,60% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 65,60 +0,92% ... Alfesca 3,95 -0,50%... Atorka 5,95 +2,59% ... Bakkavör 49,50 +0,20% ... Dagsbrún 6,18 -0,32% ... FL Group 20,00 +3,09% ... Flaga 4,15 -0,72% ... Glitnir 18,40 +1,66% ... KB banki 800,00 +1,27% ... Landsbankinn 22,50 +1,81% ... Marel 69,90 +0,00% ... Mosaic Fashions 16,50 -0,60% ... Straumur-Burðarás 18,10 +5,23% ... Össur 113,00 +1,80%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*

### IKEA þrýstir á Dani

Undir húsgögn þarf pláss og ef þeim er mörgum fyrir komið á sama stað þarf mikið pláss. Þessi einföldu sannindi segir sænska húsgangaverslanakeðjan IKEA að danskir stjórnmálamenn eigi erfitt með að meðtaka.

Í Jyllands-Posten er frá því greint að fyrirtækið þrýsti enn á dönsk stjórnvöld að gera breytingar á skipulagslögum en í núverandi mynd hindra þau IKEA í að reisa vöruskemmur sem fara yfir 5.000 fermetra að stærð. Í þessum tilgangi hefur fyrirtækið hrint af stað auglýsingaherferð í Danmörku þar sem sett eru upp veggspjöld í miðbæjum stærstu þéttbýlisstaða. Herferðin stendur í fjóra mánuði, en á sama tíma fer nefnd yfir skipulagslögin.



### Aftur orðaður við krár

Bresku blöðin Daily Telegraph og Evening Standard hafa greint frá því að fjárfestingafélagið Violet Capital, sem er í eigu KB banka, hafi selt fastéignamógúlnum Robert Tchenguiz, og nánum viðskiptafélaga, 8,4 prósenta hlut í bresku pöbbakeðjunni Mitchell & Butlers.

Vaknar því spurningin hvort Tchenguiz geri aðra tilraun við kráarkeðjuna síðar á árinu en hann er bundinn af ákvæði breska yfirtökureglna um að leggja ekki fram tilboð í félagið á næstu sex mánuðum. Stjórnendur M&B höfnuðu yfirtökutilboði frá Tchenguiz upp á 550 pens á hlut sem of lágu. M&B þykir ein best rekna kráarkeðja Bretlands.

## MARKAÐSPUNKTAR...

Heldur hefur lifnað yfir innlendum hlutabréfamarkaði undanfarna daga. Í gær hækkaði úrvalsvísitalan um 1,72 prósent og var það sjötti dagurinn í röð sem hún hefur farið hækkandi.

Gunnar Smári Egilsson forstjóri, Viðar Þorkelsson, fjármálastjóri og aðstoðarforstjóri, og Þórdís Sigurðardóttir, stjórnarformaður Dagsbrúnar, hafa tekið við stjórn Wyndeham Press, sem er í meirihlutaeigu Dagsbrúnar.

Íbúðalánasjóður hefur lækkað áætlun um útlán sjóðsins fyrir árið 2006 og lækkað áætluð útgjöld um 8 milljarða króna. Jafnframt er áætluð útgáfa íbúðabréfa lækkuð um 6 til 7 milljarða króna.

## Góð vika í hlutabréfum

Úrvalsvísitalan stendur í 5.843 stigum og hefur ekki verið hærri síðan 31. mars. Í vikunni hækkaði vísitalan um 5,3 prósent.

Hlutabréf í Straumi-Burðarási hækkuðu mest í gær, um 5,2 prósent í nærri 2,8 milljarða viðskiptum. Mikil viðskipti voru einnig með bréf í Landsbankanum eða fyrir 1,1 milljarð króna. Bankinn hækkaði um 1,8 prósent. Meðal helstu frétta í vikunni má nefna kaup Blátjarnar, sem er meðal annars í eigu Björgólfsfeðga, á fleiri hlutum í TM og áform Exista um skráningu á markað í haust í kjölfar kaupa á 80 prósenta hlut í VÍS eignarhaldsfélagi. **- eþa**

# Sómi kaupir Júmbó samlokur

**Sameiginleg velta matvælaframleiðslufyrirtækjanna Sóma og Júmbó nálgast 800 milljónir króna. Kaupendur óttast ekki afskipti samkeppnisyfirvalda. Samkeppni er sögð næg við aðra skyndibitasala.**

Eigendur matvælaframleiðslufyrirtækisins Sóma hafa fest kaup á Júmbó samlokum af Jóni Erni Árnasyni. Alfreð Hjaltalín, framkvæmdastjóri Sóma og annar eigenda félagsins, segir að ætlunin sé að reka félögin í óbreyttri mynd fyrst um sinn en þeir sjái fyrir sér samlegðaráhrif í innkaupum og skrifstofuhaldi. Bæði fyrirtækin hafa verið að auka vöruúrval í brauðréttum, heilsuréttum og pastabökkum og víkkað út starfsemi, til dæmis í veisluþjónustu.

Júmbó og Sómi eru stærst sinnar tegundar í sölu á samlokum á Íslandi en samanlagt hafa þau um 90 prósenta markaðshlutdeild. Afreð hefur ekki áhyggjur af því að samkeppnisyfirvöld setji skilyrði fyrir kaupunum eða komi í veg fyrir þau. „Ef markaðurinn er skilgreindur þröngt þá erum við kannski stórir en ekki ef markaðurinn er skoðaður í heild sinni. Við erum í samkeppni við hvern annan skyndibita eins og Subway og McDonald´s.“ Þá bendir hann á að samanlögð velta félaganna hafi verið undir þeim mörkum sem samkeppnisyfirvöld miða við þegar þau skoða samruna af þessu tagi en það mun vera einn milljarður króna.

Sameiginleg velta félaganna nam 700 milljónum króna árið 2004 samkvæmt tölum frá Frjálsri verslun en miðað við vöxt markaðarins má ætla að hún nálgist 800 milljónir. Bæði félög voru rekin með hagnaði á síðasta ári.

Sómi hefur haft hug á því að kaupa Júmbó um nokkurt skeið og lagði fram tilboð á síðasta ári sem fyrrverandi eigandi Júmbó hafnaði. Sómamenn vilja ekki tjá sig um kaupverðið en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins má ætla að virði Júmbó fari yfir 200 milljónir króna.

eggert@frettabladid.is



**SKYNDIBITI** Framkvæmdastjóri Sóma óttast ekki að samkeppnisyfirvöld geri athugasemdir við samruna Sóma og Júmbó, enda sé samkeppni næg á markaði skyndibita.




# NYSE og Euronext í eina sæng

Búið er að samþykkja tilboð kauphallarinnar í New York (NYSE) í Bandaríkjunum í samevrópska hlutabréfamarkaðinn Euronext og munu markaðirnir renna saman í einn. Með kaupunum verður til fyrsta kauphöllin sem hefur starfsemi beggja vegna Atlantshafsins. Höfuðstöðvar kauphallarinnar í Bandaríkjunum verða í New York en evrópsku höfuðstöðvarnar verða í París og Amsterdam.

Markaðsvirði sameinaðrar kauphallar nemur 20 milljörðum Bandaríkjadala, jafnvirði 1.448 milljarða íslenskra króna.

Kauphöllin í New York atti kappi við þýsku kauphöllina, Deutsche Börse, um kaup á Euronext, sem hefur starfsemi í Belgíu, Frakklandi, Hollandi og Portúgal. Bitbeinið stóð hins vegar um höfuðstöðvar markaðarins en stjórn Deutsche Börse krafðist þess að höfuðstöðvar Euronext yrðu færðar til Frankfurt í Þýskalandi.

Meirihluti hluthafa í Euronext ákvað að ganga til samninga við NYSE, sem bauð hluthöfum samevrópska markaðarins 10 milljarða dali, 724 milljarða íslenskra króna, auk hluta í NYSE fyrir Euronext. Einn hlutur í NYSE mun jafngilda einum hlut í sameinaðri kauphöll, sem mun eftirleiðis heita NYSE Euronext. **- jab**




**EURONEXT** Með kaupum NYSE í Euronext verður til fyrsta kauphöllin sem verður með starfsemi beggja vegna Atlantshafsins. MYND/AP

# Áætlaður kostnaður helmingaður

Fyrirtækið Opin kerfi átti lægsta boð uppsetningu símstöðva og búnaðar sem byggir á internetstöðlum fyrir skrifstofu Landsvirkjunar á Akureyri, í Laxárstöð og Kárahnjúkastöð, tæpar 3,7 milljónir króna.

Hæsta boð í verkið kom frá EJS, 12,8 milljónir króna, en kostnaðaráætlun hljóðaði upp á rúmar 7 milljónir króna. Tilboð voru opnuð á skrifstofu Landsvirkjunar á mánudag. Í verkinu felst meðal annars útvegun, forritun, uppsetning, gangsetning, prófanir og kennsla á IP símstöðvarnar og símabúnaðinn sem þeim tilheyrir. **- óká**

**TILBOÐ OPNUÐ Í IP-SÍMABÚNAÐ FYRIR LANDSVIRKJUN**

| Fyrirtæki | Verð í krónum |
|---|---|
| Opin kerfi | 3.678.887 |
| TM Software | 4.838.561 |
| Opin kerfi | 4.884.061 |
| ID Connect | 5.083.036 |
| Síminn | 5.083.036 |
| Sensa | 7.057.192 |
| Nýherji | 7.230.186 |
| Sensa | 8.622.712 |
| TM Software | 9.401.490 |
| Notrek ehf. | 11.168.916 |
| Svartækni | 12.546.200 |
| EJS | 12.806.991 |
| **Kostnaðaráætlun** | **7.039.000** |

*Heimild: Landsvirkjun. Verð eru án VSK.*

# EIGNARLÓÐIR
# VIÐ LANGÁ Á MÝRUM




**Seldar lóðir eru merktar með rauðum punkti**

**Aðeins 79 km akstur frá Reykjavík**

## VERÐSKRÁ ÓSELDRA LÓÐA

LÓÐ NR. 1, 2.4 HA VERÐ KR 1.668.000.00
LÓÐ NR. 1a 2.6 HA VERÐ KR 1.807.000.00
LÓÐ NR. 2 ,2.3HA VERÐ KR 1.598.500.00
LÓÐ NR. 2b 3,3 HA VERÐ KR 2.293.500.00
LÓÐ NR. 12, 3.0 HA VERÐ KR 2,085.000.00
LÓÐ NR. 13, 4.4 HA VERÐ KR 3.058.000.00
LÓÐ NR. 14,8.0 HA VERÐ KR 5.560.000.00

LÓÐ NR. 17.3.9 HA VERÐ KR 2.710.500.00
LÓÐ NR. 18,4,6 HA VERÐ KR 3.197.000.00
LÓÐ NR. 22, 3.4 HA VERÐ KR 2.363.000.00
LÓÐ NR. 23, 3.9 HA VERÐ KR 2.710.500.00
LÓÐ NR. 26, 3.7 HA VERÐ KR 2.571.500.00
LÓÐ NR. 34.3.8 HA VERÐ KR 2.641.000.00
LÓÐ NR. 35,4.7 HA VERÐ KR 3.266.500.00

LÓÐ NR. 42 3.1 HA VERÐ KR 2.154.500.00
LÓÐ NR. 43 2.8 HA VERÐ KR 1.946.000.00
LÓÐ NR. 44 2.6 HA VERÐ KR 1.807.000.00
LÓÐ NR. 51, 3.9 HA VERÐ KR 2.710.500.00
LÓÐ NR. 52 3.0 HA VERÐ KR 2.085.000.00

ENN ERU Í BOÐI 19 LÓÐIR OG FRÁBÆRT TÆKIFÆRI FYRIR ÞÁ SEM VILJA FÁ AÐ MÓTA SITT EIGIÐ LANDNÁM Á KVAÐALAUSUM EIGNALÓÐUM MEÐ VEGI OG VATNI, NÆSTUM Í ÚTJAÐRI HÖFUÐBORGARINNAR Í ÞÓRDÍSARBYGGÐ UPP MEÐ LANGÁ Í EINUM FEGURSTA FJALLASAL ÍSLANDS.

LÓÐASTÆRÐ 2.3 UPP Í 4.8 HA OG VERÐ PR HEKTARA KR. 695 ÞÚSUND.

KBBANKI BÝÐUR FJÁRMÖGNUN. SVEIGJANLEG GREIÐSLUKJÖR EÐA 5% STAÐGREIÐSLUAFSLÁTTUR
SJÓN ER SÖGU RÍKARI
ERUM Á STAÐNUM EÐA Í GRENNDINNI Í ALLT SUMAR
NÁNARI UPPLÝSINGAR HJÁ INGVA HRAFNI 8642879 EÐA 4371704 OG WWW.LANGA.IS



Sólskinstilboðin
Frábær ferðabox
350 ml box 139 KR.
Nýtt í Bónus!
VACUTOP
Minnsta boxið
Stærsta boxið
1900 ml box 249 KR.
ÆDI BITAR
Hraun BITAR
HRAUN/ÆÐI 200g 149 KR.
FRÁBÆRT Í FERÐABOXIÐ
6 saman
6 súkkulaðihringir 159 KR.
FRÁBÆRT Í FERÐABOXIÐ
ERAN/Landlist
PEPSI
2 lítrar 98 KR.
ALI GRILLKJÖT: Marineraðar svínkótelettur og úrbeinaður hnakki
40% afsláttur við kassann
ALI GRILLKÓTELETTUR/HNAKKI 1019 KR. 40% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN Merkt verð 1698kr.
...fyrir góðan dag!
KRYDDAÐUR LAMBABÓGUR 899 kg KR.
KS LAMBABÓGUR
Kryddaður lambabógur
Bónus býður betur!
KF LONDONLAMB 979 KR. MERKT VERÐ 1399
LONDONLAMB frá Kjarnafæði
30% afsláttur við kassann
BEINLAUS ÝSA -HARÐFISKUR FRÁ SJÓMANNINUM
HARÐFISKUR 230g 998 KR.
LANGVINSÆLASTA hangikjötið í Bónus!
HANGIFRAMPARTUR m/BEINI 679 kg KR. MERKT VERÐ 799KR.
NORÐLENSKT KOFAREYKT HANGIKJÖT
5 flatkökur
5 FLATKÖKUR 59 KR.
Bónus hangiálegg
BÓNUS HANGIÁLEGG 1749 KR. MERKT VERÐ 2499
30% afsláttur
Þjóðlegt og gott!
Hágæða ferðatöskur
SERVÖRU VERSLANIR
FERÐATÖSKUSETT 7999 KR. 3 saman
3 í setti
Saltskot og saltfroskar
SALTE PADDER
SALTSKOT/FROSKAR 98 KR. 200g
TRAVEL
NAMMIBOX 700g 399 KR.
700g Ferða nammiblanda
Pinquin salttöflurnar
Eitt vinsælasta Fríhafnarsælgætið!
SALTPILLUR 310g 299 KR.
Afgreiðslutími laugardag: 10.00 til 18.00
II. hvítasunnudag í sunnudagsbúðum 12.00 til 18.00
BÓNUS

# á fullu í Bónus!

Verðlaunakrydd sem bragð er að!

Nýtt í Bónus!

Grillkjötið frá Pottagöldrum er með 20% afslætti í Bónus!

20% kynningarafsláttur

## Pottagaldrar

## Marineraður lax

LAX Á GRILLIÐ
998 kg KR.
BEINLAUS OG MARINERAÐUR FROSINN

Frosnir beinlausir laxabitar
FRÁBÆRIR Á GRILLIÐ

EKKERT BRUÐL

FROSNIR LAXABITAR BEINLAUSIR MEÐ ROÐI
899 kg KR.

**Túnfiskur olía/vatn**

185g DÓS
69 KR.

Túnfiskur í salatið eða pastað

RYÐFRÍTT STÁL!

4 hluta grillsett

4 AHÖLD RYÐFRÍTT STÁL
1499 KR.

SÓLGLERAUGU Í STÍL VIÐ GRILLIÐ? MIKIÐ ÚRVAL!

FULLORÐINS SÓLGLERAUGU
799 KR.

GÓÐAR VIÐ GRILLIÐ!

3 XL rúllur
298 KR.

XL 3 risa eldhúsrúllur

ALI BEIKON með 40% afslætti!

ALI beikon
1031 kg KR.
40% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
Merkt verð 1719kr.

40% afsláttur við kassann

100% NAUTAKJÖT innflutt
10 stykki 100g hamborgarar

10 hamborgarar
899 KR.
1 kíló

BÓNUS PYLSUR
479 kg KR.
Merkt verð 599kr.

4 XL brauð
98 KR.

4 XL BÓNUS hamborgarabrauð

2 lítrar
98 KR.

## Bónus vínarpylsur

www.bonus.is

# skoðun

SJÓNARMIÐ
JÓN KALDAL

Dómur Hæstaréttar er sigur fyrir íslenska blaðamenn.

## Átti erindi til almennings

Niðurstaða Hæstaréttar í máli Jónínu Benediktsdóttur gegn Fréttablaðinu er ekki aðeins sigur fyrir blaðið heldur einnig íslenska fjölmiðla.

Að dómi Hæstaréttar föllnum má vera ljóst að sýslumenn, hvar sem þeir eru í sveit settir, mega hugsa sig að minnsta kosti tvisvar um áður en þeir halda í sambærilegan leiðangur og sá í Reykjavík gerði þegar hann kom á ritstjórnarskrifstofu Fréttablaðsins 30. september síðastliðinn og krafðist gagna sem blaðið hafði notað við fréttaskrif sín.

Sú aðgerð var með öllu óþolandi enda fól hún í sér að íslensk- ir blaðamenn máttu búast við að fulltrúar yfirvalda gætu birst fyrirvaralaust og heimtað upplýsingar sem ógnuðu trúnaði þeirra við heimildarmenn sína. Það var ekki að ástæðulausu að Blaðamannafélag Íslands sendi frá sér harðorða yfirlýsingu í kjölfar aðgerða sýslumanns þar sem þær voru meðal annars kallaðar aðför að tjáningarfrelsinu.

Blaðamannafélag Íslands hefur staðið þétt með Fréttablaðinu í þessu máli og sýndi ákveðna dirfsku þegar dómnefnd félagsins verðlaunaði greinaskrif blaðsins í tengslum við tölvupóstinn fyrir rannsóknarblaðamennsku ársins. Full ástæða er til að þakka þann stuðning enn á ný.

Dómur Hæstaréttar er einnig ánægjuleg staðfesting á því sem fulltrúar Fréttablaðsins hafa alltaf haldið fram og aldrei efast um, eða því að fréttir sem voru unnar upp úr tölvupósti Jónínu Benediktsdóttur „höfðu að geyma efni, sem átti erindi til almennings“, svo vitnað sé beint í dóminn. Í þessum orðum Hæstaréttar er falinn kjarni málsins: Efnið átti erindi við almenning.

Blaðamenn Fréttablaðsins máttu hins vegar sæta þungum sökum vegna þessara skrifa. Fyrrverandi formaður Sjálfstæðisflokksins og fleiri áhrifamiklir menn töluðu um misnotkun á fjölmiðlum og að hið eina fréttnæma væri stuldur á persónulegum gögnum. Niðurstaða Hæstaréttar tekur af allan vafa um hið gagnstæða.

Hér skal það enn og aftur ítrekað að blaðamenn Fréttablaðsins gerðu sig ekki seka um þjófnað. Blaðinu barst tölvupóstur þar sem var að finna mikilvæg og upplýsandi innlegg í mál sem hefur sett sterkan svip á samfélagið undanfarin ár. Var eftir fremsta megni leitast við að meðhöndla tölvupóstinn þannig að einkalífi þeirra sem komu við sögu væri haldið utan við fréttaflutninginn. Í dómsorði Hæstaréttar kemur enda fram að „ekki hafi verið gengið nær einkalífi áfrýjanda en óhjákvæmilegt var í opinberri umræðu um málefni, sem varðaði almenning“.

„Við segjum fréttir“ eru einkunnarorð Fréttablaðsins og þau orð voru höfð að leiðarljósi við vinnslu á þessu viðkvæma máli eins og í öðrum málum. Fréttablaðið kappkostar að upplýsa lesendur sína og lætur þeim eftir að vega og meta þær upplýsingar sem koma fram í skrifum þess. Dómur Hæstaréttar er mikilvægur, en dómur lesenda er okkur enn mikilvægari. ■

vísir VEF TV

NFS Í BEINNI Á VISIR.IS

35.000 gestir vikulega sem dvelja í u.þ.b. eina klst. hver.

Auglýsingasími 550 5000.

NFS

## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Hvað á sveitarfélagið að heita?**
Fjölmargir íbúar í Ólafsfirði sem Fréttablaðið hafði samband við lýstu yfir óánægju sinni með þau nöfn sem þeir gátu kosið um á nýja sveitarfélagið. Nöfnin fjögur voru Fjallabyggð, Hnjúkabyggð, Tröllaskagabyggð og Ægisbyggð. Þeir voru þó þeirrar skoðunar að skásta nafnið af þeim fjórum sem kosið var um hefði orðið fyrir valinu en það er Fjallabyggð eins og flestir vita. Þeir voru þó ósáttir við það að nafnið Norðurbyggð skyldi ekki hljóta náð fyrir augum nafnanefndarmanna sem sögðu það vera of víðtæka skírskotun sem hljóta að teljast nokkuð undarleg rök ef Vesturbyggð og Austurbyggð þykja bera nafn með rentu. En þeir óánægðu geta þó sennilega huggað sig við það að nöfn eins og Hyrna og Göng urðu ekki fyrir valinu en þau voru á meðal tillagna sem nefndinni bárust. Sennilega þætti þeim lítill sómi að því að vera Gangamenn eða Hyrningar.

Heldur er ólíklegt að tillagan um nafnið SiglÓ hafi komið frá Ólafsfirðingi.

**Vinir í raun**
Litháar standa nú fyrir undirskriftasöfnun til þess að þakka íslensku þjóðinni fyrir að hafa fyrstir allra viðurkennt sjálfstæði þeirra fyrir fimmtán árum. Takmarkið er að safna 300 þúsund undirskriftum, einni fyrir hvern Íslending. Í ágúst stendur svo til að afhenda Ólafi Ragnari Grímssyni, forseta Íslands, undirskriftirnar. Sinn er siður í landi hverju en það hefur verið háttur okkar Íslendinga að þegar aðrir reynast okkur vel þá fáum við þá til skrifa undir ...samninga.



**Að drekkja ráðherra og umræðu**
Valgerður Sverrisdóttir minnti okkur á það um daginn að menn verða að gæta velsæmis í hitamálum jafnvel þótt þeir feli sig í mannfjölda. Á áletrunarspjaldi sem borið var í mótmælagöngu Íslandsvina síðasta laugardag var áletrað „Drekkjum Valgerði en ekki Íslandi.“ Hún hefur óskað eftir að lögregla rannsaki hvort þetta varði við lög. Fjölmörg málefnaleg rök hafa verið færð fyrir því að Kárahnjúkavirkjun væri óskynsamlegur kostur. Þau rök náðu þó ekki augum og eyrum landsmanna í þessari mótmælaaðgerð í jafn miklum mæli og þetta bagalega slagorð. Það má því segja að þetta slagorð hafi drekkt málefnalegu umræðunni í þetta skiptið.



jse@frettabladid.is

## Spennandi kosningar í Tékklandi

Í DAG
GRÆN STJÓRNMÁL



SVERRIR JAKOBSSON

*Líklegt er að Flokkur græningja komist inn á þing í Tékklandi í kosningum núna um helgina.*

Núna um helgina fara fram þingkosningar í Tékklandi, þær fyrstu frá því að Tékkar gengu í Evrópusambandið 2004. Mikil spenna ríkir í tékkneskum stjórnmálum enda eru fjölbreyttir valkostir í boði. Líkt og í íslenskum sveitarstjórnum er þó ekki víst að fylgi flokka meðal kjósenda ráði endilega úrslitum heldur skiptir hitt líka máli, hvernig þeim gengur að fóta sig í vandasömum stjórnarmyndunarviðræðum í kjölfarið.

Líklegast er að eftir kosningar verði stærsti flokkur Tékklands annar tveggja, Sósíaldemókratar (CSSD) sem eru undir stjórn Jiri Paroubek, eða fyrrverandi valdaflokkur landsins, Borgaralegi lýðræðisflokkurinn (ODS). Skoðanakannanir eru misvísandi en líklegast er að báðir þessir flokkar fái fylgi á bilinu 25-30 prósent. Sósíaldemókratar fengu 70 þingsæti af 200 í seinustu þingkosningum og gátu myndað ríkisstjórn með Kristilega lýðræðisflokknum (KDU-CSL) og Frelsisbandalaginu. Leiðtogi flokksins, Stanislav Gross, þurfti hins vegar að segja af sér embætti forsætisráðherra eftir hneykslismál í fyrra. Paroubek hefur sveigt flokkinn aftur til vinstri og leggur nú áherslu á hefðbundin stefnumál jafnaðarmanna. Töluverð óeining hefur verið innan ríkisstjórnarinnar. Kristilegi lýðræðisflokkurinn hefur á undanförnum mánuðum gefið vísbendingar um að hann vilji halla sér til hægri eftir kosningar, og hefur stundum verið eins og stjórnarandstöðuflokkur.

Borgaralegi lýðræðisflokkurinn hreppti 58 þingsæti í seinustu þingkosningum en er nú spáð fylgisaukningu. Meginkosningamál flokksins er að lækka skatta. Hann lofar 15 prósenta tekjuskatti, 15 prósenta virðisaukaskatti og afnámi allra annarra skatta. Annað mál sem greinir flokkinn frá Sósíaldemókrötum er afstaðan til evrunnar. Stofnandi flokksins, Vaclav Klaus, hefur alla tíð haft horn í síðu Evrópusambandsins. Hann er nú orðinn forseti Tékklands en Mirek Topolanek, eftirmaður hans, stefnir nú að því að verða forsætisráðherra við hlið hans.

Fjórði flokkurinn sem keppir um völdin er Kommúnistaflokkurinn (KSCM) sem er nú undir stjórn nýs leiðtoga, Vojtech Filip. Fráfarandi formaður, Miroslav Grebeniceк, þótti of tengdur stalínískri fortíð flokksins, en hafði samt sem áður náð að auka fylgi hans í 18,5 prósent í seinustu kosningum. Kommúnistar hafa siglt á milli skers og báru þar sem þeir skilgreina sig sem nýjan og endurbættan flokk en höfða jafnframt sterkt til þeirra sem hafa orðið undir í lífsbaráttunni síðan 1989 og sakna „gömlu góðu daganna“. Þrátt fyrir að Sósíaldemókratar hafi látið hátt um andúð sína á Kommúnistum í orði hafa þeir í verki reitt sig mjög á þá við að koma í gegn málum ríkisstjórnarinnar á þinginu. Brotthvarf Grebeniceks gæti orðið þeim átylla til að mynda nánari tengsl við þennan leynilega bandamann. Málefni Kommúnistaflokksins eru hefðbundin baráttumál verkalýðsflokks, þeir vilja hækka laun verkafólks og bætta heilsugæslu. Þá hefur flokkurinn barist einarðlega gegn utanríkisstefnu núverandi ríkisstjórnar, sem er mjög hliðholl Bandaríkjunum.

Líklegt er að Frelsisbandalagið hverfi af þingi þar sem gerðar eru kröfur um að flokkar nái fimm prósentum til að fá sæti á þinginu. Flokkurinn er sá frjálslyndasti á tékkneska þinginu og vill m.a. lögleiða marijúana. Á hinn bóginn er líklegt að Flokkur græningja (Strana zelených) komist inn á þing í þetta sinn, þar sem fylgi hans í skoðanakönnunum hefur verið á bilinu 8-10 prósent. Leiðtogi flokksins er Martin Bursik, fyrrverandi umhverfisráðherra. Meðal stefnumála flokksins eru auknir umhverfisskattar, aukið aðgengi að menntun, jafnréttismál og neytendavernd. Gott gengi flokksins bendir til þess að margir Tékkar séu orðnir þreyttir á ofuráherslu stjórnvalda á hagvöxt, enda benda kannanir til þess að þeir séu almennt bjartsýnir á efnahagslega framtíð landsins. Á hinn bóginn hafa þeir áhyggjur af litlu gegnsæi í stjórnvaldsákvörðunum, aukinni loftmengun og skorti á sjálfbærri þróun efnahagslífsins. Þar að auki hafa græningjar nú látið af langvinnum deilum og flokkadráttum og sameinast undir stjórn Bursiks. Óvíst er hvort þeir muni starfa til hægri eða vinstri eftir kosningar. Kjósendahópur þeirra minnir að ýmsu leyti á stuðningsmenn Borgaralega lýðræðisflokksins, kjarni hans eru vel menntaðir borgarbúar. Á hinn bóginn hefur Klaus forseti verið mjög andsnúinn umhverfisstefnu og talið er að áhrif hans geti valdið því að Borgaralegi lýðræðisflokkurinn leiti fremur eftir samstarfi við Sósíaldemókrata.

Allir áhugamenn um evrópsk stjórnmál hljóta að fylgjast spenntir með úrslitum þingkosninganna í Tékklandi. Ekki síst er spennandi að sjá hvort umhverfissinnar komast til áhrifa í landi flauelsbyltingarinnar sem gengið hefur í gegnum öfgar ríkissósíalisma og frjálshyggju á fáeinum áratugum. Hugsanlega munu Tékkar ryðja brautina fyrir þróun í öðrum ríkjum Austur-Evrópu, eins og þeir hafa gert oft áður. ■

## Er æskilegt að neytendur skipti um skoðun?

UMRÆÐAN
SAMGÖNGUR



GUNNAR HERSVEINN
RITHÖFUNDUR OG HJÓLREIÐAMAÐUR

Mig langar til að beina spurningum til hagfræðinga, til að mynda Ásgeirs Jónssonar hjá KB banka, því fréttin „Neysla fólks dregst saman“ (Fréttablaðið 2. júní 2006, bls. 16) vakti mig til umhugsunar.

Í fréttinni stendur: „Í mars voru fluttir inn bílar fyrir 3,5 milljarða en í apríl fyrir rúma tvo milljarða. Það er mikill samdráttur og telst líklegt að mettun sé orðin á markaði með fólksbíla. Ásgeir [Jónsson aðalhagfræðingur KB banka] segir ekki ólíklegt að það taki tvö til þrjú ár þangað til innflutningur tekur að aukast aftur miðað við þessa sagan sýnir.“

Gera hagfræðingar ekki ráð fyrir vitundarvakningu í umhverfismálum; vitundarvakningu sem hvetur fólk til spottast um bæinn á hjólum eða góðum skóm? Gera þeir aðeins ráð fyrir að (flest)allir kaupi bifreiðar eins reglulega og oft og þeir geta og buddan leyfir og að einkaneyslan haldist iðulega í hendur við væntingavísitölu Gallup?

Ásgeir Jónsson segir í Fréttablaðinu: „Hér skipta þrír þættir mestu máli, mettunaráhrif einkaneyslu, veikindi krónunnar og háir vextir. Aukin verðbólga og minni væntingar neytenda spila einnig inn í.“

Getur hugarfarsbreyting ekki skipt meginmáli? Getur ekki verið að minni áhugi neytenda á bifreiðum skipti líka máli eða breytt viðhorf, fræðsla um loftslagsbreytingar og mengun í borgum? Eða hræðsla við að neyslumenningin sé óhagstæð lífinu á jörðinni? Eða þá hugmyndir um hagkvæmar og heilsusamlegar sjálfbærar samgöngur sé málið?

Ég þarf að fá svör við þessu sem fyrst. Einnig langar mig að vita hvort dæmi séu til um að hugarfarsbreyting, fræðsla eða hræðsla, hafi breytt neysluvenjum. Ef enginn hagfræðingur svarar vona ég að einhver blaðamaður spyrji þá um þetta. ■

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Pétur Gunnarsson og Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871


Nýr, sjóðheitur og öðruvísi matsölustaður
wok BAR
NINGS
HAGKAUP KRINGLUNNI
Þú velur, við „wokkum"
Á Wok Bar Nings í Hagkaup Kringlunni gefst viðskiptavinunum kostur á að velja sjálfir samsetningu kjöts/fisks, grænmetis og sósu sem matreiðslumeistari síðan snöggeldar á Wok pönnu. Einnig eru í boði tilbúnar samsetningar á vinsælum réttum ásamt köldum réttum og heilsuréttum.
1 VAL UM KJÖT EÐA FISK
2 VAL UM GRÆNMETIS BLÖNDU
3 VAL UM SÓSU
VIÐ WOKKUM
ÞÚ BORÐAR Á STAÐNUM EÐA TEKUR MEÐ HEIM
Salatveisla
Bragðbættu salatið:
Tofu
Spjót
Tofukjöt
Vorlaukur
Eggjanúðlur
Tígrisrækjur
Baunaspýrur
Water Chestnut
Hrísgrjónanúðlur
Tandoorí kjúklingur
Teryaki kjúklingur
Kjúklingabaunir
Svartbaunir
ofl. ofl.
taktu með heim eða borðaðu á staðnum
wok BAR
HAGKAUP KRINGLUNNI
Opið mánudaga, þriðjudaga, miðvikudaga og föstudaga frá 10.00 til 19.00
fimmtudaga frá kl. 10.00 til 21.00 • laugardaga 10.00 til 18.00
lokað á sunnudögum

MAÐUR VIKUNNAR

# Skarpgreind og mælsk

SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR
ODDVITI VINSTRI HREYFINGARINNAR - GRÆNS FRAMBOÐS Í BORGARSTJÓRN

Svandís Svavarsdóttir var oddviti á lista Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs í borgarstjórnarkosningunum sem fram fóru fyrir viku. Svandís vakti athygli, ekki bara vegna þess að hún var eina konan sem leiddi lista í Reykjavík og skar sig því úr hópi hinna frambjóðendanna, heldur vegna skýrs málflutnings hennar, rökfestu og greinilegra leiðtogatakta.

Svandís Savavarsdóttir er fædd á Selfossi 24. ágúst 1964. Hún er dóttir Jónínu Benediktsdóttur skrifstofumanns og Svavars Gestssonar sendiherra. Jónína lést um aldur fram fyrir ári. Svandís er frumburður foreldra sinna sem voru rétt um tvítugt þegar hún fæddist. Bræður Svandísar eru tveir, Benedikt fæddur 1968 og Gestur 1972.

Svandís ólst upp í Reykjavík en var í æsku oft á Selfossi hjá móðurafa sínum og ömmu, þeim Benedikt Franklínssyni og Regínu Guðmundsdóttur. Þar var mikið gleðiheimili þar sem söngur og önnur tónlistariðkun var höfð í hávegum. Heimili fjölskyldu Svandísar í Reykjavík einkenndist alla tíð af stjórnmálaþátttöku Svavars. Þar var mikil pólitísk umræða stunduð og Svandís iðulega spurð álits á margvíslegum málum þrátt fyrir ungan aldur. Hún hlaut því þjálfun í pólitískum rökræðum frá því hún var mjög ung.

Svandís var sjálfstæður unglingur og sagði sig utan skóla þegar hún var um það bil hálfnuð með nám í Menntaskólanum í Hamrahlíð. Hún fluttist fyrst austur á Hellu og síðan norður í Hrísey með Ástráði Haraldssyni hæstaréttarlögmanni sem hún giftist árið 1984. Börn Svandísar og Ástráðs eru tvö, Oddur fæddur 1984 og Auður fædd 1986. Svandís og Ástráður skildu.

Haustið 1984 hóf Svandís nám í viðskiptafræði við Háskóla Íslands. Það stóð ekki nema eitt misseri enda leiddist Svandísi þar. Haustið 1985 hóf hún nám í almennum málvísindum við Háskóla Íslands og lauk BA prófi í þeirri grein með íslensku sem aukagrein.



Hún hóf þegar nám á MA stigi í íslenskri málfræði og það var í námskeiði þar um málfræði táknmáls sem áhugi hennar á táknmáli heyrnarlausra kviknaði. Á því sviði varð síðan starfsvettvangur hennar næsta rúma áratuginn, fyrst sem sérfræðingur á Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra. Svandís fékk svo það verkefni að setja á laggirnar nám fyrir táknmálstúlka við Háskóla Íslands en sneri aftur til starfa á sínum gamla vinnustað á Samskiptamiðstöð þegar náminu hafði verið ýtt úr vör enda mun Svandís kunna betur við sig í grasrótinni en í háskólasamfélaginu.

Í fyrra venti Svandís sínu kvæði í kross og tók við starfi framkvæmdastjóra Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs. Hún hafði misserin á undan látið til sín taka sem formaður Reykjavíkurfélags VG. Segja má þó að Svandís hafi hafið pólitísk afskipti í Háskólanum en hún var þar virk innan Röskvu. Það er þó fyrst nú sem Svandís skipar sér í pólitíska framvarðasveit.

Svandís giftist Torfa Hjartarsyni lektor við Kennaraháskóla Íslands 1995 og eru börn þeirra Tumi, fæddur 1996, og Una, fædd 2000. Tónlistin tengdi þau Svandísi og Torfa en þau kynntust í dómkórnum, eins og reyndar mörg önnur hjón hafa gert. Þar hafa þau bæði sungið með litlum hléum um langt árabil.

Svandís er skarpgreind, fljót að hugsa og lagin við að koma hugsunum sínum í orð. Þetta teljast líklega helstu kostir hennar sem stjórnmálakonu. En Svandís er líka ákaflega skemmtileg og iðulega hrókur alls fagnaðar á mannamótum. Einnig er hún músíkölsk með afbrigðum, ein þeirra sem getur sest við píanó og leikið óskalög af fingrum fram. Þá er Svandís áhugasamur uppalandi og sjónarmið barna eiga alltaf hljómgrunn hjá henni.

Svandís er skemmtilegur félagi og vinur vina sinna. Hún hefur gaman af því að segja frá og mælska er líklega eitt helsta persónueinkenni Svandísar. Hún er því vel sett að því leyti að hún getur brugðið fyrir sig táknmáli til viðbótar við íslenskt talmál en færni hennar á því sviði er talin eftirtektarverð miðað við heyrandi manneskju.



Þjóðhátíðardagur Svíþjóðar 6. júní

Norræna húsinu, Reykjavík

17:00 Félagar úr Léttsveit Reykjavíkur syngja þjóðsönginn undir stjórn Jóhönnu V. Þórhallsdóttur. Hægt er að fá textann fyrir þá sem vilja syngja með.

17:30 Sendiherra Svíþjóðar Madeleine Ströje Wilkens skorar á menningar- og íþróttaráðherra Íslands Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur í borðtennis
Dómari: Helgi Gunnarsson, Borðtennissambandi Íslands

18:00 – 18:45 "Fiskdamm"
18:00 – 18:45 Reiðtúr
18:00 – 18:30 Fótboltakeppni Svíþjóð - Ísland
Fyrir alla sem hafa gaman að spila fótbolta!
Helmingur konur, helmingur karlar í hvoru liði

18:00 – 19:30 "Kubbspel"
18:00 – 19:00 "Tipsrunda"
18:00 – 19:30 Borðtennis
18:30 – 19:00 Fótbolti fyrir börn
18:30 – 19:30 Brennubolti
19:00 – 19:30 Fótbolti
19:30 Skemmtuninni lýkur með því að sendiherrann afhendir verðlaun í "tipsrundan"

Klæðnaður: Íþróttafatnaður, útivistarfatnaður

Staður: Norræna húsið, Sturlugötu 5, 101 Reykjavik
Kaffiterían verður opin um kvöldið.
Takið gjarnan með nesti ef veður leyfir.

Nánari upplýsingar gefur
Filip Håkansson í Sendiráði Svíþjóðar, sími: 520 1230

EMBASSY OF SWEDEN Reykjavik
INTERSPORT
ÓJ&K 100 ára
Svenska Föreningen på Island
IKEA







Pottþétt frí með Starcraft




GÍSLI JÓNSSON
Kletthálsi 13 // s. 587 6644 // www.gisli.is
Umboðsmaður á Akureyri:
Bílasalinn.is // Hjalteyrargötu 2

ego dekor
BÆJARLIND 12 - S: 544 4420
WWW.EGODEKOR.IS

Opið: mán-fös 10:00-18:00 - lau 10:00-16:00
LOKAÐ Á SUNNUDÖGUM



**Stórt stækkanlegt borð**
*180(+60)x120 og 6 staflan-legir stólar -10%:*
*Tilboðsverð:* 79.920,-

# *GLÆSILEG GARÐHÚSGÖGN ÚR GEGNHEILU TEKKI*



**Staflanlegur stóll**
*-10%*
*Tilboðsverð:* 6.120,-



**Átthyrnt borð**
*120cm og 4 klappstólar m/arm -10%*
*Tilboðsverð:* 35.910,-



Stækkanlegt borð 120(+60)x120 og 6 stk. klappstólar m/arm
**Borð einnig fáanlegt í 180(+60)x120*
*Allt settið án sessu -10%*
*Tilboðsverð:* 62.100,-



**IBIZA**
*legubekkur -10%*
*Tilboðsverð:* 21.600,-


MEIRI
Stærsta byggingavöruverslun landsins
MEIRA SUMAR
BYKO

# BREIDD

*tækkar enn meira...*



# MEIRA












**Útiarnar**

Vnr. 50701093
**7.990**

Vnr. 49800440
**24.900**

Vnr. 49800441
**14.900**



**2.990**

Vnr.41621537
**Garðstóll**
Garðstóll úr áli og við, 60x54x77 cm.

**4.990**

Vnr.41621539
**Garðborð**
Garðborð úr áli, 80x72 cm.



Verð frá
Vnr. 79280415
**Eldstæði** **6.990**
Eldstæði 22-30" ryðfrítt stál með neti.



Vnr.55620499
**Garðáhaldasett** **990** ~~1.200~~
FISKERS garðáhaldasett, 3 stk.



Vnr.79280800
**Grillsett** **990**
Grillsett, 14 stk.






## GARÐVERKIN

**Kynning í BYKO Breidd laugardag kl. 13-17**

Garðyrkjufræðingurinn góðkunni Steinn Kárason, höfundur myndbandsins TRJÁKLIPPINGAR OG UMHIRÐA – TRJÁA OG RUNNA og bókarinnar **GARÐVERKIN**, verður með kynningu á þessum verkum sínum og leiðbeinir fólki um vorverkin í garðinum.



**790**

Vnr.55092000
**Stjúpur**
**Fallegar stjúpur, 20 stk.**
**Fæst í BYKO Breidd.**

| Breiddin-Verslun opið virka daga: 8-19 laug: 10-18 sun: 11-17 - Sími: 515 4200 | Timburverslun-Breidd opið virka daga: 8-18 laug: 10-16 - Sími: 515 4100 | Lagnadeild-Breidd opið virka daga: 8-18 laug: 10-16 - Sími: 515 4040
| LM BYKO opið virka daga: 8-19 laug: 10-18 sun: 11-17 - Sími: 515 4020 | Akranes opið virka daga: 8-18 laug: 10-14 - Sími: 433 4100 | Akureyri, Glerártorg opið virka daga: 8-18:30 laug: 10-17 - Sími: 460 4800 | Akureyri, Furuvöllum opið virka daga: 8-18 laug: 10-14 Sími: 460 4860







GRILL-
VEISLA
í BYKO Beidd
frá 13-15
í boði BYKO!

BYKO

GÆÐI Á LÆGRA VERÐI

| Hringbraut opið virka daga: 8-19 laug: 10-18 sun: 11-17 - Sími: 562 9400 | Hafnarfjörður opið virka daga: 8-18 laug: 9-15 - Sími: 555 4411
| Reyðarfjörður opið virka daga: 8-18 laug: 10-14 - Sími: 470 4200 | Suðurnes opið virka daga: 8-18 laug: 9-15 - Sími: 421 7000 | Selfoss opið virka daga: 8-18 laug: 9-16 - Sími: 480 4600

# Bergmál og fingramál

*Í Dagbók Þráins Bertelssonar er fjallað um yfirnáttúrulegan atburð í Draugahlíðum, flugvöll eða kúabú í miðbænum; rætt um gimsteina og rjómapönnukökur og hugað að kostum þess að búa í Ódáðahrauni.*



**Kæra Dagbók**

*Þráinn Bertelsson skrifar*

**FÖSTUDAGUR, 26. MAÍ**

## Fingramál

Ef það er eitthvað sem ég kann upp á mína tíu fingur er það vélritun. Ég hef ekki hugmynd um hvar hinir ýmsu stafir og tákn eru á leturborðinu en engu að síður þjóta fingurnir blindandi fram og aftur og slá inn rétta stafi sem mynda á örskotsstund þau orð sem ég hafði í huga.



Þegar ég vélrita virðast allir fingurnir vera á þönum. En það er missýning. Einn fingur hefur engu hlutverki að gegna við þessa iðju og fylgist bara með félögum sínum vinna **eins og seðlabankabankastjóri eða sendiherra** sem hefur lokið sínum mikilvægu störfum á öðrum vettvangi og á náðuga daga. Það er þumalfingur vinstri handar. Þumall hægri handar slær inn orðabil, svo að á góðum degi getur hægri þumall lent í að slá mörg þúsund högg meðan samhverfa hans á vinstri hendi tekur lífinu með ró.

Ástæðan fyrir því að ég er að pæla í þessu núna er sú að í augnablikinu er vísifingur vinstri handar **forfallaður**, varð fyrir smá meiðslum í gær og er óvinnufær.

Nú kynni maður að halda að afköstin minnki ekki að ráði þótt einn starfskraftur af níu sé í veikindafríi. En það er öðru nær. Í ljós hefur komið að sjúklingurinn gegnir lykilhlutverki í framleiðsluferlinu. Vísifingur vinstri handar er hjá mér ábyrgur fyrir merkilegum stöfum og táknum sem heita f, g, r, t, 5, 6, %, & og v. Langatöng vinstri handar hefur í dag hlaupið í skarðið fyrir félaga sinn með mikilli ólund, og reyndar hafa allir fingurnir ruglast svo í ríminu að þeir leita ekki lengur upp stafina sjálfkrafa heldur þarf að reka þá af stað og hafa vakandi auga með því sem áður var gert sjálfkrafa og í blindni.

Ég geri ráð fyrir að tónlistarfólk skilji hvað ég er að tala um, og sömuleiðis að félagshyggjufólk geti tengt við þá líkingu sem felst í því að níu samtaka fingur (og einn forstjórafingur - sem **Ólafur Hannibalsson** mundi sennilega kalla „framsóknarfingur") vinna létt verk, en þegar einn skerst úr leik fer allt í handaskolum.

Um þetta væri hægt að skrifa langt mál - ef allir fingurnir væru við góða heilsu og létu umhugsunarlaust að skipunum heilans. En vísifingur er í reifum og er þetta fingramál því útrætt að sinni þótt efninu hafi ekki verið gerð tæmandi skil.




**LAUGARDAGUR, 27. MAÍ**

## Flugvöllur eða kúabú?

Kosningadagurinn, fórum og kusum. **Litla Sólveig** fór inn í kjörklefann með ömmu sinni þótt hún fengi engan kjörseðil. Ekki skil ég af hverju börn hafa ekki kosningarétt eins og annað fólk.

Svo gáfum við auðvitað öndunum sitt. Þær voru óvenju lystarlausar. Ég vona að þær séu ekki að fá flensu.

Við horfðum á kosningasjónvarpið í kvöld. Ég hafði áhyggjur af því að ég skildi ekki af hverju sjónvarpsfólkið var svona rosalega stressað. Fyrstu tölur voru ósköp svipaðar og búast mátti við samkvæmt skoðanakönnunum, og nú eru komnar lokatölur í Reykjavík (aðeins eftir að telja utankjörfundaratkvæði). Úrslitin eins og ég átti von á. Ekki líst mér á ef Villi ætlar að **semja við Ólaf lækni** um að mynda meirihluta. Það er álíka skynsamlegt að vera með flugvöll í miðborginni og reka þar stórt kúabú, hvort tveggja bráðnauðsynleg starfsemi - en væri betur komin annars staðar.

**SUNNUDAGUR, 28. MAÍ**

## Eini frestarinn?

Afmælisveisla. Eldaði góðan mat en til þess þurfti ég að þrífa grillið á svölunum. Ég ætlaði reyndar að þrífa það í fyrrahaust, en hef síðan frestað því frá degi til dags. Merkileg árátta að fresta hlutum sem maður kemst ekki hjá því að gera. Skyldi ég vera eini frestarinn á landinu?





■ MÁNUDAGUR, 29. MAÍ

**„Guð á margan gimstein ...“**

Vegna vinkonu minnar sem ég er að reyna að hjálpa í skuldabasli hafði **KB banki** samband og bauðst til að hliðra dálítið til. Mín vegna hefði mátt hliðra aðeins meira til, en af því að ég hef djúpan skilning á því að góð afkoma banka er meira virði en afkoma einnar láglaunakonu gladdist ég og tók viljann fyrir verkið og greiddi upp skuldina.



Ef Bólu-Hjálmar væri uppi í dag mundi hann sjálfsagt yrkja:

„Guð á margan gimstein þann/ sem glóir í KB banka ...“

Frá rukkaragenginu **Legalis** hefur hins vegar hvorki heyrst hósti né stuna.

■ ÞRIÐJUDAGUR, 30. MAÍ

**Krunk í næturhrafni**

Ég fer snemma í háttinn í kvöld. Er ósofinn. Klukkan að ganga eitt í nótt voru hér menn að rífa stillaðsa og stafla járnum og plönkum á bíl með miklum gauragangi. Ég fór út á **sokkaleistunum** og bað þá um svefnfrið. Þeir settu upp þennan þrjóskulega hundshaus sem menn setja upp þegar þeir vita upp á sig skömmina. Ég gerði mig ljótan í framan og hélt þeir yrðu hræddir. En það dugði ekki til.

Nú kynni einhver að spyrja af hverju ég flytji ekki inn í Ódáðahraun til að fá svefnfrið. Þá er því til að svara, að sennilega mundi ég vakna þar einn góðan veðurdag með þingmenn kjördæmisins við rúmstokkinn og tíu álforstjóra og kínverskan her að taka fyrstu skóflustungu að nýju stóriðjuveri.

Fyrst eftir að skemmtistaðir fengu leyfi til að hafa opið fram eftir allri nóttu var löggan dáldið ringluð og hélt að bæjaryfirvöld hefðu gefið leyfi til að vera með ótakmarkaðan djöflagang í miðbænum á öllum tímum sólarhrings.

En þá gerðist tvennt í senn. Löggan komst að því að um hávaðamörk gilda ákveðin lög og reglugerðir og **Jónas Hallsson** yfirlögregluþjónn tók að sér að kenna veitingamönnum á þessar reglur.

Það starf Jónasar verður seint fullþakkað og hefur borið þann árangur að hérna í Grjótaþorpinu er jafnfriðsælt og vænta má í miðju borgarinnar. Enginn mannlegur máttur getur komið í veg fyrir að öðru hverju heyrist krunk í einstaka nátthrafni en það er yfirleitt bara notalegt og maður veltir sér á hina hliðina og sofnar aftur.

Kostir þess að búa í miðbænum eru svo ótal margir að ég gæti ekki hugsað mér að flytja úr mannlífsiðunni. Hér er hjarta borgarinnar.

Vaknaði svo nýsofnaður klukkan hálffimm í morgun og keyrði til Keflavíkur því að **Sólveig** ákvað að bregða sér í heimsókn til vinkonu sinnar sem býr í miðborg Berlínar. Þar er líka svefnfriður.

■ MIÐVIKUDAGUR, 31. MAÍ

**Bergmál**

Hitti mína elskulegu Guðrúnu **hjá JPV**, og við spjölluðum um bókina sem ég er að reyna að skrifa. Hún er orðin spennt að fá að vita hvers konar bók þetta á að verða. Og ekki er ég minna spenntur. Sem betur fer eru allir fingurnir mættir aftur til starfa: asdf jklæ

Skrapp austur að Sólheimum á kvöldvöku í Sesseljuhúsi. Þar söng **hinn óviðjafnanlegi KK** og gerði stormandi lukku. Tær snilld.

Það er gestkvæmt á



Sólheimum því að líknarfélagið **Bergmál** dvelur núna á staðnum með hóp af fólki sem hefur átt við löng og erfið veikindi að stríða. Í eldhúsinu hitti ég gamlan skólabróður minn, Örn, sem er tæknifræðingur hjá Rarik, en lætur sig ekki muna um að skella á sig kokkasvuntu og elda ofan í hundrað manns í sjálfboðavinnu. Hjá Erni fékk ég afbragðs góðan plokkfisk og eftir kvöldvökuna kaffi og rjómapönnukökur **hjá Kolbrúnu og Sveinbjörgu** sem eru formaður og varaformaður í Bergmáli.

Það er í raun-inni alveg stórmerkileg lífsreynsla fyrir skammatól eins og mig sem er sífellt að bölsótast út af heimsku og spillingu mannanna (og því miður ekki alltaf að ástæðulausu) að fá líka að kynnast því, hversu mikið er til af góðu fólki sem sækir sér lífsfyllingu í að hjálpa náunganum og láta gott af sér leiða og telur ekki eftir hvorki tíma, peninga ellegar fyrirhöfn.



Líknarsamtök eins og Bergmál og fólkið á Sólheimum hljóta að enduróma eitthvað verulega fallegt í þjóðarsálinni.

Það var orðið kvöldsett þegar ég lagði af stað heim í blindaþoku. Sem betur fer gaf Sveinbjörg mér tvær rjómapönnukökur í nesti.

Þegar ég var kominn í Draugahlíðar tók ég eftir því að báðar rjómapönnukökurnar voru horfnar.



## UMMÆLI VIKUNNAR

*„Ég verð áfram þessi sami gamli Villi, hæverskur og góður kall.“*

***Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson verðandi borgarstjóri Reykjavíkur eftir myndun meirihluta með Framsóknarflokknum.***

*„Við vitum ekki neitt.“*

***Kolbrún Halldórsdóttir, Vinstri grænum, í umræðum um störf Alþingis þegar það kom saman síðastliðinn þriðjudag.***

# stjórnmál

stjornmal@frettabladid.is nánar á visir.is

# *Úr bakherberginu...*

### Hlustað á Kristinn H.

Greining Kristins H. Gunnarssonar, á fylgi Framsóknarflokksins hefur vakið athygli og ekki laust við að hún hafi með öðru orðið til þess að flýta miðstjórnarfundi flokksins sem boðaður hefur verið á föstudag.

Kristinn kemst að því á vefsíðu sinni að landsfylgi Framsóknarflokksins hefði verið um 18 prósent ef flokkurinn hefði boðið fram í Reykavík fyrir fjórum árum. „Tæp 12 prósent í kosningunum nú er því miður sterk vísbending um það sem koma skal í Alþingiskosningunum. Þess vegna er einmitt óhjákvæmilegt að bregðast við... Eðlilegt er að byrja með miðstjórnarfundi sem fyrst og jafnvel kalla til stærri hóp á þann fund, þar sem staðan yrði metin, málin rædd og ákveðin næstu skref.“



Kristinn kemst einnig að því að niðursveifla Framsóknarflokksins var mest á höfuðborgarsvæðinu og Norðausturkjördæmi. Er það ekki í kjördæmum Halldórs Ásgrímssonar og Valgerðar Sverrisdóttur? Akureyri og Dalvík féllu og glöggir menn segja að í Fjarðabyggð sé þrátt fyrir allt umtalsvert fylgistap. Í Reykjavík er flokkurinn minnstur flokka.

Allt verður þetta rætt á miðstjórnarfundinum næstkomandi föstudag og liggja tíðindi í loftinu að margra dómi.

### Þöggunarpólitík

Staksteinar Morgunblaðsins telja Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, formann Samfylkingarinnar, hafa sýnt alvarlegan dómgreindarskort við val á borgarstjóraefni. Hún hafi ýtt til hliðar bæði Steinunni Valdísi og Stefáni Jóni.

„Þarf ekki að ræða þessi alvarlegu mistök flokksformannsins eða er þöggunarpólitík komin í stað samræðustjórnmálanna,“ spyrja Staksteinar í gær. Vart þarf að minna Staksteina á að Dagur B. Eggertsson varð hlutskarpastur í galopnu prófkjöri. Hitt er ef til vill meira umhugsunarefni fyrir Samfylkinguna hversu mjög hún kann að hafa tapað grænu fylgi yfir til Vinstri grænna. Njóti „græn“ sjónarmið vaxandi fylgis í þjóðfélaginu loðir það sennilega illa við stjórnarflokkana. Mál manna er að Samfylkingin hafi gert ákveðin mistök að hafa ekki snúið upp á sér grænni hlið fyrir kosningarnar. En það er snúið fyrir flokk sem að hluta samþykkir stórvirkjanir og að hluta ekki.



## VIKA Í PÓLITÍK

JÓHANN HAUKSSON

# *Valdið yfir sögunni*



Ríkisstjórnin samþykkti fyrir skemmstu að lagt yrði til við hið háa Alþingi, að skipuð yrði nefnd til að annast skoðun gagna sem snerta öryggismál Íslands á kaldastríðsárunum frá 1945 til 1991. Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra hefur í samræmi við þennan vilja ríkisstjórnarinnar lagt fram þingsályktunartillögu um nefndina, sem skipuð verður færum sérfræðingum á ýmsum fræðasviðum.

Kveikjan að þingsályktunartillögu forsætisráðherra eru símhleranir á kaldastríðsárunum sem Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur hefur nýverið gert grein fyrir opinberlega.

Tvennt vekur athygli við þingsályktunartillöguna. Í fyrsta lagi gerir hún ráð fyrir að nefndarmenn fái að meta gögn í vörslu opinberra aðila. „Undir opinbera aðila í tillögunni falla Landssími Íslands, dómstólar og lögregluyfirvöld,“ segir í greinargerð með tillögunni. Ekki er með öðrum orðum gert ráð fyrir aðgangi að upplýsingum sem kunna að liggja fyrir í ráðuneytum svo aðeins þau séu nefnd.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir að rannsókn á þeim gögnum sem nefndinni verður heimilt að skoða verði í það minnsta í samráði við ráðuneyti forsætis-, utanríkis- og dómsmála.

Ekki þarf að hafa mörg orð um það að unnt er að hafa allt annan hátt á rannsókn af þessum toga eins og raunar Sólveig Pétursdóttir, forseti Alþingis, hefur bent á opinberlega og vísað meðal annars til svipaðra athugana í nágrannalöndum.

Þetta atriði stöldruðu stjórnarandstæðingar einkum við í umræðum á Alþingi í fyrradag. Oddvitar allra stjórnarandstöðuflokkanna og fjöldi annarra þingmanna bentu á þann meinbug á þingsályktunartillögunni, að löggjafarvaldinu og fulltrúum allra þingflokka væri ekki ætlað að koma að rannsókn gagnanna með neinum hætti.

Það hljómaði raunar eins og ákveðin hugsunarskekkja hjá forsætisráðherra þegar hann sagði að fyrst yrði að kanna hvað rétt og hæft væri í málinu til þess að unnt yrði að taka ákvarðanir um framhaldið.

Um þetta geta kjörnir þingmenn einfaldlega ekki sameinast vegna þess að það er einmitt sjálf rannsóknin, köfunin ofan í fortíðina, sem á og verður að vera á hendi löggjafarvaldsins en ekki framkvæmdavaldsins. Það er einfaldlega rökréttara og skynsamlegra og hafið yfir þá tortryggni sem kann að vakna þegar og ef menn fela sjálfum sér vald til að skilgreina fortíðina eða meta eigin sök.


# Smart og létt á fæti

## – heilsteypt glös á tilboðsverði

Rauðvínsglös, hvítvínsglös og bjórglös á tilboðsverði í júní 2006

**Þórunn Kristjánsdóttir**
Sölumaður hjá RV





1.924 kr. 12 stk. Imperial 42 cl rauðvínsglös

854 kr. 6 stk. Maldive 36 cl bjórglös

1.341 kr. 12 stk. Imperial 19 cl hvítvínsglös

1.579 kr. 12 stk. Imperial 23 cl hvítvínsglös

1.757 kr. 12 stk. Imperial 31 cl rauðvínsglös

**Rekstrarvörur**
*- vinna með þér*
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

TUNGLIÐ RV6207A


# Að þekkja sinn vitjunartíma

**Landsstjórn Framsóknarflokksins ákvað fyrir helgi að kalla miðstjórn flokksins saman næstkomandi föstudag. Eftir mikið fylgistap í sveitarstjórnarkosningunum fyrir viku þykir mörgum í forystu flokksins sem öll rauð ljós blikki og ekki verði undan því vikist að hefja róttækt uppbyggingarstarf. Enda eru alþingiskosningar á næsta leiti.**

Þversögin sem blasir við Halldóri Ásgrímssyni, formanni Framsóknarflokksins, er sá að í stjórnartíð hans með Sjálfstæðisflokknum frá árinu 1995 hefur efnahagslegur uppgangur þjóðarinnar verið án hliðstæðu frá stofnun lýðveldisins. Á sama tíma eru innanmein Framsóknarflokksins og fylgisvandi hans í einhverju mesta þéttbýlisþjóðfélagi veraldar hrópandi. Vaxandi umhverfisvandi og vitundarvakning kjósenda í þeim efnum hefur reynst flokknum og flokksformanninum mótdræg. Afdrifarík ákvörðun Davíðs Oddssonar þáverandi forsætisráðherra og Halldórs, þáverandi utanríkisráðherra, í mars 2003 um afdráttarlausan stuðning þjóðarinnar við innrás Bandaríkjamanna í Írak reyndist Framsóknarflokknum þung í skauti. Ástæða er til að ætla að ákvörðunin um að setja Ísland á lista hinna liðlega 30 viljugu og stríðsfúsu þjóða, hafi þegar fram í sótti bakað Halldóri meiri vandræði og reynst honum mótdrægari en hann gat nokkurn tíma órað fyrir. Blátt áfram vegna þess að kjósendur framsóknarflokksins telja sig alls ekki eiga samleið með kjósendum Sjálfstæðisflokksins í þessu efni. Að þessu leyti færði Halldór meiri fórnir í þágu stjórnarsetunnar með Davíð en dyggir fylgismenn Framsóknarlfokksins gátu með góðu móti þolað.

Þá hefur ímynd Framsóknarflokksins í vaxandi mæli verið tengd stóriðju og virkjunaráformum með tilheyrandi náttúruspjöllum eða fórnum í íslenskri náttúru. Almenningsálitið tengir Framsóknarflokkinn sérstaklega við stóriðjustefnuna á sama hátt og einkavæðing til góðs eða ills er eitt helsta auðkenni Sjálfstæðisflokksins á valdastóli.

Forystumenn stjórnarandstöðunnar viðurkenna að þeir séu orðnir býsna harðskeyttir og vel að sér í látlausri gagnrýni sinni á Framsóknarflokkinn. En þingflokkurinn hefur að mörgu leyti gefið höggstað á sér. Gríðarlega stór hópur embættismanna innan stjórnarráðsins vinnur að því að breyta regluverki samfélagsins í þágu umbyltingar og einkavæðingar á náttúruauðlindum. Orkulindirnar eru næst á dagskrá. Einnig þessi áform stríða gegn hefðbundnum sjónarmiðum Framsóknarmanna og stjórnarandstaðan notar hvert tækifæri, hvern snöggan blett, hvern veikleika, sem þeir finna. Nefna má hrakfarir Valgerðar Sverrisdóttur með frumvörp um nýtingu auðlinda og vatnalög sem hún varð að fresta í vetur leið.

Annar augljós vandi blasir við Framsóknarflokknum. Þegar svo virðist sem uppbyggingarstarf og endurnýjun innan flokksforystunnar verði helstu dagskrármál miðstjórnarfundarins næstkomandi föstudag er Björn Ingi Hrafnsson, nýkjörinn borgarfulltrúi og verðandi formaður borgarráðs Reykjavíkur, rísandi stjarna og jafnvel talinn vænlegur arftaki Halldórs þegar fram í sækir. Björn Ingi hefur verið umdeildur innan flokksins og telja margir innnan forystunnar að hann og aðferðir hans eigi að einhverju leyti sök á óförum flokksins í Reykjavík þar sem fullyrt er að hundruð framsóknarmanna hafi setið heima á kjördag fyrir viku.

Þetta má einnig orða svo að klofningur innan flokksforystunnar endurspeglist í stöðu Björns Inga. Opin andstaða við fráfarandi aðstoðarmann forsætisráðherra, er í rauninni leynd andstaða við Halldór sjálfan.

Atburðarásin undanfarna daga ber að margra viti vott um nokkurt ráðleysi innan Framsóknarflokksins. Heimildir eru fyrir því að undanfarna daga hafi fjölmargir leitað eftir liðsinni Finns Ingólfssonar til að taka þátt í endurreisnarstarfinu. Jafnvel er Árni Magnússon nefndur. Þeir tveir hafa yfirgefið skútuna og með vissum rétti má segja að með því að missa þá fyrir borð hafi Halldór safnað glóðum elds að höfði sér; bakað flokknum endurnýjunarvanda í forystunni.

Ungliðar og aðrir málsmetandi framsóknarmenn í höfðuborginni tala býsna opið um það að hluti endurreisnarstarfsins verði að felast í formannsskiptum. Að svo miklu leyti sem slík krafa kemur frá stuðningsmönnum Björns Inga setur það hann í afar sérkennilega stöðu gagnvart Halldóri.

Heimildir eru einnig fyrir því að Siv Friðleifsdóttir sé þegar farin að leita eftir stuðningi við sig til frekari metorða í forystu flokksins.

Allt ber þetta vott um flokkadrætti og spennu. Enn er eftir að höggva á hnúta. Ekki er víst að miðstjórnin hafi þrek til þess að gera það. Þá reynir á Halldór.

johannh@frettabladid.is



**HALLDÓR ÁSGRÍMSSON** Vandi Framsóknarflokksins er marvíslegur og erfið mál loða við formann flokksins í langri stjórnarsetu með Sjálfstæðisflokknum.

**ÁRNI MAGNÚSSON** Fjölmargir í forystusveit Framsóknarflokksins töldu Árna efnilegan arftaka Halldórs á formannsstóli.

**GUÐNI ÁGÚSTSSON** Guðni er vinsæll ráðherra en var um sig. Vill hann umbylta flokknum á þann hátt sem ungliðar í þéttbýlinu telja nauðsynlegt?

**SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR** Siv er á ný orðinn ráðherra en óvíst er um fylgi hennar þegar velja þarf nýjan formann flokksins.

**FINNUR INGÓLFSSON** Finnur þótti sjálfsagður arftaki Halldórs fyrir meira en sex árum. Margir flokksmenn kalla til hans nú eftir mikið fylgistap í sveitarstjórnarkosningunum.



Vegna breytinga er verslun Tölvulistans í Nóatúni 17 lokuð í dag. Í staðin verður hægt að gera frábær kaup í tjaldi fyrir framan vörumóttökuna í Nátúni 17
ÚTISALA
ÚTISALAN STENDUR FRÁ 12-16
GEGGJUÐ TILBOÐ Í TJALDINU
GEGGJUÐ TILBOÐ
Notað, nýtt, lítið útlitsgallað
ÓTRÚLEG TILBOÐ • TAKMARKAÐ MAGN
Ískalt og frískandi Coke svalar þorstanum
ÓKEYPIS
Magnaðar ferðatölvur á geggjuðu tilboðsverði
FRÁ 40.000
Skjákort af öllum stærðum og gerðum
FRÁ 500
Móðurborð til að uppfæra gömlu græjuna almennilega
FRÁ 500
Pulsaðu þig upp með SS pylsum
ÓKEYPIS
Örgjörvar til að auka nú afl og afköst í græjunni
FRÁ 2.000
Hátalara fyrir alla tónlist á gjafverði
FRÁ 500
Nú er tíminn til að ná sér í tölvuskjá næstum gefins
FRÁ 8.000
DVD myndir og leikir á einstöku tilboðsverði
FRÁ 200
Turnkassar fyrir öll tækifæri, einstakt verð
FRÁ 2.000
Ferðatölvutöskur fyrir flestar gerðir ferðavéla
FRÁ 1.000
Svalandi ís frá Emmess bæði bætir og kætir
ÓKEYPIS
AÐEINS BROT AF ÚRVALINU • ALDREI AÐ VITA HVAÐ ÞÚ FINNUR
Athugið að vörum af útisölu er ekki hægt að skila • Myndir í auglýsingu eru ekki endilega af viðkomandi vöru á útisölu • Birt með fyrirvara um breytingar
emmessís
SS
Coca-Cola
TÖLVULISTINN
SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 12 ÁR
REYKJAVÍK Nóatúni 17 Sími 562 6730
AKUREYRI Glerárgötu 36 Sími 464 7400
KEFLAVÍK Hafnargötu 90 Sími 534 7400

AYATOLLAH RUHOLLAH KHOMEINI (1902-1989) LÉST ÞENNAN DAG.

*„Bandaríkjamenn eru hinn mikli satan, meiddi snákurinn.“*

***Íranski erkiklerkurinn Khomeini hafði alla tíð horn í síðu Bandaríkjanna.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST: 3. JÚNÍ 1979

# *Eitt stærsta olíuslys sögunnar*

Á þessum degi árið 1979 kom upp leki í olíuborpallinum Ixtoc fyrsta. Borpallurinn var í eigu mexíkóska fyrirtækisins Pemex sem leitaði olíu í Mexíkóflóa, um þúsund kílómetra suður af ströndum Texas.

Úr lekanum varð eitt mesta olíuslys sögunnar en stuttu eftir að olían braust upp á yfirborð sjávarins kviknaði í henni og borpallurinn brann. Olía hélt því áfram að seytla úr borholunni og í marga mánuði reyndu sérfræðingar að finna lausnir til að stífla holuna og hemja útbreiðslu olíunnar. Ekki tókst að finna leið til að byrgja brunninn fyrr en 23. mars árið eftir en talið er að milli tíu og þrjátíu þúsund tunnur af hráolíu hafi farið í sjóinn á hverjum degi þangað til.

Olíubrákir mynduðust og rak þær á land í Mexíkó. Straumarnir í flóanum báru líka hluta olíunnar upp að ströndum Texas-ríkis, þangað sem hún náði tveimur mánuðum eftir slysið. Höfðu yfirvöld þá reynt að búa sig undir afleiðingar olíumengunarinnar eftir fremsta megni.



Eldur kemur upp við Ixtoc fyrsta.

## MERKISATBURÐIR

1844 Síðustu tveir geirfuglarnir í heiminum eru drepnir á syllu við Eldey.

1932 Ríkisstjórn Ásgeirs Ásgeirssonar tekur við völdum.

1937 Játvarður, fyrrverandi konungur Breta, giftist hinni bandarísku og fráskildu Wallis Simpson.

1951 Séra Bjarni Jónsson kveður söfnuð Dómkirkjunnar í Reykjavík.

1967 Aretha Franklin fer í fyrsta sinn á topp vinsældalistans í Bandaríkjunum með laginu Respect.

1989 Jóhannes Páll páfi II kemur til Íslands. Þetta var fyrsta heimsókn trúarleiðtoga kaþólskra manna til landsins.



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Guðbrandur K. Sörensson**

Fífumóa 1b, Njarðvík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja fimmtudaginn 1. júní. Útförin verður auglýst síðar.

**Sigurður Guðbrandsson** **Elín Pálsdóttir**
**Jón Guðbrandsson** **Helena Alfreðsdóttir**
**Vigdís Guðbrandsdóttir** **Benedikt Hreinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Elskulegur eiginmaður minn, stjúpfaðir okkar, sonur, tengdasonur og bróðir,*

**Bergur Magnús Guðbjörnsson**

vélstjóri, Reynigrund 47, Akranesi,

sem lést sunnudaginn 28. maí, verður jarðsunginn frá Akraneskirkju þriðjudaginn 6. júní kl. 14.

**Oddný Guðmundsdóttir**
**Þórhildur Kristjánsdóttir**
**Svavar Kristján Kristjánsson**
**Áslaug Ármannsdóttir** **Guðbjörn Páll Sölvason**
**Þóra Benediktsdóttir** **Guðmundur Kr. Guðmundsson**
**Sigrún Lilja Guðbjörnsdóttir** **Gunnhildur Guðbjörnsdóttir**
**og fjölskyldur.**



†

*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Margrét Einarsdóttir**

Maddý, Barðastöðum 7,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi miðvikudaginn 31. maí. Útförin fer fram í Dómkirkjunni föstudaginn 9. júní kl. 13.

**Jón Árnason**
**Ásta Gunnarsdóttir** **Oddur Halldórsson**
**Jóna Gunnarsdóttir**
**Valdís Gunnarsdóttir**
**Eyrún Gunnarsdóttir**
**Trausti Kristjánsson** **Therese Grahn**
**og ömmustrákarnir.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Pálína Sigurrós Guðjónsdóttir**

frá Munaðarnesi, Strandasýslu,

sem lést á Hrafnistu Hafnarfirði 24. maí, verður jarðsungin frá Víðistaðakirkju þriðjudaginn 6. júní kl. 15.00.

**Guðlaug Jónsdóttir**
**Guðmundur G. Jónsson** **Sólveig Jónsdóttir**
**Guðjón Jónsson** **Sigríður Jakobsdóttir**
**Samúel Jónsson** **Bjarney Georgsdóttir**
**Erla Jónsdóttir** **Ágúst Skarphéðinsson**
**Ragnar Jónsson** **Þórey Guðmundsdóttir**
**Anna Jónsdóttir** **Kristján Kristjánsson**
**Jón E. Jónsson** **Antonia Rodrigues**
**Ólöf B. Jónsdóttir** **Reynir Stefánsson**
**Barnabörn og barnabarnabörn.**



**RÚNAR SIGURKARLSSON, EIGANDI YGGDRASILS** Í tuttugu ár hafa unnendur lífrænt ræktaðra matvæla og annarra náttúruvara verslað við Yggdrasil. Rúnar segir að til að byrja með hafi nokkur blómabörn komið í verslunina, sem þá var í geymslu í blokkinni þar sem hann bjó, en nú sýni venjulegt fólk vörunum mikinn áhuga og eiginlega sé skrítið að vilja ekki kaupa svona vörur. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN HJÖRTUR

## VERSLUNIN YGGDRASILL: TUTTUGU ÁRA

# Á flottustu verslunargötunni

„Alveg frá byrjun var tilgangur Yggdrasils að vera eingöngu með lífrænt ræktaðar vörur og aðrar náttúruvörur af bestu fáanlegu gæðum og við höfum haldið því öll þessi tuttugu ár,“ segir Rúnar Sigurkarlsson, eigandi Yggdrasils, en verslunin heldur upp á tuttugu ára afmæli á þessu ári. „Þetta fór allt saman frekar hægt af stað. Fyrsta árið áttum við heima í blokkaríbúð og vorum með verslun í geymslunni þar sem við bjuggum. Þá kom fólk og hringdi bjöllunni hjá okkur og sagðist vera komið til að versla,“ segir Rúnar. Nú eru tímarnir allt aðrir og Yggdrasill er bæði verslun og heildsala. „Þetta sýnir bara að allir góðir hlutir gerast hægt, en þegar þeir fara að gerast verður úr því eitthvað mikið.

Til að byrja með voru það til dæmis fáein blómabörn sem vildu fá lífrænt ræktaðar vörur en svo í seinni tíð, sérstaklega síðustu árin, hefur áhuginn á lífrænt ræktuðum vörum aukist alveg gríðarlega. Núna verslar bara venjulegt fólk hjá okkur því það þykir ekki lengur skrítið að vilja svona vörur, heldur er skrítið að vera ekki inni á svona vörur.“

Aðspurður um ástæður þess að fólk velur frekar lífrænan mat og náttúruvöru segir Rúnar að ýmislegt mæli með því að borða slíkan mat. „Alls konar óþol og ofnæmi eru að aukast í samfélaginu og þá þarf fólk að snúa sér alfarið að svona mat til að komast hjá því að neyta alls konar aukefna. Síðan finnur venjulegt fólk sem hefur verið að prófa þetta að því líður miklu betur af þessum mat. Einnig er þetta bara svo rökrétt því ef fólk kaupir neysluvöru sem er ekki með skaðlegum efnum hlýtur það að vera miklu betra.“

Rúmt ár er síðan Yggdrasill flutti af Kárastígnum á Skólavörðustíg og segir Rúnar ekki hafa getað hugsað sér betri stað í miðborginni fyrir búðina sína. „Það er alveg gríðarlega gaman að vera hérna á Skólavörðustígnum, sem hefur þróast út í að vera svona kúltúr-gata. Í kringum okkur eru sælkerabúðir, listagallerí og verslunin Tólf tónar á móti okkur svo við erum í gríðarlega góðum félagsskap. Mér finnst þetta vera flottasta verslunargatan í bænum.“

Og mikið er að gerast á „flottustu verslunargötu bæjarins“ í dag því haldið er upp á blómadaginn í þriðja sinn þar sem íbúar og verslanir við Skólavörðustíg skreyta götuna með blómum. „Við tökum að sjálfsögðu þátt í blómadeginum og ætlum að halda upp á afmælið í leiðinni. Allt í búðinni verður á tuttugu prósenta afslætti fyrir árin tuttugu.“



†

*Innilegar þakkir til ykkar allra sem sýnduð okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæru móður, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,*

**Ívu Bjarnadóttur**

Sóltúni 2, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólksins í Sóltúni fyrir einstaka alúð og umhyggju.

**Björn Halldórsson** **Kristín Bjarnadóttir**
**Edda Magndís Halldórsdóttir** **Kristinn Jóhann Sigurðsson**
**Viðar Halldórsson** **Ragna Bogadóttir**
**Gyða Halldórsdóttir** **Guðjón Reynir Jóhannesson**
**Dóra Kristín Halldórsdóttir** **Kristján Þórðarson**
**Sigrún Guðnadóttir**
**og fjölskyldur.**

## ANDLÁT

**Bergur Vernharðsson**, Elliðavöllum 2, Keflavík, lést á heimili sínu miðvikudaginn 31. maí.

**Guðbrandur K. Sörensson**, Fífumóa 1b, Njarðvík, lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja fimmtudaginn 1. júní.

**Margrét Einarsdóttir** (Maddý), Barðastöðum 7, lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi miðvikudaginn 31. mars.

**Jóhannes R. Snorrason** fyrrverandi yfirflugstjóri lést á Landspítala miðvikudaginn 31. maí.

**Jóna B. Kristinsdóttir**, Dalbraut 27, Reykjavík, lést á St. Franciskusspítalanum í Stykkishólmi föstudaginn 19. maí. Útför fór fram í kyrrþey.

**Ólöf Gunnarsdóttir**, Hraunbúðum, Vestmannaeyjum, áður Grandavegi 47, lést á Hraunbúðum Vestmannaeyjum þriðjudaginn 16. maí. Bálför fór fram í kyrrþey.

## JARÐARFARIR

11.00 **Magnús S. Jósefsson** bóndi, Fremri Hrafnabjörgum, Dalasýslu, verður jarðsunginn frá Snóksdalskirkju.

14.00 **Geir Ófeigsson** bóndi, Næfurholti, verður jarðsunginn frá Skarðskirkju á Landi.

14.00 **Kristjana M. Ólafsdóttir**, Smiðjugötu 11, Ísafirði, verður jarðsungin frá Ísafjarðarkirkju.

14.00 **Sigurður Eiríksson** fyrrverandi bóndi, Sauðanesi, Austurbraut 7, Höfn í Hornafirði, verður jarðsunginn frá Hafnarkirkju.

14.00 **Una Thorberg Elíasdóttir**, Glaumbæ, Bíldudal, verður jarðsungin frá Bíldudalskirkju.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.
Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma **550 5000**.

# Blóma markaður







Syperis




Sólboði stór




Dahlía




Margaríta




Hansarós




Stjúpur 10 stk.




Lóbelía

Gildir til 7. júní eða á meðan birgðir endast

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*


Besta lambalærið í Nóatúni!
Úr Kjötborði Nóatúns
Sparaðu 300kr.
LAMBALÆRI HÁLFÚRBEINAÐ
MEÐ FERSKUM KRYDDJURTUM
1.498 kr. kg
Úr Kjötborði Nóatúns
LAMBA RIBEYE
ÚR KJÖTBORÐI
2.698 kr. kg
Úr Kjötborði Nóatúns
LANGSKORIÐ LAMBALÆRI
FRÁBÆRT Á GRILLIÐ
1.398 kr. kg
50% afsláttur
Úr Kjötborði Nóatúns
NÓATÚNS SUMARPYLSUR
ÚR KJÖTBORÐI
499 kr. kg
Úr Kjötborði Nóatúns
DUCHES KARTÖFLUR
998 kr. kg
MAÍSKÓLFUR
169 kr. stk.
Gómsætt í bakka beint á grillið!
FYLLTAR KARTÖFLUR
599 kr. pk
FYLLTIR SVEPPIR
499 kr. pk
KARTÖFLUSALAT
499 kr. pk
KRYDDAÐIR KARTÖFLUBÁTAR
399 kr. pk
KRYDDAÐ GRÆNMETI
499 kr. pk
MARINERAÐ GRÆNMETI
499 kr. pk



Hvúmm
Bestir í kjöti
NÓATÚN
í 40 ár
Úr Kjötborði Nóatúns
GRILLSPJÓT
GRÍSAFILLET
MARINERAÐ
598 kr. stk.
Úr Kjötborði Nóatúns
LAMBAFILLET
MEÐ FITURÖND
Í TOSKANAMARINERINGU
2.998 kr. kg
MÓA
VEISLUFUGL
MEÐ FYLLINGU
649 kr. kg
Úr Fiskborði Nóatúns
SKÖTUSELSFIÐRILDI
Í TÓMAT OG BASILMARINERINGU
1.798 kr. kg
Úr Fiskborði Nóatúns
STÓRLÚÐUSTEIK
MEÐ HVÍTLAUK OG RÓSMARÍN
1.798 kr. kg
Úr Fiskborði Nóatúns
SKÖTUSELSSPJÓT
MEÐ HVÍTLAUKSMARINERINGU
598 kr. stk.
Lifðu lífinu í lit!
NÓATÚN
ANANAS
149 kr. kg.
KÚRBÍTUR
229 kr. kg.
RAUÐUR LAUKUR
99 kr. kg.
FERSKJUR
399 kr. kg.
VATNSMELÓNUR
99 kr. kg.
=
5 á dag
...mmm NÓATÚN -hljómar vel!



Reykvíkingar munu fá nýjan borgarstjóra 13. júní næstkomandi. **Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson** tekur við embættinu og ætlar að hefjast strax handa með hreinsunarátaki. Í viðtali við *Björgvin Guðmundsson* segist hann leggja áherslu á að fólki líði ekki illa í návist sinni.

# *Kominn tími til að framkvæma*

**VILHJÁLMUR OG GUÐRÚN KRISTJÁNSDÓTTIR** „Ég er í sambúð með Guðrúnu Kristjánsdóttur kennara, sem tekur þátt í þessu með mér af fullum krafti og er mér til halds og traust. Betri vin get ég ekki hugsað mér,“ segir Vilhjálmur.

Ég verð mjög góður borgarstjóri. Ég verð áfram þessi sami gamli Villi, hæverskur og góður kall,“ sagði Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson við fjölmiðlafólk fyrir utan heimili sitt eftir að tilkynnt var um meirihlutasamstarf Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins í borgarstjórn Reykjavíkur.

*Hvernig starfar góður borgarstjóri?*

„Borgarstjóri verður að geta tekið ákvarðanir – stundum erfiðar ákvarðanir – sem hann telur til farsældar fyrir borgarbúa. Öflugur og samhentur meirihluti tryggir að það sé hægt. Að sjálfsögðu mun ég halda áfram að ræða við borgarbúa eins og ég hef gert. Ég hef lengi verið í pólitík og ávallt reynt að aðstoða fólk og umgangast það af virðingu og tillitssemi. Það á bæði við fólk sem til mín leitar og samstarfsmenn. Ég vil að mannleg samskipti séu með þeim hætti að fólki líði vel en ekki illa í návist minni. Lítil atriði eins og að bjóða fólki góðan daginn í stað þess að strunsa fram hjá skipta máli. Ég verð ekki með neina stjörnustæla eins og einhver orðaði það.“

**Fegrun borgarinnar hefst strax**

*Hverju munu Reykvíkingar fyrst taka eftir þegar nýr meirihluti tekur við?*

„Ég sagði fyrir kosningar að það væri kominn tími til að framkvæma í Reykjavík. Nú hefst tími framkvæmda. Ég get nefnt eitt dæmi. Við munum ráðast í hreinsunar- og fegrunarátak um alla borg. Í aðdraganda kosninganna fengum við ótrúlega margar ábendingar um illa hirt svæði, brotin eða eyðilögð leiktæki, rusl á víðavangi og fleira í þeim dúr sem þarf að kippa í liðinn.“

*Hvert verður þitt fyrsta verk sem borgarstjóri?*

Við munum strax hefja undirbúning að því að byggja fleiri þjónustuíbúðir fyrir eldri borgara. Það eru langir biðlistar eftir slíkum íbúðum og margir í brýnni þörf. R-listinn byggði ekki eina einustu þjónustuíbúð fyrir eldri borgara. Einnig þarf að ýta af stað hreinsunarátakinu, sem ég nefndi áðan. Síðan munum við fara af krafti í skipulagsmálin með það að markmiði að allir sem vilja byggja og búa í Reykjavík fái tækifæri til þess.

*Hvað verður um Geldinganesið, sem var mikið til umræðu?*

Við ætlum að deiliskipuleggja Geldinganesið, mest undir íbúðabyggð. Þar verður hugað að auknum hlut lóða undir sérbýli; einbýlishúsa, parhúsa og raðhúsa.

*Verður lóðum úthlutað eða þær boðnar upp?*

Við viljum afnema lóðauppboð í nýbyggingarhverfum. Það gengur ekki upp að fólk sé látið greiða 18-20 milljónir fyrir litla lóð undir einbýli. Þessu ætlum við að breyta.

*Verður staða eldri borgara og skipulagsmál sett á oddinn í þessu samstarfi?*

Já, ásamt málefnum fjölskyldunnar og samgöngumál.

*Munu sjálfstæðismenn þá ganga í að uppfylla dýrustu kosningaloforð framsóknarmanna?*

Margt í stefnu okkar flokka er vel samrýmanlegt. Við töluðum um að lækka leikskólagjöld og að létt yrði undir með foreldrum sem eiga börn í íþrótta- og tómstundastarfi. Það gerum við í samstarfi við íþrótta- og æskulýðsfélögin og munum ræða við þau. Hins vegar er ljóst að í samstarfi tveggja flokka verða allir að sýna samstarfsvilja og vera sveigjanlegir. Ekki er hægt að lofa því að allir fá að gera allt sem lofað var.

*Hvað verður um leikskólagjöldin?*

Við erum sammála um mikilvægi þess að lækka leikskólagjöld. Foreldrar munu finna fyrir þessu strax í haust þegar leikskólagjöld verða lækkuð um 25 prósent 1. september næstkomandi. Einnig munu foreldrar, sem eru með tvö eða fleiri börn á leikskóla, aðeins þurfa að greiða fyrir eitt barn. Þetta er mikil kjarabót fyrir barnafjölskyldur í borginni. Við viljum tryggja að börn fái leikskólapláss í sínum borgarhluta. Það er ekki síður mikilvægt. Eins viljum við efla innra starf leikskóla.

**Fasteignagjöld lækkuð á kjörtímabilinu**

*Þið gagnrýnduð R-listann fyrir að auka álögur á borgarbúa? Hvað ætlið þið að gera?*

Við ætlum að lækka fasteignagjöld um 25 prósent á kjörtímabilinu.



*„Við viljum að foreldrar geti valið um skóla fyrir börn sín og þau njóti sama stuðnings, óháð rekstrarformi eða staðsetningu skólans.“*

*Útsvarið er í botni í Reykjavík. Verður það lækkað?*

Það er ekkert útilokað í þeim efnum en verður hins vegar að ráðast af því hvert svigrúmið verður þegar lengra líður á kjörtímabilið. Við þurfum að endurskoða allar fjárhagsáætlanir og átta okkur á raunverulegri stöðu borgarsjóðs, sem hefur verið að skila rekstrartapi síðustu ár.

*Munuð þið draga úr útgjöldum til að auka svigrúmið?*

Ég get ekki tjáð mig um það núna. Við eigum eftir að fara yfir þessi mál og líta á alla þætti í rekstri borgarinnar. Þetta er eins og á venjulegum heimilum og í fyrirtækjum þar sem fólk þarf að skoða hvern einasta rekstrarþátt. Það er vel hugsanlegt að það sé hægt að gera breytingar á rekstrarfyrirkomulagi sem hafi hagræði í för með sér. Fyrst og fremst þarf að gæta aðhalds í rekstri og framkvæmdum.

**Foreldrar geti valið skóla fyrir börnin sín**

*Meira um málefnin. Mun framtíð flugvallarins ráðast þetta kjörtímabil?*

Niðurstöður nefndar um framtíðarstaðsetningu Reykjavíkurflugvallar liggja fyrir í haust. Ég vil sjá ákvörðun um framtíð vallarins tekna á þessu kjörtímabili. Það þarf að gera í samvinnu við samgönguyfirvöld.

*Verður hlutur Reykjavíkur í Landsvirkjun seldur?*

Já, ef rétt verð fæst.

*Rætt hefur verið um að Orkuveitan kaupi grunnnet Símans. Ertu fylgjandi því?*

Við höfum gert athugasemdir við það þegar fjármunir Orkuveitunnar, sem fást við að selja heitt og kalt vatn og rafmagn, eru nýttir til að fjárfesta í áhættusömum samkeppnisrekstri. Þetta tiltekna mál hefur ekki verið kynnt í borgarstjórn. Með þessu væri Orkuveitan að steypa sér í 20 milljarða króna fjárfestingu og bæri ábyrgð á ljósleiðaravæðingu í landinu og skyldur við landsmenn. Þetta er stórmál sem við munum skoða. Það er alveg á hreinu að það verður ekki farið út í neinar ævintýrafjárfestingar.

*Verður staða sjálfstæðu skólanna í borginni bætt?*

Það ríkir nú meira jafnræði milli sjálfstæðu skólanna og borgarreknu skólanna eftir baráttu okkar sjálfstæðismanna fyrir því í borgarstjórn. Leiðarljós okkar er að tryggja börnum betri menntun. Við viljum að foreldrar geti valið um skóla fyrir börn sín og þau njóti sama stuðnings, óháð rekstrarformi eða staðsetningu skólans.

**Ætla að geta litið stoltur til baka**

*En hver mun fara með forræði í þessum veigamiklu málaflokkum?*

Það er að skýrast. Ég get ekki upplýst núna hvernig flokkarnir skipta á milli sín málaflokkum eða hverjir munu stýra þessu starfi á vegum borgarinnar.

## *Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson*

- *Fæddur 26. apríl 1946 í Reykjavík*
- *Stúdent frá Verslunarskóla Íslands 1968*
- *Lögfræðingur frá Háskóla Íslands 1974*
- *Borgarfulltrúi frá 1982*
- *Formaður samtaka sveitarfélaga frá 1990*
- *Í sambúð með Guðrúnu Kristjánsdóttur*
- *Á þrjú börn og þrjú barnabörn*

*Margir segja Sjálfstæðisflokkinn hafa sótt inn á miðjuna í kosningunum?*

Sjálfstæðisflokkurinn hefur lagt grunn að því velferðarkerfi sem snýr að borgarbúum. Ég vil að Sjálfstæðisflokkurinn haldi áfram að gera það og jafnvel skerpi þá stefnu sína. Við verðum að hugsa vel um fólk sem má sín minna í samfélaginu af fjölmörgum ástæðum. Til dæmis með byggingu fleiri félagslegra leiguíbúða og þjónustuíbúða. Við erum að fást við velferð manneskjunnar. Ef miðjan er skilgreind með þessum áherslum er ég stoltur af því.

*Hvar sérðu þig eftir tíu ár?*

Ég er ágætlega hraustur og hef gaman af lífinu. Á meðan svo er vil ég láta gott af mér leiða. Það er ómögulegt að spá í framtíðina svona langt fram í tímann. En hvar sem ég verð staddur eftir tíu ár ætla ég mér að geta litið stoltur til baka yfir þann tíma sem við munum stjórna borginni. Það er verkefni dagsins í dag.

*Hvað með þína persónulegu hagi?*

Ég er í sambúð með Guðrúnu Kristjánsdóttur kennara sem tekur þátt í þessu með mér af fullum krafti og er mér til halds og traust. Betri vin get ég ekki hugsað mér. Svo er hún líka góður félagi í golfinu, sem ég byrjaði nýlega að stunda. Ég á þrjú börn, Jóhönnu, Helgu Björk og Baldur Þór, þrjú barnabörn og það fjórða á leiðinni.

*Þannig að lífið leikur við þig?*

Já, heilsan er auðvitað fyrir öllu. Ég veiktist síðast, svo heitið getur, í ágúst 1982. Ég hef verið lánsamur. Við Guðrún erum mjög hamingjusöm og okkur líður vel.

## ALLT HITT

BÍLAR FERÐIR

**Toyota** hefur látið innkalla um það bil eina milljón bíla vegna galla í stýrislið. Í Danmörku hafa rúmlega 15 þúsund Toyota eigendur fengið tilkynningu um að láta skipta út gölluðum lið milli stýrisleggs og stýrisvélar. Í Noregi hafa 12.500 bílar verið innkallaðir.



**Boxervél** Subaru hlaut á dögunum verðlaun sem besta vélin í flokki 2 til 2,5 lítra bílvéla á árinu. Það voru samtökin International Engine of the Year sem veittu verðlaunin á sýningunni Engine Expo í Stuttgart í Þýskalandi.

**Árbók** Ferðafélags Íslands 2006 er komin út. Bókin nefnist Mývatnssveit – með kostum og kynjum, og í bókinni er fjallað um Mývatnssveit og umhverfi hennar. Bókina skrifaði Jón Gauti Jónsson landfræðingur.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er laugardagurinn 3. júní, 154. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 3.18 | 13.26 | 23.36 |
| Akureyri | 2.26 | 13.11 | 23.59 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími
**550 5000**

Auglýsingasími Allt
**550 5880**

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




Gísli Rúnar Víðisson, sýningarstjóri Bíladaga sem haldnir verða á Akureyri 17. júní. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Bíladagar á Akureyri

***Gísli Rúnar Víðisson er sýningarstjóri á Bíladögum á Akureyri sem haldnir eru um miðjan júní.***

Bíladagar á Akureyri verða haldnir 16. og 17. júní og þeir eru margir bílaáhugamennirnir sem bíða spenntir eftir þeim. Hátíðin hefur verið haldin síðustu 32 ár. Bílaklúbbur Akureyrar heldur utan um sýninguna og segir Gísli Rúnar Víðisson, sem situr í stjórn klúbbsins, mikla tilhlökkun vera fyrir helginni. „Skráningin er hafin og við vonumst til að sem flestir láti sjá sig,“ segir Gísli. „Það geta allir skráð sig sem eiga fallega bíla, gamla eða nýja. Við viljum hafa sem mesta fjölbreytni og fá sem flest ökutæki.“

Nóg verður um að vera á bíladögunum. Að kvöldi 16. júní verður boðað til götuspyrnu og þann 17. júní er sjálf bílasýningin sem er hápunktur helgarinnar. „Þann 17. júní verður einnig „burn out“ keppni þar sem menn spóla bíldekkin upp til agna,“ segir Gísli spenntur.

Sjálfur er Gísli forfallinn bílaáhugamaður en hann á í kringum sautján bíla og tæki. „Mercedes Bensinn er í ákveðnu uppáhaldi hjá mér,“ segir Gísli. „Þetta er 1990 árgerð SEC 500 og er mjög góður í akstri. Hann er bæði lækkaður og nýsprautaður. Það verður gaman að eiga þennan bíl inni í skúr þegar maður er orðinn eldri.“

Skráning á bílasýninguna fer fram hjá Gísla í síma 862 6450 eða á bilak@isl.is en þar fer einnig fram skráning í „burn out“ keppnina. Skráning í græjukeppnina, sem fram fer þann 17. júní, fer fram á bonstodin@simnet.is. Nánari dagskrá má sjá á síðu 5.

johannas@frettabladid.is

## Gengið á tindinn

METÞÁTTTAKA ER Í FERÐ FERÐAFÉLAGS ÍSLANDS Á HVANNADALSHNÚK NÚ UM HELGINA.



Það er vinsælt að ganga á Hvannadalshnúk um þessar mundir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Um helgina ætlar stór hópur á vegum Ferðafélags Íslands að ganga á Hvannadalshnúk. Að því er fram kemur á heimasíðu F.Í. höfðu 143 skráð sig í ferðina svo að um metþátttöku er að ræða. Haraldur Örn Ólafsson er fararstjóri í ferðinni en auk hans eru fjórtán reyndir fararstjórar með í för.
Fregnir af óförum göngugarpa á hnúknum síðastliðna helgi slá göngumennina ekki út af laginu en að sjálfsögðu verður fyllsta öryggis gætt. Allir fararstjórar eru þaulreyndir og aðstæður á jöklinum verða vandlega metnar áður en gengið er á brattann.









Bílstjórar í ökuskóla BMW reyna sig á BMW X-3 og X-5 í sandgryfjunum í Jósepsdal.

# Ökuskóli BMW

***Áhugasamir bílstjórar fengu að reyna hinn svokallaða xDrive í ökuskóla BMW á dögunum.***

Í þessari viku og þeirri síðustu stóð B&L fyrir svokölluðum ökuskóla BMW. Hingað til lands kom Michael Caspers frá höfuðstöðvum BMW í Þýskalandi og leiðbeindi ökuglöðum gestum í akstri á BMW með svokölluðu xDrive.

Ökuskólinn hófst með stuttri kynningu á hinum öfluga fjórhjóladrifbúnaði BMW, xDrive. Þetta er skynvætt fjórhjóladrif sem svarar á sekúndubrotum þannig að ef mótstaðan minnkar undir einu hjóli þá flyst aflið umsvifalaust á þau sem viðspyrnu hafa. Þetta tryggir hámarksveggrip á hverjum tíma og stuðlar því að miklu akstursöryggi.

Að lokinni þessari kynningu var haldið upp í Bláfjöll á bæði fólksbílum og jeppum sem búnir eru xDrive. Þegar komið var inn á Bláfjallaafleggjarann voru ökumenn hvattir til að reyna grip drifsins með því að aka í svigi eftir veginum. Þar kom vel í ljós hið framúrskarandi veggrip bílanna. Í Bláfjöllum var fólksbílunum lagt og hafist handa við bremsuprófun á BMW X-3 og X-5 jeppum. Fyrirmæli leiðbeinandans hljóðuðu upp á að negla niður bremsuna á leyfilegum hámarkshraða og alls ekki minni ferð. Í fyrstu atrennu þótti Michael bílstjórarnir heldur ragir við að negla en smám saman efldist þeim þor og að minnsta kosti sumum tókst að sýna fram á það afl sem vissulega er að finna í hemlunarbúnaði X-3 og X-5.

Síðari áfangi verklega námsins í ökuskólanum fór fram á nýgerðri mótorkrossbraut í Jósepsdal. Ekið var um sandgryfjur, farið upp og niður mikinn bratta, þar sem unnt var að reyna HDC kerfið (brekkubremsuvörn). Sumum bílstjórum reyndist að minnta kosti í fyrstu örðugt að sleppa bremsunni í miklum bratta og leyfa HDC-inu að halda í við bílinn. Með reynslunni komust menn þó að því að þetta var alveg óhætt. Aksturinn á mótorkrossbrautinni var skemmtilegur fyrir ökuþóra og vel komu í ljós eiginleikar xDrive-sins þegar nef bílanna stungust upp fyrir brekkubrúnir og eitt hjól missti alveg viðspyrnu. Þá hætti það um leið að snúast og aflið fluttist yfir á þau hjól sem viðpyrnu höfðu.

*steinunn@frettabladid.is*



Chevrolet HHR er öruggasti borgarjeppinn hvað varðar stöðugleika.

# Borgarjeppar batna

***Borgarjeppar (SUV) eru ekki stöðugir bílar ef marka má veltipróf bandarískra yfirvalda. Ástandið er þó að batna.***

Með tilkomu rafræns stöðugleikabúnaðar. 7 af 10 nýjum borgarjeppum sem koma út á árinu hafa slíkan búnað sem gerir bílana mun stöðugri. Bandaríska vegaöryggisnefndin prófar nýja bíla árlega og fá þeir 1 til 5 stjörnur, allt eftir því hversu öruggir þeir eru. Hingað til hefur enginn borgarjeppi fengið 5 stjörnur en 39 hafa fengið 4 stjörnur.

Talið er að árlega látist í Bandaríkjunum einum saman 10.000 manns í slysum þegar bíll hefur oltið. Yfirvöld vestanhafs leggja því mikla áherslu á að sem flestir bílar séu búnir einhvers konar veltivörn. Opinberar rannsóknir sýna að hafi nýjar árgerðir sportjeppa verið búnar veltivörn fækkar veltum miðað við eldri gerðir um 35 próent þar sem einn bíll kemur við sögu og um 67 prósent þar sem tveir bílar koma við sögu.

Meðal nýlegra sportjeppa sem fengið hafa 4 stjörnur má nefna Chevrolet HHR, Honda Pilot, Toyota RAV4, Suzuki Grand Vitara og Mercedes-Benz ML Class. Lista yfir alla bíla er að finna á www.safercar.org

**- tg**


























**Áfram veginn**

Einar Elí Magnússon kemst leiðar sinnar

# Af finnskum ferðalöngum

Síðustu tvær vikur hafa verið einkar ánægjulegar. Ég hef verið að þvælast um landið með finnsku vinafólki mínu sem yfirgaf landið í gær. Þar sem þau stunda útivist og ferðalög grimmt að jafnaði var það nokkur áskorun að sjá þeim fyrir nýrri og spennandi lífsreynslu við hvert fótmál. Með hjálp landsins okkar, vina, félaga og nokkura ferðaþjónustuaðila held ég þó að nokkuð vel hafi tekist til. Í það minnsta voru þau útkeyrð og höfðu varla þrek til að labba inn í Leifsstöð óstudd.

Í hálfan mánuð þvældumst við fram og til baka um landið og dunduðum okkur við siglingar á jökulám og jökullónum, snjóbrettabrun á jöklum, hellaferðir í hraunhellum, gönguferðir, ísklifur, flugferðir og auðvitað baðferðir í heita læki og uppsprettur, svo eitthvað sé nefnt.

Allt hefur þetta kallað á miklar og langar bílferðir. Eftir því sem áfangastöðunum fjölgaði varð erfiðara og erfiðara fyrir Finnana að sitja á sér. Átti virkilega ekki að fara að laga hringveginn, fylla upp í holur og slétta ójöfnur? Ég útskýrði fyrir þeim að það væri ekki móðins í dag meðal stjórnvalda. Nú ættu malbikaðir hálendisvegir og jarðgöng upp á pallborðið og annað yrði bara að bíða. Þögn. Hola. Spurning sem varðaði andlega heilsu ráðamanna og verður ekki endurtekin hér.

Stuttu síðar munaði litlu að jeppinn færi í kollhnís á einu af þvottabrettum þjóðvegakerfisins. Finnunum lék forvitni á að vita hvers vegna vegirnir okkar væru svona ójafnir. Jú, vegna þess að þeir eru byggðir á veturna þegar frost er í jörðu. Þögn. Tiltekin spurning frá því fyrr um daginn endurtekin.

Í Finnlandi tíðkast víst að halda við þeim vegum sem fyrir eru áður en farið er í nýjar framkvæmdir. Nýir vegir eru látnir bíða þangað til efni leyfa, þó að biðin sé stundum löng.

Já, þeir eiga margt eftir ólært í Finnlandi! Ætli þeir séu líka bara með tvíbreiðar brýr á þjóðvegi eitt? Og með allar vegmerkingar á hreinu? Og ætli þeir eigi ennþá hóla þarna fyrir austan sem er ekki búið að bora í gegnum? Og skyldu tveggja akreina vegir þar vera meira en einn kílómetri á lengd í senn?

Meiri kjánarnir...

allt ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga

SÉRHÆFÐ ÞJÓNUSTA FYRIR
Jeep CHRYSLER DODGE
BÍLJÖFUR
BIFREIÐAVERKSTÆÐI
Smiðjuvegi 34 - gul gata Kópavogi • Sími 544 5151 • biljofur@biljofur.is




Veldu HYUNDAI gæði, veldu TUCSON
TUCSON
2.0L bsk. 142. hö
Kr. 28.233 á mánuði
- ESP stöðugleikastýring
- ABS með EBD og TCS spólvörn
- 4x4 aldrif með læsingu
- 6 loftpúðar
- Hiti í framsætum
- Hiti í framrúðu við þurrkublöð
- 16" álfelgur
- Aftengjanlegur öryggispúði farþegamegin
- Verðlaunabíll í sínum flokki
LÝSING

FIFA WORLD CUP GERMANY 2006 HYUNDAI Official Partner
Með bílinn handa þér




Allir sem reynsluaka Hyundai geta unnið glæsilega vinninga í Stóra HM leiknum. Nánari upplýsingar á www.storihmleikurinn.is

Bíll á mynd: Tucson Sport á 17" álfelgum.
*Bílasamningur til 84 mánaða með 30% útborgun. Mánaðarlegar greiðslur eru háðar vaxta- og gengisþróun.

HYUNDAI hefur gæðin

B&L Grjóthálsi 1 110 Reykjavík 575 1200 www.bl.is
Umboðsmenn um land allt Keflavík 421 4444 Akranes 431 2622 Akureyri 461 2533 Egilsstaðir 471 2524



Toyota Avensis er meðal þeirra bíla sem innkallaðir eru.

# Innköllun í þjónustuskoðun

***Tæplega milljón bíla innkallaðir.***

Toyota hefur efnt til þjónustuherferðar sem nær til eigenda 987.262 bifreiða af gerðunum Avensis, Corolla og Prius. Um er að ræða bíla sem voru framleiddir á tímabilinu frá september 2002 til nóvember 2005. Meira en helmingur hinna innkölluðu bíla var seldur á Japansmarkaði.

Ástæða herferðarinnar að samsetning á stýrisás kann að vera ábótavant en slíkur galli hefur fundist í 72 bílum. Ekki er vitað til þess að gallinn hafi valdið slysum eða óhöppum en talið er að hann geti komið fram sé tekið harkalega í stýrið á mikilli ferð.

Hér á landi er um að ræða um 1200 bíla af áðurnefndum þremur gerðum. „Við munum senda eigendum viðkomandi bifreiða bréf og framkvæmdin verður alíklega með þeim hætti að við munum skipta um þetta stykki meðan beðið er,“ segir Kristinn G. Bjarnason framkvæmdastjóri markaðssviðs Toyota. Kristinn bendir einnig á að herferðin endurspegli hátt þjónustustig Toyota þar sem gallinn hefur enn sem komið er aðeins fundist í 0,007% umræddra bíla.











# Fimmtán bestu kaupin

***Money Magazine hefur gefið út niðurstöður árlegrar bílaprófunar sinnar. Þar eru valdir fimmtán bestu bílar ársins í hverjum flokki.***

Í bílaprófun Money Magazine er engin tímataka. Þess í stað eru skottin hlaðin, krökkum skutlað og bílum lagt samhliða í stæði. Semsagt allt það gert sem venjulegt fólk þarf að klást við í hinum raunverulega heimi. Verð spilar þarna stóran þátt því það er jú ekkert mál að búa til æðislegan dýran bíl, hins vegar er annar handleggur að búa til æðislegan bíl fyrir lítinn pening.

Þetta voru því allt hlutir sem blaðamenn tímaritsins höfðu til hliðsjónar þegar þeir völdu besta bílinn í hverjum flokki fyrir árið 2006.



# Verðlaunavél frá Subaru

2,5 l boxervél Subaru hefur hlotið verðlaun sem besta alþjóðlega vélin árið 2006.

Boxervél Subaru var valin „International Engine of the Year 2006“ í flokki 2 til 2,5 lítra bílvéla. Verðlaunaafhendingin fór fram á sýningunni Engine Expo í Stuttgart í Þýskalandi á dögunum. Vélin sem um ræðir er notuð í bifreiðum af gerðinni Subaru Impreza og Subaru Forester og er þetta í fyrsta sinn sem lárétt liggjandi bílvél hlýtur þessi verðlaun sem veitt eru árlega.

Í dómnefnd keppninnar sat 61 blaðamaður frá 29 löndum, en að henni stóð bílablaðadeild UKIP Media & Events, stærsta útgefanda bílablaða í Bretlandi, sem gefur einnig út tímaritin Engine Technology International og Automotive Testing Technology International. Á grundvelli stigagjafar dómaranna voru veitt aðalverðlaun, verðlaun fyrir bestu vélar í átta stærðarflokkum auk verðlauna í þremur öðrum flokkum.


2,5 lítra verðlaunavélin knýr gerðirnar Subaru Impreza og Subaru Forester, sem og Saab 9-2X.

2,5 lítra túrbóvélin frá Subaru þykir bæði kraftmikil og sparneytin. Með því að bæta við loftinntakskerfi, bæta stýrikerfi vélarinnar og breyta hönnun brunaholsins hefur tekist að draga umtalsvert úr mengun í útblæstri. Jafnvægi næst milli lipurra viðbragða á litlum hraða og aukins vélarafls, en það má rekja til breytinga á hönnun vatnsgangsins í strokklokinu og breytinga í útblástursgreinum til að lágmarka dælutap og tryggja jafnt flæði eldsneytis.

*Frétt af www.ih.is*


Það getur verið erfitt að finna bílastæði í miðborg Reykjavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Bílastæðið í símann

***Verið er að prófa nýja tækni sem gera á ökumönnum kleift að finna bílastæði í stórborgum gegnum símann sinn.***

Bílastæði eru af afar skornum skammti í þéttbýlum stórborgum. Tæknin til að leysa þetta vandamál er fyrir hendi en koma þarf henni fyrir og prófa virkni hennar. Þetta stendur nú til en til mikils er að vinna því sérfræðingum telst til að þrjátíu prósent allrar umferðar á annatímum í miðborgum sé fólk í leit að stæðum.

Í sumar geta íbúar þrjátíu stærstu borga Bandaríkjanna fengið upplýsingar gegnum internetið eða í símann sinn um stöðu lausra stæða í bílastæðahúsum. Samhliða því geta þeir tekið frá stæði og fengið leiðbeiningar um hvernig eigi að komast að bílastæðinu. Enn sem komið er þarf þjónustufyrirtækið sem sér um þessa þjónustu, Streetline Networks, að hringja í bílastæðahúsin til að finna laus stæði, en stefnt er að því að koma skynjurum fyrir í bílastæðum og gera kerfið algjörlega sjálfvirkt.

Fyrirtækið SpotScout ætlar sér einnig stóra hluti á rafræna bílastæðamarkaðnum. Það ætlar sér að opna vefsíðu þar sem fólk getur skipst á upplýsingum um bílastæði og jafnvel leigt út heimkeyrslur sínar á meðan það er í vinnunni.

*- tg*

ný stöð }

## Opnuð með hatti

NÝJASTA VIÐBÓT ATLANTSOLÍU VAR OPNUÐ Í VIKUNNI Í ÖSKJUHLÍÐ Í REYKJAVÍK.


Jóhannes eftirherma opnar nýja stöð.

Jóhannes Kristjánsson eftirherma kom í hlutverki sjálfs Guðna Ágústssonar ráðherra og opnaði stöðina. Til að opna hana notaði Jóhannes kúrekahatt sem seint verður talinn hefðbundinn en hatturinn var búinn örgjörva sem setti dælur stöðvarinnar í gang. Hafði Jóhannes á orði að þar sem tveir bensíndropar kæmu saman, þar væri bensínstöð.

*- sha*

bíladagar á Akureyri }


Frá Bíladögum á Akureyri 2005.

## DAGSKRÁ

### Föstudagurinn 16. júní

Götuspyrna á Tryggvabraut sem hefst um sjöleytið að kvöldi. Keppnisstjóri er Arnar Kristjánsson, Chevroletmaður með meiru. Skráning á bilak@isl.is eða í síma 862 6450.

### Laugardagurinn 17. júní

Bílasýning í Oddeyrarskóla milli klukkan tíu og átján. Að lokinni sýningu fer fram verðlaunaafhending í ýmsum flokkum. Skráning á bilak@isl.is eða í síma 862 6450.

Klukkan 14 hefst græjukeppni. Þá reynir á bassabox og hátalara og veitt eru verðlaun til þeirra sem búa yfir öflugustu græjunum. Skráning á bonstodin@simnet.is. Við skráningu skal taka fram nafn, kennitölu og hvernig græjum verður teflt fram.

Eftir að bílasýningunni er lokið verður „burnout“-keppni við Slippinn á Akureyri. Skráning á bilak@isl.is.

Að lokinni sýningu rúnta bílaeigendur um Akureyrarbæ þar sem gangandi vegfarendur geta barið bílana augum.



**Það er frí** á mánudaginn! Nú er fullkomið tækifæri til að bregða undir sig betri fætinum og fara í langt eða stutt ferðalag.



## Hvert ertu að fara?

# Í rigningu og kulda

***Halldór Gylfason leikari ætlar að ferðast mikið í sumar.***

Halldór fór síðast til útlanda í mars og þá til London. „Ég var í vinnuferð með félögum mínum en við vorum að taka upp efni fyrir sjónvarpsþáttin Sigtið,“ segir hann.

Halldór var í þrjá daga í London og skemmti sér vel. „Við röltum um London í rigningu og kulda og tókum upp, borðuðum samlokur og gistum á Holiday Inn eins og fínir menn. Svo náðum við einum degi á Oxford Street til þess að versla fyrir fjölskyldurnar þegar við vorum búnir að öllu öðru.“

Næsta utanlandsferð Halldórs verður farin í sumar og þá ætlar hann til Danmerkur og Svíþjóðar. „Ég ætla að fara með fjölskylduna að heimsækja ættingja og vini. Við verðum í tvær vikur á Fjóni og í Stokkhólmi. Ég hef aldrei komið til Stokkhólms áður og ég hlakka svolítið til að koma þangað.“

Í sumar ætlar Halldór líka að ferðast innanlands. „Ég fer á Snæfellsnesið á sjómannadaginn að skemmta í Ólafsvík og heimsækja bróður minn sem býr á Hellissandi. Ég fer stundum á Hellissand til hans og var þar síðast núna um páskana. Mér finnst æðislega gaman að fara á Snæfellsnesið og það er einn uppáhaldsstaðurinn minn. Svo fer ég sennilega í einn eða tvo veiðitúra í sumar og á ættarmót á Austfirði og það er ýmislegt í farvatninu. Þetta verður bara unaðslegt ferðasumar.“



Halldór verður töluvert á ferðinni í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Í Möðrudal. Ferðaþjónustan er í stærri burstabænum og bensínstöðin í þeim minni. Á bak við sést gamla ættaróðalið og kirkjan sem Jón bóndi í Möðrudal reisti til minningar um konu sína og vígð var 1949. Fjallakaffið er hinum megin við veginn. MYND/ELÍSABET

# Fjalladýrð og friðsæld

***Möðrudalur á Fjöllum er eftirsóttur viðkomustaður enda er þjónusta við ferðamenn þar alltaf að aukast.***

Fjalladýrð heitir ferðaþjónustufyrirtæki sem Vilhjálmur Vernharðsson, smiður og ferðaþjónustubóndi, hefur byggt upp í Möðrudal síðustu ár, ásamt sínu fólki. Nýjasta framkvæmdin er bygging sem gerir tjaldgestum kleift að elda og vaska upp innan dyra. Húsið er byggt upp úr gamalli tóft því hjá Fjalladýrð er torfið og timbrið í hávegum haft sem byggingarefni. Fjallakaffi var opnað fyrir tveimur árum í burstabæ sem reistur var að grunni eldra húss með sama nafni. Þar er boðið upp á þjóðlegar veitingar. „Við erum alltaf með kjötsúpu í hádeginu. Það er fastur liður og reyndar er hún í boði fram á kvöld ef óskað er. Með kaffinu erum við með kleinur, vöfflur og jólakökur og svo erum við með samlokur úr grilli og pylsur en ekkert hamborgarafæði,“ segir Elísabet Kristjánsdóttir, kona Vilhjálms, sem svaraði í símann þegar hringt var norður. Elísabet segir kvöldverð framreiddan líka ef pantað sé fyrir fram. Þá er meðal annars hægt að biðja um Möðrudalskjöt, sem er framleitt á staðnum.

Fjalladýrð býður líka upp á gistingu í 27 rúmum og getur fólk ráðið hvort það er í svefnpoka eða uppábúnu. Einnig hefur það eldunaraðstöðu í sömu byggingu.



Vilhjálmur ferðaþjónustubóndi Vernharðsson hefur á síðustu árum byggt upp ferðaþjónustufyrirtækið Fjalladýrð.

Þá er ógetið einnar frumlegustu bensínstöðvar sem um getur. Hún er í litlum burstabæ og er bensíndælan í einni burstinni og dísilolían í annarri en sú þriðja er undir varning.

Nýbúið er að opna tjaldstæðið á Möðrudal þetta vorið og þar er rafmagn fyrir húsbíla og vagna. Fjallakaffið er opið allt árið um kring og gistingin líka og að sögn Elísabetar er alltaf dálítið um að jeppaferðalangar komi þar við að vetrinum á leiðinni inn á hálendið eða niður af því, auk þess sem öðru hvoru eru haldnar veislur. „Villi hefur séð um veislurnar með hjálp heimafólks. Þetta gengur allt vel með samvinnu.“ Eitt það nýjasta í ferðaþjónustunni á Fjöllum er jeppaferðir sem boðið er upp á inn á hálendið, til dæmis í Kverkfjöll, Herðubreiðarlindir, Öskju eða að Kárahnjúkum. „Við sníðum þessar ferðir að þörfum ferðalanganna,“ segir Elísabet og fyrst verið er með hana á línunni er freistandi að spyrja út í búskapinn á Möðrudal, sem er hæsta byggð á Íslandi. Hún kveðst nýkomin norður eftir skólasetu í borginni en segir sveitina koma allvel undan vetri. Verið sé að sleppa fé úr túnum og búið sé að fara með geiturnar 40 á fjall.

gun@frettabladid.is


**Garðeigendur athugið!**

Látið ekki aðra úða garðinn gegn skordýrum en þá sem hafa leyfi frá Umhverfisstofnun og geta framvísað skírteini ásamt persónuskilríkjum sé þess óskað. Starfsleyfi frá viðkomandi heilbrigðisnefnd er einnig skilyrði þess að stunda megi garðaúðun í atvinnuskyni.

UST Umhverfisstofnun

Nánari upplýsingar veita Umhverfisstofnun, www.ust.is, og Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ






Gisting - golf - veiði

Gerum tilboð

Efri-Vík ehf 880 Kirkjubæjarklaustur
netfang: efrivik@simnet.is
veffang: www.efrivik.is
s: 487 4694





**Veiðisumarið**
með Stefáni Jóni Hafstein

*Fleiri veiðifréttir og heilræði við veiðar á www.flugur.is; Flugufréttir koma alla föstudaga í tölvupósti til áskrifenda á flugur.is með ítarlega umfjöllun um allt sem varðar veiðiskap í sumar.*

# Veiðin fer hægt af stað í vor

Þetta kalda vor okkar hefur hamlað veiði. Víst er að margir héldu að nú í júníbyrjun yrðu þeir búnir að snæða nokkra góða silunga, en þeir fiskar synda enn, því bæði apríl og maí hröktu marga frá því að skella sér í vöðlur. Tvær stórar „opnanir“ voru síðustu daga og kalt vatn einkenndi báðar. Samkvæmt hefðinni kastaði formaður SVFR, Bjarni Júlíusson, fyrstur í Norðurá kl. 7.00 að morgni 1. júní og fékk ekki neitt á fyrsta degi, ekki frekar en í fyrra þegar stjórnin fór fisklaus heim. „Maður hefur enga afsökun fyrir fiskleysi,“ sagði Bjarni þegar hann kom á bakkann, ánægður með aðstæðurnar þrátt fyrir allt. Áin var svolítið lituð en Bjarni taldi það ekki vera til mikilla trafala og var borubrattur – enda eðlilegt að formaður tali kjark í sjálfan sig og aðra! Hvað sem því líður er þó ljóst að laxinn er mættur, sést hefur til hans í Norðurá og Laxá í Kjós.

Urriðasvæðið fræga í Mývatnssveit var opnað um síðustu helgi, fastagengið mætti á snævi þakta bakka og öslaði skafla til að komast á veiðistaði. Byrjunin var slakari en oft áður, en eigi að síður fengu margir góða spretti og allir fiska. Áin var um fjórar gráður sem er heldur lítið fyrir fiskerí, og hætt við að urriðar hafi legið daprir í bragði við botninn, bestan árangur bar að sökkva kúluhausum og straumflugum djúpt og láta berast hægt fyrir trjónur fiskanna.



„Hvar er laxinn?“ Bjarni Júlíusson, formaður SVFR, horfir yfir Norðurá.
MYND/FLUGUR.IS/OHR

**Hvernig á að veiða í köldu vatni?**
Bæði laxveiðimenn og silungsveiðimenn þurfa að huga að því að við aðstæður eins og verið hafa þarf að hafa nokkra hluti á hreinu. Fiskurinn er með kalt blóð, jafn kalt og vatnið ef út í það er farið! Hann liggur því fastur fyrir ef kuldi herjar og hreyfir sig lítið sem ekki til að spara orku. Flugan þarf því að fara hægt yfir, og hún þarf að komast niður til bráðarinnar. Notið þyngdar flugur og sökklínur, eða línur með sökkenda. Í straumvatni er gott að kasta vel upp fyrir ætlaðan tökustað og láta straumflugu eða túpu fá góðan tíma til að kafa niður. Ef maður festir ekki reglulega og týnir flugum þá veiðir maður ekki nógu djúpt! Í laxinum þarf túpan að sökkva og berast þvert fyrir fiskinn. Á silungsveiðum er best að nota þyngdar púpur og láta þær skralla með botni.

*Með veiðikveðju, Stefán Jón.*



Hótelið er í hjarta Reykjanesbæjar.

# Nýtt hótel á Reykjanesi

***Hótel Keilir tekur til starfa í Reykjanesbæ.***

Nýtt og glæsilegt hótel verður opnað um miðjan mánuðinn í Reykjanesbæ. Hótelið heitir Hótel Keilir og stendur í hjarta bæjarins við Hafnargötuna.

Á hótelinu, sem verður þriggja stjörnu hótel, eru fjörutíu herbergi og úr flestum þeirra er glæsilegt útsýni yfir Faxaflóann, bæinn eða Keili. Á öllum herbergjunum er flísalagt baðherbergi og aðstaðan verður til fyrirmyndar.

Hótelið er á góðum stað í aðeins nokkurra mínútna fjarlægð frá Keflavíkurflugvelli og allar helstu náttúruperlur Reykjanesskagans eru innan seilingar.



Það er ekki erfitt að ganga á fjallið.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Gengið á Gullkistu

***Skemmtileg gönguferð fyrir alla fjölskylduna.***

HSK stendur fyrir fjölskyldugöngu á Gullkistu í Laugardal á mánudaginn klukkan 20. Gangan er hluti af verkefni sem UMFÍ stendur fyrir í ár og nefnist „Fjölskyldan á fjallið“. Lagt verður af stað frá bænum Miðdal kl. 20 og göngustjóri verður Kári Jónsson, formaður Ungmennafélags Laugdæla.

Gullkista er kistulaga hnúkur á Miðdalsfjalli. Sagan segir að hnjúkurinn sé kista sem er full af gulli og opnist aðeins ef tveir samhentir bræður sem búa í Miðdal ganga þangað upp afturábak. Ekki verður reynt að ljúka upp Gullkistunni í þessari ferð en gangan er nokkuð auðveld og ætti að henta flestum. Á toppnum er frábært útsýni svo menn verða ekki sviknir þótt gullið finnist ei.



# allt atvinna

ER ÞÍN ATVINNUAUGLÝSING HÉR? MEST LESNA ATVINNUBLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ


## KÓPAVOGSBÆR

### Frá Kópavogsskóla

- **Umsjónarkennara vantar á barnastig næsta vetur.**
  Um er að ræða 100% starf.

Laun skv. kjarasamningum KÍ og Launanefndar sveitarfélaga.
Frekari upplýsingar gefur skólastjóri, Ólafur Guðmundsson, í síma 554 0475.
Umsóknarfrestur er til 15. júní.

Hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um starfið.

**www.kopavogur.is - www.job.is**

## Prentsmiður óskast!

Vegn aukinna umsvifa óskum við eftir eftirfarandi starfsfólki:

**PRENTSMIÐ**
Með góða alhliða þekkingu í Prentiðninni.

**BÓKBINDARA**
Vanan bókbandsvélum

**AÐSTOÐARFÓLK**
Við hin ýmsu störf í prentsmiðju.

*Upplýsingar gefur prentsmiðjustjóri í síma 860-2404 eða á rosi@isprent.is*

**Íslandsprent** • Steinhella 10 • 221 Hafnarfjörður • 569 7200 • www.isprent.is

## Tækifæri í boði!

OSTA OG SMJÖRSALAN SF

**Bílstjóri** 564379
Osta- og smjörsalan sf. óskar eftir að ráða einstakling með meirapróf eða réttindi á bíla yfir 3,5 tonn í útkeyrslu.

**Lager** 564488
Osta- og smjörsalan sf. óskar eftir að ráða til sín starfsmann á lager. Í starfinu felst að taka til pantanir, umhirða á lager og annað tilfallandi.

**Leitað er að reyklausum, áreiðanlegum, hraustum, röskum og stundvísum einstaklingum. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 07:30 - 16:30. Ráðið verður í stöðurnar strax.**

Skráning og upplýsingar á www.vinna.is

Vinna.is
Sími 511-1144
www.vinna.is

vinna.is ATVINNUMIÐLUN

## Deildar- sérfræðingur

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti

**Í Iðnaðarráðuneytinu er laust til umsóknar starf deildarsérfræðings á skrifstofu iðnaðarmála.**

Umsækjendur skulu hafa lokið prófi frá viðurkenndum háskóla á fræðasviðum sem tengjast atvinnuþróun og nýsköpun atvinnulífsins. Um er að ræða fullt starf sem ráðið verður í frá og með 1. september 2006. Laun greiðast samkvæmt kjarasamningi FHSS.

**Starfssvið:**
- Þátttaka í framkvæmd á stefnu ráðuneytisins er lýtur að nýsköpunar-,atvinnuþróunar- og byggðamálum auk annarra starfa sem tengjast málefnum ráðuneytisins
- Þátttaka í alþjóðlegu starfi

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Lögð er áhersla á frumkvæði og getu til að starfa sjálfstætt
- Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð eru nauðsynleg auk góðs valds á rituðu máli
- Metnaður til að ná árangri í starfi
- Þekking og reynsla á sviði opinberrar stjórnsýslu er æskileg
- Góð enskukunnátta og kunnátta í einu Norðurlandamáli skilyrði

IMG MANNAFL LIÐSAUKI

**Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur@img.is) og Guðlaugur Arnarson (gudlaugur@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 18. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafls - Liðsauka. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.**

| Borgartúni 27 | Skipagötu 16 | Strandgötu 53 |
|---|---|---|
| 105 Reykjavík | 600 Akureyri | 735 Eskifirði |
| Sími 540 7100 | Sími 461 4440 | Sími 540 7140 |
| mannafl@img.is | www.mannafl.is | www.img.is |

## Ertu orkubolti?

TENGI

**Tengi ehf. auglýsir eftir drífandi starfsmönnum í sölu og á lager.**

### Sölumaður

**Starfssvið:**
- Annars vegar erum við að leita að sölumanni í sölu og ráðgjöf til verktaka í pípulagningageiranum og hins vegar sölumanni í sölu og ráðgjöf til einstaklinga.

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla af sölumennsku æskileg
- Þekking á hreinlætistækjum og pípulagnaefni kostur
- Góð tölvukunnátta
- Metnaður, áhugi og samskiptahæfileikar
- Nákvæm vinnubrögð og snyrtimennska
- Frumkvæði
- Lipurð í mannlegum samskiptum og þjónustulund
- Reglusemi og stundvísi

### Lagermaður

**Hæfniskröfur:**
- Lyftarapróf æskilegt
- Meirapróf er kostur
- Dugnaður, stundvísi og samviskusemi
- Vönduð og nákvæm vinnubrögð

Tengi ehf. er ört vaxandi fagfyrirtæki sem sérhæfir sig í sölu á hreinlætis- og blöndunartækjum ásamt efni til pípulagna. Fyrirtækið hefur ávallt verið staðsett í Kópavogi og í fyrra flutti Tengi í nýtt og glæsilegt 3.000m2 húsnæði að Smiðjuvegi 76. Tengi leggur mikla áherslu á að bjóða góða aðstöðu fyrir starfsmenn og viðskiptavini, selja eingöngu gæðavöru og veita sem allra bestu þjónustu. Tengi ehf. var hástökkvari ársins í nýlegri VR könnun. Fyrirtækið bætti sig mest á milli ára meðal smærri fyrirtækja. Tengi er tóbakslaus vinnustaður.

IMG MANNAFL LIÐSAUKI

**Umsjón með starfinu hafa Sigrún Ýr Árnadóttir (sigrun@img.is) og Guðríður D. Hálfdanardóttir (gauja@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 11. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafls - Liðsauka.**

| Borgartúni 27 | Skipagötu 16 | Strandgötu 53 |
|---|---|---|
| 105 Reykjavík | 600 Akureyri | 735 Eskifirði |
| Sími 540 7100 | Sími 461 4440 | Sími 540 7140 |
| mannafl@img.is | www.mannafl.is | www.img.is |

Kirkjubæjarskóli

## Grunnskólakennarar

Við leitum að áhugasömum kennurum í almenna bekkjarkennslu næsta skólaár. Ýmsar kennslugreinar koma til greina.

Nánari upplýsingar veitir Stella Á. Kristjánsdóttir, skólastjóri, í símum 487–4633 eða 865-7440.
Einnig má senda fyrirspurnir á netfangið: kbskoli@ismennt.is. Veffang skólans er www.kbs.is

# Fjár- og eignasýsla

LANDSNET

**Landsnet hf. óskar eftir að ráða þrjá starfsmenn í fjár- og eignasýslu.**

**Fjár- og eignasýsla er ábyrg fyrir fjármálum og eignum Landsnets. Helstu verkefni sviðsins snúa að fjármálum fyrirtækisins, stefnumótun, uppbyggingu og endurnýjun raforkuflutningskerfisins ásamt rekstri og viðhaldi þess.**

**Eignastýringardeild ber ábyrgð á eignum flutningskerfisins, mótar viðhaldsstefnu, hönnunarforsendur og annast fjárfestingaráætlanir og viðhald. Verkfræðingar í eignastýringu hafa umsjón með tæknilegum þáttum við fjárfestinga- og viðhaldsáætlanir flutningsvirkja Landsnets svo sem gerð hönnunarforsenda, skilgreiningu verklags við móttöku þeirra, verkefnastjórnun o.fl.**

## Rafmagnsverkfræðingur, eignastýringu

**Helstu verksvið:**
- Skilgreining rannsókna
- Hagkvæmnirannsóknir og gerð líftímaútreikninga
- Skilgreining hönnunarforsenda og viðhalds tengivirkja
- Umsjón með útboðsgögnum.
- Verkefnastjórnun
- Gerð og eftirfylgni árangursviðmiða
- Greining frammistöðu flutningsvirkja
- Gerð endurnýjunar- og fjárfestingaáætlana
- Gerð kostnaðar- og framkvæmdaáætlana
- Umsjón með teikningum og öðrum tæknigögnum
- Þátttaka í gerð fjárhagsáætlunar
- Vinna við gæða- og öryggisstjórnunarkerfi Landsnets

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Rafmagnsverkfræðimenntun, æskileg er sérþekking eða menntun á sterkstraums- eða orkusviði
- Að minnsta kosti 3ja ára starfsreynsla
- Reynsla af hönnunarstörfum æskileg
- Góð kunnátta í ensku og norrænu máli auk íslensku
- Mjög góð tölvukunnátta

## Byggingaverkfræðingur, eignastýringu

**Helstu verksvið:**
- Skilgreining rannsókna
- Hagkvæmnirannsóknir og gerð líftímaútreikninga
- Skilgreining hönnunarforsenda og viðhalds
- Umsjón með umsögn um útboðsgögn.
- Verkefnastjórnun
- Gerð og eftirfylgni árangursviðmiða
- Gerð endurnýjunar- og fjárfestingaáætlana
- Gerð kostnaðar - og framkvæmdaáætlana
- Þátttaka í gerð fjárhagsáætlunar
- Vinna við gæða- og öryggisstjórnunarkerfi Landsnets

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Byggingarverkfræðimenntun
- Að minnsta kosti 3ja ára starfsreynsla
- Reynsla af hönnunarstörfum æskileg
- Góð kunnátta í ensku og norrænu máli auk íslensku
- Mjög góð tölvukunnátta

**Fjár- og hagsýsludeild hefur yfirumsjón með fjárhagsáætlanagerð fyrirtækisins og skapar þannig heildarsýn yfir fjárfestingar og rekstur og hvetur til aukinnar hagsýni í rekstri fyrirtækisins. Þá er arðsemismat, hagrænar athuganir og greining verkefna veigamikill þáttur í starfsemi deildarinnar auk eftirlits og eftirfylgni með framkvæmd þeirra.**

## Sérfræðingur, fjármál og hagsýsla

Sérfræðingurinn hefur umsjón með reikningshalds- og bókhaldsmálum ásamt greiningum á fjármálalegum þáttum starfseminnar og umsjón með gerð og viðhaldi fjárhagsáætlana Landsnets. Hann mun hafa umsjón með innleiðingu nýs viðskiptaupplýsingakerfis (Axapta – orkulausn) hjá fyrirtækinu og eftirfylgni með því. Honum er ætlað að móta og byggja upp starfið í samvinnu og samráði við yfirmann.

**Helstu verksvið:**
- Hefur yfirumsjón með reikningshaldi fyrirtækisins
- Annast kostnaðareftirlit og stýrir kostnaðargát
- Er til ráðgjafar varðandi fjármál og rekstur
- Þátttaka í gerð fjárfestinga-, rekstrar- og framkvæmdaáætlana
- Hefur umsjón með þjónustusamningum
- Samskipti við ráðgjafa og verktaka
- Samskipti og samráð við aðrar deildir fyrirtækisins
- Þátttaka í fjárhagslegri greiningu viðhalds- og fjárfestingaverkefna
- Þátttaka í mótun fjárfestinga- og endurnýjunarstefnu
- Aðstoðar við umsögn deildarinnar um útboðsgögn

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Hagfræði- eða viðskiptafræðimenntun
- Að minnsta kosti 3ja ára starfsreynsla
- Góð kunnátta í ensku og norrænu máli auk íslensku
- Mjög góð tölvukunnátta. Þekking á Axapta og Cognos er kostur
- Mjög góð færni í mannlegum samskiptum og skipulagshæfileikar
- Frumkvæði, framtakssemi og hugmyndaauðgi

**Landsnet hf. tók til starfa 1. janúar 2005. Hlutverk fyrirtækisins er að reka, byggja upp, viðhalda og stýra meginflutningskerfi raforku í landinu. Eignir fyrirtækisins nema um 40 milljörðum króna og ársvelta er um 6 milljarðar króna. Fyrirtækið er með um 3000 km af háspennilínum og 67 tengivirki. Starfsmenn eru 75.**
**Framtíðarsýn Landsnets er að vera ábyrgt og framsækið þjónustufyrirtæki með öfluga liðsheild, sterka samfélagsvitund og í fremstu röð í alþjóðlegum samanburði. Gildi Landsnets eru lögð til grundvallar í öllum athöfnum starfsmanna. Þau tengjast hlutverki og framtíðarsýn fyrirtækisins og leggja grunninn að þeim fyrirtækjabrag sem sóst er eftir. Gildi Landsnets eru áreiðanleiki, framsækni, hagsýni og virðing.**

**Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um ofangreind störf.**

IMG MANNAFL LIÐSAUKI

**Umsjón með störfunum hafa Auður Bjarnadóttir (audur@img.is) og Guðlaugur Arnarsson (gudlaugur@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 18. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um störfin á heimasíðu Mannafls - Liðsauka.**

Borgartúni 27 105 Reykjavik Sími 540 7100 mannafl@img.is
Skipagötu 16 600 Akureyri Sími 461 4440 www.mannafl.is
Strandgötu 53 735 Eskifirði Sími 540 7140 www.img.is

IMG MANNAFL LIÐSAUKI

Fjöldi nýrra starfa á www.mannafl.is

Borgartúni 27
105 Reykjavik
Sími 540 7100
mannafl@img.is

Skipagötu 16
600 Akureyri
Sími 461 4440
www.mannafl.is

VERKTAKAR MAGNI

**Vantar bílstjóra og vélamenn til starfa strax**

**Upplýsingar gefur Sölvi í síma 660-6100 eða 545-1805**

# HVERAGERÐISBÆR ÚTBOÐ

## Slitlagsyfirlagnir Þelamörk-Heiðmörk

Hveragerðisbær óskar eftir tilboðum í slitlagsyfirlagnir á Þelamörk og Heiðmörk, Hveragerði.
Upphaf verks: 19. júní 2006. Verklok: 14. júlí 2006

**Helstu magntölur:**

| | |
|---|---|
| Hjólfarafylling | 2.200m$^2$. |
| Holuviðgerðir | 100m$^2$. |
| Malbik Y12, 50mm þykkt | 4.250m$^2$. |

Útboðsgögn verða afhent frá og með þriðjudeginum 6. júní á skrifstofu Hveragerðisbæjar að Sunnumörk 2, gegn 2.000.- kr. greiðslu. Tilboð verða opnuð á sama stað, þriðjudaginn 13. júní 2006, kl 11:00.

Bæjartæknifræðingur

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS

## Verkstjóri

óskast á rafmagnsverkstæði við Hringbraut. Starfshlutfall 100%. Leitum að dugmiklum og jákvæðum einstaklingi sem er tilbúinn að axla ábyrgð og að takast á við krefjandi verkefni í spennandi tækniumhverfi. Verkstjóri heyrir undir deildarstjóra rafmagnsdeildar.
**Starfssvið:** Stýrir viðhaldi/framkvæmdum/úttektum/prófunum og eftirliti með búnaði. Stýrir þjónustu við deildir spítalans. Hefur umsjón með innkaupum og lagerhaldi verkstæðis.
**Hæfniskröfur:** Rafvirkjameistari. Reynsla af verkstjórn. Góð tölvukunnátta nauðsynleg. Góð tungumálakunnátta æskileg. Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð.

Umsóknir berist fyrir 19. júní nk. til Kristjáns Theodórssonar, deildarstjóra og veitir hann jafnframt upplýsingar í síma 824 5883, netfang kristthe@landspitali.is.

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Umsóknareyðublöð fást í upplýsingum Fossvogi og Hringbraut, skrifstofu starfsmannamála Eiríksgötu 5, á heimasíðu www.landspitali.is. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala – háskólasjúkrahúsi. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.
Landspítali – háskólasjúkrahús er reyklaus vinnustaður.

# Tónlistarstjóri Ástjarnarsóknar

Ástjarnarsókn er nýjasti Þjóðkirkjusöfnuður Hafnarfjarðar, sem spannar Ásland og Velli. Íbúafjöldi er 3600 og fer ört vaxandi. Kirkja er engin en ráðgert að reisa starfsmiðstöð með haustinu. Vaxandi safnaðarstarf, með sérstakri áherslu á barna- og unglingastarf. Leitað er að fjölhæfum tónlistarmanni/konu í stöðu tónlistarstjóra Ástjarnarsóknar.

**Starfsskyldur eru m.a.**
- Tónlistarflutningur við vikulegt helgihald barna.
- Tónlistaflutningur við helgihald fullorðinna og um hátíðir.
- Æfingar og efling kirkjukórs.
- Uppbygging barnakórs.

Leitað er að einstaklingi með reynslu af kirkjustarfi, frumkvæði og hugsjón fyrir nýsköpun helgihalds. Tónlistarstjórinn þarf auk þess að hafa taugar til hefðbundinnar og framsækinnar kirkjutónlistar.

Starfshlutfall er 70% og er gert ráð fyrir auknu starfshlutfalli eftir því sem umfang starfsins vex. Ráðningartíminn er frá 1. ágúst 2006.

Nánari upplýsingar veitir sóknarprestur, Carlos Ferrer, carlos.ferrer@kirkjan.is, eða formaður sóknarnefndar Hafsteinn Eggertsson, hafsteinn@idan.is

Umsókn ásamt ferilskrá skal skila til auglýsingadeildar Mbl. eða senda á box@frett.is fyrir 20 júní n.k, merkt: **„Tónlistastjóri Ástjarnarsóknar“.**

# Tölvunarfræðingur

VEGAGERÐIN

**Staða verkefnastjóra hjá upplýsingartæknideild Vegagerðarinnar í Reykjavík er laus til umsóknar. Laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags.**

**Starfssvið:**
- Skipulagning og umsjón með hugbúnaðarþróun, skipulag gagnamála og aðstoð við innsetningu gagna í veggagnabanka ásamt birtingu þeirra
- Aðstoð og kennsla til starfsmanna sem skrá gögn í gagnabanka
- Gerð tillagna um þróun veggagnabanka
- Viðhald og nýting loftmynda og stafrænna korta í upplýsingakerfum Vegagerðarinnar

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Tölvunarfræðingur eða verkfræðingur með sérhæfingu á sviði tölvu- og hugbúnaðarverkfræði
- Góðir samstarfshæfileikar

**Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.**

IMG MANNAFL LIÐSAUKI

**Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur@img.is) og Guðlaugur Arnarsson (gudlaugura@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 12. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafls - Liðsauka.**

Borgartúni 27, 105 Reykjavik, Sími 540 7100, mannafl@img.is
Skipagötu 16, 600 Akureyri, Sími 461 4440, www.mannafl.is
Strandgötu 53, 735 Eskifirði, Sími 540 7140, www.img.is

Reykjavíkurborg
- Einn vinnustaður



# Hugbúnaðarsérfræðingur

## ÞJÓNUSTU- OG REKSTRARSVIÐ

## Upplýsingatæknimiðstöð Reykjavíkur

**Starf hugbúnaðarsérfræðings er laust til umsóknar. Leitað er að metnaðarfullum og öflugum einstaklingi sem er tilbúinn að takast á við krefjandi starf.**

**Starfssvið**
- **Þróun hugbúnaðarlausna.**
- **Lagfæringar og viðbætur við núverandi kerfi.**
- **Þarfagreining.**
- **Ráðgjöf vegna hugbúnaðarlausna.**
- **Samskipti við starfsmenn sviða og stofnana borgarinnar.**

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- **Tölvunarfræði eða sambærileg menntun.**
- **Starfsreynsla við hugbúnaðargerð.**
- **Reynsla af Lotus Notes forritun æskileg.**
- **Reynsla af forritun í Java eða .Net æskileg.**
- **Frumkvæði og metnaður til að sýna árangur í starfi.**
- **Lipurð í mannlegum samskiptum.**

*Nánari upplýsingar um starfið veita Hjörtur Grétarsson forstöðumaður Upplýsingatæknimiðstöðvar Reykjavíkurborgar (hjortur.gretarsson@reykjavik.is) og María Guðfinnsdóttir þróunarstjóri Upplýsingartæknimiðstöðvar Reykjavíkurborgar (maria.gudfinnsdottir@reykjavik.is) í síma 411 1900.*

*Umsóknir skulu berast eigi síðar en mánudaginn 12. júní nk. Umsóknum ásamt ferilskrá skal skilað til Upplýsingatæknimiðstöðvar Reykjavíkurborgar, Borgartúni 1, 105 Reykjavík eða á netfangið (maria.gudfinnsdottir@reykjavik.is), merktar „Hugbúnaðarsérfræðingur UTM“.*

*Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags.*

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni.
Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf

Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.




Conís var stofnað í janúar 2005, starfssvið fyrirtækisins er við almenna verkfræðiráðgjöf á sviði byggingarverkfræði og tengdrar þjónustu.
Conís er aðildarfyrirtæki FRV.

Conís VERKFRÆÐIRÁÐGJÖF

# Verkfræðingar og tæknifræðingar

Við hjá Conís viljum bæta við starfsmönnum. Við leitum að einstaklingum sem hafa áhuga og metnað til að starfa að:
- Hönnun burðarvirkja
- Hönnun lagna- og loftræsikerfa
- Umsjón og eftirliti með framkvæmdum

Hjá Conís starfar í dag samhentur hópur einstaklinga sem leggur áherslu á fagleg vinnubrögð og að veita viðskiptavinum okkar bestu þjónustu.

Áhugasamir hafi samband við Júlíus Bernburg, **julius@conis.is**

Conís ehf verkfræðiráðgjöf | Lynghálsi 4 | 110 Reykjavík | sími: 517 3090 | www.conis.is

# Verkefnisstjóri Byggðaþróunarverkefni í Úganda

**Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ) óskar eftir að ráða verkefnisstjóra til starfa í Úganda.**

ICEIDA

*Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ) er sjálfstæð ríkisstofnun sem heyrir undir utanríkisráðuneytið. Hún var stofnuð með lögum árið 1981 og er ætlað að vinna að tvíhliða samstarfi Íslands við þróunarlönd. Áhersla er lögð á samvinnu við þau lönd þar sem lífskjörin eru lökust og er aðstoðin einkum veitt á þeim sviðum þar sem Íslendingar búa yfir sérstakri þekkingu og reynslu.*

www.iceida.is

**Meginstarfssvið**

Umsjón með umfangsmiklu byggðaþróunarverkefni sem verið er að hleypa af stokkunum í Úganda og mun standa í 10 ár. Verkefnið snýst um stuðning við stjórnvöld í Kalangala-héraði á Sseseyjum í Viktoríuvatni við að hrinda í framkvæmd byggðaþróunaráætlun. Stuðningurinn mun fyrst og fremst beinast að uppbyggingu í fjórum greinum, þ.e. opinberri stjórnsýslu, fiski, heilbrigðis- og menntamálum. Verkefnisstjórinn mun vinna náið með heimamönnum og stýra vinnu þriggja innlendra verkefnisfulltrúa.
Ráðið verður til tveggja ára með möguleika á framlengingu ráðningar.

Nánari lýsingu á starfinu er að finna á heimasíðu Hagvangs.

Búseta starfsmannsins verður að stórum hluta á Ssese eyjunum við nokkuð erfiðar aðstæður. Sú búseta hentar ekki þeim sem hafa á framfæri sínu börn á skólaskyldualdri.

**Hæfniskröfur**

- Menntun á sviði þróunarfræði og/eða sérþekking á einni af viðkomandi greinum. Meistaragráða er kostur.
- Mjög góð enskukunnátta (rit- og talmál).
- Starfsreynsla í þróunarlöndum.
- Stjórnunarreynsla, þ.á.m. skýrslugerð, fjármálastjórnun og verkefnastjórnun.
- Viðkomandi þarf að sýna frumkvæði í starfi og færni í mannlegum samskiptum.

Greitt er samkvæmt launakerfi UNDP (Þróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna) og eru launin greidd í bandaríkum dollurum. Laun eru undanþegin tekjuútsvari og -skatti. Starfsmanni er jafnframt séð fyrir húsnæði, grunnhúsbúnaði og tryggingum.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is** fyrir 26. júní nk.
Upplýsingar veitir Albert Arnarson.
Netfang: arnar@hagvangur.is

HAGVANGUR
- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík
Sími 520 4700 • www.hagvangur.is

---

FLENSBORGARSKÓLINN

## Laus störf í Flensborgarskólanum í Hafnarfirði

Flensborgarskólinn auglýsir eftir starfsmönnum í eftirfarandi störf:

- **Stuðningsfulltrúar á starfsbraut, 2 störf**
- **Aðstoð í mötuneyti, 60-80% starf**
- **Starfsfólk í dagræstingu, 4 – 5 störf** (hlutastörf koma til greina)
- **Bókasafnsfræðingur á bókasafn, 50% starf**

Jafnframt er minnt á áður auglýstar kennarastöður en upplýsingar um þær er að finna á starfatorg.is .

Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisins og viðkomandi stéttarfélaga.

Umsóknarfrestur er til 11. júní n.k. Ráðningartími er frá 1. eða 15. ágúst 2006. Ekki þarf að sækja um á sérstökum umsóknareyðublöðum en í umsókn þarf að greina frá menntun, fyrir störfum og öðru því sem umsækjandi telur máli skipta.
Umsókn ásamt staðfestu afriti af prófskírteinum skal senda til Flensborgarskólans í Hafnarfirði, Póshólf 240 ,222 Hafnarfirði, merkt starfsumsókn.
Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.
Nánari upplýsingar gefur undirritaður í síma 5650400 á skrifstofutíma en einnig er hægt að fá upplýsingar með fyrirspurn á netfangið *flensborg@flensborg.is .*
Ýmsar upplýsingar um skólann og starfsemi hans er að finna á heimasíðu hans ***www.flensborg.is .***

**Skólameistari**

---

Hafnarfjarðarbær

## Lausar stöður í leik- og grunnskólum

**Áslandsskóli** (585 4600 *leifur@aslandsskoli.is*)
Umsjónarkennari í 1. bekk
Skólaliði
Stuðningsfulltrúi

**Hraunvallaskóli** (590 2800 *einar@hraunvallaskoli.is* )
Tónmenntakennsla
Umsjónakennarar
Forstöðumaður í heilsdagsskóla

**Hvaleyrarskóli** ( 565 0200 *helga@hvaleyrarskoli.is* )
Tölvukennsla
Sérkennsla
Dönskukennsla
Skólaliðar

**Setbergsskóli** (565 1011 *gudosk@setbergsskoli.is*)
Kennsla í unglingadeild
Íþróttakennari

**Víðistaðaskóli** (664 5890 *sigurdur@vidistadaskoli.is*)
Tölvukennsla
Enskukennsla á unglingastigi
Tölvukennsla - Kerfisstjórn
Enska - Samfélagsfræði
Stærðfræði - Samfélagsfræði
Heimilisfræði
Almenn kennsla á miðstigi

**Stekkjarás** (515 5929 *stekkjaras@hafnarfjordur.is*)
Aðstoð í eldhús 75% staða
Leikskólakennarar

**Öldutúnsskóli** (664 5896 *herla@oldutunsskoli.is* 664 5898 og 664 5899)
Matráður í mötuneyti starfsmanna
Kennsla yngri nemenda
Sérkennsla
Kennari við sérdeild nem. í 8.-10. bekk

**Arnarberg** (555 3493 *arnarberg@hafnarfjordur.is*)
Þroskaþjálfi
Leikskólakennari
Leikskólasérkennari

**Álfasteinn** (555 6155 *alfasteinn@hafnarfjordur.is*)
Aðstoðarleikskólastjóri
Leikskólakennari
Uppeldismenntað starfsfólk

**Hlíðarendi** (555 1440 *hlidarendi@hafnarfjordur.is*)
Leikskólakennarar

**Kató** (555 0198 *kato@hafnarfjordur.is*)
Leikskólakennari í 100 % starf frá 1. ágúst

**Norðurberg** ( 555 3484 *nordurberg@hafnarfjordur.is* )
Leikskólakennarar

**Vesturkot** (565 0220 *vesturkot@hafnarfjordur.is*)
Leikskólakennari eftir hádegi - skilavakt
Deildarstjóri

**Allar upplýsingar veita skólastjórar viðkomandi skóla.**
**Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um störfin.**

HAFNARFJÖRÐUR

VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR!
Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í síma 585 5500 og á heimasíðunni www.hafnarfjordur.is

---

Pfizer

**Pfizer** er stærsta lyfjafyrirtæki heims og á sér 157 ára gamla sögu sem leiðandi fyrirtæki í rannsóknum og framleiðslu lyfja. Fyrirtækið rekur sjálfstæða markaðsdeild innan Vistor þar sem starfa 9 manns.

**Vistor hf.** er leiðandi fyrirtæki í sölu og markaðssetningu á lyfjum og tengdum vörum fyrir heilbrigðismarkaðinn á Íslandi. Starfsmenn fyrirtækisins eru um 130 og er áætluð velta félagsins á þessu ári rúmir 5 milljarðar kr. Fyrirtækið leggur áherslu á hreinskiptni, framsækni og áreiðanleika. Vistor er eini dreifingaraðili lyfja á Íslandi sem hlotið hefur ISO 9001 gæðavottun.

*Bakhjarl fyrir betri líðan*

vistor

# Sölufulltrúi

**Vistor hf. óskar eftir að ráða til starfa sölufulltrúa fyrir Pfizer á Íslandi**

**Áhugavert og krefjandi starf hjá framsæknu fyrirtæki í alþjóðlegu umhverfi**

**Starfssvið:**

- Kynningar á lyfjum fyrir lækna og annað heilbrigðisstarfsfólk
- Undirbúningur fræðslufunda
- Samskipti við erlenda lyfjabirgja
- Að sækja ráðstefnur á Íslandi og erlendis
- Þátttaka í gerð kynningarefnis

**Hæfniskröfur:**

**Nauðsynlegt er að umsækjendur hafi:**

- háskólamenntun á sviði lyfjafræði, hjúkrunarfræði eða annarra heilbrigðis- og raunvísinda
- áhuga á samskiptum og sölu
- góða færni í að tjá sig í ræðu og riti
- mjög gott vald á ensku
- frumkvæði, sannfæringarkraft, sjálfstæði, skipulagshæfni og færni í mannlegum samskiptum

**Kostur er að umsækjendur hafi:**

- reynslu af sambærilegum störfum
- menntun í viðskiptafræði
- reynslu af störfum innan heilbrigðisgeirans
- reynslu af sölustörfum
- góð tök á a.m.k. einu Norðurlandamáli

**Skriflegum umsóknum skal skilað á netfangið starf@vistor.is fyrir 12. júní nk.**

**Nánari upplýsingar veita:**

- Erna Jóna Sigmundsdóttir sölu- og markaðsstjóri Pfizer (ernaj@vistor.is)
- Þóranna Jónsdóttir, framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar (thoranna@vistor.is)

**Vistor hf.** • Hörgatúni 2 • 210 Garðabæ • Sími: 535 7000 • Fax: 565 6485 • vistor@vistor.is • www.vistor.is

# Þitt tækifæri

## 100 ný og vel launuð störf



Guðný Björg Hauksdóttir sér um ráðningar hjá Alcoa Fjarðaáli.

- Færni í mannlegum samskiptum
- Vilji til að starfa í teymum með jafningjum
- Jákvæðni og virðing fyrir öðrum
- Vilji til að leita stöðugra endurbóta
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Vilji til að takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni

IMG MANNAFL LIÐSAUKI

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um störfin á heimasíðu **IMG Mannafls-Liðsauka, www.mannafl.is** og láta ferilskrá fylgja með.

Frekari upplýsingar fást á **www.alcoa.is** og hjá **Sigurlaugu Þorsteinsdóttur** (sigurlaug@img.is) og **Helgu S. Guðmundsdóttur** (helgas@img.is) hjá **IMG Mannafli-Liðsauka.**

Við leitum að góðu fólki í fjölbreytt framleiðslustörf sem felast meðal annars í stjórnun framleiðslutækja, framleiðslukerfa og farartækja. Unnið er samkvæmt verkferlum í teymum á mismunandi vinnustöðvum. Framleiðslustarfsmenn munu jafnframt vinna við ýmis konar stoðferli. Unnið verður á vöktum þegar álframleiðsla hefst.

Þegar framleiðslustarfsmaður hefur fengið þjálfun og vottun til að vinna sjálfstætt á tilskildum fjölda starfsstöðva eru viðmiðunarlaun yfir árið um [illegible] kr. fyrir fullt starf í vaktavinnu.

Við leitum að fagmenntuðum rafvirkjum og vélvirkjum til að sinna fyrirbyggjandi viðhaldi sem á að tryggja áreiðanleika framleiðslunnar og hámarka um leið nýtingu og endingu tækjabúnaðar. Unnið er í teymum með öðrum starfsmönnum fyrirtækisins.

Viðmiðunarárslaun iðnaðarmanns með sveinspróf og þriggja ára starfsreynslu í faginu, sem vinnur við viðhaldsstörf hjá Alcoa Fjarðaáli og hefur lokið innri vottun, geta orðið um [illegible] kr. fyrir fullt starf í vaktavinnu.

Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um störf hjá Alcoa Fjarðaáli. Starfsumhverfi er hannað þannig að öll störf henta jafnt báðum kynjum og stefnt er að góðri aldursdreifingu starfsmanna.

**Alcoa Fjarðaál** ALCOA

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN EHF./SIA.IS - ALC 32961 06/2006

## Starfsmaður í móttöku

**Traust og öflugt fyrirtæki óskar eftir starfsmanni í móttöku, vinnutími frá 12.30-17.00.**

**Starfslýsing**
Starfsmaðurinn sinnir símavörslu, skilaboðum, móttöku viðskiptavina og tilheyrandi. Aðstoð við ritvinnslu, skjalagerð og aðra bakvinnslu. Aðstoð við gestamóttökur auk annarra tilfallandi verkefna.

**Hæfniskröfur**
Vinnuveitandi leggur áherslu á fágaða framkomu og að símsvörun sé persónuleg, vönduð og traust.

- stundvísi
- sveigjanleiki
- góð enskukunnátta
- almenn tölvukunnátta
- þekking á notkun Internetsins
- hæfni í mannlegum samskiptum
- metnaður

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is** fyrir 11. júní nk. Númer starfs er **5387**.

Nánari upplýsingar veitir Ásthildur Guðlaugsdóttir.
Netfang: asthildur@hagvangur.is.

HAGVANGUR
- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is



unicef

**Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna á Íslandi – UNICEF – leitar að jákvæðu og kraftmiklu fólki í götukynningu.**

Um er að ræða fjáröflunarstarf þar sem rætt er við fólk, þeim kynnt starf UNICEF og boðið að styrkja verkefnin. Áreiðanleiki og jákvæðni eru áskilin.

Áhugasamir sendi ferilskrá á snjolaug@unicef.is eða hringi í síma 552 6700.



FOSSHÓTEL
*Vinalegri um allt land*

Óskum eftir að ráða matreiðslumann á Fosshótel Reykholt sem allra fyrst.
Áhugasamir hafi samband við Sigrúnu Hjartardóttur, hótelstjóra, í síma 435-1260, eða á e-mail sigrun@fosshotel.is

Fosshótel ehf. - Borgartún 33 - www.fosshotel.is - bokun@fosshotel.is - s.562-4000



**Byggingafélag Gylfa og Gunnars auglýsir eftir vélamanni á skotbómulyftara.**

Upplýsingar í síma 693-7327 Vilhjálmur.

Hjá okkur er virkt starfsmannafélag og góður aðbúnaður.

*Við leitum eftir fólki á öllum aldri.*

BYGG



SKILTAGERÐ

Framsækið og ört vaxandi fyrirtæki í framleiðslu skilta og umhverfisauglýsinga óskar að ráða laghenta, jákvæða og duglega starfsmenn sem fyrst.

Starfið felst í frágangi prentefnis auk almennrar skiltavinnu. Reynsla af sambærilegum störfum er æskileg en ekki nauðsynleg.

Umsóknir sendist fyrir 10. júní á neðangreint heimilisfang eða á netfang: hilmar@frankogjoi.is

FRANK & JÓI SKILTAGERÐ 567•9292
Eirhöfða 11 110 Reykjavík
Sími 567 9292 Fax 567 9295
www.frankogjoi.is



## Framkvæmdastjóri

**Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra.**

*Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra eru frjáls félagasamtök, sem vinna að jafnrétti og þátttöku fatlaðra, einkum hreyfihamlaðra, á öllum sviðum samfélagsins. Samtökin eiga Sjálfsbjargarhúsið að Hátúni 12. Meginstarfsemi er þríþætt, félagsleg málefni, rekstur fasteignar og skrifstofu auk tekjuöflunar.*

www.sjalfsbjorg.is

**Helstu verkefni**
- Umsjón með rekstri og eignum samtakanna
- Fjármálastjórn
- Stjórnun starfsmannamála
- Fjáröflun og kynningarmál
- Félagsleg málefni

**Menntunar og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun á sviði viðskipta
- Reynsla af rekstri og fjármálastjórn
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum
- Kunnátta í ensku og einu Norðurlandamáli

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is** fyrir 19. júní nk.

Upplýsingar um starfið veitir Albert Arnarson ráðgjafi hjá Hagvangi, albert@hagvangur.is

HAGVANGUR
- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík
Sími 520 4700 • www.hagvangur.is




Guðrún Þóra Vilhjálmsdóttir, námsráðgjafi í Árbæjarskóla, hafði unnið sem kennari lengi en ákvað að breyta örlítið til. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

# Sjálfstraust og hópefli

***Nám byggist ekki einungis á því að reikna stærðfræðidæmi og læra stafsetningarreglur. Nám byggist líka á að rækta andlega heilsu og byggja upp sjálfstraust og hópefli meðal nemenda. Í því samhengi gegna námsráðgjafar mikilvægu starfi.***

Guðrún Þóra Vilhjálmsdóttir starfar sem námsráðgjafi í Árbæjarskóla og hefur sinnt því starfi í tvö ár. Guðrún er menntaður kennari en ákvað eftir að hafa verið í kennslu í sautján ár að taka viðbótarnám í námsráðgjöf í Kennaraháskólanum.

En hvað var það sem fékk hana til þess að breyta til? „Þetta er svolítið öðruvísi nálgun og samband sem maður nær við krakkana og það freistaði mín. Mig langaði líka til þess að breyta til en alls ekki að fara út úr skólakerfinu. Að vinna með krökkum er það skemmtilegasta.“

Guðrún Þóra þvertekur fyrir að hafa verið komin með leiða á kennslunni, löngunin til þess að breyta til hafi helst ráðið úrslitum.

Starf Guðrúnar Þóru sem námsráðgjafi er margþætt. Vinna þarf til dæmis með námstækni, náms- og starfsval og ýmis persónuleg mál. Guðrún Þóra er því í miklu sambandi við krakkana í skólanum enda segir hún að það sé það skemmtilegasta við starfið. „Krakkar eru svo frábærir. Í raun er mjög erfitt að útskýra af hverju, en þeir sem hafa unnið með börnum og unglingum skilja hvað ég meina.“ Erfiðast við starfið að mati Guðrúnar Þóru er þegar hún finnur fyrir ákveðnu úrræðaleysi. Hún segir í kjölfarið að oft vanti fleiri úrræði til þess að leysa ýmis vandamál barna og unglinga og segir hún að helst geti yfirvöld bætt úr því.

Annars er Guðrún Þóra meira en himinlifandi í sínu starfi og sér hún ekki eftir því að hafa söðlað um. „Ef ég vil breyta aftur til fer ég aftur í kennslu. Það eru svo mikil forréttindi að vinna með krökkum og ég fer vonandi ekki að breyta því,“ segir brosmild Guðrún Þóra að lokum.

*steinthor@frettabladid.is*

# Helmingur starfsmanna fær hrós

***Rúmlega helmingur félagsmanna VR vinnur undir stjórn yfirmanna sem hrósa þeim þegar vel gengur í starfinu.***



Þessi yfirmaður er vonandi að hrósa en ekki hrella.

Nýleg könnun VR á fyrirtækjum ársins 2006 leiddi í ljós að 56 prósent starfsfólks fá hrós frá næsta yfirmanni þegar það stenst væntingar um árangur í starfi. Tæplega sextíu prósent svarenda sögðu yfirmann sinn oft eða alltaf hvetja þá til að beita hugmyndafluginu til að leysa mál, en þeir svarendur voru í flestum tilfellum stjórnendur sem höfðu að baki háskólamenntun. Fimmtungur félagsmanna sagði hins vegar yfirmann sinn sjaldan eða aldrei hvetja til þess að nota hugmyndaflugið. Yngra fólk fær samkvæmt könnuninni fremur hrós en það eldra, og því skemur sem fólk hefur unnið í fyrirtækinu eða greininni, því frekar virðist yfirmaðurinn hrósa.

# Smiðir

**BM Vallá ehf. óskar eftir að ráða smiði eða mjög laghenta menn til starfa í húseiningadeild fyrirtækisins sem staðsett er í Suðurhrauni í Garðabæ.**

**Bæði er verið að leita að starfsmönnum til framtíðarstarfa og í sumarafleysingar. Mikil vinna framundan og góðir tekjumöguleikar. Unnið eftir bónuskerfi.**

**Allar nánari upplýsingar gefur Kjartan Antonsson í síma 860 5020. Vinsamlegast sendið upplýsingar og fyrirspurnir á kjartan@bmvalla.is**

BM·VALLÁ

**Bílds öfð 7**

# Leikskólakennarar

**Leikskólinn Álfaborg auglýsir lausar stöður deildarstjóra og leikskólakennara frá og með miðjum ágústmánuði næstkomandi.**

Við leggjum áherslu á nám í gegnum leik og leitum að áhugasömum og jákvæðum kennurum sem geta unnið sjálfstætt. Álfaborg er tveggja deilda leikskóli með u.þ.b. 35 börn.

Leikskólinn er í Reykholti Bláskógabyggð. Þar er þéttbýliskjarni með tæplega 200 íbúum. Þar er m.a. grunnskóli, íþróttahús, sundlaug, banki og verslun.

Upplýsingar gefur Svanhildur Eiríksdóttir leikskólastjóri í síma 4868936.

**Netfang alfaborg@ismennt.is**

Rauði kross Íslands
Reykjavíkurdeild

**Reykjavíkurdeild Rauða kross Íslands auglýsir eftirfarandi stöður lausar til umsóknar:**

## I. Verkefnisstjóri Heimsóknarþjónustu. 50% starfshlutfall

Verkefnisstjóri hefur umsjón með verkefninu. Hann tekur m.a. viðtöl við sjálfboðaliða og gestgjafa og kemur á tengslum þeirra á milli.

Menntun og hæfniskröfur:
- **Almenn menntun**
- **Umburðarlyndi og hæfni í mannlegum samskiptum er skilyrði**
- **Stundvísi og skipulagshæfni**

Laun eru greidd skv. kjarasamningum VR.

## II. Starfsmaður við næturvörslu í Konukoti, athvarfi fyrir heimilislausar konur. 75-100% starfshlutfall

Starfsmaður ber ábyrgð á móttöku og þjónustu við notendur heimilisins auk almennrar umsjónar.

Menntun og hæfniskröfur:
- **Almenn menntun**
- **Reynsla af störfum með fólki sem á við geðræn og/eða félagsleg vandamál að stríða mjög mikilvæg**
- **Umburðarlyndi og hæfni í mannlegum samskiptum er skilyrði**
- **Stundvísi og skipulagshæfni**

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningum Eflingar.

**Umsóknarfrestur er til 10. júní 2006.**

Upplýsingar veitir Katla Þorsteinsdóttir framkvæmdastjóri í síma 545-0402 (netfang *katla@redcross.is*)

**Umsóknir sendist til:**
Reykjavíkurdeild Rauða kross Íslands
b.t. Kötlu Þorsteinsdóttur
Laugavegi 120, 4. hæð, 104 Reykjavík
eða netfang *katla@redcross.is*



# Sérfræðingur í Fjárreiðudeild

**Orkuveita Reykjavíkur** er framsækið þjónustufyrirtæki sem aflar og dreifir vistvænni orku á sem hagkvæmastan hátt og í sátt við umhverfið.

Á þjónustusvæði fyrirtækisins býr meira en helmingur íslensku þjóðarinnar.

Stefna Orkuveitunnar er að veita viðskiptavinum sínum bestu mögulegu þjónustu og sjá þeim fyrir ódýrri orku sem framleidd er úr endurnýjanlegum íslenskum orkulindum. Þannig stuðlar fyrirtækið að aukinni notkun hreinnar innlendrar orku og leggur um leið sitt af mörkum til nýsköpunar og framfara í landinu.

Orkuveitan er fjölbreyttur og lifandi vinnustaður fólks með mikla þekkingu. Fyrirtækið leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi og vinnuumhverfi og möguleika starfsfólks við að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð eins og kostur er.

Það er stefna Orkuveitu Reykjavíkur að auka hlut kvenna í stjórnunar og ábyrgðarstöðum innan fyrirtækisins.

**Fyrirtækið er sveigjanlegt, það lagar sig að breyttum aðstæðum**

**Það sýnir frumkvæði og er opið fyrir nýjungum**

**Það sækir fram af eldmóði**

**Það er traust og starfar í sátt við umhverfið**

**Orkuveita Reykjavíkur óskar eftir að ráða sérfræðing til starfa í Fjárreiðudeild Fjármálasviðs.**

Fjárreiðudeild er stoðdeild sem hefur snertifleti við alla rekstrarþætti fyrirtækisins. Í deildinni er haldið utan um lausafjárstýringu fyrirtækisins og upplýsingar um stöðu og horfur í fjármálum. Deildin sér um reikningagerð og innheimtu og allar greiðslur fyrir fyrirtækið. Einnig tekur deildin þátt í fjárhagsuppgjöri fyrirtækisins ásamt áætlanagerð.

Starfs- og ábyrgðarsvið:
- Vinna við fjárstýringu og áætlanagerð
- Vinna við uppgjörsmál
- Vinna við þróun verkferla
- Þátttaka í gæðastarfi OR
- Ýmis sérverkefni

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólapróf í viðskiptafræði eða sambærilegt nám
- Starfsreynsla
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Þjónustulund og færni í mannlegum samskiptum

Upplýsingar og umsjón með úrvinnslu umsókna hafa Ragnheiður G. Dagsdóttir **ragnheidur@img.is** og Guðríður Dröfn Hálfdanardóttir **gudridur@img.is** hjá Mannafli-Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með **11. júní** nk.

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að leggja inn umsókn á heimasíðu Mannafls-Liðsauka: **www.mannafl.is** og sendið jafnframt ferilskrá.

Farið er með umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsækjendum svarað

IMG MANNAFL LIÐSAUKI

Orkuveita Reykjavíkur

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN EHF./SIA.IS – ORK 32960 06/2006

# STARFSFÓLK ÓSKAST



**ÍSTAK er leiðandi fyrirtæki á íslenskum verktakamarkaði. Hjá fyrirtækinu starfa um 650 manns, víðsvegar um landið sem og erlendis. ÍSTAK er alhliða verktakafyrirtæki sem var stofnað árið 1970 og hefur annast ýmis verkefni, svo sem virkjanir, stóriðjuver, hafnargerð, vega- og brúagerð auk flugvalla. Ennfremur húsbyggingar fyrir opinberar stofnanir, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga.**

## Ístak óskar eftir að ráða starfsfólk í eftirtalin störf vegna aukinna verkefna:

## Kranastjóra á byggingarkrana

## Jarðýtustjóra

## Gröfustjóra

**Möguleiki er á húsnæði fyrir utanbæjarfólk.**

Upplýsingar um störfin og umsóknareyðublöð eru á skrifstofu ÍSTAKS, Engjateigi 7, 105 Reykjavík og í síma 530 2700 milli 8:15 og 17:00. Einnig er hægt er að senda inn umsókn á heimasíðu okkar **www.istak.is.**

ÍSTAK

## Pí nókenn ri

### Tónmennt – barnakórar

Tónlistarskóli Stykkishólms auglýsir eftir píanókennara og Grunnskóli Stykkishólms auglýsir eftir kennara í hlutastarf til að kenna tónmennt og þjálfa barnakóra.

**Upplýsingar gefa skólastjórarnir, Jóhanna Guðmundsdóttir skólastjóri tónlistarskólans netfang: tonlistarskolinn@stykkisholmur.is, sími 864 9254 Gunnar Svanlaugsson skólastjóri grunnskólans netfang: gunnar@stykk.is, sími 864 8864.**

## Spennandi uppeldisstarf

Fjölskylda á Álftanesi leitar eftir barngóðri konu til að gæta eins árs tvíbura og að taka á móti 8 ára strák úr skóla á daginn. Um er að ræða allt að 100% starf.

**Upplýsingar: tviburar05@hotmail.com eða í síma 820-0028.**

Kirkjubæjarskóli

## Grunnskólakennarar

Við leitum að áhugasömum kennurum í almenna bekkjarkennslu næsta skólaár. Ýmsar kennslugreinar koma til greina.

Nánari upplýsingar veitir Stella Á. Kristjánsdóttir, skólastjóri, í símum 487–4633 eða 865-7440. Einnig má senda fyrirspurnir á netfangið: kbskoli@ismennt.is. Veffang skólans er www.kbs.is

# Nýtt réttingarverkstæði B&L og B&L Bílaspítalinn

## ...leitar að starfsmönnum



### Starfssvið

Bifreiða réttingar

### Hæfniskröfur

Lærður bifreiðasmiður
Lipurð í mannlegum samskiptum
Stundvísi
Helst reyklaus

Umsækjendur verða að geta hafið störf sem allra fyrst. Áhugasömum er bent á að senda greinargóðar upplýsingar um menntun og fyrri störf til B&L, **annað hvort í pósti eða tölvupósti á netfangið bjarnib@bl.is. Umsóknir þurfa að berast fyrir 12. júní nk.** Umsækjendum er heitið fullum trúnaði og verður öllum starfsumsóknum svarað.

**B&L er eitt stærsta og virtasta bílaumboð landsins, stofnað árið 1954.**
Fyrirtækið er umboðsaðili fyrir bílaframleiðendurna Hyundai, Renault, BMW, Land Rover og einnig Arctic Cat vélsleða. B&L er einn stærsti söluaðili atvinnubíla á landinu. Meginmarkmið B&L er að veita vandaða og trausta þjónustu á öllum sviðum bifreiðaviðskipta og rekur fyrirtækið í því skyni öfluga starfsmannastefnu.
Alls starfa 115 manns hjá fyrirtækinu.

Með bílinn handa þér

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2006

B&L var í 9. sæti í Fyrirtæki ársins, árlegri könnun sem VR gerir meðal félagsmanna sinna og er því meðal fyrirmyndarfyrirtækja ársins 2006. B&L, sem er í flokki stærri fyrirtækja, var í 14. sæti í síðustu könnun og hefur því hækkað sig um 5 sæti á milli ára. Það reyndist B&L jafnframt vera með bestu niðurstöðuna, í samanburði við önnur bílaumboð í flokki stærri fyrirtækja. Það umboð sem kom næst B&L var í 16. sæti.

B&L, Grjóthálsi 1, 110 Reykjavík, sími: 575 - 1200, www.bl.is

**HYUNDAI - RENAULT - BMW - LAND ROVER - RENAULT TRUCKS - IRISBUS - ARCTIC CAT**



Lyf & heilsa

*Lyf & heilsa er framsækið þjónustufyrirtæki með starfsemi víðs vegar um landið. Í dag rekur fyrirtækið tvær keðjur á sviði smásöluverslunar með lyf, þær eru Lyf & heilsa annars vegar og Apótekarinn hins vegar. Samtals eru verslanirnar 31 talsins og eru þær staðsettar á höfuðborgarsvæðinu, Suðurlandi, Vesturlandi, Suðurnesjum og á Norðurlandi. Lyf & heilsa leggur metnað sinn í að veita viðskiptavinum þjónustu á sviðum sem tengjast heilsu, heilbrigði og lífsgæðum.*

## Lyfsöluleyfishafi

Lyf & heilsa leitar að kraftmiklum og drífandi lyfjafræðingi í stöðu lyfsöluleyfishafa í apótek okkar á Selfossi. Selfoss er þróttmikið bæjarfélag með fjölskrúðugt mannlíf í nálægð við gjöfulusta landbúnaðarsvæði landsins og steinsnar frá höfuðborgarsvæðinu. Lyfsöluleyfishafinn hefur ýmis tækifæri til að efla starfsemi Lyf & heilsu á svæðinu. Lyfsöluleyfishafi heyrir undir framkvæmdastjóra fyrirtækisins.

Starfssvið :
- Fagleg og rekstrarleg ábyrgð á lyfjabúð Lyf & heilsu
- Yfirumsjón með lyfjafræðilegum störfum
- Stjórnun starfsmanna-, þjónustu- og sölumála

Hæfniskröfur :
- Háskólapróf í lyfjafræði (Cand.Pharm.)
- Starfsleyfi hér á landi, sbr. lög um lyfjafræðinga
- Starfsreynsla sem lyfjafræðingur í a.m.k. 3 ár
- Faglegur metnaður
- Sjálfstæði í starfi
- Færni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af stjórnun er kostur

Í boði er :
- Fullt starf
- Samkeppnishæf laun auk íbúðar- og bifreiðahlunninda
- Gott vinnuumhverfi og fjölbreytt starf með frábæru starfsfólki í apóteki okkar á Selfossi

## Lyfjafræðingar

Einnig óskar Lyf og heilsa eftir að ráða lyfjafræðinga til starfa sem fyrst í apótek okkar á höfuðborgarsvæðinu.

Hæfniskröfur :
- Háskólamenntun í lyfjafræði
- Starfsleyfi hér á landi, sbr. lög um lyfjafræðinga
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Þjónustulund

Í boði er :
- Hlutastarf eða fullt starf
- Samkeppnishæf laun
- Gott vinnuumhverfi og fjölbreytt starf í framsæknu fyrirtæki

Leitað er að einstaklingum sem hafa metnað og áhuga til að takast á við verkefni í vaxandi fyrirtæki og vera þátttakendur í teymi kraftmikilla stjórnenda og sérfræðinga.

### Umsókn

Sendist til Intellecta á neðangreint heimilisfang eða til steinunn@intellecta.is eigi síðar en 12. júní 2006. Í umsókn þarf að greina frá menntun og fyrri störfum sem og helstu verkefnum sem umsækjandi hefur tekist á við á undanförnum árum og hann telur að koma muni að gagni í ofangreindum störfum.

### Upplýsingar

Þeim sem vilja spyrjast nánar fyrir um þessi störf er velkomið að hafa samband við Steinunni Ketilsdóttur hjá Intellecta í síma 511 1225 eða á netfang steinunn@intellecta.is eða við Pétur Ó. Einarsson starfsmannastjóra Lyf & heilsu í síma 822 5031.

**Gætt verður fyllsta trúnaðar varðandi allar umsóknir, fyrirspurnir og persónulegar upplýsingar. Öllum umsóknum verður svarað.**

intellecta

*Lágmúla 6 108 Reykjavík*
*Sími 511 1225*
*intellecta@intellecta.is*
*www.intellecta.is*

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu



# Laus störf á upplýsingatæknisviði Landsbankans

Landsbankinn er eitt stærsta fjármálafyrirtæki landsins og veitir alhliða fjármálaþjónustu til einstaklinga, fyrirtækja og stofnana.

Landsbankinn leitast við að ráða til sín og hafa í sínum röðum framúrskarandi starfsfólk og efla það í störfum sínum.

Til að stuðla að vexti og arðsemi bankans er áhersla lögð á skemmtilegan vinnustað, starfsánægju og gott starfsumhverfi, sem og markvissa starfsþróun og þekkingu starfsfólks.

Það er viðhorf stjórnenda Landsbankans að starfsfólkið, metnaður þess, kraftur og hollusta, séu lykillinn að farsælum rekstri bankans.

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN EHF./SIA.IS - LBI 32992 06/2006

Upplýsingatæknisvið Landsbankans hefur á að skipa samhentum hópi fólks sem sinnir áhugaverðum viðfangsefnum í lifandi starfsumhverfi. Lögð er áhersla á að veita starfsmönnum tækifæri til að viðhalda faglegri þekkingu með skipulögðum hætti og þróast í starfi.

Við erum metnaðarfullur hópur og sækjumst eftir einstaklingum sem eru tilbúnir að takast á við krefjandi verkefni með okkur. Umsækjendur þurfa að búa yfir góðum samskiptahæfileikum, vera faglegir, agaðir í vinnubrögðum, sjálfstæðir og geta tekið frumkvæði.

## Gagnaöryggisstjóri

Gagnaöryggisstjóri bankans hefur það verkefni að þróa, halda utan um og fylgja eftir verkefnum, t.d. viðlagaáætlun, áhættumati, staðlavinnu og tengdum verkefnum.
Viðkomandi þarf að hafa sterkan tæknilegan bakgrunn auk þess að geta sett sig vel inn í staðla og reglugerðir. Háskólamenntun er nauðsynleg og reynsla á þessu sviði mjög æskileg.

## Starf prófara

Við leitum að nákvæmum, duglegum og skipulögðum einstaklingi með brennandi áhuga á öllu sem viðkemur prófun á hugbúnaði.
Starfið felst í prófunum á hugbúnaði, þ.m.t. kerfisprófun, sjálfvirkum prófunum, viðtökuprófun og þróun prófanatilfella ásamt skipulagningu prófana í samvinnu við prófanastjóra og verkefnastjóra.
Umsækjendur þurfa að hafa háskólamenntun á sviði tölvunarfræði eða sambærilega menntun og sérfræðiþekking á hugbúnaðarprófun er kostur.

## Hugbúnaðargerð

Í bankanum eru um 60 starfsmenn sem starfa við hugbúnaðargerð og sinna þar fjölbreyttum verkefnum. Við viljum fjölga í hópnum og leitum eftir framúrskarandi forriturum. Umsækjendur þurfa að hafa háskólamenntun á sviði tölvunarfræði eða sambærilega menntun.

### *Gagnagrunnsforritun*

Við leitum að gagnagrunnsforritara sem mun m.a. taka þátt í uppbyggingu og viðhaldi á færslugrunnum bankans. Umsækjendur þurfa að hafa áhuga á gagnagrunnsvinnslu sem og góða þekkingu og reynslu af notkun SQL í Oracle umhverfi.

### *Almenn forritun*

Við leitum að aðilum til að sérhæfa sig í forritun á sameiginlegri, samnýtanlegri bankaþjónustu sem síðan er notuð í gegnum mismunandi framhliðar. Forritunarmál eru C++ og C#.

## Verkefnastjórnun

Við leitum að öflugum verkefnastjóra í hópinn með okkur. Viðkomandi þarf að geta sett sig hratt inn í mál, búa yfir góðum greiningarhæfileikum og geta unnið undir álagi. Hæfni í mannlegum samskiptum er lykileiginleiki ásamt því að geta sett fram efni hratt og með skýrum hætti.
Viðkomandi þarf að hafa háskólamenntun á sviði verk- eða tölvunarfræði með áherslu á viðskipti eða vera viðskiptafræðingur með áherslu á upplýsingatækni. Reynsla á sviði verkefnastjórnunar innan banka eða upplýsingatækni er æskileg.

## Tæknimaður í kerfisstjórn

Okkur vantar áhugasaman aðila til að aðstoða kerfisstjóra bankans við ýmis dagleg verkefni. Mikill áhugi á rekstri Windowskerfa er nauðsynlegur. Við leitum að öflugum einstaklingi sem hefur hæfileika til að leysa vandamál og hefur áhuga á því að komast í umhverfi sem gefur mikil tækifæri til að þróa áfram hæfni og þekkingu á þessu sviði.

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

Nánari upplýsingar veita Guðmundur Guðmundsson framkvæmdastjóri upplýsingatæknisviðs í síma 410 7001 og Ingibjörg Jónsdóttir á starfsmannasviði í síma 410 7902.

Umsóknarfrestur er til 14. júní nk. Vinsamlega sendið umsókn ásamt ferilskrá til berglind.ingvarsdottir@landsbanki.is

VILTU LÁTA LJÓS ÞITT SKÍNA?

**Lumex óskar eftir sölumönnum**

- Okkur vantar **sölumenn í verslun**, kraftmiklann einstaklinga með brennandi áhuga á hönnun og reynslu af sölustörfum.
- Góð laun í boði fyrir rétta fólkið.
- Umsóknarfrestur er til **8. júní** 2006.
- Umsóknir sendist í pósti á **Lumex, skipholti 37**, eða í tölvupósti á **thorey@lumex.is**

LUMEX

## Verkamenn / Lagermenn

**BM Vallá ehf. óskar eftir duglegum og samviskusömum verkamönnum til starfa í húseiningadeild fyrirtækisins sem staðsett er í Suðurhrauni í Garðabæ.**

**Einnig vantar okkur á sama stað starfsmann á lager með lyftararéttindi.**

**Góðir tekjumöguleikar fyrir góða menn.**

**Allar nánari upplýsingar um störfin gefur Kjartan Antonsson í síma 860 5020. Vinsamlegast sendið upplýsingar og fyrirspurnir á kjartan@bmvalla.is**

BM·VALLÁ

**Bíldshöfða 7**

Reykjavíkurborg ÍTR



## UMSJÓNARMENN FRÍSTUNDAHEIMILA

**Hefur þú áhuga á að starfa á vettvangi óhefðbundins náms?**

**Hefur þú leiðtogahæfileika?**

**Viltu vinna í starfi þar sem þú getur haft áhrif?**

Þá er umsjónarmannastarf á frístundaheimili eitthvað sem gæti hentað þér.

Við leitum að uppeldismenntuðum einstaklingum, sem hafa áhuga á að takast á við krefjandi og áhugavert starf við að reka frístundaheimili fyrir 6-9 ára börn. Umsjónarmenn þurfa að vera skipulagðir, röggsamir, hugmyndaríkir, skapandi og skemmtilegir og áhugasamir um faglegt starf á vettvangi frítímans.

Umsækjendur þurfa að geta hafið störf í kringum **8. ágúst 2006.**

Umsjónarmenn vantar í:

- **Selið í Melaskóla (Frostaskjól, s. 411-5700)**
- **Austurbæ (Tónabær, s. 510-8800)**
- **Breiðholt (Miðberg, s. 557-3550)**
- **Kjalarnes, afleysingarstarf til 1. feb. 2007 (Gufunesbær, s. 520-2300)**

**Umsóknarfrestur fyrir umsjónarmannastarfið í Selinu er til 18. júní n.k. en fyrir hin störfin til 15. júní n.k.**

Nánari upplýsingar og umsóknarform er hægt að fá hjá viðkomandi frístundamiðstöðvum (sjá símanúmer hér fyrir ofan), á skrifstofu ÍTR, Fríkirkjuvegi 11, s. 411-5000 og á heimasíðu ÍTR, www.itr.is. Þar er einnig að finna upplýsingar um önnur laus störf á frístundaheimilunum næsta vetur.

Laun eru skv. Kjarasamningi Reykjavíkurborgar við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni.
Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf
Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar
um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

## Öryggisverðir

VR 2006

Securitas óskar að ráða menn og konur í öryggisvarðastörf í Reykjavík og Borgarnesi. Reynsla af öryggisgæslu, skyndihjálp og meðferð slökkvitækja er kostur. Starfsferill öryggisvarða hefst með viðtækri grunnþjálfun. Krafa er gerð um hreint sakavottorð.

**Leitað er að fólki sem býr yfir:**

- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Ríkri þjónustulund
- Öguðum vinnubrögðum
- Heiðarleika

Umsóknir:
Nánari upplýsingar veitir Jón Birgir Jóhannsson í síma 580 7000.
Umsækjendur geta einnig fyllt út umsókn á vef fyrirtækisins www.securitas.is. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Síðumúla 23 | 108 Reykjavík | 580 7000

SECURITAS

## HVERNIG VERÐUR MAÐUR... LÆKNIR?



Mikil pressa fylgir læknastarfinu.

# Ein elsta vísindagreinin

**Starfið**
Læknavísindin eru ein elsta vísindagreinin og hafa þau verið stunduð allt frá því að mannkynið bjó í hellum. Öll höfum við einhvern tímann þurft að fara til læknis.

Hvort sem er á heilsugæslustöð eða skurðstofu felst starf lækna í grundvallaratriðum í því að lækna fólk. Það gera þeir ýmist með ráðgjöf, skurðaðgerðum eða lyfjagjöf. Læknavísindin skiptast í fjölda sérgreina þar sem fengist er við mismunandi nálganir, mismunandi líkamsparta og mismunandi sjúkdóma.

**Námið**
Háskóli Íslands er eini innlendi vettvangurinn þar sem hægt er að læra læknisfræði. Grunnnámið tekur sex ár auk eins kandidatsárs og útskrifast nemendur þá með almenn lækningaréttindi. Flestir kjósa svo að sérhæfa sig í t.d. skurðlækningum, geðlækningum eða heimilislækningum í framhaldi af því.

Námið fer bæði fram á skólabekk og innan veggja spítalanna. Nemendur komast fljótt í tæri við vinnuumhverfið sem bíður þeirra þar sem þeir læra af reynslunni.

**Helstu námsgreinar**
Meðal þeirra námsgreina sem kenndar eru við læknisfræðiskor Háskóla Íslands eru efnafræði, lífeðlisfræði, samskiptafræði, ónæmisfræði, sýklafræði, veirufræði, lyfja- og eiturefnafræði, meinafræði, myndgreiningar, lyflæknisfræði, erfðalæknisfræði, barnalæknisfræði, og taugasjúkdómafræði svo eitthvað sé nefnt.

**Inntökuskilyrði**
Árlega fer fram inntökupróf þar sem prófað er úr námskrá framhaldsskólanna og almenn þekking er könnuð. Árlega skrá um 200 manns sig í prófið en 48 þeirra komast áfram á 1. ár. Allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu læknadeildar, www.laeknadeild.hi.is.

**Að námi loknu**
Starfsvettvangur lækna fer að miklu leyti eftir sérhæfingu þeirra. Heimilislæknar eru almennt fyrsta þrep heilsugæslu þar sem læknar taka á móti sjúklingum, greina þá og senda áfram til annarra sérfæðinga sé þess þörf.

Margir læknar stunda einnig rannsóknir á ýmsum sviðum læknisfræði. Þessar rannsóknir geta falið í sér nýjar skurðaðferðir eða lyfjarannsóknir allt eftir sérsviði hvers og eins.



Verkalýðsfélag Borgarness hefur nú sameinast Verkalýðsfélaginu Val í Dalasýslu og Verkalýðsfélaginu Herði í Hvalfirði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Nýtt verkalýðsfélag á Vesturlandi

***Stéttarfélag Vesturlands var stofnað 31. maí síðastliðinn.***

Nýtt verkalýðsfélag varð til á miðvikudaginn síðasta við samruna Verkalýðsfélags Borgarness, Verkalýðsfélagsins Vals í Dalasýslu og Verkalýðsfélagsins Harðar í Hvalfirði. Fékk félagið nafnið Stéttarfélag Vesturlands á stofnfundinum. Sameining félaganna var samþykkt fyrir tveimur vikum í allsherjaratkvæðagreiðslu hjá hverju þeirra fyrir sig.

# KÓPAVOGSBÆR

## LAUS STÖRF

**Íþróttamiðstöðin Versalir:**
- Helgarvinna v/ baðvörslu kvenna
- Laugarvarsla/baðvarsla karla

**Félagsmiðstöðin Hóllinn:**
- Forstöðumaður

**Félagsþjónusta Kópavogs:**
- Aðstoð við heimilisstörf
- Störf við liðveislu
- Matráður Roðasölum
- Matráður Skjólbraut 1a

### GRUNNSKÓLAR KÓPAVOGS:

**Digranesskóli:**
- Umsjónarkennari í 8. bekk, smíðar og samfélagsgreinar
- Umsjónarkennari á yngsta stig
- Dönskukennari 50%

**Hjallaskóli:**
- Umsjónark. á yngsta stig
- Umsjónark. á miðstig

**Hörðuvallaskóli:**
- Gangaverðir – ræstar með meiru

**Kársnesskóli:**
- Námsráðgjafi

**Kópavogsskóli:**
- Tónlistarkennari
- Umsjónarkennari á barnastig

**Lindaskóli:**
- Námsráðgjafi 100%
- Tölvukennari 100%

**Smáraskóli:**
- Aðstoðarskólastjóri
- Deildarstjóri
- Umsjónarkennari í 1. bekk
- Umsjónarkennari í 5. bekk
- Starfsmaður í Dægradvöl
- Gangavörður/ræstir

**Snælandsskóli:**
- Heimilisfræðikennari

**Vatnsendaskóli:**
- Skólaliði, gangav/ræstir
- Skólaliði, starfsm. í Dægradvöl

### LEIKSKÓLAR KÓPAVOGS:

**Arnarsmári:**
- Leikskólakennari
- Matráður
- Aðstoð í eldhúsi

**Álfaheiði:**
- Leikskólakennari

**Dalur:**
- Leikskólak. og hlutastörf e.h.

**Efstihjalli:**
- Leikskólakennari

**Fagrabrekka:**
- Sérkennslustjóri
- Leikskólastjóri

**Fífusalir:**
- Leikskólakennari
- Leikskólasérkennari
- Aðstoð í eldhús 75%

**Grænatún:**
- Leikskólakennari
- Sérkennslustjóri
- Sérkennsla

**Núpur:**
- Sérkennslustjóri
- Leikskólakennarar

**Rjúpnahæð:**
- Leikskólakennarar

**Smárahvammur:**
- Leikskólasérkennari

**Nánari upplýsingar á:
www.kopavogur.is
og www.job.is**



**Hungry for something different?**

Radisson SAS hótelin eru hluti af Rezidor SAS hótelkeðjunni sem einnig rekur Park Inn, Regent, Cerruti og Country Inn.



Radisson SAS hótelin eru 140 í 39 löndum í Evrópu, Miðausturlöndum og Afríku og bráðlega opna 27 ný hótel. Radisson SAS er fyrsta flokks hótelkeðja sem er þekkt fyrir framúrskarandi þjónustu við gesti sína og einstaka þjónustulund starfsmanna. Frekari upplýsingar má nálgast á www.radissonsas.com

## Radisson SAS, Hótel Saga óskar eftir að ráða til sín jákvæða og drífandi einstaklinga í eftirfarandi störf:

### Móttökustjóri í ráðstefnu- fundar- og veislusali („M&E Coordinator")

**Starfssvið**
- Móttaka og umsjón með fundum, ráðstefnum og veislum
- Stuðningur við sölu- og veitingadeild
- Móttaka viðskiptavina
- Skipulagning og utanumhald vegna tengdra verkefna

**Hæfniskröfur**
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta, bæði skrifuð og töluð
- Snyrtimennska
- Þjónustulipurð og góð samskiptahæfni
- Mikið er lagt upp úr sjálfstæði og skipulögðum vinnubrögðum ásamt frumkvæði í starfi.

### Sölufulltrúi

**Radisson SAS Hótel Sögu og Park Inn Island.**

**Starfssvið**
- Sala, umsjón, skipulagning og bókanir á fundum og ráðstefnum ásamt gistingu í tengslum við atburði
- Tilboðsgerðir til viðskiptavina
- Móttaka viðskiptavina og sala á þjónustu ráðstefnu, veitinga og gistingar
- Umsjón og dreifing á upplýsingum sem tengjast M&E

**Hæfniskröfur**
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta, bæði skrifuð og töluð
- Mjög góð tölvukunnátta
- Samstarfshæfni og vilji til að ná árangri í starfi
- Snyrtimennska

Senda skal inn umsóknir og ferliskrár til starfsmannastjóra fyrir 9. júní, merktar viðkomandi starfi – k.einarsdottir@radissonsas.com eða:

Radisson SAS Hótel Saga
b.t. Kristrúnar Einarsdóttur
Hagatorgi 1
107 Reykjavík.

Á Radisson SAS Hótel Sögu er 209 glæsileg herbergi og 10 veislu- og fundarsalir. Auk þess eru á hótelinu bar og 2 veitingastaðir, Skrúður sem er á jarðhæð hótelsins og Grillið sem er þekkt sem einn besti veitingastaður landsins. Á Radisson SAS Hótel Sögu er að finna alla þá þjónustu sem vænta má af fyrsta flokks, fjögurra stjörnu hóteli. Starfsfólk er allt sérþjálfað skv stöðlum Radisson SAS hótelkeðjunnar þar sem lagt er upp úr fagmennsku en fyrst og fremst vingjarnlegu viðmóti.

Radisson SAS HOTELS & RESORTS

SIGILLUM UNIVERSITATIS ISLANDIAE

**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

## MARKAÐS- OG SAMSKIPTADEILD

**VERKEFNISSTJÓRI**

Auglýst er eftir verkefnisstjóra í fullt starf, sem hefur umsjón með styrktarsjóðum Háskólans og styður við hollvinastarf skólans.

Í vörslu styrktarsjóða Háskólans eru ríflega fimmtíu sjóðir og gjafir sem velunnarar skólans hafa ánafnað honum og er ætlað að styðja stúdenta og vísindamenn Háskólans.

Við Háskólann eru starfandi hollvinafélög einstakra deilda og skora.

**Helstu verkefni:**
- Umsjón með starfsemi styrktarsjóða, kynning á starfseminni og tengsl við gefendur og stofnendur.
- Ýmis verkefni sem tengjast starfsemi hollvina við Háskólann m.a. kynningarstarf.
- Þátttaka í verkefnum markaðs- og samskiptadeildar Háskólans.

**Kröfur um menntun, hæfni og reynslu:**
- Háskólapróf á sviði viðskiptafræði, hagfræði eða öðrum greinum sem nýtist í starfi.
- Þekking og reynsla í markaðsstarfi.
- Umsækjandi þarf að vera skipulagður, sjálfstæður í vinnubrögðum og hafa metnað til að ná árangri í starfi.
- Rík áhersla er á að umsækjandi sé lipur í samskiptum og eigi auðvelt með að vinna í hópi.

Um er að ræða ögrandi og lifandi starf í hvetjandi umhverfi

**Umsóknarfrestur er framlengdur til 12. júní n.k.**

Sjá nánar www.hi.is/page/storf og www.starfatorg.is

Við ráðningar í störf við Háskóla Íslands er tekið mið af jafnréttisáætlun skólans.
Háskóli Íslands v/Suðurgötu, 101 Reykjavík, s. 525 4000



# Gott fólk!

IMG Mannafl Liðsauki sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra.

**Atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar og hafið samband þegar ráða þarf nýja starfsmenn.**

Starfsmenn IMG Mannafls Liðsauka starfa eftir ákveðnum verkferlum til að tryggja bæði gæði þjónustunnar og fagleg vinnubrögð. Ráðgjafarnir búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.

IMG MANNAFL LIÐSAUKI

| | | |
|---|---|---|
| Borgartúni 27 | Skipagötu 16 | Strandgötu 53 |
| 105 Reykjavík | 600 Akureyri | 735 Eskifirði |
| Sími 540 7100 | Sími 461 4440 | Sími 540 7140 |
| mannafl@img.is | www.mannafl.is | www.img.is |

# Grunnskólakennarar

**Vegna óvæntra afleysinga næsta skólaár og viðbótar á kennslukvóta vantar kennara í eina og hálfa stöðu í Fellaskóla, Fellabæ.**

Um er að ræða eina fulla stöðu á unglingastigi með áherslu á raungreinar og hálfa stöðu þar sem sérkennsla væri fyrsti kostur þó fleira kæmi til greina. Þó um afleysingu sé að ræða í fullu stöðuna er allt eins líklegt að um framtíðarstarf gæti verið að ræða.

Fellaskóli er heildstæður grunnskóli með um 100 nemendur og er hverfisskóli nemenda í þéttbýliskjarnanum Fellabæ á Fljótsdalshéraði og næsta dreifbýli hans. Í Fellaskóla er reynt að stuðla að sjálfsaga nemenda bæði hvað snertir nám og hegðun. Ekkert punktakerfi er í skólanum en reynt að fylgjast vel með gengi hvers nemenda. Samhentur hópur starfsfólks starfar við skólann.

Nánari upplýsingar veitir Sverrir Gestsson, skólastjóri, vs. 4 700 730, hs. 471 1748, netfang: sverrir@fell.is. Umsóknarfrestur er til 20. júní. Umsóknir sendist til Fellaskóla v/Einhleypingi, 700 Egilsstaðir.

**Fljótsdalshérað**

fljotsdalsherad.is

Fljótsdalshérað - Lyngási 12 - 700 Egilsstaðir - sími 4 700 700 - www.fljotsdalsherad.is

Fíton/SÍA

# Starfsmaður í móttöku

**Traust og öflugt fyrirtæki óskar eftir starfsmanni í móttöku, vinnutími frá 12.30-17.00.**

**Starfslýsing**
Starfsmaðurinn sinnir símavörslu, skilaboðum, móttöku viðskiptavina og tilheyrandi. Aðstoð við ritvinnslu, skjalagerð og aðra bakvinnslu. Aðstoð við gestamóttökur auk annarra tilfallandi verkefna.

**Hæfniskröfur**
Vinnuveitandi leggur áherslu á fágaða framkomu og að símsvörun sé persónuleg, vönduð og traust.

- stundvísi
- sveigjanleiki
- góð enskukunnátta
- almenn tölvukunnátta
- þekking á notkun Internetsins
- hæfni í mannlegum samskiptum
- metnaður

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is** fyrir 11. júní nk. Númer starfs er **5387**.

Nánari upplýsingar veitir Ásthildur Guðlaugsdóttir. Netfang: asthildur@hagvangur.is.

HAGVANGUR
- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is

# Fjármálastjóri

**Alþjóðlegt hátæknifyrirtæki í Reykjavík óskar að ráða fjármálastjóra.**

Fjármálastjóri ber ábyrgð á daglegri stjórnun fjármála fyrirtækisins og er jafnframt staðgengill framkvæmdastjóra.

**Ábyrgðarsvið**
- Umsjón með fjárhag, bókhaldi og uppgjörum.
- Umsjón með fjárstýringu, reikningagerð, greiðslum og fjármögnun.
- Fjárhagsáætlanir.
- Samskipti við endurskoðendur og fjármálastofnanir.
- Umsjón launavinnslu.
- Rekstrarlegar greiningar og stjórnunarupplýsingar.

**Menntun og hæfniskröfur**
- Viðskiptafræðimenntun af endurskoðunarsviði eða sambærileg menntun.
- Reynsla af fjármálastjórn í alþjóðlegu umhverfi.
- Góð enskukunnátta er skilyrði.
- Nákvæm vinnubrögð, ábyrgð í starfi, skipulagshæfileikar og frumkvæði eru nauðsynlegir kostir.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is** fyrir 10. júní nk. Númer starfs er **5574**.

Upplýsingar veita Guðný Sævinsdóttir og Þórir Þorvarðarson. Netföng: **gudny@hagvangur.is** og **thorir@hagvangur**.is.

HAGVANGUR
- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is

**Rauði kross Íslands**
Reykjavíkurdeild

**Reykjavíkurdeild Rauða kross Íslands auglýsir eftirfarandi stöður lausar til umsóknar:**

## I. Verkefnisstjóri Heimsóknarþjónustu. 50% starfshlutfall

Verkefnisstjóri hefur umsjón með verkefninu. Hann tekur m.a. viðtöl við sjálfboðaliða og gestgjafa og kemur á tengslum þeirra á milli.

Menntun og hæfniskröfur:
- **Almenn menntun**
- **Umburðarlyndi og hæfni í mannlegum samskiptum er skilyrði**
- **Stundvísi og skipulagshæfni**

Laun eru greidd skv. kjarasamningum VR.

## II. Starfsmaður við næturvörslu í Konukoti, athvarfi fyrir heimilislausar konur. 75-100% starfshlutfall

Starfsmaður ber ábyrgð á móttöku og þjónustu við notendur heimilisins auk almennrar umsjónar.

Menntun og hæfniskröfur:
- **Almenn menntun**
- **Reynsla af störfum með fólki sem á við geðræn og/eða félagsleg vandamál að stríða mjög mikilvæg**
- **Umburðarlyndi og hæfni í mannlegum samskiptum er skilyrði**
- **Stundvísi og skipulagshæfni**

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningum Eflingar.

**Umsóknarfrestur er til 10. júní 2006.**

Upplýsingar veitir Katla Þorsteinsdóttir framkvæmdastjóri í síma 545-0402 (netfang katla@redcross.is)

**Umsóknir sendist til:**
Reykjavíkurdeild Rauða kross Íslands
b.t. Kötlu Þorsteinsdóttur
Laugavegi 120, 4. hæð, 104 Reykjavík
eða netfang katla@redcross.is

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

# Auglýsing um inntöku nýnema í Lögregluskóla ríkisins skólaárið 2007

Ákveðið hefur verið að taka inn a.m.k. 36 nýnema í almennt lögreglunám í Lögregluskóla ríkisins árið 2007. Námið hefst í byrjun janúar 2007 og lýkur með lokaprófum um miðjan desember.

**UM NÁMIÐ:**
Lögregluskóli ríkisins er sjálfstæð stofnun sem starfar samkvæmt lögreglulögum nr. 90/1996 og reglugerð um Lögregluskóla ríkisins nr. 490/1997. Grunnnám miðar að því að veita haldgóða fræðslu í almennu lögreglustarfi.
Námið skiptist í þrjár annir. Skólagjöld eru engin. Fyrsta önnin (GN I), sem er ekki launuð en lánshæf námsönn, stendur fram í maímánuð. Nemarnir teljast ekki til lögreglumanna en þeir sem standast kröfur á önninni fara í launaða starfsþjálfun (GN II) í lögregluliði á höfuðborgarsvæðinu í fjóra mánuði. Að lokinni starfsþjálfuninni tekur við launuð þriðja önn (GN III) í Lögregluskólanum sem lýkur með lokaprófum um miðjan desember.
Lögreglunemar klæðast búningi almennra lögreglumanna, sem þeir fá án endurgjalds. Á fyrstu námsönn er búningurinn án lögreglueinkenna. Lögreglunemar, í starfsþjálfun (GN II) og einnig á þriðju námsönn í skólanum (GN III), teljast til lögreglumanna og fá greidd laun skv. kjarasamningi Landssambands lögreglumanna og fjármálaráðherra.

**ALMENN SKILYRÐI:**
Sérstök valnefnd velur nema í Lögregluskólann úr hópi umsækjenda. Henni ber að velja hæfustu umsækjendurna til náms og eru ákvarðanir hennar endanlegar.
Í samræmi við það sem fyrir er mælt í lögreglulögum þarf umsækjandi að uppfylla eftirtalin skilyrði:

**a)** vera íslenskur ríkisborgari, 20-35 ára. Valnefnd getur vikið frá aldurshámarkinu við sérstakar aðstæður,
**b)** ekki hafa gerst brotlegur við refsilög. Valnefndin getur þó vikið frá þessu ef til álita kemur smá vægilegt brot sem umsækjandi kann að hafa framið eða ef langt er um liðið frá því að það var framið,
**c)** vera andlega og líkamlega heilbrigður. Umsækjandi þarf að staðfesta það með vottorði læknis síns. Trúnaðarlæknir skólans leggur sjálf stætt mat á vottorðið og skilar valnefnd áliti sínu,
**d)** hafa lokið að minnsta kosti tveggja ára almennu framhaldsnámi eða öðru sambærilegu námi með fullnægjandi árangri eða starfsþjálfun sem jafna má til slíks náms,
**e)** hafa gott vald á íslensku, einu Norðurlandamáli auk ensku eða þýsku,
**f)** hafa almenn ökuréttindi til bifreiðaaksturs,
**g)** vera syndur,
**h)** standast inntökupróf í íslensku og þreki og önnur próf sem valnefnd ákveður, s.s persónu leikapróf eða sálfræðipróf.

**SÉRSTÖK SKILYRÐI:**
**h)** Auk ofangreindra almennra hæfisskilyrða, sem mælt er fyrir um í lögreglulögum hefur valnefndin sett fram ákveðin viðmið til að starfa eftir og birtast þau í sérstökum verklags- og vinnureglum sem nefndin styðst við til að tryggja að samræmis gæti við mat á hæfi umsækjenda en markmið nefndarinnar, samkvæmt lögreglulögum, er að velja til náms þá sem hún telur vera hæfasta. Nefndin leggur einnig fyrir tungumálapróf og próf í almennri þekkingu.

**AÐ HVERJUM ER LEITAÐ?**
Leitað er eftir hraustum, duglegum, jákvæðum, kurteisum, reglusömum og liprum körlum og konum sem eiga auðvelt með mannleg samskipti. Litið er sérstaklega til menntunar og reynslu sem getur nýst umsækjendum í námi og starfi.

**SKIL UMSÓKNA OG ÚRVINNSLA:**
Þeir sem uppfylla framangreind skilyrði og ætla að sækja um skólavist við Lögregluskólann, fyrir skólaárið 2007, skulu skila rétt útfylltum umsóknareyðublöðum ásamt staðfestum afritum af gögnum frá menntastofnun um að þeir hafi lokið tilskildu fram-haldsnámi. Umsóknargögnum, sem verður ekki skilað aftur, skal komið til valnefndar Lögregluskólans fyrir **9. júní 2006,** merkt: **Valnefnd Lögregluskóla ríkisins Krókhálsi 5b, 110 Reykjavík.**

Hægt er að sækja sérstakt eyðublað fyrir læknisvottorð á Netið. Eftir að heimilislæknir hefur gefið vottorðið út skal senda það, ásamt umsókn, til valnefndar í lokuðu umslagi, merkt umsækjanda. Tekið skal fram að ekki er hægt að senda umsóknir vélrænt enda verða staðfest afrit skólaskírteina að fylgja.

Reynt verður að svara öllum umsóknum fyrir 1. júlí nk. Í því bréfi kemur fram hvort umsækjandi uppfylli skilyrði eða ekki og hvenær hæfir umsækjendur skuli mæta til prófs.
Konur sem uppfylla skilyrðin, og áhuga hafa á lögreglunámi, eru sérstaklega hvattar til að sækja um inngöngu í skólann.
Þegar umsóknir liggja fyrir fer valnefndin yfir þær. Þeir umsækjendur sem taldir eru hæfir, samkvæmt umsókn og skila nauðsynlegum fylgiskjölum, verða boðaðir í inntökupróf sem fara fram í Lögregluskólanum dagana 24. – 30. ágúst. Sjúkrapróf verður aðeins haldið einu sinni og fer fram 14. september. Skilyrði fyrir að mega þreyta það próf er að umsækjandi hafi sannanlega verið veikur á prófttímabilinu og skili sérstöku læknisvottorði vegna þess. Öðrum gefst ekki kostur á að þreyta sjúkraprófið. Þeir umsækjendur sem standast inntökupróf verða, að þeim loknum, boðaðir í viðtal við valnefnd. Viðtölin fara fram í skólanum í síðarihluta september. Stefnt er að því að niðurstöður liggi fyrir í síðasta lagi í fyrrihluta október.

Nánari upplýsingar um námið, inntökuprófin, umsóknareyðublöð og handbók valnefndar, er hægt að nálgast á lögregluvefnum, www.logreglan.is, undir Lögregluskóli ríkisins / inntaka nýnema.

*Reykjavík 9. maí 2006*

***RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN***

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

## AUGLÝSING UM DEILISKIPULAG Í GARÐABÆ

**1.**
**Tillaga að deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts (1.áfanga) og tillaga að rammaskipulagi fyrir Urriðaholt.**

Bæjarstjórn Garðabæjar auglýsir hér með tillögu að deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts (1. áfanga) skv 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. Deiliskipulagstillagan tekur til 43 ha svæðis sem nær yfir suðvesturhlíð Urriðaholts og hluta Urriðavatns og verndarsvæðis við vatnið. Gert er ráð fyrir íbúðarbyggð í suðvesturhlíð Urriðaholts, með allt að 354 íbúðum í lágreistri, blandaðri byggð sérbýlis- og fjölbýlishúsa.

Jafnframt er kynnt tillaga að rammaskipulagi fyrir Urriðaholt. Rammaskipulag er óformlegt skipulagsstig, til leiðbeiningar fyrir bæjaryfirvöld, íbúa og framkvæmdaraðila. Í rammaskipulagi er stefna aðalskipulags um einstaka bæjarhluta útfærð nánar og heildaryfirbragð hverfis skipulagt. Einstakir hlutar hverfis eru síðan endanlega útfærðir í deiliskipulagi sem hlýtur lögformlegt gildi sem skipulagsáætlun skv. skipulags- og byggingarlögum. Rammaskipulagstillaga fyrir Urriðaholt tekur til alls holtsins, auk hluta Urriðavatns og verndarsvæðis við vatnið. Rammaskipulagstillagan felur í sér skipulag allt að 1625 íbúða byggðar ásamt fjölbreyttri þjónustustarfsemi, auk viðskiptastrætis með allt að 90 þús. fermetra atvinnuhúsnæði. Í rammaskipulaginu er lögð áhersla á vandað og aðlaðandi borgarumhverfi, auk þess sem sérstakt tillit er tekið til umhverfis svæðisins, m.a. með sjálfbærum ofanvatnslausnum vegna verndar Urriðavatns.

**2.**
**Tillaga að breytingu deiliskipulags í Hnoðraholti og Vetrarmýri vegna fyrirhugaðs æfingahúss Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar við Vetrarbraut.**

Bæjarstjórn Garðabæjar auglýsir hér með tillögu að breytingu deiliskipulags Hnoðraholts og Vetrarmýrar skv 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. Breytingin gerir ráð fyrir því að skilgreindur verður byggingarreitur fyrir æfingahús Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar austan við Vetrarbraut og um 100 metrum norður af Vífilsstaðavegi. Gert er ráð fyrir æfingahúsi allt að 1100 m² að stærð.

Tillögurnar liggja frammi á bæjarskrifstofum Garðabæjar, Garðatorgi 7, frá 6.júní til og með 18. júlí 2006. Þær eru ennfremur aðgengilegar á heimasíðu Garðabæjar, www.gardabaer.is. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar. Frestur til þess að skila inn athugasemdum rennur út þriðjudaginn 18. júlí 2006. Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofur Garðabæjar og skulu þær vera skriflegar og undirritaðar. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillögurnar fyrir tilskilinn frest teljast samþykkir þeim.

***Arinbjörn Vilhjálmsson,***
***skipulagsstjóri Garðabæjar.***

Tækni- og umhverfissvið

## Boðað er til aðalfundar FEF

á Vesturgötu 7, laugardaginn 24 Júní nk. Klukkan 14:00.

**Fundarhald samkv. lögum FEF.**

Atkvæðarétt hafa einungis þeir sem greitt hafa félagsgjöld og eru skuldlausir við félagasjóð.

***Stjórn félags einstæðra foreldra.***

# ÚTBOÐ

**F.h. Framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar, mannvirkjaskrifstofu:**

*Laugarnesskóli – lóð við nýbyggingu.*
Útboðsgögn fást í upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur, frá og með miðvikudeginum 7. júní n.k.
Opnun tilboða: 19. júní 2006 kl 10:00, í Ráðhúsi Reykjavíkur.
10783

*Strætó – úrbætur 2006*
Útboðsgögn verða seld á kr. 3.000 í upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur, frá og með miðvikudeginum 7. júní n.k. Opnun tilboða: 21. júní 2006 kl 11:00, í Ráðhúsi Reykjavíkur.
10788

*Breiðagerðisskóli, breytingar og endurbætur*
Útboðsgögn verða seld á kr. 2.000, í upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur.
Opnun tilboða: 20. júní 2006 kl 10:00, í Ráðhúsi Reykjavíkur.
10784

Nánari upplýsingar er að finna á
***www.reykjavik.is/utbod.***

Reykjavíkurborg
Þjónustu- og rekstrarsvið
Innkaupa- og rekstrarskrifstofa
Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

# ÚTBOÐ

## FORVAL

**F.h. Bílastæðasjóðs Reykjavíkur:**
*Stýribúnaður fyrir bílastæðahús og lokuð bílastæði „Car Parking Control Equipment“ útvegun, uppsetning og viðhald*
*Auglýst á EES svæðinu.*
Forvalsgögn fást afhent, frá og með fimmtudeginum 8. júní, í upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur.
Umsóknum skal skila fyrir kl. 10:00, 26. júní 2006, í Ráðhúsi Reykjavíkur.
10688

Nánari upplýsingar er að finna á
***www.reykjavik.is/utbod***

Reykjavíkurborg
Þjónustu- og rekstrarsvið
Innkaupa- og rekstrarskrifstofa
Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is




## Eflingarfélagar - Minnum á 6. júní

Þá byrjum við að bóka haustið í Kaupmannahöfn.
Opnum kl. 8.30. Komið eða hringið í síma 510 7500.

**Efling-stéttarfélag, Sætúni 1, 105 Reykjavík, Sími: 510 7500**

FASTEIGNIR

**allt bílar**
**Alla laugardaga**





RE/MAX MJÓDD

## Halakot 5

801 Selfoss
Opið hús í dag og morgun kl. 14-17

**Verð: 8,9 M**
Stærð: 52 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 1985
Brunabótamat: 6 M

50 fm. bústaður í landi Halakots í Hraungerðishreppi, u.þ.b. 7 km. frá Selfossi. Allt innbú og lausafé getur fylgt með. Húsið skiptist í forstofu, baðherbergi, 3 svefnherbergi, stofu og eldhús í einu rými, u.þ.b. 50 fm. verönd er sunnan og vestan við húsið. Örstutt í golfvöllinn og sundlaug og alla þjónustu á Selfossi. Hafið samband við Marey í síma: 8685968 til að fá nánari upplýsingar og leiðbeiningar.

Jónas Örn Jónasson hdl. lögg. fasteignasali 520 9550

Hafdís Sölufulltrúi **895 6107** hafdis@remax.is

Ásdís Ósk Sölufulltrúi **863 0402** asdis@remax.is

# Byggingaland í Mosfellsbæ

13 ha. vel staðsett landspilda í Mosfellsbæ er til sölu ef viðunandi tilboð berst. Aðalskipulag gerir ráð fyrir stærstum hluta landsins undir íbúðabyggð innan fárra ára.

Allar frekari upplýsingar veitir Guðmundur H. Pétursson hdl.
Hátúni 6a, 105 Reykjavík s. 512 1220.

domus FASTEIGNASALA
Pálmi B. Almarsson, löggiltur fasteignasali

## Glæsileg heilsárshús til sölu í Grímsnes- og Grafningshreppi í Kerhrauni II



78,1 m² heilsárshús, auk 33,5 m² svefnlofts og 12 m² útigeymslu. 2 svefnherbergi, stór stofa, eldhús og baðherbergi. Eldhús með fallegri viðarinnréttingu frá „HTH“. Keramikhellur, ofn, örbylgjuofn, háfur, ísskápur og uppþvottavél fylgja. Fullbúið baðherbergi með nuddsturtuklefa, þvottavél og þurrkara. 97 m² verönd með heitum potti.



114,6 m² heilsárshús á einni hæð auk 12 m² útigeymslu. 3 svefnherbergi, stór stofa, eldhús, baðherbergi og þvottahús. Eldhús með fallegri viðarinnréttingu frá „HTH“, keramikhellur, ofn, örbylgjuofn, háfur, ísskápur og uppþvottavél fylgja. Þvottahús með þvottavél og þurrkara. Fullbúið baðherbergi ásamt sturtuklefa með nuddbúnaði. 97 m² verönd með heitum potti.

- Um 70 km frá Reykjavík
- 5000-6500 m² eignarlóðir með hverju húsi
- 97 m² verönd með heitum potti
- Þrefalt gler í gluggum og tvöfalt hitakerfi
- Einangrun þeirra er mun meiri en almennt gerist
- Fyrstu húsin verða tilbúin til afhendingar í maí n.k.
- Lánsfyrirgreiðsla til staðar fyrir þá sem þess óska
- Svæðið er skipulagt með þjónustumiðstöð og útileikjaðstöðu
- Framtíðareign í sumarparadís

**Bókaðu skoðun**

Halldór Jensson
Viðskiptastjóri
halldor@domus.is
símar 840 2100/440 6014

Frum

Domus fasteignasala • laugavegi 97 • 101 Reykjavík • Sími 440-6000 • www.domus.is

domus FASTEIGNASALA
Pálmi B. Almarsson, löggiltur fasteignasali

## Norðurás - Svínadal í Borgarfirði

Höfum til sölu tvö glæsileg nýtískulegt sumarhús í landi Kambshóls í Svínadal í Borgarfirði.



Um 62 fm hús auk kjallara með lofthæða 1,95. Húsið skiptist í 3 svefnherbergi, stofu, eldhús og bað. Hátt til lofts sem gefur möguleika á að gera svefnloft.



**Sölusýning**
**laugardag milli kl 12 og 16**

104 fm hús sem skiptist í 3 svefnherbergi, stofu, eldhús, baðherbergi, hol og þvottahús.

Húsin skilast fullbúinn að utan með um stórum sólpalli og einangruð og plöstuð að innan. Búið verður að tengja heitt og kalt vatn í húsin. Frábær staðsetning rétt við vatnið. Þetta eru glæsileg heilsárshús á flottum útsýnistað rétt við vatnið.
***Stutt í afhendingu***
***möguleiki á að fá húsin lengra komin***

Halldór Jensson
Viðskiptastjóri
halldor@domus.is
símar 840 2100/440 6014

Frum

Domus fasteignasala • laugavegi 97 • 101 Reykjavík • Sími 440-6000 • www.domus.is

## Selt til brottflutnings – Kirkjuvegur 7, Selfossi

**Til sýnis í dag, laugardag 3. júní og sunnudaginn 4. júní, kl. 14-16**

### Tilboð óskast



Í tilefni af fyrirhugaðri uppbyggingu í miðbænum á Selfossi er óskað eftir tilboðum í 60 fm húseign að Kirkjuvegi 7, Selfossi sem selst til brottflutnings. Húsið skiptist í tvö herbergi, eldhús, baðherbergi og rúmgóða stofu. Nýtt parket er á gólfum, ný eldhúsinnrétting og nýjar hurðir. Húsið er tilvalið sem sumarhús.

Margrét gsm 693 4490 og Þórey gsm 699 1988 hjá fasteignasölunni Hóli taka vel á móti þér og fjölskyldu þinni í opnu húsi í dag. Já, er þetta ekki málið í dag ? Fá sér léttan bíltúr austur fyrir fjall, fá sér ís og láta loksins verða af því að kaupa sér draumabústaðinn.

**Samstarfsaðili um fjármögnun:**

Miðjan á Selfossi ehf.

GLITNIR

---

HÚSAVÍK FASTEIGNASALA

Skólavörðustíg 13
SÍMI 510 3800
FAX 510 3801
www.husavik.net
Reynir Björnsson
Lögg. fasteignasali

## Opið hús sunnudaginn 4. júní milli kl. 14 og 16
## Heklubyggð 17 - Nýtt sumarhús

Frum





Fallegt 64,8fm sumarhús auk svefnlofts á gríðarlega fallegum stað við Heklurætur, með Heklu fyrir utan stofugluggann. Um 15 mín akstur er til Hellu. Húsið er í byggingu og skilast nánast fullbúið, án innréttinga. **Sjá nánari skilalýsingu www.husavik.net.** Svæðið er allt vel skipulagt með fyrirhuguðum 9 holu golfvelli, þjónustumiðstöð ofl. Einstakt tækifæri til að kaupa nýtt sumarhús á ákaflega fallegum stað. **Verð 14,9 millj.**

***Helga tekur vel á móti gestum milli kl. 14 og 16.***
***Söluyfirlit og teikningar á staðnum.***

HÚSAVÍK – ÞAR SEM GOTT ORÐSPOR SKIPTIR MÁLI

---

EIGNASTÝRING EHF
FASTEIGNAMIÐLUN
www.eignastyring.is



Erlendur Davíðsson. Löggiltur fasteignasali



Þórður Ingvarsson, löggiltur fasteignasali



Atli S. Sigvarðsson, sölufulltrúi



Valdimar R. Tryggvasaon, sölufulltrúi



Erla Viggosdóttir, ritari








## Til sölu glæsileg ný einbýlishús að Þrastarhöfða, Mosfellsbæ.

Um er að ræða átta hús á einni hæð með innbyggðum bílskúrum í lokuðum botnlanga. Húsin eru á bilinu 235-265 fm Húsin eru mjög vel staðsett í landi Blikastaða rétt við golfvöllinn Keili. Til alls hefur verið vandað við byggingu húsanna sem og hönnun þeirra. Stutt í skóla. Einstakt tækifæri til að velja sér hús við sitt hæfi.

Upplýsingar veita Valdi s: 897-9929 og Atli s: 899-1178.

Sjá http://aicon.is/thrastarhofdi/

## – Aðeins ein eftir –
## SÖLUSÝNING mánudaginn 3. maí milli kl. 15:00 – 17:00 við Tröllateig 14 í Mosfellsbæ





Einstaklega glæsilegt vel staðsett nýtt 164,5 fm nýtt raðhús í Mosfellsbæ með frábæru útsýni. Húsið afhendist fullbúið nema um annað sé samið. Þetta er eign í sérflokki með mikla möguleika fyrir kaupendur hvað innréttingu og skipulag varðar. Verð kr. 39.900.000 FULLBÚIÐ (skv.skilalýsingu) Atli s : 899-1178

## Ljósavík – Grafarvogi

Einstaklega glæsileg og vel skipulögð 5 herbergja endaíbúð með sérinngangi í litlu 6 íbúða húsi. Frábært útsýni. Mjög góð herbergi. Falleg stofa og eldhús með hátt til lofts, halogen lýsing. Sérsmíðar innréttingar frá Axis. Tvennar flísalagðar svalir með frábæru útsýni. Frábær staðsetning í rólegu hverfi þar sem stutt er í leikskóla - skóla og framhaldsskóla ásamt fjölbreyttri þjónustu í Spönginni. Eign í sérflokki.

Verð 31,4 millj.



## Opið hús alla hvítasunnuna við Katrínarlind 3 Grafarholti

Gott útsýni í rólegu umhverfi, Mjög vönduð 3ja herbergja 95 fm íbúð í nýlegu lyftuhúsi ásamt stæði í bílageymslu. Vel skipulögð eign með eikarparketi og flísum á gólfi. Flott lýsing frá Lumex. Vel staðsett úrvals eign. Laus strax. **Verð kr. 23.400.000.**

**Bókið skoðun í síma 661-2461 (Gummi)**





## Lerkibyggð – Mosfellsbær – Byggingalóðir

Höfum í einkasölu nokkrar samliggjandi byggingalóðir samtals um 4800 fm fyrir sérbýli á frábærum stað við Lerkibyggð í Mosfellsbæ. Friðsæll staður í fallegu umhverfi. Upplýsingar eingöngu á skrifstofu Eignastýringar ehf. hjá Þórði Ingvarssyni. Einstakt tækifæri fyrir einstakling eða byggingaverktaka.



Síðumúli 27 • 108 Reykjavík • Sími **534 4040** • Fax 534 4044


RE/MAX Í REYKJANESBÆ SÍMI 420 0800 : GEFUR TÓNINN
Rythma & Blúsfélagið
& aim festival 2006
www.blueskef.com
www.aimfestival.akureyri.is
akureyrinternationalmusicfestival kynna:
2. 3. & 4. júní
á Akureyri
8. & 9. júní
í Keflavík og Reykjavík
Hótel KEA
2. júní föstudagskvöld
Blúskompaní
Magnúsar Eiríkssonar
Park projekt
Pálma Gunnarssonar og Kristjáns Edelstein
Ketilhús
3. júní laugardagskvöld
Lamont Cranston Blues Band
Rocco
4. júní sunnudagskvöld
Blúskompaní
Blúsmenn Andreu
Lamont Cranston Blues Band
frá Minneapolis USA
Ráin
8. júní fimmtudagskvöld
Keflavík
Lamont Cranston Blues Band
og Blúshundarnir
úr Keflavík
Nasa við Austurvöll
9. júní föstudagskvöld
Pat Hayes og
Bruce MacCabe
í broddi fylkingar
húsin opna
kl. 21:00
öll kvöldin
Miðasala hafin á vefslóðinni www.midi.is
Tryggið ykkur miða • takmarkað upplag
aim festival 2006
akureyrinternationalmusicfestival
í samvinnu við Akureyrarbæ,
Rás 2, Icelandair, Flugféag Íslands,
Hljóðkerfa- & ljósaleigu Akureyrar
FLUGFÉLAG ÍSLANDS
www.flugfelag.is
RÁS 2
WWW.ICELANDAIR.IS
RE/MAX Í REYKJANESBÆ SÍMI 420 0800 : GEFUR TÓNINN


F1 Camaro F1 til sölu. 5700cc vél með 300-400hp. Verð 1.600.000 eða besta tilboð. S. 696 8675.


Lexus IS 200 árg.'99 til sölu. Ek. 94 þús. Verð kr. 1.580.000. Áhugasamir hringi í 896 5816.


Volvo S80 árg. '00, ek. 90 þús., viðar-innr. leður & tau, GSM, dráttarkúla m. kúplingu, hljómkerfi, 17" álfelgur, STC, A/C, NSW, SRA. Lúxsus bíll á aðeins 1.730 þús. Uppl. í s. 820 4113.


Renault Laguna árg. '02 ekinn 53 þús/km, álfelgur, ný dekk, reyklaus og vel með farin. Verð kr. 1.250 þús. Uppl. 848 7501 og 861 9878.


Toyota Corolla STW 1600, Árg. 2003, sjálfsk., álfelgur, spoiler, ek. 58 þús. km. Engin skipti. Verð 1560 þús. S. 844 4782.


Toyota Yaris 1300 11/04, sjálfsk., ek. 19 þús. Verð 1.400 þús. S. 821 7444.


Toyota Yaris 1.4 DÍSEL árgerð 2005, ekinn 54þkm, 5 gíra ,5 dyra, eyðsla aðeins 5.5 lítrar á hundraði. Verð 1.390.000.Get útvegað allt að 100% lán. Upplýsingar í síma 865 1111.


Toyota corolla 1,6 station sol, skr. 11/2004, keyrður 23 þús. verð 1750 þús. áhv. 1550 þús. uppl. í s: 8679720

**100 þús út + yfirtaka**

Subaru Impreza sportwagon, svört, árg '03. Afborganir ca 24 þús á mán. Mjög vel með farinn bíll. Uppl. í s. 820 8903. Skoða skipti.

**Yfirtaka á láni**

Opel Safira Arctic edition. árg.'02 Sjálfskiptur, 7 manna, ekinn 87 þús. Hlaðinn aukabúnaði. Uppl. í S. 820 8903 Skoða skipti.

## 2 milljónir +


Til sölu Patrol '02, Elegance, beinsk. 35"br. ek.66 þús. Einn eig. gsm. 899 3717.


TOYOTA AVENSIS NEW 1800 WAGON. Nýskr 06/2004 keyrður 30.000km Beinsk. Bensínbíll áhv. kr. 1.550.000 Verð kr. 2.080.000 Upplýsingar í síma 893 5353 .


BMW 530i Touring, árg. '02 ek. 84 þús. Leður, sjálfsk. loftk. og fl. Verð 2.700 þús. Gerðu tilboð í síma 896 1168.


Dodge Neon srt-4 2004 ek. 15 þús. áhvílandi 2500þ., fyrsta afborgunn í ágúst verð 2890þ. S. 692 8188


Toyota Avensis árg. '03 ekinn 35 þús. Cd, spoiler, ný heilsársdekk, álfelgur, leðuráklæði og DVD með skjá í höfuðpúðum. Verð 2,400 þús.Uppl. í s. 692 5041 Kristín & 897 7418 Þorvarður.

## Bílar óskast

Óska eftir bíl, ekki eldri en '97 á 0-200 þús. Má þarfnast lagfæringar. Uppl. í s. 691 9374.

Vinnubíll óskast helst station ca. 40-140 þ., s. 662 5322.

## Jeppar


Nissan Double Cab, 99 árg, 2.5Tdi, ekinn 220þ.km, ásett verð 1.190þ.kr. Tilboð 990.þ.kr. Uppl í s. 480-8000


Til sölu er Jeep Grand Cherokee Laredo 3,7 árg. 2005, ekinn 27 þús. km. Ásett verð kr. 3.390, þús. Tilboð kr. 2.950, þús. Höldur notaðir bílar S. 461 6020.


Pajero 2,5 turbo diesel árg. '97. Ek. 195 þús. 32" dekk, 7 manna bíll. Ásett verð 920.000. Uppl. í s. 899 7749.


Til sölu Ford Ranger '93, beinsk. Ekinn 180 þús. Ásett verð 350 þús. Uppl. í s. 866 0532.


Izuzu Trooper 33" árg. '99, 7 manna, topp eintak. Verð 1190 þ. Gott lán fylgir. Uppl. í s. 892 6068.


Toyota LandCruiser 90 VX árg. '98 Dísel, sjálfsk., 7+1 ný sumar og vetrardekk á felgum, dráttarkr.d þjónustubók, ný tímareim og bremsur. Nýsk. og allur yfirfarinn, ek. 199 þ. km. Verð 1750 þ. Uppl. í s. 821 5121.


Ford Explorer '91. Góður bíll á góðu verði. Ný dekk. Sjón er sögu ríkari. Tilboð. Uppl. í s. 892 7060.


Isuzu Trooper 3.0 Diesel 35", skr. 10/12/2002, ek. 71 þ., ssk., 7 manna, NMT ofl. Verð 2.600 þ., skipti möguleg. S. 897 2468.


Patrol '95 39.5" Irock, ek. 252 þús, sk.'07 hlutföll, breytt fjöðrun, eitthvað af aukahlutum, ásett 990þús, skipti ód. S. 695 4697.


Nissan Patrol Lux 3.0 árg.'00, ek. 104 þ. km, ssk, 35". Vel með farinn. S. 894 1554.


Kia Grand Sportage '99. Fallegur bíll, upph., álfelgur, loftkæling. Einn eigandi, ekinn 107 þús. Negld vetrardekk fylgja. Verðtilboð 595 þús. Sími 824 6114.


Hilux 91 nýsk. ek. 210 þ. Nýtt púst. Bensínbíll sem eyðir ekki miklu. Verð 300þ. S. 661 9018.


Patrol SE+ 7/98, ek. 202 þ. Nýtt hedd, tímareim ofl. Sk.'07. sk.ath. V. 1790 þ. S. 896 5001.


GMC Suburban '96, 5.7L bensín. Sumar- og heilsársdekk fylgja. Nýlega yfirfarinn og ný skoðaður. Tilboð óskast. S. 897 7698.


Terrano II dísel til sölu árg. '97, ekinn 300 þús. Verð 600 þús. Uppl. í s. 849 7868.


400 þ. í Afslátt Musso 2.9 TDI. 4/98. 5 gíra, 33"dekk. Ásett verð 990 þ. nú 590 þ. uppl. í s. 847 2544.


Range Rover 4.6 HSE árg. 1995. Ek. 172.000. Góður bíll.Verð: 1,5 m. 1 m stgr. S:892-1985


Hummer H1árg 96 á götu 98. 44" breyttur. Sá lang flottasti.


Landrover Defender Storm, svartur nýskr. 02/99, ekinn aðeins 89 þús., 38", loftlæsingar, tölvukubbur, loftdæla, hljóðkerfi, NMT, samlæsingar, þjófavörn, olíuhitari, toppgrind. Verð 2.600 þús. S. 825 1606.


Isuzu Trooper 3.0 dísel, árg. '99, beinskiptur, ekinn 163 þús. Skráður 7 manna, leður að innan, skíðabogar, dráttarkúla. Einn eigandi. Verðhugm. 1450 þús. Engin skipti. Uppl. í s. 869 7050.


MMC 3000GT VR4 twin turbo 92 spoilerkit 19felgs. mikið breyttur verð 950þús s:663-4994

## Pallbílar





Til sölu Chevrolet silverrado 2500 duramax árg.'04 ek. 70 þ. Verð 3,5. Áhv. gott lán. Uppl í s. 659 3468.


Ford F 150 King Ranch árg. '05, ek. 17000. 35" breyting Lækkuð drif tölvukubbur ath skipti á F-350. Uppl. í s. 898 4988.

## Sendibílar


LDV sendiferðabifreið, turbo, diesel, árg.'96. Ek. 106 þús. Í mjög góðu ástandi. Tilvalinn sem húsbíll. S. 581 1979 & 861 0096.

## BÍLAR TIL SÖLU


**magnússon ehf.**

Innflutningur á nýjum og notuðum bifreiðum frá Þýskalandi og USA.


**PORSCHE 911/996 CARRERA 2**, 04/2001 Ek 79.000 þ.km Sjálfskiptur 300 hestöfl Verð 6.490.000


**BMW 760I 04.2003** ek 115.þ.km 445hö 19"dekk - ABS – CD -Leðuráklæði – Loftkæling – Xenon aðalljós ofl. Verð 7.990

**BMW M3 04.2003** ek 56.þ.km 343hö 18"dekk – ABS – CD -Leðuráklæði – Loftkæling – Xenon aðalljós ofl. Verð 6.900

Opið :9-18 alla virka daga og laugardaga frá 12-16.
Magnússon ehf.
Gilsbúð 3 • 210 Garðabær • Sími 862 2000
www.bilasolur.is/magnusson – magnusson@magnusson.is



**magnússon ehf.**

Innflutningur á nýjum og notuðum bifreiðum frá Þýskalandi og USA.

**M.BENZ CLK 200 AVANTGARDE** 05/2005 Ek 15.00 þ.km með öllu Verð 5.950.000

**RANGE ROVER VOGUE** 1/2003 Ek 53.000 þ.km Verð 6.900.000

**M.BENZ C200 KOMPRESSOR CLASSIC** 5/2005 Ek 20.000 þ.km Sjálfskiptur Verð 3.590.000

**M.BENZ C200 KOMPRESSOR CLASSIC** 1/2005 Ek 28.000 þ.km Sjálfskiptur Verð 3.590.000

**MINI ONE** Ár 11.2004 56 þ.km, 90 Hö, Áhvílandi kr.1.800.000, 82 mán frá TM, ABS – Álfelgur – Kastarar – Loftkæling – Þjónustubók ofl. Verð 2.790.000

**MINI ONE Ár 10/2003**, Ek 81 þ.km, 89 Hö Svartur. Áhvílandi kr. 1.744.000 frá TM ABS – Álfelgur – Cd – Kastarar – Loftkæling – Þjónustubók ofl oVerð 2.390.000

**AUDI A6 4.2 QUATTRO TIPTRONIC** ,,19 Álfelgur 3/2001 Sjálfskiptur 300 hestöfl Verð 2.900.000

**M.BENZ E220 AVANTGARDE** Dísel 09/2004 Ek 37 þ. Sjálfskiptur Verð 5.490.000

Opið :9-18 alla virka daga og laugardaga frá 12-16.
Magnússon ehf.
Gilsbúð 3 • 210 Garðabær • Sími 862 2000
www.bilasolur.is/magnusson – magnusson@magnusson.is

## Heimilistæki

Vantar þvottavél og lítinn ísskáp, ódýrt eða gefins. S. 865 4060, Dóri.

Nýleg, lítið notuð hvít Siemens uppþvottavél til sölu. Uppl. í s. 844 2150

Til sölu eikar eldhúsinnrétting, frístandandi ál AEG eldavél, baðvaskur með borði og baðkar ALLT ÓNOTAÐ s. 892 6694.

## Barnavörur




**30% afsláttur**
Af öllum renndum sumarjökkum. Róbert Bangsi og Unglingarnir Hlíðasmára 12. S. 555 6688.

## Dýrahald

**Hundaræktin Dalsmynni**
Hundaræktun Dalsmynni auglýsir. Silki Terrier strákur og Papillon strákur til sölu.
**Upplýsingar í s. 566 8417.**

**Silky Terrier**
Gullfallegar Silky Terrier tíkur til sölu undan íslenskum og alþjóðlegum meistara. Silky Terrier er harðgerður smáhundur með silkimjúkan síðan feld sem fer ekki úr hárum. Heilsufarssk., örmerktir, með ættbók frá Íshundum.
**Upplýsingar í síma 426 8577 & 426 8720, Bubba. Geðgóðir og fallegir foreldrar.**



Labrador hvolpar til sölu. Tveir svartir strákar og fimm gulir. Mamman er hreinræktuð og pabbinn blandaður með smá Golden retriver. Bæði eru mjög fallegir og góðir hundar. Sími 660 8682.



Yndislegir Chihuahua strákar til sölu 8 vikna, bólus., örm., ættb., ísh. Uppl. í s. 897 6419.



Havanese! Til sölu Havanese hvolpar úr fyrsta Havanese gotinu á Íslandi. Tilbúnir til afhendingar. S. 691 9351 / 554 3291.



Dobermann tík til sölu! Góður staðgr.afsl. Ormh-bólus & heilsufarssk. Tilb, til afhendingar Uppli í S:8241063

Yndislegir Chihuahua hvolpar til sölu. Uppl. í s. 898 6448.

4 Hreinr. Silky Terrier hvolpar til sölu. Ættb, Íshundar afh. 1 júlí S. 898 2978.

Rottweiler hvolpar til sölu á gott heimili. Verð 100.000. Hafið samb. í s. 847 5661.




## Ýmislegt



Rafhitaðir kanadískir heitir pottar frá Beachcomber. Vorum að taka upp '06 árgerð. Fimm ára ábyrgð. Frí heimsending hvert á land sem er. Sendum bæklinga samdægurs. Opið alla daga frá 9 til 21.00. Allar nánari uppl. í s. 897 2902 eða mvehf@hive.is

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ferðaþjónusta

Bátafjör. Bakkaflöt -Riverrafting.is

## Ferðalög

**Spánn-leiga**
Fallegt raðhús fyrir sunnan Alicante til leigu. Uppl. í síma 822 3860 & 567 2827.

## Gisting

**Gisting á Spáni**
Íbúð til leigu í Costa Brava og Menorca í sumar. Og í Barcelona í haust. Uppl.í s. 899 5863 www.helenjonsson.ws

## Fyrir veiðimenn
















Ódýrir og stórir maðkar til sölu! Silungs og laxa. Margra ára reynsla. S. 692 5133.

## Hestamennska

Ístölt
BÆJARLIND 2 • KÓPAVOGI
SÍMI 555 1100

Leðurskálmar, Leðurskálmar. Þær lang flottustu. Ný snið og frábært leður. Ístölt Bæjarlind 2. S.555 1100

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

143 fermetra 5 herbergja raðhús til leigu í Mosfellsbæ. Upplýsingar um áhugasama leigendur sendist til husanaust@husanaust.is

33 fermetra íbúð til leigu í Mosfellsbæ. Upplýsingar um áhugasama leigendur sendist til husanaust@husanaust.is

Ný og falleg 2ja herb. 74fm íbúð í 101 Reykjavík til leigu í jún/júl/ág. Húsg. að hluta. Kr. 100.000 á mánuði. Uppl í s. 863 8821 & odinn@norden.is

2 herb. snyrtileg íbúð í 101 til leigu. 54 fm á 80 þ. á mán. umsóknir sendist á umagg@simnet.is

Ertu á leiðinni til Barcelona? íbúð til leigu við ströndina með sundlaug, barnaleikvelli, tennisvelli og einkabílastæði. Áhugasamir hringið e. kl. 17 í Birtu í s. 695 3816.

Herbergi í Hfj. til leigu í sumar með öllu. Verð 15 þús. kr. vikan. Uppl. í s. 699 1374.

25 ára stúlku vantar medleigjendur á spáni í sumar. Stórt 2 manna herb. laust í íbúd í midbæ Torreviaja(Alicante). sími 0034 692 966270.

Fjarðarbyggð, lítið einbýlishús til leigu með/án húsbúnaðar uppl. gefur Óli s. 895 2709 / netfang velgott@simnet.is

70 fm2 til leigu í Seljahverfi. Uppl. í síma 862 7950.

Apartment in Rkv available this summer! Apartm. in Rkv. centre, with furniture available for rent form 14- 17 of June. Car can be included. Call thor: 6914488

## Húsnæði óskast

**Reykjavík**
Óskum eftir húsnæði til langtímaleigu, 2ja eða 3ja herbergja. Erum reyklaus, snyrtileg í umgengni og reglusöm. Sími 659 8641.

Óskum eftir 3ja herb íb á stór-Rvk sv .Aðeins langtímal kemur til greina . Greiðslugeta 80-90 . Reglusemi og silv gr heitið. Tryggv. Meðmæli ef óskað er. Uppl í s 893 2417.

Óska eftir að taka á leigu 2-3 herb. íbúð í stuttan tíma, fyrirfram greidd leiga. Uppl. í s. 895 8763.

Par m. eitt barn sárvantar íbúð í Rvk. sem fyrst. Til 1. feb.'07. Skilvirkum greiðslum lofað. Uppl. í s. 844 1803.

Herbergi með aðg. að eldh. og baði eða lítil íbúð óskast fyrir starfsmann okkar frá 12. júní nk. Uppl. veitir Skipulags-, arkitekta og verkfræðistofan, Garðastræti 17, 101 Rvk. S. 561 6577.

**ATH**
Ungt par óskar eftir 2ja herb. íbúð í 101, frá 1.júli. Langtíma leiga. Greiðslug. 60-70 þ. skilvísum greiðslum heitið og meðmæli ef óskað. Uppl. í s. 669 9482.

Óska eftir 2-3 herb. íbúð, helst í Austurborginni. Uppl. í s. 846 5393.

Reglusamt par óskar eftir snoturri íbúð miðsvæðis í Rvk. Góðri umgengi og skilvísum greiðslum heitið. Vinsaml. hafið samb. í s. 845 9049 eða sendið á b.northpearl@gmail.com

Kennari í Hagaskóla óskar eftir 2 herb. íb. sem næst skólanum. Uppl. í s. 662 1024.

Þrjá reglusama unga menn vantar íbúð á svæði 101-108 í sumar og næsta vetur. S. 869 2981.

Ungur reyklaus maður óskar eftir lítilli íbúð vestan kringlu. Uppl. í s. 697 8374.

Hjúkrunarfr. óskar e. 2 herb íbúð í Rvk/Kóp til leigu uppl. biddagunn@visir.is

3 herb. íbúð óskast í Breiðholti. S. 690 5473.

Óska eftir herbergi til leigu, helst á svæði 101 en allt kemur til greina. S. 822 2905.

Múrari óskar eftir 2-3 herb. íbúð á höfuðborgarsv. Uppl. í s. 846 0108.

Íbúð selfossi, óskað eftir 2-3ja herb. íbúð til leigu á Selfossi. Uppl. í s. 894 3258.

**112 Grafarvogur.**
Fjölskylda óskar eftir 3-4 herb snyrtilegri íbúð til leigu, helst í Grafarvogi. Skilvísar greiðslur og reglusemi. Uppl í s. 616 9736.

Reglusamur karlmaður óskar eftir herb. á stórreykjavíkursvæðinu . Uppl. s. 849 1054.

## Sumarbústaðir




Garðhúsgögn, Heitir pottar og Kamínur. Auðbrekka 6, 200 Kóp, NORM - X S. 565 8899 www.normx.is

Sumarbústaður til leigu.Gott 47fm hús í Eyjafirði. Uppl. s. 895 1355

## Atvinnuhúsnæði

**Atvinnueign.is**
Þarftu að leigja eða taka á leigu atvinnuhúsnæði? Skráðu þig þá á leigulista Atvinnueignar þér að kostnaðar lausu. www.atvinnueign.is S. 568 6600.

# TIL SÖLU




# SUMARHÚSHÚSALÓÐIR

**Sumarhúsalóðir við Sogið**
Stórar og fallegar sumarhúsalóðir með útsýni yfir Sogið í landi Ásgarðs á besta stað í Grímsnesinu.
Upplýsingar veita Valtýr 898 0801 - Sigurður 895 5786

# SKEMMTANIR















## SJÓNARHORN



Í kirkjugarðinum við Suðurgötu.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

ESTHER TALIA CASEY

## UPPÁHALDSSTAÐURINN

### *Höfði í Mývatnssveit*

Uppáhaldsstaður Estherar Taliu Casey er í Mývatnssveit. „Við eigum þar fjölskyldubústaðinn Höfða og ég reyni að fara þangað eins oft og ég get," segir hún.

Höfði hefur verið lengi í eigu fjölskyldu Estherar. „Héðinn Valdimarsson og Guðrún Pálsdóttir, langafi minn og langamma, keyptu þetta land og byggðu húsið og ræktuðu upp garðinn. Þegar langafi minn dó gaf langamma mín sveitarfélaginu stóran hluta af garðinum og hann er núna mjög vinsæll ferðamannastaður á sumrin og algjör náttúruperla," segir hún.

Esther eyddi mörgum sumrum í Höfða þegar hún var yngri. „Staðurinn er mér mjög kær og er minn uppáhaldsstaður á landinu fyrir utan miðbæinn, 101, sem er mér mjög kær líka."






VÍSINDAVEFUR HÁSKÓLA ÍSLANDS

# Af hverju er hvítasunnan hátíðleg?

Hvítasunnan er auk páska og jóla ein af sameiginlegum höfuðhátíðum kristinnar kirkju. Hátíðin markaði upphaflega lok páskatímans sem stóð í 50 daga, en varð síðar að sjálfstæðum minningardegi um það sem kallað er úthelling heilags anda.

**Faðirinn, sonurinn og heilagur andi**

Heilagur andi er ein af þremur persónum hins þríeina Guðs sem kristnir menn trúa á. Hinar persónurnar tvær eru Guð faðir og Jesús Kristur. Hlutverk föðurins felst í sköpuninni, en hlutverk sonarins í endurlausninni undan veldi syndarinnar. Hlutverk heilags anda er aftur á móti að upplýsa sérhvern mann og endurnýja gjörvalla sköpun Guðs. Hann er því sagður vera sá umskapandi kraftur sem kemur öllu góðu til leiðar í mannlífi og náttúru. Meðal annars af þessum ástæðum er litið á hvítasunnudaginn sem stofndag kirkjunnar.

**„Andi sannleikans“**

Í 14. kapítula Jóhannesarguðspjalls segir frá því að Kristur sem þá var upprisinn, hafi heitið lærisveinum sínum að þeim mundi gefast „annar hjálpari“ sem öfugt við hann sjálfan mundi vera hjá þeim að eilífu. Þessi „hjálpari“ var „andi sannleikans“ eða heilagur andi. Frá uppfyllingu þessa fyrirheitis er síðan skýrt í 2. kapítula Postulasögunnar, en þar segir að lærisveinahópurinn hafi verið saman kominn og hafi þá heyrst gnýr af himni eins og óveður væri í nánd, eldtungur hafi birst og sest á þá og þeir tekið að tala framandi tungumál sem þeir ekki kunnu. Töldu þeir sem vitni urðu að atburðinum að lærisveinarnir væru drukknir. Tákn andans var hinn hreinsandi eldur og tungutalið, en sumar kirkjudeildir, þar á meðal Hvítasunnumenn, leggja mikið upp úr því. Aðrar kirkjudeildir telja að andinn starfi með leyndari hætti í innsta hugskoti manns og komi þar trú og góðum verkum til leiðar.

**Hvítasunnan tengist fornri uppskeruhátíð**

Eins og páskarnir tengist hvítasunnan fornri ísraelskri og síðar gyðinglegri hátíð. Hátíðin var upphaflega uppskeruhátíð sen haldin var á fimmtugasta degi eftir páska, en var síðar haldin til minningar um sáttmála Drottins við Ísraelsþjóðina á fjallinu Sínaí þegar boðorðin 10 voru sett (2. Mósesbók, 19. kapítuli og áfram). Hátíðin vitnar því um samhengi í trúarbragðasögunni þrátt fyrir að inntak hennar hafi breyst mikið í tímans rás.

**Fimmtugasti dagurinn**

Upphaflegt heiti hátíðarinnar, pentekosté heméra eða fimmtugasti dagurinn, var tekið í arf frá grískumælandi gyðingum. Af því nafni er heiti hvítasunnunnar í ýmsum erlendum málum dregið, til dæmis pentecost á ensku og pinse á dönsku. Íslenska heitið hvítasunna á sér einnig hliðstæðu í ýmsum málum, til dæmis Whitsunday á ensku.

**Algengt að skíra fólk á aðfaranótt hvítasunnu**

Til forna var heitið hvítadagur venjulega notað. Var nafnið dregið af því að algengt var að skíra fólk á aðfaranótt hvítasunnu, en hún var haldin hátíðleg eins og ýmsar aðrar aðfaranætur stórhátíða. Jólanóttin er dæmi um slíka aðfaranótt sem enn er haldin hátíðleg. Eftir skírnina voru þeir sem skírst höfðu færðir í hvít klæði eða hvítavoðir sem skírnarkjólar nútímans eiga rætur að rekja til. Hinir hvítklæddu skírnþegar settu því mikinn svip á hátíðarhald dagsins og raunar alls páskatímans.

**Hvítasunnan hefur misst heilagleika sinn**

Nú á dögum hefur hvítasunnan misst mikið af heilagleika sínum í huga fólks og er orðin að langri helgi og fyrstu ferðahelgi ársins ef vel viðrar. Sums staðar er hún þó enn notuð til ferminga. Ástæður þess að hvítasunnan hefur gleymst á þennan hátt eru ugglaust þær að tilefni hennar er huglægara og afstæðara en tilefni jóla og páska. Þá hafa færri trúarlegir og félagslegir siðir og venjur tengst hvítasunnunni en hinum hátíðunum tveimur, en slíkar venjur festa hátíðir gjarnan í sessi langt umfram það sem hið trúfræðilega inntak þeirra megnar að gera.

Fyrir fáeinum árum urðu deilur um lög sem heimila opnun verslana á hvítasunnunni til þess að reglur um afgreiðslutíma verslana sem selja dagvöru og skylda þjónustu voru rýmkaðar til muna. Eðlilegt er að aukin trúarleg fjölbreytni í samfélaginu leiði til þróunar í þessa átt. Það væri þó skaði ef kirkjan glataði þessari fornu höfuðhátíð og þeim gleðilega boðskap um „anda sannleikans“ sem hún boðar.

Um hvítasunnuna og aðrar hátíðir kirkjunnar má meðal annars lesa í riti Árna Björnssonar þjóðháttafræðings Saga daganna.

*Hjalti Hugason, prófessor í guðfræði við HÍ*



**FRÍKIRKJAN Í REYKJAVÍK** Áður var algengt að skíra fólk á aðfaranótt hvítasunnu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Vísindavefur Háskóla Íslands fjallar um öll vísindi, hverju nafni sem þau nefnast. Að jafnaði birtast þar 15-20 ný svör í hverri viku. Meðal spurninga sem glímt hefur verið við að undanförnu eru: Hvernig getur maður greint á milli hlébarða, blettatígurs og jagúars, af hverju nennir fólk að læra svona mikið, hver er uppruni orðanna hjónaband og hjón, hvað varð um rússnesku keisarafjölskylduna í októberbyltingunni, hvað er berkjubólga, hvernig er Reynisvatn myndað og hvaðan komu fyrstu hundarnir og hvernig eru hundar ræktaðir? Hægt er að lesa svör við þessum spurningum og fjölmörgum öðrum á slóðinni www.visindavefur.hi.is.

Orkuveita Reykjavíkur auglýsir styrk til konu sem stundar eða hyggst hefja nám í verkfræði eða tæknifræði.
Einungis nám til fyrstu prófgráðu í greininni er styrkhæft. Styrkurinn verður veittur um mánaðamótin ágúst-september nk.

Styrkur
til náms í verkfræði eða tæknifræði

Umsóknum með náms- og starfsferli ásamt upplýsingum um fyrirhugað nám og staðfestingu á skráningu skilist til Orkuveitu Reykjavíkur, Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík, merkt „Styrkur til til náms í verkfræði eða tæknifræði“, fyrir 8.júní nk.

Orkuveita Reykjavíkur hefur það sem lið í jafnréttisáætlun sinni að hvetja konur til náms í tæknigreinum og reyna þar með að stuðla að auknu framboði af vel menntuðum konum á þeim sviðum sem nýtast Orkuveitunni.

Orkuveita Reykjavíkur www.or.is

Orkuveita Reykjavíkur auglýsir styrk til konu sem stundar eða hyggst hefja nám í einum af eftirfarandi greinum: Vélfræði (vélstjórnun), rafvirkjun, vélvirkjun, múraraiðn eða pípulögnum.
Styrkurinn verður veittur um mánaðarmótin ágúst-september nk.

Styrkur
til iðnnáms eða vélfræði (vélstjórnun)

Umsóknum með náms- og starfsferli ásamt upplýsingum um fyrirhugað nám og staðfestingu á skráningu skilist til Orkuveitu Reykjavíkur, Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík, merkt „Styrkur til iðnnáms eða vélfræði (vélstjórnun)“, fyrir 8.júní nk.

Orkuveita Reykjavíkur hefur það sem lið í jafnréttisáætlun sinni að hvetja konur til náms í iðngreinum og vélfræði (vélstjórnun).

Orkuveita Reykjavíkur www.or.is

RÆKTAÐU VINA- OG FJÖLSKYLDUBÖNDIN
Pantaðu fermingarskeyti í síma 1446 eða á netfanginu www.postur.is.



PÓSTURINN
allur pakkinn

**Fjölbrautaskólinn í Breiðholti**



Fjölbrautaskólinn í Breiðholti býður mjög fjölbreytt nám:
bóknám, listnám, iðnnám/starfsnám.

Bóknám leiðir til stúdentsprófs og er undirbúningur fyrir háskólanám.

Listnám er undirbúningur fyrir frekara listnám, arkitektúr og annað framhaldsnám.

Markmið iðnnáms/starfsnáms er að undirbúa nemendur fyrir störf í ýmsum greinum atvinnulífsins, veita sérhæfð starfsréttindi og/eða undirbúning fyrir frekara nám.

**Bóknám til stúdentsprófs**
Félagsfræðabraut
Málabraut
Náttúrufræðibraut
Viðskipta- og hagfræðibraut
Upplýsinga- og tæknibraut
Þriggja ára náttúrufræðibraut

**Listnámsbrautir**
Myndlistarkjörsvið
Textíl- og hönnunarkjörsvið

**Löggilt iðnnám**
Húsasmíðabraut
Rafvirkjabraut
Snyrtibraut

**Löggilt starfsnám**
Sjúkraliðabraut
Sjúkraliðabrúin

**Eins til tveggja ára starfsnám**
Grunnnám rafiðna
Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina
Handíðabraut
Íþróttabraut
Viðskiptabraut

**Almenn námsbraut**

**Starfsbraut**

**Með viðbótarnámi er hægt að ljúka stúdentsprófi af öllum brautum.**

Innritun í Fjölbrautaskólann í Breiðholti er á netinu eða á skrifstofu skólans frá 09:00 til 15:00.

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

Austurbergi 5 111 Reykjavík Sími 570 5600
Símbréf 567 0389 Tölvupóstur: fb@fb.is

**www.fb.is**




**EYÐIMERKURBORGIN FRÁ FORNUM TÍMUM** Rómverska borgin Palmýra stóð á fjölförnum vegamótum og ber staðurinn með sér mikilfenglega sögu Sýrlands. Ekki hefur þó mikið verið lagt upp úr endurbótum og virðast stundum fleiri súlur liggja í hrúgum á jörðinni en standa uppi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANNA TRYGGVADÓTTIR

# „Alhamdúlilla“ fyrir Sýrland

Þrátt fyrir að ímynd **Sýrlands** sé ekki til þess fallin að laða ferðamenn að landinu ættu flestir sem sækja það heim að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. *Anna Tryggvadóttir* átti leið um landið í vetur og útskýrir af hverju Sýrland er draumaáfangastaður ferðalangsins.

Eyðimörk í austri, gróin strandlengja í vestri, hæðir, hólar og fornar borgir. Hvort sem áhugasvið ferðamannsins liggur í sögu, mannlífi eða náttúru hefur Sýrland upp á margt áhugavert að bjóða. Landið hefur verið í deiglu merkisatburðanna frá upphafi siðmenningarinnar og tilheyrir svæði sem virðist í dag vera endalaus uppspretta fréttaefnis. Þrátt fyrir þetta leggja fáir Íslendingar leið sína til landsins. „Ótryggt ástand“ er líkleg ástæða þess en þrátt fyrir það orðspor má minna á að þótt Sýrland eigi landamæri að Írak, Líbanon og Ísrael hafa stríðsátök verið þar í algjöru lágmarki. Og ekki hættum við að heimsækja New York, London og Madríd eftir hryðjuverkaárásirnar þar.

### Samtíningur í glerkössum

Þótt enn sé langt í land að Sýrland nái upp í evrópskan ferðamannastandard má segja að minnismerkjaflóra landsins sé með eindæmum fjölbreytt. Mikið hefur verið grafið upp af fornminjum í Sýrlandi og er þeim meðal annars komið fyrir í stórum og smáum söfnum. Kastalar, hallir og moskur eru oft opin almenningi og stundum búið að koma þar fyrir útstillingum. Sýrlendingar eru líka sérstaklega hrifnir af hernum sínum og vilja gjarnan sýna útlendingum herstyrk sinn með nákvæmum útlistunum á sigrum landsins undanfarnar aldir.

Ekki er fyrir miklum fínheitum að fara í kringum sögulegar fornminjar heldur eru Sýrlendingar meira í því að láta hlutina tala fyrir sig sjálfa. Minjum frá fyrri öldum er þá gjarnan staflað óskipulega inn í glerkassa með merkingum eins og „leirker frá ýmsum tímabilum“ eða „söguleg arabísk sverð“ og rómversk súlubrot finnast oftar í haugum en uppistandandi. Ef nákvæmari lýsingar er að finna á söfnum einkennast þær gjarnan af sýrlenskri söguskoðun þar sem iðulega er mikið gert úr rullu Sýrlands á sögusviðinu. Ferðalangurinn rekst til dæmis gjarnan á bæklinga frá ferðamálaráðuneytinu þar sem honum er tilkynnt, eins og um sögulegar staðreyndir sé að ræða, að tiltekin moska sé sú merkasta í sögu íslamsks arkítektúrs og að flest stórveldi sögunnar hafi haft mikilvægar stjórnstöðvar í Sýrlandi, allt frá Egyptalandi til forna og fram á tíma Ottómana.

### Yfirgefnar borgir

Nokkur söfn í Sýrlandi eru einstök í sinni röð og verðskulda næstum heimsókn til landsins ein og sér. Útisafnið í Kúnaítra á miðjum Gólanhæðum er eitt þeirra, en það er í raun ekkert annað en borg sem lögð var í rúst af ísraelskum hermönnum snemma á níunda áratugnum. Borgin og svæðið í kringum hana eru nú undir verndarhendi Sameinuðu þjóðanna og hafa Sýrlendingar ákveðið að leyfa borginni að standa eins og skilið var við hana eftir vopnuð átök um Gólanhæðir. Góð gönguferð milli sundurskotinna trúarbygginga og um borgarhverfi sem jarðýtur hafa jafnað við jörðu er ógleymanleg.



**STÓRKOSTLEGASTA ÍSLAMSKA MINNISMERKI ALLRA TÍMA** Umaítamoskan í Damaskus er mjög skemmtilegur staður til að finna sláttinn í sýrlensku þjóðfélagi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANNA TRYGGVADÓTTIR

Yfirgefnar borgir frá öllum tímum er einnig að finna í Sýrlandi. Rómverska eyðimerkurborgin Palmýra er samansafn stórkostlegra fornminja og hafa þar óvenjumargar byggingar verið endurreistar þótt enn liggi súlur og leirkersbrot eins og hráviði um svæðið. Jafnast Palmýra alveg á við rómverskar minjar hvar sem er, jafnvel á Ítalíu sjálfri, og það sem hún hefur umfram hinar rústirnar er tiltölulega fáir ferðamenn miðað við mikilfengleika. Allir ferðamannastaðir Sýrlands eiga það reyndar sameiginlegt.

### Guði sé lof fyrir ferðamennina

Oftast er ótvíræður kostur við ferðamannaleysið að athyglin beinist mjög að þeim fáu sem þar eru. Sýrlendingar eru innilegir heim að sækja, eins og araba er von og vísa, en á meðan sögur fara af óprúttnum Egyptum sem nýta sér gestrisnina í blóðinu til að hafa peninga af ferðamönnum eru opnir armar Sýrlendinga raunverulegir og vilja þeir sjaldnast fá greitt fyrir. Þeim er mikið í mun að fólk fari ánægðara til baka en það kom og gera allt til að koma til móts við þá sem sækja þá heim.

Sérstaklega sýna þeir betri hliðina á sér ef ferðamaðurinn leggur sig örlítið fram við vingjarnlegheitin. Getur þá lítil viðleitni margborgað sig og gefið tækifæri á ómetanlegri innsýn í líf venjulegs fólks. Einfalt orð eins og „Alhamdúlilla“, guði sé lof, greiðir leiðina að hjarta Sýrlendinga eins og línan „Sesam, opnist þú“ lauk upp klettinum forðum fyrir arabanum Aladín. Hægt er að skjóta orðinu að næstum hvenær sem tækifæri bregst og er það sérstaklega hentugt ferðamanninum ef einhver Sýrlendingurinn ávarpar hann á illskiljanlegri arabísku. „Alhamdúlilla“ tryggir að viðskilnaðurinn verður með brosi á vör.

### Landið sem ekki má nefna

Önnur gullin regla sem gott er að taka með í nesti til Sýrlands er að vara sig á því að styggja ekki heimamenn með fjálglegum yfirlýsingum um viðkvæmasta mál heimshlutans, deilur araba við Ísrael. Hvar sem réttlætiskennd ferðamannsins liggur í þessu flókna máli er gott að hafa í huga að það er brennandi heitt í Sýrlandi og kannski ekki að ástæðulausu. Hundruð þúsunda Palestínumanna búa vegabréfslaust í Sýrlandi og sjá landsmenn mikið eftir blessuðum Gólanhæðunum sem Ísraelar höfðu af þeim.

Einfalt er að fá virðingarprik hjá heimamönnum með því einu að kalla Ísrael því nafni sem margir Sýrlendingar og arabar yfir höfuð notast við: „herteknu svæðin“ (enska: occupied territories). Þar fyrir utan halda sumir fast í að nefna ekki Ísrael á nafn,



**STAÐREYNDIR UM SÝRLAND**

**Stærð:** 185.180 ferkílómetrar eða tæplega tvisvar sinnum stærra en Ísland.

**Fólksfjöldi:** Nítján milljónir.

**Trúarhópar:** 90% múslimar (þar af 78% súnní-múslimar) og 10% kristnir (um helmingur rétttrúnaðar og 15% kaþólikkar). Einnig búa nokkur hundruð gyðinga enn í Damaskus.

**Stærstu borgir:** Höfuðborgin Damaskus, Haleb (Aleppo), Homs og Hama.

**Tungumál:** Arabíska er opinbert tungumál landsins. Minnihlutahópar tala einnig armensku, túrkmensku og arameísku.

**Þjóðhöfðingi:** Forsetinn Bashar Al-Assad, en arabíska orðið asad þýðir ljón.

jafnvel í samtölum á íslensku, heldur fara í kringum það með því að tala um „landið sem ekki má nefna“. Orðið er jú alþjóðlegt og hægt að slá því föstu að það sé skrifað með stóru letri í leitarbókum sýrlensku leyniþjónustunnar. Sumir ganga meira að segja svo langt að halda því fram að ísraelskir njósnarar reyni oft og iðulega að komast inn í landið, þannig að glannalegar samræður geta orðið þess valdandi að grunur falli á ferðamanninn að hann tilheyri þeim hópi.

Að minnsta kosti er óhætt að kveða fast að orði þegar ferðamönnum er ráðlagt að ræða ekki um Ísrael á sýrlensku landamærunum. Eina alvöru hindrun ferðalaga til Sýrlands er nefnilega strangar reglur um inngönguleyfi í landið og ættu allir að gefa sér góðan tíma í undirbúning vegabréfsáritana. Hafa ber í huga að ef einhver merki finnast um Ísraelsdvöl í vegabréfi þess sem óskar inngöngu í Sýrland er eigandanum umsvifalaust sparkað öfugum út af landamærastöðinni. Landamæraverðirnir eru þó upp til hópa vingjarnlegir og ef ferðamaðurinn er með allt sitt á hreinu, og viss um það, ættu móttökurnar að vera eins og best verður á kosið.



**MÁ BJÓÐA ÞÉR BAKKELSI?** Matur fæst á sérstaklega góðu verði í Sýrlandi.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

**Allt fyrir ekkert**

Gestrisni Sýrlendinga er ekki hægt að kaupa en hægt er að lofa því að allt sem er falt fyrir verð fæst mjög ódýrt. Efnahagur Sýrlendinga stendur ekki í blóma og allar vörur ferðalangsins finnast á góðu verði. Gistingin kostar frá nokkrum hundruðum íslenskra króna og ferðalög í langferða- og leigubílum fást fyrir klink. Reyndar þurfa gæðin oft að lúta fyrir lágu verði en alltaf þegar bíllinn bilar er öruggt að bílstjórinn býður ferðalöngum í te á meðan lappað er upp á fararskjótann. Maturinn er líka ódýr en aftur á móti alltaf góður, sérstaklega fyrir þá sem hafa óseðjandi lyst á hummus og felafel.

Lágur uppihaldskostnaður mælir óneitanlega með því að heimsækja Sýrland. Þótt flugmiðinn þangað kosti töluvert meira en til Evrópulanda þarf ekki að dvelja marga daga í Sýrlandi til að kostnaðurinn verði sá sami og ef vegalengdin hefði verið styttri. Fátt ætti því að vera því til fyrirstöðu að íslenskir ferðalangar leggi í auknum mæli leið sína til landsins.


# Sumartími á stofnleiðum

Í samræmi við leiðabók Strætó bs. verður ekki ekið á 10 mín. tíðni frá 5. júní til og með 18. ágúst.

**Strætó bs.**
Allar nánari upplýsingar í síma 540 2700
www.bus.is

## Fyrstu ferðir virka daga

| Leið | Frá | Tími |
|---|---|---|
| S1 | Frá Hlemmi | kl. 06:52 ekið að Fléttutorgi. |
| | Frá Fléttutorgi | kl. 06:38 ekið að Hlemmi. |
| | Frá Hamraborg | kl. 06:52 ekið að Fléttutorgi. |
| S2 | Frá Hlemmi | kl. 06:43 ekið að Versölum. |
| | Frá Versölum | kl. 06:52 ekið að Hlemmi. |
| | Frá Hamraborg | kl. 06:38 ekið að Versölum. |
| S3 | Frá Hlemmi | kl. 06:44 ekið að Hólmaseli. |
| | Frá Mjódd | kl. 06:46 ekið að Hólmaseli. |
| S4 | Frá Hlemmi | kl. 06:46 ekið að Fellaskóla. |
| | Frá Mjódd | kl. 06:52 ekið að Fellaskóla. |
| S5 | Frá Hlemmi | kl. 06:58 ekið að Þingás. |
| | Frá Þingás | kl. 06:48 ekið að Hlemmi. |
| | Frá Ártúni | kl. 07:00 ekið að Þingás. |
| S6 | Frá Hlemmi | kl. 06:50 ekið að Móaveg. |
| | Frá Móavegi | kl. 06:48 ekið að Hlemmi. |

E. BACKMAN AUGLÝSINGASTOFA









899 kr. kg 1498
Goða hamborgarhryggur
40% afsláttur
599 kr. kg 799
Móa Veislufugl með fyllingu
25% afsláttur
15% afsláttur af gouda ostasneiðum
20% afsláttur
2 lítrar af 100% safa, 3 tegundir
279 kr/stk
Krónu samlokur
149 kr/stk
1358 kr. kg 1698
Krónu þurrkryddaðar svínakótilettur
El Rio tortilla chips 3 tegundir
159 kr/pk
Konfekt epli
169 kr/pk
30% afsláttur
Blómkál
199 kr/kg
Salsa sósur verð frá
139 kr/stk
1049 kr. kg 1499
Búkonu graflax eða reyktur lax í bitum
Virk Sam-keppni
SKEIFAN / BÍLDSHÖFÐI / HRINGBRAUT / BREIÐHOLT / NORÐURBRÚN / HVALEYRARBRAUT / MOSFELLSBÆR / SELFOSS / VESTMANNAEYJAR / ÞORLÁKSHÖFN
Skeifan: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar 12-18
Bíldshöfði: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar 12-19
Hringbraut: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar lokað
Breiðholt: virkir dagar 11-21, laugardagar 11-21, sunnudagar 12-21
Norðurbrún: virkir dagar 11-21, laugardagar 11-21, sunnudagar 12-21
Hvaleyrarbraut: virkir dagar 11-21, laugardagar 11-21, sunnudagar 12-21
Mosfellsbær: Allir dagar 12-23
Selfoss: virkir dagar 11-19, föstudagar 11-20, laugardagar 11-19, sunnudagar lokað
Vestmannaeyjar: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar lokað
Þorlákshöfn: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar lokað



KRÓNAN
VIRK SAMKEPPNI
40% afsláttur
479 kr. stk 709
Móa grillaður kjúklingur kaldur
299 kr. pk 498
4 Krónuhamborgarar og 4 hamborgarabrauð
Wagner pizzur
299 kr/stk
40% afsláttur
Kjörís frostpinnar grænir eða gulir
249 kr/pk
Krónubrauð stórt og gróft
99 kr/stk
BKI Kaffi Classic
326 kr/pk
Krónan skúffukaka
199 kr/stk
15% afsláttur af Elvital Nutri gloss
Heimilis servíettur 100 stk
399 kr/pk
Frón heimilis kex
239 kr/pk
3 eldhúsrúllur
379 kr/pk
Krónu súkkulaði-kex 2 pakkar
299 kr/pk
Gæða svissneskt súkkulaði
79 kr/pk
Alltaf frábær tilboð alla daga



**KJÆRNESTED SKIPHERRA** Guðmundur Kjærnested er í huga þjóðarinnar holdgervingur þorskastríðanna og baráttunnar gegn „ofureflinu“. Hann og aðrir skipherrar Landhelgisgæslunnar eru í margra augum stríðshetjur herlausrar þjóðar sem vann fullnaðarsigur á heims- og flotaveldi Breta. MYND/ÓLI TYNES

# Þorskurinn varinn með kjafti og klóm

Um þessar mundir eru þrjátíu ár liðin síðan Bretar viðurkenndu 200 sjómílna fiskveiðilögsögu Íslands með undirritun samninga í Osló árið 1976. *Svavar Hávarðsson* rifjaði upp baráttuna fyrir réttinum til að nýta mestu auðlind þjóðarinnar ásamt nokkrum þeim sem komu að málinu með beinum hætti.



**NÝKOMIN AF ÍSLANDSMIÐUM** Breska freigátan Falmouth reið ekki feitum hesti frá viðureign sinni við Tý hinn 6. maí 1976. Mörg bresku herskipanna stórskemmdust í viðureignum sínum við íslensku varðskipin.

**KRISTJÁN RAGNARSSON**
FYRRVERANDI FORMAÐUR LÍÚ

## Von á ýmsu frá Ragnarssyni

Kristján Ragnarsson, fyrrverandi formaður LÍÚ, fór til viðræðna við hagsmunaaðila þegar Bretar settu löndunarbann á íslensk skip eftir að 200 mílna fiskveiðilögsagan var orðin staðreynd 1976. Kristjáni var boðið til hádegisverðar hjá John Prescott, þingmanni Verkamannaflokksins og síðar aðstoðarforsætisráðherra Breta. Þar var einnig foringi úr bresku verkalýðshreyfingunni. Hugur margra Breta til Íslendinga kom vel í ljós í þessari heimsókn undir óvenjulegum kringumstæðum. „Pabbi Prescotts var þarna staddur þegar við fórum að tala um löndunarbann verkalýðshreyfingarinnar. Gamli maðurinn tók að tala okkar máli ef svo má segja og krefja verkalýðsforingjann um svör um löndunarbannið. Foringinn reiddist svo mikið að þegar nokkuð var liðið á máltíðina gekk hann á dyr. Við vorum mjög hissa á því af hverju hann hefði tekið þessu svona því við vöktum ekki upp neinar deilur. Jón Olgeirsson, sem þarna var með okkur, hitti verkalýðsforingjann seinna og spurði hann hverju þetta sætti. Þá svaraði hann því til að hann hefði átt von á ýmsu frá Ragnarssyni en maðurinn með honum hefði verið yfirgengilega dónalegur. Honum var brugðið þegar hann komst að því að maðurinn sem talaði máli Íslendinga svo kröftuglega var faðir Prescotts þingmanns.“



**DAVÍÐ ODDSSON** SEÐLABANKASTJÓRI

## Var þjóðinni hjartans mál



Davíð Oddsson seðlabankastjóri gegndi starfi blaðamanns Morgunblaðsins í Osló þegar samkomulag Íslendinga og Breta var undirritað árið 1976. Fréttablaðið spurði hvernig hann minntist þessara örlagaríku daga. „Þetta var í huga Íslendinganna gríðarlega stórt og mikið mál og það gat gengið í báðar áttir. Þar sem ég var í hópi fréttamanna þá heyrðust litríkar frásagnir um að það væri að slitna upp úr viðræðunum. Við fréttamennirnir rákumst svo á samninganefnd okkar síðar og það var mikill hugur í okkar mönnum og þeim fannst þeir hafa náð langt. Sérstaklega vegna þess að breski utanríkisráðherrann var tengdur kjördæmum sem voru mjög viðkvæm vegna þeirra hagsmuna sem um ræddi. Þeir sem voru í íslensku sendinefndinni vissu að þetta var mikið tilfinningamál heima og hætt við því að menn yrðu sakaðir um svikasamninga og undanlátssemi.“

Davíð minnir á að Bretar hafi gengið mjög hart fram og samskipti Íslendinga innan Nató litast af því. „Reyndar segja menn að Rumsfeld, varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, hafi þá verið í tengslum við sendinefnd Bandaríkjanna í Nató og kunnað okkur litlar þakkir. Hann muni þetta enn og það hafi jafnvel haft áhrif á afstöðu hans til varnarstöðvarinnar mörgum árum seinna.“ Davíð minnist íslensku sendinefndarinnar í heild sem galvaskra dugnaðarforka sem vissu vel af ábyrgð sinni. „Það voru miklar tilfinningar sem skiluðu sér til þeirra frá hjartarótum þjóðarinnar. Ég held að það sé ekkert pólitískt mál í dag sem myndi snerta fólkið í landinu eins djúpt, því það má segja að þetta hafi ekki einungis verið afkomumál í hugum manna heldur spurning hvort Ísland réði sínum málum og væri fullkomlega sjálfstætt eða ekki.“

## Landhelgismálið 1948 til 1976

**apríl 1948: Landgrunnslögin samþykkt á Alþingi.**

Lögin lýstu yfir rétti Íslands til að stýra fiskveiðum á landgrunninu. Höfundur laganna var Hans G. Andersen þjóðréttarfræðingur, sem síðar varð helsti ráðgjafi og sérfræðingur íslenskra stjórnvalda í hafréttarmálum.

■ **október 1949:**
Uppsögn landhelgissamningsins frá 1901 sem kvað á um þriggja mílna landhelgi umhverfis Ísland. Um vorið 1950 var landhelgin færð út í fjórar sjómílur undan Norðurlandi.

■ **mars 1952:** Ólafur Thors atvinnumálaráðherra gefur út reglugerð um fjögurra mílna lögsögu umhverfis Ísland. Í lok ársins höfust refsiaðgerðir Breta. Lokað var á fisksölu.

**1958-1961: Fyrsta þorskastríðið**

■ **1. september 1958:**
Fiskveiðilögsagan færð út í tólf mílur. Daginn eftir verða átök á miðunum. Breskir fjölmiðlar tala um að „þorskastríð“ sé hafið. Breskir togarar veiða undir herskipavernd. Í september 1960 hefjast samningaviðræður Breta og Íslendinga. Samkomulag næst í mars 1961. Bretar samþykkja grunnlínur og fá í staðinn takmörkuð veiðiréttindi næstu þrjú árin. Samið á sömu nótum við Vestur-Þjóðverja síðar sama ár.

**1972-1973: Annað þorskastríðið**

■ Alþingi ályktar að fiskveiðilögsagan skuli færð út í 50 mílur í 1. september 1972. Bretar senda hjálparskip á Íslandsmið sem veita bresku togurunum sjúkra- og viðgerðaþjónustu. Varðskipið Ægir slítur togvíra bresks togara með leynivopni íslensku varðskipanna, „klippunum“ svokölluðu, í fyrsta skipti í september 1972. Varðskipin þurfa ekki lengur að færa togara til hafnar en eyðileggja veiðarfæri þeirra í staðinn.
Skipstjórar krefjast herskipaverndar vegna þessa. Bretar senda dráttarbáta á vettvang. Eldgos í Vestmannaeyjum kemur í veg fyrir eftirlit varðskipa á miðunum.

Varðskipin fara á miðin í mars og klippa aftan úr mörgum togurum. Flotavernd hefst að nýju í maí 1973. Íslendingar hóta að slíta stjórnmálasambandi við Breta og gefa í skyn að þeir kunni að ganga úr Atlantshafsbandalaginu. Bretar gefa eftir í október 1973, í og með vegna þrýstings Bandaríkjamanna vegna mikilvægis Keflavíkurstöðvarinnar.



**KLIPPURNAR** Þetta einfalda verkfæri varð leynivopn íslensku varðskipanna sem Bretar áttu fá svör við.

**1975-1976: Þriðja þorskastríðið**

■ **Árið 1974** ákveður ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks undir forsæti Geirs Hallgrímssonar að færa lögsögu Íslendinga út í 200 mílur. Hafrannsóknastofnunin gefur út „svörtu skýrsluna“ um ofveiði þorsks á Íslandsmiðum. Reglugerð um 200 mílna lögsögu gengur í garð 15. október 1975. Varðskip skera aftan úr togurum í nóvember, herskip koma á miðin tíu dögum seinna og dráttarbátar stuttu seinna. Siglt á Þór úti fyrir Seyðisfirði sem svarar með viðvörunarskotum. Mál Íslands kemur til umræðu í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna en átökin halda áfram á miðunum. Stjórnmálasambandi við Breta slitið í febrúar 1976 og áfram verða harðir árekstrar á miðunum og Týr næstum sigldur niður í maí 1976. Skipstjóri breskrar freigátu biður um leyfi til að beita fallbyssum og sprengjum sínum gegn íslenskum varðskipum. Bretar gefa eftir þegar ljóst er að mörg lönd ætla að taka sér 200 mílna efnahagslögsögu innan árs. 1. júní 1976 er undirritað í Osló samkomulag Íslands og Bretlands. Stjórnmálasambandi er komið á að nýju. Bretar viðurkenna 200 sjómílna fiskveiðilögsögu með heimild til takmarkaðra veiða innan hennar í sex mánuði.

**HELGI HALLVARÐSSON** SKIPHERRA

## Voru klókir og úrræðagóðir



Helgi Hallvarðsson var skipherra við útfærslu landhelginnar í 50 og 200 mílur. Helgi lenti margoft í útistöðum við bresk herskip og dráttarbáta. Hann segist ekki hafa tölu á því hvað hann klippti aftan úr mörgum togurum á þessum árum. En hvað einkenndi mennina í brúnni á íslensku varðskipunum? „Þetta voru allt mjög góðir sjómenn. Klókir og úrræðagóðir. Þeir voru misjafnlega klippufærir enda með herskipin ofan í sér og dráttarbátana líka.“ Helgi segir að sumir hafi verið örir í skapi og mishrifnir af Tjöllunum. „Guðmundur Kjærnested var hershöfðingi og kappi. Hann gat blásið vel úr nös en var rólegur undir öllum kringumstæðum og gat haft stjórn á tilfinningum sínum. Við vorum það kannski allir þegar hasarinn var en blésum þegar komið var út úr átökunum. Það þurfti að ná út taugatitringnum eins og einn vinur minn sem fór upp á fjall og öskraði á móti vindinum.“

# HM Tilboð

## Allt sem þú þarft fyrir HM 2006

**Fæst aðeins í Kringlu, Smáralind og á markaði Hagkaupa Akureyri**




**United 42" plasma sjónvarp**

- 42" plasma skjár
- Upplausn 852x480 punktar
- Progressive Scan
- HDTV Ready
- Skerpa: 3000:1
- Birta 1000 cd/m²
- Mynd í mynd
- Nicam stereó hljóðkerfi
- Góðir tengimöguleikar
- Einföld fjarstýring

**Verð 149.990 kr**

36ltr. coke og 20 pokar af Maarud snakki fylgja einnig í kaupauka







HM áskrift af Sýn fylgir

**sýn** *besta sætið*

## Hm áskrift af sýn fylgir hverju keyptu 42" United plasma sjónvarpi

Innifalið í áskriftinni er: Sýn & Sýn extra - Arsenal TV Chelsea TV - ESPN classic Eurosport - Eurosport 2 Extreme Sport - Liverpool TV - Motors TV - MUTV Sky News - NBA TV

Gildir til 9. júní eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP** *Skemmtilegast að versla*

# *Hollywood-gyðja sem þarf að berjast fyrir sínu*

Leikkonan **Halle Berry** er funheit í Hollywood um þessar mundir en lífið hefur ekki alltaf leikið við hana. ***Þórarinn Þórarinsson*** hitti stjörnuna, sem hefur þurft að berjast fyrir því að komast á toppinn, að máli í Cannes.



**STORM** Berry leikur ofurhetjuna Storm í þriðja sinn í The Last Stand en hún telur nánast útilokað að persóna sín úr X-Men-myndunum muni skjóta upp kollinum í sjálfstæðri framhaldsmynd. „Ég hef engan sérstakan áhuga á slíku enda er það X-Men-hópurinn sem hefur heillað mig. Þetta er svo fjölbreytt persónugallerí sem endurspeglar samfélagið allt og það er það sem gerir myndirnar svo áhugaverðar.“

Halle Berry geislaði af lífsgleði í sólinni í Cannes þar sem hún var ásamt meðleikurum sínum að kynna ævintýramyndina X-Men: The Last Stand. Þó að X-Men væri mál málanna var auðvelt að fá hana til þess að tala um allt milli himins og jarðar. Berry verður fertug í ágúst og segist aldrei hafa haft það jafn gott.

„Ég hef aldrei verið betur á mig komin, hvorki andlega né líkamlega,“ segir Berry, sem hefur marga fjöruna sopið, ekki síst í ástarmálum, en hún telur sig nú loksins hafa fundið hinn eina rétta. „Ég er mjög hamingjusöm og það var tími til kominn.“

**Fórnarlamb lúmskra fordóma**

Leiðin hefur legið upp á við jafnt og þétt hjá Berry allt frá því hún lék í Spike Lee-myndinni Jungle Fever og hasarmyndinni The Last Boy Scout á móti Bruce Willis árið 1991. The Last Stand er þriðja X-Men-myndin hennar og hún átti góða innkomu sem hörkutólið Jinx í James Bond-myndinni Die Another Day. Inni á milli stórra hasarmynda lék hún svo í Monster´s Ball, sem skilaði henni Óskarsverðlaunum sem besta leikkonan í aðalhlutverki árið 2001.

„Ég hef þurft að berjast fyrir nánast hverju einasta hlutverki,“ segir Berry og er nokkuð niðri fyrir. „Í alvöru talað. Öll þau hlutverk sem mig hefur virkilega langað til að leika hafa kostað mig átök. Ég veit ekki hvað veldur þessu og án þess að ég sé að kvarta þá lifum við í heimi kynþáttafordóma og í sannleika sagt verður fólk eins og ég fyrir barðinu á fordómum á sumum sviðum. Ég er ekki að segja að Hollywood sé fordómafull en fordómarnir eru svo lúmskir að fólk gerir sér ekki alltaf grein fyrir því að þeir stjórna ákvörðunum þess.“



**HALLE BERRY Í CANNES** Hefur aldrei verið hamingjusamari. Hún er ástfangin upp fyrir haus og er nýbúin að landa aðalhlutverki í næstu mynd danska leikstjórans Susanne Bier.

**Hætt að reyna að þóknast öðrum**

Berry segist, eins og fleiri leikarar í The Last Stand, hafa heillast af samfélagsgagnrýninni sem fléttuð er inn í handrit myndarinnar. „Myndin fjallar beinlínis um kynþáttafordóma og ég tengdist þessu efni sterkum böndum. Fyrst og fremst sem kona og svo einnig sem lituð kona,“ segir Berry, sem hefur bæði mátt gjalda fyrir kyn sitt og hörundslit á leið sinni á toppinn. „Það er mikilvægt að við hugsum um þessi mál. Ég hugsaði um það oft á dag, á meðan við vorum að gera myndina, hvað myndi gerast ef yfirvöld í Bandaríkjunum myndu þvinga fólk til að taka mótefni sem breytti dökum hörundslit fólks í hvítan og ég þyrfti að taka þetta inn til þess að halda lífi eða fá að búa áfram í landinu mínu. Það væri hræðilegt og þessar hugsanir vöktu upp sterkar tilfinningar innra með mér. Allt mitt líf hef ég barist fyrir því að vera tekin í sátt og verða samþykkt. Það var ekki fyrr en ég komst á fertugsaldurinn sem ég áttaði mig á að það skiptir ekki máli hvað öðrum finnst. Ég gerði mér þá loks grein fyrir því að fólk gæti bara tekið mér eins og ég er og ég þyrfti ekki að breyta mér til að þóknast öðrum.“

**Er enn að berjast**

Þrátt fyrir Óskarsverðlaunin og byr sem leikkonan hefur fengið undir báða vængi þurfti hún að hafa mikið fyrir því að landa aðalhlutverkinu í næstu mynd danska leikstjórans Susanne Bier. Myndin heitir Things We Lost in the Fire og allt útlit er fyrir að Benicio Del Toro muni leika á móti Berry í henni.

„Handritið barst mér á meðan ég var að leika í X-Men. Það höfðaði svo sterkt til mín að ég stökk upp, hringdi í umboðsmanninn minn og hrópaði á hann að ég yrði að fá þetta hlutverk. Þetta var svip-






**MONSTER´S BALL** Berry fékk Óskarsverðlaun fyrir leik sinn í myndinni en hún hikar ekki við að slá af kaupkröfum til þess að tryggja sér hlutverk í minni myndum ef handritin heilla hana.

uð tilfinning og þegar ég las Monster´s Ball.“

Mynd Bier fjallar um ekkju, tveggja barna móður, sem tekur vin látins eiginmanns inn á heimili sitt. Sá er í miklum vanda en eftir að honum tekst að snúa lífi sínu við hjálpar hann fjölskyldunni að horfast í augu við og takast á við fráfall fjölskylduföðurins.

**Tókst að heilla Susanne Bier**

„Ég vissi að þetta yrði lítil mynd og ég myndi líklega ekki fá mikinn pening fyrir hlutverkið en mér var alveg sama. Ég bara varð að gera hana. Umboðsmaðurinn sagði mér að ég myndi líklega ekki hreppa hlutverkið þar sem verið væri að skoða Reese Witherspoon og allar aðrar leikkonur en mig.“

Berry var þó ekki á þeim buxunum að gefast upp enda hefur hún Bier í hávegum. „Ég ákvað samt að berjast fyrir þessu og var svo heppin að fá hana til að hitta mig í New York í síðasta mánuði. Ég vissi að ég hefði eina klukkustund til þess að heilaþvo hana og gera henni grein fyrir því hversu mikils ég mæti verk hennar og hefði ríka þörf fyrir að leika í þessari mynd. Ég hafði séð myndina hennar Brothers (Brødre) og hún heillaði mig gjörsamlega upp úr skónum.“

Berry hafði erindi sem erfiði. „Strax eftir þennan hádegisverð hringdi hún í umboðsmann minn og sagði honum að ég fengi hlutverkið. Ég er í skýjunum. Ég er mjög hrifin af konum og kvenleikstjórum. Þetta er lítil mynd um fólk, brot úr lífinu, og frábært mótvægi við myndir eins og X-Men. Mér finnst mjög gott að blanda þessu saman og svissa milli kvikmyndagreina og persónugerða.“

**Langar stundum að öskra**

Berry segir úrtölurnar sem hún fékk að heyra þegar hún lýsti áhuga sínum á að leika í mynd Bier dæmigerðar fyrir fordómana sem hún hefur mátt mæta á ferlinum. „Mér var sagt að það væri ómögulegt að láta mig leika eiginkonuna þar sem þá yrðu börnin að vera blönduð. Eiginmaðurinn mætti ekki vera svartur líka vegna þess að þá yrði þetta „svört“ mynd. Mig langar stundum að öskra þegar ég heyrði þetta og hugsaði með mér: „Jæja, þá byrjum við eina ferðina enn.“ Af hverju get ég ekki bara verið Halle Berry sem er nógu gömul til þess að leika móður og fengið hlutverkið út á það? Stundum nægir að spyrja svona til þess að fólk ranki við sér og spyrji á móti „Já, af hverju ættirðu ekki að geta það?“ Ég er enn að glíma við þetta í Hollywood.“

# Helstu myndir Halle Berry

**X-Men: The Last Stand** (2006)
**Catwoman** (2004)
Gjörsamlega misheppnuð mynd um Kattarkonuna sem á rætur sínar að rekja til Leðurblökumannsins. Berry var eins og álfur út úr hól í bjánalegum kisukonubúningnum, sem var þó ekki það versta við þessa mynd.
**Gothika** (2003)
Hálf misheppnaður sálfræðispennutryllir um konu sem vaknar minnislaus á geðveikrahæli sem eiginmaður hennar stjórnar. Skelfileg minningarbrot sækja á hana og vekja upp grunsemdir um að húsbóndinn sé með óhreint mjöl í pokahorninu. Penelope Cruz kemur við sögu í litlu hlutverki.
**X2** (2003)
**Die Another Day** (2002)
Berry tók sig vel út í hlutverki njósnarans Jinx sem gekk til liðs við sjálfan James Bond.
**Monster's Ball** (2001)
Billy Bob Thornton leikur rasískan fangavörð og böðul sem þarf að endurskoða hug sinn þegar hann fellur fyrir þeldökkri eiginkonu síðasta mannsins sem hann tók af lífi í fangelsinu. Berry fékk Óskarsverðlaunin fyrir túlkun sína á ekkjunni.
**Swordfish** (2001)
Berry hittir hér aftur fyrir Hugh Jackman, félaga sinn úr X-Men, í spennumynd um góðhjartaðan tölvuþrjót sem lendir í klónum á Berry og fláráðum John Travolta. Myndarinnar er helst minnst fyrir það að Berry beraði á sér brjóstin og vakti fyrir vikið heimsathygli.
**X-Men** (2000)
Brian Singer leyfði Berry að njóta sín með hvíta hárkollu í fyrstu X-Men myndinni.
**Bulworth** (1998)
Warrren Beatty leikur stjórnmálamanninn Bulworth sem tekur upp á þeirri fásinnu að segja kjósendum sannleikann. Berry leikur unga stúlku sem hjálpar honum að finna sjálfan sig.
**Executive Decision** (1996)
Hér sýnir Berry ágætis takta sem hugrökk flugfreyja sem kemur Kurt Russell til hjálpar þegar hann reynir að frelsa farþega risaþotu úr klóm hryðjuverkamanna.
**The Flintstones** (1994)
Þessi leikna útgáfa af The Flintstones var misheppnuð í flesta staði en Berry tók sig vel út í steinaldarbikiní með hlébarðamunstri.
**Boomerang** (1992)
Eddie Murphy lenti í klónum á Berry í þessari brokkgengu gamanmynd, sem var þó einn hressilegasti dauðakippurinn á ferli þessa heillum horfna gamanleikara.
**The Last Boy Scout** (1991)
Tony Scott fékk Berry til þess að leika hina feigu nektardansmey Cory í þessari spennumynd með Bruce Willis. Berry mætti til leiks kynþokkafull og falleg og þarna þótti strax ljóst að fram væri komið efni í stjörnu.
**Jungle Fever** (1991)
Spike Lee gaf Berry tækifæri til að spreyta sig í hlutverki ungs heróínfíkils. Hlutverkið var lítið en það breytti því ekki að eftir stúlkunni var tekið.








VIÐSKIPTAVINURINN
Í FYRSTA SÆTI

Glitnir Fjármögnun býður fjölbreytta
kosti við fjármögnun bíla og atvinnutækja.

**Eigð'ann**

Eignastu bílinn
með hjálp Glitnis

- **Bílalán**
- **Bílasamningur**

**Leigð'ann**

Greiddu aðeins
fyrir afnot af bílnum

- **Einkaleiga**
- **Rekstrarleiga**

Hafðu samband í síma 440 4400 eða
kynntu þér málið á **www.glitnirfjarmognun.is**

GLITNIR
FJÁRMÖGNUN

# Kraftaverk á hverjum degi



Óhætt er að segja að **Tinna Gunnlaugsdóttir** hafi hrist upp í Þjóðleikhúsinu á sínu fyrsta ári sem leikhússtjóri. Verkefnavalið og efnistökin voru venju fremur djörf en að sama skapi umdeild. *Bergsteinn Sigurðsson* ræddi við þjóðleikhússtjóra um leikárið sem er senn á enda.

Fyrsta verk Tinnu eftir að hún var ráðin þjóðleikhússtjóri var að stokka upp í starfsmannamálum stofnunarinnar og tókst henni að gera það í tiltölulega góðri sátt við starfsfólk. Breytingarnar voru ekki bundnar við reksturinn heldur náðu líka til verkefnavalsins, sem varð djarfara en gengur og gerist í Þjóðleikhúsinu auk þess sem sex ný íslensk verk fóru á fjalirnar.

„Þjóðleikhúsið hefur mikilvægu hlutverki að gegna sem lykil menningarstofnun í landinu og um leið hefur það víðtækar skyldur. Verkefnavalið verður að mínu viti að ráðast af listrænum metnaði en jafnframt þarf öll úrvinnsla að vera fagleg og úrvalið það fjölbreytt að þangað hafi sem flestir eitthvað að sækja. Það sem ég tel þó mestu varða er að stuðla að nýsköpun í leiklist, fyrst og fremst með því að veðja á nýskrifuð verk og nýtt hæfileikafólk. Ég er stolt af því að á verkefnaskrá nýliðins vetrar voru ný innlend verk í meirihluta.“

Hún minnir á að Þjóðleikhúsið er ekki safn heldur lifandi listastofnun. „Vitanlega fylgir því áhætta að veðja á ný innlend verk. Með sama hætti getur það verið umtalsverð áhætta að veðja á erlenda höfunda sem ekki hafa fengið mikla umfjöllun eða kynningu á Íslandi. En þá áhættu verður þjóðleikhús að geta tekið innan skynsamlegra marka.“

### Umdeild Virkjun

Tinna tekur undir að pólitískur broddur hafi sannarlega verið áberandi í mörgum verka vetrarins, sem sé ekki óeðlilegt því lifandi leikhús verði að taki púlsinn á samfélaginu. „Leikhúsið er í raun, eða getur að minnsta kosti verið, ákaflega sterkur samtímaspegill. Það segir dæmisögur og þegar þær dæmisögur eiga sér áleitnar hliðstæður í samtímanum, getur það orðið verulega afhjúpandi og þá um leið hápólitískt.“

Umdeildasta sýning leikársins er án efa Virkjunin eftir austurríska nóbelsskáldið Elfriede Jelinek sem sýnt var á Stóra sviðinu. Verkið er ekki aðeins hápólitískt heldur líka óhefðbundið miðað við það leikhús sem íslenskir áhorfendur hafa átt að venjast, enda segir Tinna að tilgangur sýningarinnar hafi annars vegar verið að kynna ákaflega merkan höfund og um leið fyrstu konuna sem hefur hlotið bókmenntaverðlaun Nóbels fyrir leikritaskrif og hins vegar að kynna leikhúsgestum nýja aðferðafræði og nýjan skilning á möguleikum leikhússins sem miðils.

„Við vissum að Virkjunin yrði umdeild og ákváðum að taka þá áhættu. Við vissum líka að það fólst í verkefnavalinu mikil áskorun fyrir alla þá sem komu að undirbúningi og vinnslu sýningarinnar. Að mínu viti vann leikhópurinn, undir styrkri stjórn Þórhildar Þorleifsdóttur, umtalsverðan sigur á viðfangsefninu og skilaði glæsilegri og hárbeittri sýningu. Ég hlýt þó að viðurkenna að okkur í Þjóðleikhúsinu mistókst að nokkru að vekja áhuga gesta leikhússins á þessum merka höfundi. Ef til vill eru leikhúsgestir hefðbundnir í skilningi sínum á leikhúsi og ekki alveg eins tilbúnir til að opna fyrir nýjungum og ég hafði ætlað; ef til vill var Virkjunin hreinlega of snemma á ferðinni.“

### Gagnrýni verður að vera fagleg

Þjóðleikhúsið hefur að margra mati ríkari skyldum að gegna en önnur leikhús og þótt óhætt sé að fullyrða að verkefnaval Þjóðleikhússins í ár hafi einkennst af djörfung voru ekki allir ánægðir með afraksturinn. Súsanna Svavarsdóttir, leiklistarrýnir Fréttablaðsins, var til dæmis harðorð í grein sem birtist í blaðinu á dögunum og þótti leikárið leiðinlegt og misheppnað.

Tinna segist vita að væntingar fólks til Þjóðleikhússins geti verið margvíslegar og oft æði persónubundnar. „Það er aldrei hægt að gera svo öllum líki, en þegar kemur að umfjöllun um leiklist á opinberum vettvangi verða menn að kunna að skilja á milli tilfinningasemi og faglegrar umfjöllunar. Mér finnst mjög mikilvægt að fjölmiðlar á borð við Fréttablaðið, sem fara víða og eru áberandi, geri þá kröfu til þeirra sem þeir ráða til þess að fjalla um leiklist að þeir taki starf sitt alvarlega og sinni því af eins mikilli fagmennsku og kostur er. Annað er í raun lítilsvirðing og dónaskapur við Þjóðleikhúsið og þá sem þar starfa. Áhorfendur vilja líka geta treyst því að það sem stendur á prenti um sýningar leikhússins sé að einhverju marki vitræn úttekt, byggð á góðri yfirsýn og skilningi á möguleikum leikhússins. Aðeins þannig getur gagnrýni þjónað tilgangi sínum og um leið varpað ljósi á stöðu leiklistarinnar í landinu.“

*Ef til vill eru leikhúsgestir hefðbundnir í skilningi sínum á leikhúsi og ekki alveg eins tilbúnir til að opna fyrir nýjungum og ég hafði ætlað; ef til vill var Virkjunin hreinlega of snemma á ferðinni.*

*Skuldir hafa hlaðist upp með tímanum og það verður að segjast eins og er að hann var ansi þungur bagginn sem mér sem stjórnanda var gert að axla þegar ég tók við embætti. Ég er enn með þann bagga á bakinu og sé ekki hvernig mér á að takast að jafna stöðuna.*

### Minni sviðin slógu í gegn

Á heildina litið var aðsóknin í Þjóðleikhúsið í vetur góð að sögn Tinnu, þótt hún hefði viljað sjá fleiri gesti á Stóra sviðinu. „Það má þó segja að minni sviðin hafi slegið í gegn á kostnað Stóra sviðsins. Í Kassanum og á Smíðaverkstæðinu hafa allar sýningar fengið frábæra dóma og afburða aðsókn, en sýningar Stóra sviðsins hafa ekki allar verið að gera sig eins vel. Á því eru þó undantekningar og Túskildingsóperan gekk til að mynda fyrir fullum sal allt sýningartímabilið, eins hlaut Halldór í Hollywood fína aðsókn og Fagnaður fór vel af stað. Listrænt séð er því afrakstur leikársins með eindæmum góður og það hlýtur að vega nokkuð, þó í heildina gefi góð aðsókn á Stóra sviðið óneitanlega meira af sér í efnahagslegu tilliti, en góð aðsókn á minni sviðin.“

Að mati Tinnu er það tímanna tákn að leikhúsgestir virðast í síauknum mæli sækja í minni rými og þá innilegu og áreynslulausu stemningu sem þau veita. „Þar er nálægðin við listamennina á sviðinu svo mikil að augnablikið, „núið“, verður næstum því áþreifanlegt. Slík upplifun er einstök og þakklátt mótvægi við tilfinningaleysi og síbylju miðla á borð við sjónvarp. Það hefur oft reynst erfiðara að skapa þessa innilegu stemningu á Stóra sviðinu, það liggur í hlutarins eðli, það er þó alls ekki einhlítt.“

### Skuldum hlaðin stofnun

Auk þess að hafa hrist upp í verkefnavalinu gerði Tinna breytingar á sýningafyrirkomulagi Þjóðleikhússins. Verkin eru nú sýnd þéttar en áður en því fylgja kostir og gallar. „Það hefur reynst vel í listrænu tilliti. Sýningarnar keyrast upp í fágaða rútínu á skömmum tíma, en á móti höfum við orðið vör við að fólk hefur í sumum tilfellum misst af sýningum sem það ætlaði að sjá, einfaldlega vegna þess að sýningatímabilið var styttra en það hefur átt að venjast.

Með því að þétta sýningar og beina starfinu að því að sinna einni sýningu í einu á hverju sviði höfum við líka verið að leita leiða til að skera niður kostnað, þar sem öll aðstaða er með þeim hætti í húsinu að geymslupláss fyrir leikmyndir er lítið sem ekkert. Það hefur í gegnum tíðina kostað mikla fjármuni að þurfa nánast að taka leikmyndir niður í frumparta til að koma þeim fyrir og geta geymt þær milli sýningarkvölda á mismunandi leikritum. Við ætlum þó að leita leiða til að gefa gangsýningum aukið rými næsta vetur með því að láta sýningatímabilin skarast meira.

Það er þó tilfellið að það er almennt mjög erfitt að ná nokkurri hagræðingu í rekstri Þjóðleikhússins þar sem öll tækniaðstað baksviðs er löngu orðin úrelt að svo til öllu leyti og kallar á stöðugar bráðabirgðalausnir og reddingar. Það er löngu tímabært að taka á þeim málum af myndarskap. Það sem þótti fullgott fyrir um áttatíu árum þegar Guðjón Samúelsson hannaði Þjóðleikhúsið

## FRUMSÝNINGAR ÞJÓÐLEIKHÚSSINS LEIKÁRIÐ 2005 - 2006

### STÓRA SVIÐIÐ



**Halldór í Hollywood** eftir Ólaf Hauk Símonarson. Leikstjóri: Ágústa Skúladóttir.



**Túskildingsóperan** eftir Bertolt Brecht og Kurt Weill. Leikstjóri: Stefán Jónsson.



**Virkjunin** eftir Elfriede Jelinek. Leikgerð: María Kristjánsdóttir. Leikstjóri: Þórhildur Þorleifsdóttir.



**Átta konur** eftir Robert Thomas. Aðlögun og söngtextar: Sævar Sigurgeirsson. Leikstjóri: Edda Heiðrún Backman.



**Fagnaður** eftir Harold Pinter. Leikstjóri: Stefán Jónsson.

### KASSINN



**Pétur Gautur** eftir Henrik Ibsen. Leikstjóri: Baltasar Kormákur.



**Umbreyting** - ljóð á hreyfingu eftir Bernd Ogrodnik. Leikstjóri: Ágústa Skúladóttir.

### SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ



**Frelsi** eftir Hrund Ólafsdóttur. Leikstjóri: Jón Páll Eyjólfsson.



**Eldhús eftir máli** - Hversdagslegar hryllingssögur eftir Völu Þórsdóttur innblásnar af verkum Svövu Jakobsdóttur. Leikstjóri: Ágústa Skúladóttir.



**Leitin að jólunum** eftir Þorvald Þorsteinsson og Árna Egilsson. Leikstjóri: Þórhallur Sigurðsson.

### LITLA SVIÐIÐ



**Nú skyldi ég hlæja, væri ég ekki dauður!** byggt á íslenskum þjóðsögum. Leikstjóri: Ágústa Skúladóttir.


**TINNA GUNNLAUGSDÓTTIR** Þegar best lætur verður leikhúsupplifunin svo innileg og sterk að augnablikið, „núið", verður næstum því áþreifanlegt.

er ekki viðunandi í dag. Það þarf að tæknivæða Þjóðleikhúsið og byggja við það til austurs, það hafa menn vitað lengi, án þess þó að gera nokkuð í málinu.

Rekstur Þjóðleikhússins er undirfjármagnaður og hefur verið það lengi. Miðað við fjármögnun sambærilegra leikhúsa á Norðurlöndum og í Norður-Evrópu er starfsfólk Þjóðleikhússins hreinlega að vinna kraftaverk á hverjum degi, en það dugar ekki til. Skuldir hafa hlaðist upp með árunum og það verður að segjast eins og er að hann var ansi þungur bagginn sem mér sem stjórnanda var gert að axla þegar ég tók við embætti. Ég er enn með þann bagga á bakinu og sé ekki hvernig mér á að takast að jafna stöðuna."

**Hróðurinn berst víða**

Tinna er fyrir löngu farin að huga að næsta leikári og kennir þar ýmissa grasa. Hún segist njóta starfsins þó það sé hvorki einfalt né auðvelt að vera í forsvari fyrir Þjóðleikhúsið. „Hér vinnur frábært fólk og ég fullyrði að við eigum að geta verið stolt af Þjóðleikhúsinu okkar. Það er litið til þess sem framúrskarandi víðar en við gerum okkur grein fyrir, það sýnir til dæmis umfjöllun eins virtasta leiklistargagnrýnanda Breta, Michaels Billington, en í umfjöllun sinni um sýningar Þjóðleikhússins á Fagnaði og Pétri Gaut sem hann birti nýlega í The Guardian, sagði hann þær í hæsta gæðaflokki og svo sannarlega eiga erindi langt út fyrir landsteinana.

Áhugi Dana á sýningum Þjóðleikhússins sýnir það sama en nýlega þáði leikhúsið boð um að sýna tvær gestasýningar á „Eldhús eftir máli" í Konunglega leikhúsinu í Kaupmannahöfn. Sú leikför tókst með afbrigðum vel og vakti sterk viðbrögð þeirra sem sáu hana. Fyrir okkur var þetta líka söguleg stund, en þetta er í fyrsta sinn í sögunni sem Þjóðleikhúsið heimsækir Konunglega leikhúsið í gömlu höfuðborginni okkar með gestasýningu. Í haust hefur sýningu leikhússins á Pétri Gaut verið boðið á hina virtu Ibsenhátíð í Ósló, en sú sýning hefur vakið athygli og fyrirspurnir borist víða að.

Við Íslendingar erum rík að eiga Þjóðleikhús sem með metnaðarfullu starfi í ríflega hálfa öld hefur sýnt og sannað að það er sannkölluð þjóðargersemi. Við getum þakkað stórhug frumkvöðlanna og þjóðarinnar allrar á sínum tíma, en við getum einnig þakkað þá velgengni sem Þjóðleikhúsið hefur búið við frá upphafi, viðvarandi áhuga og velvilja fólksins í landinu."

**KÚBUÆVINTÝRI** TINNA ÞÓRUDÓTTIR ÞORVALDSDÓTTIR SKRIFAR FRÁ HAVANA

# *Garapiña frænkunnar – gott ráð við hita*

Hér er hitinn að verða gjörsamlega óbærilegur. Ég fer helst ekki út úr húsi á milli 11 og 15 á daginn þegar hitinn er mestur. Maí er samt rigningamánuðurinn og allir eru að bíða eftir fyrstu rigningunni, maður á að baða sig í henni því það boðar gæfu. Hún er ekki komin enn. Annað gæðalegt við rigninguna er að með henni þroskast mangóin, avókadóin og fleiri ávextir. Það er eitt sem ég á eftir að sakna þegar ég kem heim, allir ávextirnir. Er búin að uppgötva meira en tvær tylftir af ávöxtum sem ég vissi ekki að væru til í heiminum, sem ég hafði ekki einu sinni séð í sjónvarpi eða á myndum. Talandi um ávexti, þá lærði ég að gera magnaðan ananasdrykk þegar ég var á ferðalagi úti á landi um daginn. Þar gisti ég hjá gamalli frænku vinar míns og hún gaf mér uppskriftina. Drykkurinn er kallaður garapiña og það besta við hann er að maður býr hann til úr hýðinu og stilknum inní sem maður hendir annars. Það tekur reyndar þrjá daga að gera hann en allt annað er auðvelt. Best er að frysta hann í litlum skömmtum, eins og frænkan er að gera á myndinni, og þá er drykkurinn afskaplega frískandi í hitanum. Svo þar hafið þið það, hér er komið gott ráð til að þola næstu hitabylgju sem gengur yfir heima.

**Garapiña frænkunnar**

Það sem til þarf er ílát úr gleri, stór glerkrukka er tilvalin. Í hana setur maður stilkinn, hýðið og nóg vatn til að þekja alla bitana. Drykkurinn þarf að anda svo ekki loka krukkunni, settu heldur klút eða sigti yfir opið. Geymdu drykkinn í þrjá daga og ef þú vilt hafa hann sterkari þá lengur. Þá er bara eftir að sigta og sykra drykkinn eftir smekk og voilà!






# Við opnum nýja verslun ESSO aðfanga í Knarrarvogi!

Í dag bjóðum við þér að kíkja með fjölskylduna í nýja og glæsilega verslun ESSO aðfanga í Knarrarvogi 4. Í versluninni finnurðu mikið úrval af vörum frá leiðandi framleiðendum í grillum, útivistarvörum, verkfærum, bílavörum, hreinlætisvörum o.fl. o.fl.

Komdu í heimsókn – við hlökkum til að sjá þig!

**Frábær opnunartilboð í tilefni dagsins.**

**Til sýnis verður Formúlu 1 bíll frá McLaren Mercedes sem er sömu gerðar og Mika Häkkinen ók þegar hann varð heimsmeistari árið 1999.**

**Blöðrur og Emmess ís fyrir börnin.** emmessís

**Opið kl. 10–16 í dag, laugardag.**




**Vinnu- og útivistarfatnaður og skór**
Timberland PRO SERIES
OCEAN
66° NORÐUR

**Verkfæri og skápar**
Beta
DEWALT

**Smurefni og bílavörur**
Mobil
Esso

**Grillvörur og gasáfyllingar**
OUTBACK
FIESTA

**Rafhlöður**
Panasonic

**Bónvörur og hreinsiefni**
Turtle wax

**Rafgeymar**
VARTA

**Pappírs- og hreinlætisvörur**
TORK

Esso | aðföng

# Af flettiskiltum og fárveikum hænsnum

Eftir að hafa verið ýtt frekjulega til hliðar af kuldakastinu í síðustu viku stakk sumarið fætinum aftur inn um dyragættina í vikunni sem er að líða. *Gunnar V. Andrésson* ljósmyndari fór á stúfana og fangaði nokkur augnablik.










1 **TAKMARKINU NÁÐ** Leifar kosningabaráttunnar voru fjarlægðar af götum og veggjum borgarinnar enda tími loforða runninn út og tími efnda runninn upp.

2 **FYRSTU GESTIRNIR** Um leið og safnverðir á Árbæjarsafni voru búnir að þurrka af borðum og skúra gólf var safnið opnað fyrir gestum. Þessir krakkar gengu á milli húsa og ráku upp stór augu þegar þau fengu fortíðina svo að segja beint í æð.

3 **SKRÝTIN HÆNA** Börnin sem heimsóttu Húsdýragarðinn fannst þessi fugl vægast sagt undarlegur í útliti og komust að þeirri einu rökréttu niðurstöðu að hann hlyti að vera illa haldinn af fuglaflensu.





MORÐ Á KÁRAHNJÚKUM

**„Blóðberg er hörkuglæpasaga.“**
*Jón Yngvi Jóhannsson, Kastljósið*

**„Ekki hægt annað en að mæla eindregið með bókinni ... Ævar gerir tilkall til krúnunnar.“**
★★★★ *Jakob Bjarnar Grétarsson, DV*

**„Ævar orðinn einn af aðalsakamálasöguhöfundum landsins, ef ekki sá besti.“**
*Þórarinn Þórarinsson, Fbl.*

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Edda
edda.is



SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

**Yfir 150.000 gestir daglega.**

**Stórmarkaður í stofnunni heima.**

PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

allt atvinna
Alla sunnudaga

Það hefur aldreiiii verið auðveldara að eignast sjónvarp!

# Fáðu endurgreitt!

EF ÞÚ TIPPAR RÉTT! FÆRÐU ENDURGREITT!

## Risa-tækið

40" LCDsjónvarp




*8.111

MEDION

**Medion 40" LCD sjónvarp**
- HD Ready LCD sjónvarp
- Upplausn 1366 x 768 • 1000:1 í Skerpu
- Birta 500cd/m2 • 8ms viðbragðstími
- Mynd í Mynd (PIP)
- Textavarp með 2100 síðna minni
- Styður PAL/SECAM/NTSC
- 2 x 10W RMS hátalarar innbyggðir
- HDMI tengi með HDCP stuðning
- 2x SCART, Composite og S-Video
- DVI-I tengi fyrir tölvur og HD efni
- Fullur HDCP stuðningur fyrir HD útsendingu

**HD ready**
Styður næstu kynslóð af Blueray og HD-DVD spilurum sem verða með mun meiri upplausn og skýrari mynd en þekkist í dag.

**Skýrari mynd**
Venjuleg sjónvörp eru með 640 x 768 upplausn. Medion 40" LCD getur sýnt 1366 x 768 línur eða þrafalt skýrari mynd en gamla tæknin ræður við!

**Mynd í mynd**
Hægt að sjá hvað er í gangi í sjónvarpinu á meðan þú horfir á DVD eða eitthvað annað.

**Tengdu við tölvuna**
Stafrænt tölvutengi svo þú getur notað sjónvarpið sem risatölvuskjá! Gerist ekki betra með nýjustu leikina.

| 8.111* | 19.999** | 279.986 |
|---|---|---|
| Tölvu- og tækjalán 48 mán. | Vaxtalaust 14 mán. | Staðgreitt |

Þú velur greiðsluform sem hentar þér

Vaxtalaus tilboð eru miðuð við mánaðarlegar jafnar greiðslur á Visa og Mastercard skuldabréf með 3,5% stimpil og lántökugjaldi sem bætist við heildarupphæðina og dreifist jafnt yfir samningstímann.

*Meðalmánaðargreiðsla á 48 mánaða tölvukaupaláni V.Í.S. Umsóknin er afgreidd á staðnum.

EF ÞÚ TIPPAR RÉTT! FÆRÐU ENDURGREITT!

## Takmarkað magn! Ódýra-tækið

**HD ready**
Styður næstu kynslóð af Blueray og HD-DVD spilurum sem verða með mun meiri upplausn og skýrari mynd en þekkist í dag.

**Mynd í mynd**
Hægt að sjá hvað er í gangi í sjónvarpinu á meðan þú horfir á DVD eða eitthvað annað.

**Skýrari mynd**
Venjuleg sjónvörp eru með 640 x 768 upplausn. Tevion 32" LCD getur sýnt 1366 x 768 línur eða þrafalt skýrari mynd en gamla tæknin ræður við!

**Tengdu við tölvuna**
Stafrænt tölvutengi svo þú getur notað sjónvarpið sem risatölvuskjá! Gerist ekki betra með nýjustu leikina.

Það ódýrasta!

32" LCDsjónvarp




TEVION

MD31132
**TEVION 32" LCD SJÓNVARP HD**
- 1366x768 pixla upplausn
- HD Ready
- Tveir sjónvarpsmóttakarar (double tuner)
- Response time 8ms (gray to gray)
- Contrast 1000:1
- Brightness: 550cd/m2 (typ.)
- Viewing angle: 170° H/V (typ.)
- MultiPIP - 1 live + 11 freeze
- Innbyggðir hátalarar 2x10RMS Wött

4.374*

Þú velur greiðsluform sem hentar þér

| 4.374* | 9.999** | 119.988 |
|---|---|---|
| Tölvu- og tækjalán 36 mán. | Vaxtalaust 12 mán. | Staðgreitt |

## Færðu sjónvarpið endurgreitt?

1. Þú kaupir þér sjónvarp sem hentar þér!
2. Tippar á liðin þín í 1., 2. og 3 sæti!
3. Horfir á HM í nýja tækinu!
4. Færð endurgreitt ef þú tippaðir rétt

Þetta tilboð gildir aðeins í eina viku!

BT-TIPP
Jón Jóns:
1. sæti England
2. sæti Brasilía
3. sæti Spánn

BT

BT verslanir um land allt!

# Tvöfalt frá Mannakornum

Hljómsveitin Mannakorn gefur út plötuna „Ekki dauðir enn“ á næstunni. Á plötunni, sem er tvöföld, eru upptökur frá þrjátíu ára afmælistónleikum sveitarinnar í Salnum í Kópavogi þar sem fjögurra manna strengjasveit var henni til halds og trausts. Á plötunni eru bæði gömul og ný lög með Mannakornum og er þetta fyrsta platan sem Sögur útgáfa gefur út.

„Við héldum þrenna afmælistónleika í Salnum og það var uppselt á þá alla okkur til mikillar ánægju,“ segir Magnús Eiríksson. „Við útsettum svolítið af þessum lögum fyrir strengi og þegar við fórum að hlusta fannst okkur þær mjög skemmtilegar og ákváðum að dúndra þeim út,“ segir hann.



**MANNAKORN** Magnús Eiríksson og Pálmi Gunnarsson á afmælistónleikunum í Salnum.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Mannakorn stefnir að því að spila eitthvað á næstunni, auk þess sem ný plata er í vinnslu. Sú síðasta, „Betra en best“, fékk mjög góðar viðtökur og mun vera uppseld.




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Myndasögurnar þykja sýna hversdagsleikann í ansi fyndnu ljósi.

# Ný myndasaga

Eins og glöggir lesendur Fréttablaðsins tóku eftir í morgun hefur myndasagan Pú&Pa verið kvödd. Í staðinn er komin verðlaunasagan Handan við hornið eða Insanity Streak eftir Tony Lopes. Myndasögurnar birtust fyrst í Ástralíu árið 1995 og urðu strax mjög vinsælar hjá andfætlingunum enda þykir höfundinum Tony Lopes takast einstaklega vel upp er hann skoðar hversdagsleikann í spaugilegu samhengi. Fleiri breytingar hafa átt sér stað á myndasögusíðu Fréttablaðsins því Gelgjan verður helgarsagan ásamt Pondusi. Gelgjan er eftir Jerry Scott sem einnig semur Barnalán en sú fyrrnefnda hlaut hin eftirsóttu National Cartoonist Society árið 2001.

# Ökukeppni á vinnutækjum

Í síðustu viku fór fram Norðurlandamót í ökuleikni á vinnutækjum sem notuð eru í álverum. Keppnin fór fram á lóð Álversins við Straumsvík og mættu starfsmenn níu álvera til leiks, frá Íslandi, Svíþjóð og Noregi. Í keppninni voru keppendur látnir leysa hinar ýmsu þrautir á vinnutækjum sem öll eiga það sameiginlegt að vera sérhönnuð fyrir áliðnaðinn. Ein af þrautunum fólst í því að reka keilukúlu eftir braut og ofan í gat en allar þrautirnar voru þannig uppsettar að keppendur þurftu að sýna færni við þröngar og erfiðar aðstæður. Að sögn Halldórs Halldórssonar öryggisstjóra hjá Alcan í Straumsvík var keppninni komið á fót árið 1993 með það að markmiði að auka öryggi meðal starfmanna. Keppnin spurðist síðan út til hinna álveranna á Norðurlöndunum og breyttist þannig í Norðurlandamót.



**NORSKU KEPPENDURNIR** Hér má sjá brot af norsku keppendunum en Norðmenn voru þeir einu sem sendu konur í keppnina. Erlendu gestirnir voru í þrjá daga á landinu og náðu að sjá Gullfoss, Geysi og Bláa lónið í ferðinni.

Íslensku keppendurnir stóðu sig ágætlega í ár og lenti Guðmundur Hauksson í fyrsta sæti í flokknum fyrir kerskálastarfsmenn og Hafþór Kristjánsson lenti í öðru sæti í flokknum fyrir starfsmenn í steypuskálum. -snæ



**SKÍNANDI EINBEITING** Einbeitnin leyndi sér ekki hjá þátttakendum en þessi norski keppandi er að stýra áltökubíl sem sogar ál upp úr kerjum og flytur til steypuskálans.



**SÉRHÆFÐ TÆKI** Ökutækin sem notuð voru í keppninni voru mörg hver mjög undarleg á að líta, en þau eru öll sérstaklega framleidd fyrir áliðnaðinn.



**FLOTT LIÐ** Haraldur Helgason, Hafþór Kristjánsson og Guðmundur Hauksson skipuðu lið álversins í Straumssvík og gekk þeim ágætlega í keppninni.




Háskóli Íslands

Nýnemar: Umsóknarfrestur er til 6. júní

Háskóli Íslands er öflugasta þekkingarsamfélag landsins. Í ellefu deildum skólans er að finna 358 námsleiðir. Markmið Háskólans er að vera meðal 100 bestu háskóla í heiminum og að nota alþjóðlega viðurkennda gæðastaðla við allt mat á starfi skólans. Það er styrkur nemenda frá Háskóla Íslands til framtíðar.

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS HSK 32536 06/2006

Ath.! til 6. júní
Umsóknarfrestur nýnema er til 6. júní. Rafræn umsóknareyðublöð eru á vefsetri Háskólans, **www.hi.is**.
Nánari upplýsingar um námsframboð, vísindastarf og þjónustu Háskólans er að finna á vefsetrinu og í síma 525 4000.




**FLOTT Í SKÓLANUM** Sigríður Stella nemandi í Menntaskólanum Hraðbraut er hér í nýju skólapeysunni (svört peysa) sem hún fullyrðir að sé með flottari skólapeysum landsins. Með henni á myndinni eru samnemendur hennar Arney, Egill og Ívan.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Flottar skólapeysur

Menntaskólinn Hraðbraut hefur eignast óvenju flottar skólapeysur. Um er að ræða hettupeysur í þremur litum með skemmtilegu grafísku merki að framan og aftan á bol og nafni skólans á hettunni. „Flestir framhalds- og menntaskólar eru með eigin peysur en ég held að mér sé óhætt að fullyrða að okkar peysur séu mest hipp og kúl.“ segir Sigríður Stella Guðbrandsdóttir, nemi í skólanum og hvatamaður að tilvist peysanna. „Aðrar skólapeysur eru bara með merki skólans á brjóstinu, eru fjöldaframleiddar og frekar ljótar. Mig langaði til þess að nemendur Menntaskólans Hraðbraut fengju flottari peysur til að ganga í og leitaði því til fatahönnuðarins Söru Maríu Eyþórsdóttur, verslunareiganda Nakta apans og fékk hana í samstarf með okkur.“

Það var graffarinn Ólafur Orri Guðmundsson sem hannaði myndirnar sem prýða peysurnar en þær sýna Reykjavíkurborg í ýmsum myndum en myndirnar voru síðan þrykktar á peysurnar í Nakta apanum. Nemendur skólans hafa tekið vel í þessa nýjung og um helmingur nemenda hefur nú þegar fest kaup á peysu. Mikil umræða hefur verið um skólabúninga í grunnskólum landsins að undanförnu og segist Sigríður Stella vera fylgjandi slíkum klæðnaði. „Það að geta bara skellt sér í sína skólapeysu einfaldar allt svo mikið. Við völdum líka að nota hettupeysur sem eru mikið í tísku um þessar mundir en þær eru ekki bara flottar heldur líka hlýjar og þægilegar þannig að nemendum finnst gott að nota þær í skólann.“

-snæ

# Aukaefni frá Depeche

Þrjár gamlar plötur með hljómsveitinni Depeche Mode verða endurútgefnar þann 6. júní bæði á geisladiskum og DVD-mynddiskum.



**DEPECHE MODE**

Um er að ræða fyrstu plötu sveitarinnar, Speak & Spell frá árinu 1981, Music for the Masses frá 1987, og Violator frá 1990.

Heilmikið af aukaefni verður á hverjum diski fyrir sig auk þess sem hljómurinn hefur verið endurbættur.

# Sveitamarkaður í sláturhúsi



Í sumar verður starfræktur sveitamarkaður í gamla sláturhúsinu við Laxá í Leirársveit. Markaðurinn verður opinn alla sunnudaga í sumar frá kl. 13-18. Fyrsti opnunardagur er um helgina en hann lendir reyndar á laugardegi. „Í fyrra var haldinn markaðsdagur í sláturhúsinu og þá var klikkað að gera enda stendur húsið á mjög góðum stað, alveg við þjóðveginn,“ segir Jóhanna Harðardóttir sem hefur umsjón með markaðnum. Húsnæðið hefur staðið autt síðan hætt var að nýta það sem sláturhús fyrir nokkrum árum en í sumar lifnar heldur betur yfir staðnum.

Boðið verður upp á ýmsar vörur á sveitamarkaðinum sem allar eiga það sameiginlegt að vera heimatilbúnar. Mikið verður um alls konar handverk og listmuni og einnig verður hægt að kaupa ýmiss konar matvæli beint frá bóndanum eins og brodd, sultu, egg, reyktan fisk, grænmeti og heimabakað brauð og kökur. Huggulegt kaffihús verður einnig starfrækt á staðnum þegar markaðurinn er opinn og þar verður t.d. boðið upp á heimagerðan ís frá Holtsseli í Eyjafirði. Húsnæðið sem markaðurinn hefur til afnota er nærri 400 fermetrar svo það er nægt pláss fyrir handverksfólk og bændur sem vilja selja afurðir sínar á staðnum. Sjálf ætlar Jóhanna að selja útskorin drykkjarhorn og egg úr landnámshænum og hvetur hún alla þá sem eru á ferðinni milli Reykjavíkur og Borgarness að stoppa á markaðnum, kíkja á úrvalið og fá sér kaffisopa. -snæ



**JÓHANNA HARÐARDÓTTIR KJALNESINGAGOÐI** Hefur umsjón með markaðnum.



**BÓKASAFN HAFNARFJARÐAR** Innan Bókasafns Hafnarfjarðar er að finna stærstu tónlistardeild landsins á almennu bókasafni.

# Lánað tónlist í fjörutíu ár

Í árslok verða fjörutíu ár liðin frá því að tónlistardeild Bókasafns Hafnarfjarðar hóf að lána út plötur.

Deildin, sem er hin stærsta sinnar tegundar, var lengi vel sú eina á íslensku almenningsbókasafni sem gerði slíkt.

Á deildinni er að finna um það bil 35.000 safngögn; vínylplötur, geisladiska, myndbönd, DVD-mynddiska, bækur og nótur. Nánast allt er þetta til útláns. Aðeins Ríkisútvarpið á stærra vínylplötusafn en það er aftur á móti ekki til útláns hjá þeim.

„Þetta er allt saman að þakka Friðriki Bjarnasyni tónskáldi og fyrrverandi organista í Hafnarfirði og eiginkonu hans Guðlaugu Pétursdóttur. Þau arfleiddu Hafnarfjarðarbæ að stórum hluta eigna sinna með því skilyrði að það yrði stofnað þetta safn,“ segir Valdimar Pálsson, forstöðumaður tónlistardeildarinnar. „Þau eiga heiðurinn að þjóðsöng okkar Hafnfirðinga, Þú hýri Hafnarfjörður. Friðrik samdi líka lög á borð við Í Hlíðarendakoti og Hafið bláa hafið. Það eru ekki allir sem vita hver maðurinn var en þau hjónin gerðu bænum og okkur mikið gagn með þessari gjöf sinni,“ segir Valdimar, sem hefur starfað á bókasafninu í sex ár.

Á heimasíðu Bókasafns Hafnarfjarðar, www.hafnarfjordur.is/bokasafn/, er uppfært mánaðarlega allt það nýja efni sem kemur inn. Ætti hinn almenni tónlistaráhugamaður að finna eitthvað við sitt hæfi því úrvalið er mikið. Lögð er mikil áhersla á jaðartónlist hvers konar auk sígildrar tónlistar og alltaf er að bætast við úrvalið í heimstónlist, djassi, klassík og indí-rokki, svo eitthvað sé nefnt. -fb

# Lady & Bird spila í kvöld

Hljómsveitin Lady & Bird,spilar á Barnum í kvöld en tónleikarnir eru lokahnykkurinn á frönsk/íslenskum skemmtikvöldum.

Þess má geta að fyrsta breiðskífa Lady & Bird verður gefin út í Bandaríkjunum í júní en hún kom út hér á landi fyrir þremur árum.



**BARÐI OG KEREN** Tónleikar Lady & Bird verða haldnir á Barnum í kvöld.




# Þjálfarastörf við bestu aðstæður

**Unglingaráð Knattspyrnufélags ÍA leitar að áhugasömum einstaklingum til þjálfarastarfa. Gert er ráð fyrir að umsækjendur hefji störf haustið 2006.**
Aðstaða til knattspyrnuæfinga á Akranesi er með því besta sem gerist. Fjölnota íþróttahús, lagt gervigrasi, verður tekið í notkun á næstu vikum.

Yngri flokkar félagsins æfa á einu veglegasta grasæfingasvæði landsins.
Félagið leitar eftir hæfileikaríkum þjálfurum sem eru tilbúnir í að taka þátt í skemmtilegu verkefni.
Nánari upplýsingar á skrifstofu UKÍA, ukia@aknet.is, s: 433-1109.


## STUÐ MILLI STRÍÐA Velkomin til vinnu unga fólk

**JÓHANNA SVEINSDÓTTIR** GEKK Á GLERHURÐ



Jæja, þá kom að því enn einu sinni. Ég gekk á glerhurð. Sem kemur stundum fyrir þegar ég er að tapa mér úr pirringi og strunsa áfram um götur bæjarins í pirringsfússi. Þá strunsa ég stundum á glerhurðir.

Þetta gerðist á fimmtudaginn en ég fann eitthvað undarlegt í loftinu þann daginn. Ég hafði þurft að nýta mér alls kyns þjónustu hjá ýmsum stofnunum úti um allan bæ og einhverra hluta vegna þá gekk allt svo erfiðlega, alls staðar lenti ég á bið og enginn vildi segja mér neitt.

Eftir vinnudaginn var ég orðin hættulega svöng og þegar ég kemst á það stig er eins gott fyrir almúgann að vara sig. Ég arkaði með allt á hornum mér inn í matvörubúðina og strunsaði þar um með körfuna kreista í hnefanum og hrifsaði úr hillunum rándýr matvæli. Þegar ég kom að kassanum var ég við það að tapa mér meðan stúlkan bisaði að blíbba salatpokana inn í kassakerfið.

Rauk svo í apótekið og tók leiðinlega kúnnann á unga apótekarastúlku, var pirruð og óþolinmóð en brosti, þó ófögru brosi. Meðan ég greip um innkaupapokana og reyndi að finna leiðina út úr apótekinu áttaði ég mig á því í að í dag væri 1. júní. Sumarafleysingafólkið að mæta til vinnu. Og auðvitað þurfti ég að velja stússdaginn minn þann dag. Ég pirraðist áfram í átt að útihurðinni á apótekinu, sem er nýlega búið að endurhanna, og þegar ég var að rjúka út um hurðina með allan minn pirring á bakinu sveiflaðist glerrennihurðin til baka og ég gekk beint í flasið á henni. Boink!

Þannig mér var refsað. Refsað fyrir að vera óþolinmóð við nýtt starfsfólk sem þarf tíma til að átta sig á hlutunum alveg eins og ég þarf tíma til að átta mig á nýuppsettum hurðum í apótekum. Það er erfitt að byrja í nýrri vinnu; verum ekki glerhurð í lífi ungs afleysingafólks. Já, já, já, maður er spakur á laugardegi. Góða helgi.






# myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Överli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott







# Oasis á toppnum

Fyrsta plata ensku hljómsveitarinnar Oasis, Definitely Maybe frá árinu 1994, hefur verið kjörin besta plata allra tíma.

Um 40 þúsund tónlistaráhugamenn tóku þátt í valinu sem tímaritin NME og British Hit Singles and Albums stóðu fyrir.

Í öðru sæti var hin sígilda Sgt Peppers´ Lonely Hearts Club Band með Bítlunum og í því þriðja var Revolver, einnig með Bítlunum. Radiohead lenti í fjórða sæti með OK Computer og í því fimmta varð önnur plata Oasis, (What´s the Story) Morning Glory.

Nýjasta platan á listanum var Up the Bracket með The Libertines, gömlu hljómsveitinni hans Petes Doherty, sem lenti í 15. sæti.

Aðeins tvær bandarískar hljómsveitir komust á topp 20 listann; Nirvana og The Strokes með plöturnar Nevermind og Is this it? Lentu þær í 5. og 20. sæti.

**BESTU PLÖTUR ALLRA TÍMA**

1. Definitely Maybe - Oasis
2. Sgt Pepper's Lonely Hearts Club Band - Bítlarnir
3. Revolver - Bítlarnir
4. OK Computer - Radiohead
5. (What's the Story) Morning Glory? - Oasis
6. Nevermind - Nirvana
7. The Stone Roses - The Stone Roses
8. Dark Side Of The Moon - Pink Floyd
9. The Queen Is Dead - The Smiths
10. The Bends - Radiohead



**OASIS** Bræðurnir Liam og Noel Gallagher eru forsprakkar hljómsveitarinnar Oasis.

# Orðinn frískur

Keith Richards, gítarleikari Rolling Stones, hefur náð fullum bata eftir að hafa gengist undir heilaskurðaðgerð á dögunum.

Stones-menn hefja tónleikaferð sína um Evrópu í Mílanó þann 11. júlí næstkomandi en ferðin átti upphaflega að hefjast í Barcelona fyrir viku. Vegna meiðsla Richards var aftur á móti ákveðið að fresta fyrstu 15 tónleikunum í ferðinni.

Richards, sem er 63 ára, meiddist er hann féll úr pálmatré þegar hann var staddur á Fiji-eyjum ásamt félaga sínum úr Stones, Ronnie Wood, og eiginkonum þeirra í lok apríl.

Richards hefur ekki sést opinberlega eftir að hann flaug heim til sín í Connecticut frá Nýja-Sjálandi fyrir tveimur vikum.

„Við erum hæstánægðir með að Stones-menn eru komnir aftur á stjá og viljum þakka öllum aðdáendunum sem keyptu miða fyrir þolinmæðina,“ sagði skipuleggjandi tónleikaferðarinnar.



**ROLLING STONES** Hljómsveitin síunga The Rolling Stones byrjar tónleikaferð sína um Evrópu 11. júlí.



**CHANGER** Rokksveitin Changer hefur gefið út þröngskífuna Breed the Lies.

# Þröngskífa frá Changer

Rokksveitin Changer hefur gefið út þröngskífuna Breed the Lies sem hefur að geyma fjögur lög. Changer hefur áður gefið út tvær breiðskífur og eina þröngskífu síðan hún var stofnuð árið 1999.

Sveitin hefur tvisvar spilað á Iceland Airwaves og hitað upp fyrir erlendar sveitir á borð við Mastodon, amon Amarth og Hate-Sphere.

Changer er nýkomin til landsins eftir tveggja vikna tónleikaferð um Evrópu og stefnir á að halda veglega útgáfutónleika á næstu misserum.



**ROGER FIELD** Englendingurinn Roger Field hefur birst í hinum ýmsu blöðum og tímaritum.

# Ætlar að slá heimsmet

Englendingurinn Roger Field stefnir að því að verða sú persóna sem fær mesta umfjöllun í dagblöðum og tímaritum víðsvegar um heim.

Roger fékk hugmyndina eftir að hann hitti Arnold Schwarzenegger árið 1968 í München áður en hann fluttist til Bandaríkjanna og sló í gegn sem kvikmyndastjarna. Roger var fenginn til að kenna Arnold ensku áður en hann flutti vestur um haf, en á þessum tíma var kraftakarlinn sannfærður um að hann myndi slá í gegn í Hollywood. Hann hafði þegar verið krýndur Herra alheimur og hafði því sjálfstraustið í lagi.

Eitt sinn sagði Arnold við Roger í léttum dúr að það yrði aldrei neitt úr honum. Roger ákvað að afsanna þá kenningu með því að hafa samband við fjölmiðla út um allan heim og breiða út sögu sína.

Nú þegar hefur Roger, sem starfar sem uppfinningamaður, birst í blöðum, tímaritum og bókum frá 827 útgefendum í yfir fimmtíu löndum. Meðal annars hefur verið skrifað um hann í Express-blaðinu í Aþenu og Playboy í Ungverjalandi. Fréttablaðið bætist nú í þennan hóp.




BORGARLEIKHÚSIÐ

FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP
Má 5/6 kl. 20
Fö 9/6 kl. 20 UPPS.
Má 12/6 kl. 20
Þri 6/6 kl. 20 UPPS.
Fö 9/6 kl. 23
Þri 13/6 kl. 20

VILTU FINNA MILLJÓN
Í kvöld kl. 20 UPPS.
Fi 8/6 kl. 20
Lau 10/6 kl. 20 UPPS.
Fi 15/6 kl. 20
Má 5/6 kl. 20 UPPS.
Fö 9/6 kl. 20
Su 11/6 kl. 20
Su 18/6 kl. 20

GRÍMAN 2006
Íslensku leiklistarverðlaunin 16/6 kl. 19
Grímuballið 16/6 kl. 22 Allir velkomnir

25 TÍMAR
Dansleikhússamkeppnin 2006
Fi 8/6 kl. 20 MIÐAVERÐ 2.500

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

GAY DANSLEIKUR
Kaffi Reykjavík
Sunnudaginn 4. júní
Ballið hefst á miðnætti
DJ Bling&DJ Skjöldur
Aðgangseyrir 1000 kr.
TIL STYRKTAR HINSEGIN DÖGUM

1. RABBITS 2. BRÚÐKAUP VILLA KOKKS 3. HÍF OPP ÆPTI KARLINN 4. SÓLSTRANDARGÆI 5. PAINTER'S JIG/THE TEMPEST 6. I WAS MADE FOR LOVING YOU 7. JAMESON 8. NAMMINAMM 9. LÍFIÐ ER LOTTERÍ 10. STRÁKARNIR Á BORGINNI 11. SEM KÓNGUR RÍKTI HANN 12. KÚTTER SIGURFARI 13. BAVA NAGILA/CAN CAN 14. RIGGARÚBB
PAPAR á balli
NÝR TVÖFALDUR GEISLADISKUR KR. 1.999,-
HAGKAUP skemmtilegast að versla
11. ÁST Í LOFTINU

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00
GALDRASKYTTAN - DER FREISCHÜTZ
Mið. 7/6 örfá sæti laus, fös. 9/6, lau. 10/6. **Aðeins þessar 3 sýningar.**
Samstarfsverkefni Sumaróperunnar, Sinfóníuhljómsveitar unga fólksins, Dansleikhússins og Listahátíðar í Reykjavík.

KASSINN KL. 20:00
GENJI
Mið. 7/6 örfá sæti laus. **Aðeins þessi eina sýning. Japönsk gestadanssýning.**

PÉTUR GAUTUR
**Sala hafin á sýningar í september.**
Fös. 15/9 örfá sæti laus, lau. 16/9 örfá sæti laus, sun. 17/9 örfá sæti laus.

LEIKHÚSKJALLARINN
**Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!**
Leikhúsveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma **585 1295**.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
MIÐASALAN ER LOKUÐ UM HVÍTASUNNUNA.
OPNUM AFTUR ÞRIÐJUDAGINN 6. JÚNÍ KL. 12:30.

!

**Kl. 15.00**
*Á tónlistarhátíðinni IsNord í Borgarnesi er athyglisverð dagskrá alla helgina. Í dag verða tónleikar í Surtshelli þar sem Bára Grímsdóttir, Diddi fiðla og Steindór Andersen flytja rímur og leika á gömul hljóðfæri í óvenjulegum tónleikasal.*

## > Ekki missa af…



tónlistarhátíðinni **Reykjavík Trópík** á háskólaplaninu um helgina. Í dag leika meðal annars Skátar, Úlpa, Kimono, Jeff Who, Leaves og Supergrass.

**Björtum dögum** í Hafnarfirði. Frábærlega fjölbreytt dagskrá fyrir alla aldurshópa, tónlist, danslist, myndlist og menning út um allan bæ.

óperu í Þjóðleikhúsinu. **Galdraskyttan** eftir Weber er ógleymanlegt sjónarspil.

# menning

menning@frettabladid.is

# Fágaða Reykjavík fortíðarinnar

**Nú stendur yfir yfirlitssýning á ljósmyndum Andrésar Kolbeinssonar í Ljósmyndasafni Reykjavíkur í Grófarhúsi.**



**RÓSKA BORÐAR ÍS Á AUSTURBAR** Tíðarandaljósmyndir Andrésar Kolbeinssonar eru til sýnis í Grófarhúsi. MYND/ANDRÉS KOLBEINSSON

Andrés er sjálfmenntaður ljósmyndari og hafði ljósmyndun að öðru aðalstarfi um árabil ásamt því að leika á óbó, bæði með Útvarpshljómsveitinni og Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hann segist hafa lært fyrstu handtökin þegar hann eignaðist litla 35 mm Kodakmyndavél þegar hann var í tónlistarnámi á Englandi en síðan var hann duglegur að safna að sér upplýsingum, reyndi til dæmis að fylgjast vel með tímaritum og annarri útgáfu tengdri ljósmyndum.

Á sýningunni eru myndir sem Andrés tók á árunum 1952-1965 og birta þær óvenjulega sýn á Reykjavík þar sem augað velur fegurð og hreinleika borgarinnar sem þá var í örum vexti. Þorpsbragurinn hverfur og borgin birtist áhorfandanum ægifögur og stílhrein.

Um verk Andrésar er sagt að hann hafi afar gott auga fyrir myndbyggingu og næma formskynjun. Þótt ótrúlegt sé þá notaði hann aldrei ljósmæli við tökur og flassið einungis ef brýna nauðsyn bar til enda þykir honum langbest að taka myndir í dagsbirtu.

Andrés segist ef til vill hafa forðast óreiðuna ósjálfrátt. Á þessum tíma var borgin ákaflega óþrifaleg á köflum og að ganga í gegnum ákveðið gelgjuskeið því þorpið var að breytast í stórborg. „Þegar ég fór út í þetta að taka ljósmyndir þá hafði ég svo fjölbreytt val og borgarmyndir urðu hluti af því. Ég tók töluvert af myndum af listamönnum og verkum þeirra, svo tók ég myndir fyrir leikhúsin og svo fyrir Hörð Ágústsson og tímaritið Birting. Það var kannski helst í því sambandi að ég tók svona borgarmyndir. Hörður gagnrýndi hvað arkitektunum væru mislagðar hendur, að það ægði saman alls konar stílum sem hann sætti sig ekki við,“ segir Andrés.

Andrés tók myndir af byggingum í ört stækkandi borginni en myndir hans vitna einnig um atvinnulífið, horfna starfshætti og í fórum hans eru líka myndir af mörgum þekktum listamönnum og öðrum goðsögnum. „Það ægir öllu saman, hér er til dæmis Guðmundur á Mokka að skenkja kaffi og Ásmundur Sveinsson myndhöggvari úti í garði.“ Andrés þekkti vel til listakonunnar Barböru Árnason og í gegnum þann kunningsskap var hann fenginn til að mynda fjölda listamanna og verk þeirra, þar á meðal Gunnlaug Scheving, Jón Engilberts, Nínu Tryggvadóttur og Þorvald Skúlason.

Andrés tók einnig myndir af listakonunni Rósku, bæði ljósmyndir og stuttmynd. „Það kom þannig til að bræðurnir Gestur og Kristján Þorgrímssynir sem komu mikið við sögu við að reisa og reka Austurbæjarbíó ákváðu að gera tilraun með að taka stuttmynd sem eins konar kynningu fyrir þennan kaffibar sem var niðri á jarðhæðinni. í tilefni af því tók ég 16 mm kvikmynd af þessu þar sem Róska var í aðalhlutverki. Þegar verkinu var lokið fórum við niður til þess að fá okkur einhverja hressingu og Róska fékk sér ís.“ Stuttmyndin var ekki tekin til sýninga en ljósmyndin lifir.

LITLA HRYLLINGSBÚÐIN
LITLA HRYLLINGSBÚÐIN
Sett upp í samstarfi við Leikfélag Akureyrar
LAU. 3. JÚNÍ KL. 19 - UPPSELT
LAU. 3. JÚNÍ KL. 22 - Aukasýning
FIM. 8. JÚNÍ KL. 19 - Aukasýning
LAU. 10. JÚNÍ KL. 19 - NOKKUR SÆTI LAUS
SUN. 11. JÚNÍ KL. 19 - Aukasýning
FIM. 15. JÚNÍ KL. 19 - Aukasýning
„Besta söngleikjauppfærsla ársins"
S.S - Fréttablaðið
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga frá kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga
Símasala kl. 10-18. þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Óperuvefnum allan sólarhringinn
ÍSLENSKA ÓPERAN

Alveg brilljant skilnaður
Einleikur Eddu Björgvinsdóttur um allt land.
Kirkjubæjarklaustur 3. júní.
Miðasala í síma 487-4840 til kl. 13:00 síðan í 897-1987
Landsbankinn
Viðskiptavinir Landsbankans fá 500 króna afslátt af miðaverði

Café/Restaurant
KRINGLU KRÁIN
-á góðri stund
Dans á Rósum frá Vestmannaeyjum í kvöld
Stór og fjölbreyttur sérréttaseðill ásamt tilboðsseðli öll kvöld.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚNÍ

31 1 2 **3** 4 5 6

### Laugardagur

**TÓNLEIKAR**

☐ 15.00 Tónleikar í **Surtshelli** á vegum **IsNord-tónlistarhátíðarinnar** í **Borgarnesi**.

☐ 16.00 **Sumardjass á Jómfrúnni**. **Kvartett Jóns Páls og Árna Scheving** leikur djass fyrir gesti **Jómfrúarinnar** í **Lækjargötu 4**.

☐ **Hjálmar** leika á **Nasa** við **Austurvöll**.

**LEIKLIST**

☐ 20.00 Leikkonan **Edda Björgvinsdóttir** sýnir harmskoplega einleikinn **Alveg brilljant skilnað** á **Kirkjubæjarklaustri**.

**OPNANIR**

☐ 15.00 Sumarsýning **Minjasafnins á Akureyri** opnuð. Sýningin **Ef þú giftist** fjallar um brúðkaup og brúðkaupssiði fyrr og nú.

**SKEMMTANIR**

☐ 23.00 Hljómsveitin **Signia** leikur á **Klúbbnum** við **Gullinbrú**.

**FUNDIR**

☐ 11.03 Félagsfundur **Parísar** félag þeirra sem eru einar/einir verður á **Kringlukránni**.

**DANSLIST**

☐ 16.00 Dansverkið **Kypsa** verður flutt í **Norræna húsinu**.

**SÝNINGAR**

☐ 16.00 Nú stendur yfir útskriftarsýning nemenda í **Ljósmyndaskóla Sissu** í **Hólmaslóð 6**.

☐ **Bjarni Jónsson** listmálari sýnir verk sín í húsakynnum **Eden** í **Hveragerði**.

**BÆKUR**

☐ 13.00 Rithöfundurinn **Ian Rankin** situr fyrir svörum og les úr verkum sínum í **Bókabúð Máls og menningar** við Laugaveg.

**BJARTIR DAGAR**

☐ 00.00 Miðnæturtónleikar á **A. Hansen**. Fram koma **Svavar Knútur**, **Misery Loves Company**, **Mogadon** og **Testiculus in Musica**.

☐ 11.00 **Stokrotka**, pólska búðin á **Hvaleyrarbraut 35** býður upp á pólskan mat, tónlist og stemningu.

☐ 13.00 Opið hús hjá **nýbúadeild Lækjaskóla** - fjölmenningardagskrá og skemmtiatriði.

☐ 15.00 Sýning á ljósmyndum **Patricks Huse** opnar í **Hafnarborg**. Viðfangsefni sýningarinnar er landslag og mannlíf á norðurhjara.

☐ 17.00 **Jaðarleikhúsið** og **Dan Kai Teatro** kynna **Agnes High Quality** í **Jaðarleikhúsinu**.

☐ 20.00 **Söngvakeppni hinna mörgu tungumála** í **Hafnarfjarðarleikhúsinu**. Hvorki má syngja á eigin móðurmáli né á ensku. Hafnfirskar magadansmeyjar troða upp í hléi.

**UPPÁKOMUR**

☐ 14.00 **Sagnamannahátíð í Landnámssetrinu í Borgarnesi**. Ýmsir sögumenn koma fram - allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚNÍ

2 3 4 **5** 6 7 8

### Mánudagur

**TÓNLEIKAR**

☐ 17.00 **Mótettukór Hallgrímskirkju** heldur vortónleika í **Hallgrímskirkju**.

**LEIKLIST**

☐ 20.00 **Unglingadeild Leikfélags Kópavogs** sýnir leikritið **Dans** eftir **Hrund Ólafsdóttur**.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚNÍ

1 2 3 **4** 5 6 7

### Sunnudagur

**BJARTIR DAGAR**

☐ 14.00 Barnaópera **Bastien og Bastienne** í **Hafnarfjarðarleikhúsinu**.

☐ 20.00 Nemenedur úr **Óperustúdíói Íslensku óperunnar** flytja **Nótt í Feneyjum** eftir **Strauss** í **Hafnarborg**.

**SÝNINGAR**

☐ 14.00 **Friðrik Þór Friðriksson** fjallar um sýningu **Steingríms Eyfjörð** í **Listasafni Íslands**. Aðgangur ókeypis.

# Jómfrúardjass á laugardögum

Fyrstu Jómfrúartónleikar sumarsins verða í Lækjargötunni í dag en tónleikaröðin Sumardjass á Jómfrúnni hefur nú staðið í ellefu ár. Að vanda verður boðið upp á fjölbreytta djassdagskrá á veitingastaðnum Jómfrúnni á laugardögum í sumar en borgarbúar hafa verið duglegir að nýta sér tækifærið og njóta þessara ókeypis tónleika þar sem margir af fremstu djasstónlistarmönnum landsins troða upp.

Í dag ríður á vaðið kvartett framvarða elstu starfandi kynslóðar djasslistamanna á Íslandi, þeirra Árna Scheving og Jóns Páls Bjarnasonar.

Meðal annarra sumargesta Jómfrúarinnar eru Jóel Pálsson og tríóið fríska Flís sem mun halda uppi einstakri stemningu á þjóðhátíðardaginn, Ómar Guðjónsson og Ragnheiður Gröndal munu stíga á svið í júlímánuði ásamt fyrirtaks liðsinni.

Tónleikarnir hefjast kl. 16 og standa í tvo tíma. **-khh**



**JAKOB JAKOBSON VEITINGAMAÐUR OG SIGURÐUR FLOSASON DJASSTÓNLISTARMAÐUR OG SKIPULEGGJANDI** Skáluðu fyrir sumrinu og komandi djasstíð. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN






> Lancome Resurface Peel

er lúxus andlitsmeðferð með glycolic sýru sem þú getur notað heima hjá þér til að fá áferðarfallegri og jafnari húð.

útlit
utlit@frettabladid.is

SMEKKURINN MINN: HALLDÓR ÓSKARSSON AÐSTOÐARVERSLUNARSTJÓRI Í GALLERÍI SAUTJÁN

# Reynir að elta ekki alla tískustrauma



**Spáir þú mikið í tískuna?** Já, ég geri það upp að vissu marki en reyni að elta ekki alla tískustrauma vegna þess að ég er ekki Svíi. Sænskir strákar eru þekktir fyrir að vera alltof trendí týpur.

**Hvernig myndirðu lýsa stílnum þínum?** Ég er með frekar fjölbreyttan fatastíl. Get verið bæði í þröngum og víðum gallabuxum. Get verið pínu merkjafrík.

**Uppáhaldshönnuðir eða fatamerki?** Tiger Jeans er uppáhalds fatamerkið mitt og hönnuðurinn er Hedi Slimane fyrir Dior homme.

**Flottustu litirnir?** Hermannagrænn og dökkblár eru málið þessa stundina.

**Hverju ertu veikust/veikastur fyrir?** Jökkum, kaupi alltof mikið af jökkum... fer að verða vandamál.

**Hvaða flík keyptir þú þér síðast?** Tiger Jeans gallaskyrtu í Kultur Menn.

**Hvað finnst þér flottast í tískunni núna?** Þröngar, stuttar buxur og litríkir sokkar. Einnig er ég mjög hrifinn af axlabandatískunni.

**Hvað ætlarðu að kaupa þér fyrir sumarið?** Mér vantar svo sem ekkert en væri til í Dior-axlabönd.

**Uppáhaldsverslun?** Kúltur Menn, Gallerí Sautján og All Saints.

**Hvað eyðir þú miklum peningum í föt á mánuði?** Ekki spyrja.

**Hvaða flíkur gætir þú ekki verið án?** Diesel style lab-skónna minna sem ég er alltaf í og acne-bláu gallabuxurnar mínar.

**Uppáhaldsflík?** Ullarpeysa sem ég prjónaði á sjálfan mig í skólanum. Mikið afrek.

**Hvert myndir þú fara í verslunarferð?** Tókýó, þar geturður fengið allt sem hugurinn girnist.

**Ljótasta flík sem þú hefur keypt þér?** Klossaðar mokkasínur í Bónusskóm á Hverfisgötu. Frábær búð en ég var ekki í miklu stuði þegar ég keypti þá. Fóru í ruslið eftir eina notkun.



MÓÐUR VIKUNNAR
> ÁLFRÚN FER YFIR MÁLIN

# Smart í sveitinni

Mikið lifandis ósköp hefur verið erfitt að klæða sig þessa dagana. Hið dæmigerða íslenska veðurfar hefur verið að gera mér, tískustelpunni, lífið leitt. Ég er búin að vera í stökustu vandræðum á hverjum einasta morgni. Er annað hvort að kafna úr hita eða með gæsahúð á hálsinum af kulda. Ekki skrítið að hálf þjóðin sé veik um þessar mundir enda hitamismunur einn helsti valdur veikinda. Helst mundi ég vilja nota nýju sandalana mína og hlýrabolina en það er rosalegt mál að þurfa að reyna að nýta sumarfötin eins og maður getur með alls kyns blöndum.

Ég nota vettlinga og trefla aldrei jafn mikið og á sumrin enda tilheyra útilegur og alls konar útivist hækkandi sól en gönguferðir á fjöll, bátsferðir og sumarbústaðaferðir bjóða upp á aðeins öðruvísi fataval en venjulega. Það reyndist mér því þrautinni þyngra um daginn þegar ég var á leiðinni til Vestmanneyja. Ég leit inn í stóra fataskápinn sem virtist ekki hafa upp á neitt annað að bjóða en þröngar gallabuxur, leðurjakka og kjóla. Þegar yfir lauk var ég í fimm hettupeysum, nælonsokkabuxum og gallabuxum utanyfir þeim. Svo dró ég fram einhverja gamla vindjakka sem voru rykfallnir inn í geymslu. Ekkert sérstaklega smart en mér varð að minnsta kosti ekki kalt á meðan ég sprangaði um kletta Heimaeyjar. Þarf að skoða útvistarfatnaðinn sem er í boði til þess að geta verið smart í sveitinni.

Samt sem áður finnst mér ekkert sérstaklega flott að vera í flíspeysu og buxum í stíl. Eitt sniðugt trix er að vera í síðerma bol undir blómakjólnum og fallegum ullarsokkabuxum undir pilsinu. Hnepptar peysur eru einnig ómissandi á sumrin og best er að eiga eina í hverjum lit sem ganga við allt. Sem betur fer eru íslensku ullarpeysurnar ennþá í tísku síðan síðasta sumar þannig að fólk þarf ekkert endilega að standa með frosið bros uppi á fjallstindi og koma niður með blöðrubólgu. Ég er því búin að setja það næst á dagskrá að kaupa mér flott útvistarföt.








**ZAC POSEN** Brúnir leðursandalar sem eru bundnir upp ökklann eru fallegir og hentugir. Þessir eru frá Zac Posen en svipaða er hægt að fá í skóverslunum hérlendis.



**NAUÐSYNLEGT VIÐ KJÓLINN** Fallegir hvítir sandalar gera leggina brúna og gera fötin fallegri. Frettabladid/netið



**NEONGRÆNT** Þessir eru einnig frá Kawasaki og skemmtilegir við hvaða tilefni sem er. Fást í Focus í Kringlunni.

# Marglitt sumar í skótískunni

Hver kannast ekki við það að vera berfættur í skóm í rigningu og roki og koma heim með frosnar lappir eftir að hafa farið aðeins of bjartsýnn út um morguninn. Við Íslendingar getum því miður ekki verið of frjálslyndir í skóvali og ef við ætlum að fara í sandölum út þá liggur við að við þurfum að horfa á veðurfréttirnar kvöldið áður og taka með okkur sokka og aukaskó til öryggis.

Auðvitað lætur þjóðin í norðri nokkra dropa eða smávind ekki slá sig út af laginu og því eru búðirnar fullar af fallegum skóm fyrir sumarið. Gaman er að sjá hversu mikið er til af litríkum skófatnaði og því tilvalið að setja svörtu skóna í geymslu fram á haust og missa sig aðeins í litagleðinni. Einnig er flott að vera í skemmtilegum sokkum við hælaskónna og svörtu sokkabuxurnar enda setur það mjög flottan tískusvip á dressið. Sagt er að skórnir séu punkturinn yfir i-ið í heildarútlitinu og því ekki amalegt að hafa úr mörgu að velja.

alfrun@frettabladid.is



**KLASSÍSKIR OG GÓÐIR** Converse-skór hafa reynst vel og eiga flestir eitt par af slíkum inni í skáp. Ef ekki þá er þetta góð fjárfesting sem ég mæli með. Þeir fást í Focus, Retró og Deres.

FRÉTTABLAÐIÐ / HÖRÐUR



**KLOSSAÐIR HÆLAR OG BRÚNT LEÐUR** Þessir skemmtilegu skór eru í nýjum stíl með klumphæl og lokaðir að framan. Mjög fallegir á fæti og henta vel við pils og buxur. Fást í GS skóm í Kringlunni.



**FYLLTUR HÆLL** Þessir fallegu hælaskór eru með munstruðum fylltum hæl sem gerir það að verkum að það er þægilegra að ganga á þeim en skóm með venjulegum hælum. Fást í GS skóm í Kringlunni.



**HERKÚLES Á HÆLUM** Þessir skór minna helst á skó sem Rómverjar notuðu nema þeir eru í nútímalegri búningi. Alexander McQueen notaði svona skó í sýningu sinni fyrir vor/sumar 2006. Fást í Focus í Kringlunni.



**SKÓLÍNAN FRÁ CHLOE** Tréhælar og fylltir botnar voru augsýnilega nýjasta nýtt samkvæmt flestum hátískuhönnuðunum.



**BLEIKIR STRIGASKÓR** Þessir fallegu bleiku skór eru frá mótórhjólamerkinu Kawasaki og fást í versluninni Focus í Kringlunni. Ódýrir og til í mörgum litum.



**MEÐ JAPÖNSKU MUNSTRI** Þessir ballerínuskór eru frá Diesel og eru úr satíni. Henta vel bæði hverdags og spari og eru með eindæmum þægilegir.

# Djöfullinn holdi klæddur

Anna Wintour er mikill áhrifavaldur innan tískuheimsins enda ritstýrir hún einu þekktasta tískuriti í dag, hinu ameríska Vouge. Hún á því greiða leið að þekktustu hönnuðunum og á ekki erfitt með að klæða sig samkvæmt nýjustu straumum og stefnum. Það má segja að hún fái tískuna beint í æð á hverjum degi.

Hún byrjaði í blaðamennsku árið 1970 fyrir breska blaðið Harpers & Queen og hefur síðan þá unnið hjá Vogue í Bretlandi og í Ameríku. Wintour er umdeild kona og hefur hún meðal annars verið kölluð djöfullinn holdi klæddur enda ekki sparsöm á gagnrýni sjálf. Wintour er ekkert sérstaklega tilraunakennd í klæðaburði og þekkt fyrir settlegan og fínan stíl. Hún er hrifin af hátískumerkjum á borð við Prada, Dior og Chanel. Wintour er oftar en ekki með svört sólgleraugu því hún segir að þau skýli henni fyrir ljósi myndavélanna.


**SETTLEG OG DULARFULL** Hér er hún í dragt, sem er eflaust úr smiðju Chanel, með skinn um hálsinn. Hún hefur verið gagnrýnd harðlega af dýraverndunarsamtökum fyrir að klæðast ekta loðfeldum.


**WINTOUR ÁSAMT DÓTTUR SINNI** Hér hún í fallegum grænum satín kjól með brúna hálsfesti. Hún tekur dóttur sína oft með sér á tískuviðburði.


**BER AF Í GLÆSILEIKA** Wintour er daglegur gestur á rauða dreglinum og hér er hún í fallegum svörtum kjól og skemmtilegri hvítri kápu.


FRÉTTABLAÐIÐ / GETTY IMAGES

**MEÐ BEITTAN SVIP** Ritsjórinn er þekktur fyrir harða gagnrýni og er skörp klipping hennar eins konar vörumerki.


**PAUL SMITH SJÁLFUR** Hann er skemmtilegur skopkarl og kann að gera grín að sjálfum sér.

# *Veit hvað hann syngur*

Paul Smith var aðeins 15 ára gamall þegar hann hóf störf í tískuheiminum. Smith byrjaði sem sendill í vöruhúsi en hefur jafnt og þétt unnið sig upp, svo vægt sé til orða tekið. Hann er í dag meðal fremstu hönnuða Bretlands, þekktur fyrir vandaða og flotta vöru. Smith selur vörur sínar um allan heim og hér á landi er það verslunin Kultur Menn í kringlunni sem selur herrafatalínu hans.

Smith byrjaði á að selja eingöngu herrafatnað en árið 1994 bjó hann til dömulínu. Smith er hugmyndaríkur hönnuður og undir hans nafni er ilmvatnslína, innanstokksmunir og alls konar fylgihlutir. Vörumerkið hans eru marglitar rendur sem hann notar óspart í vörurnar sínar. Þar sem heimsmeistarakeppnin í fótbolta er á næsta leyti hefur Smith hannað eins konar fótboltalínu sem samanstendur af hátísku fótboltatreyjum og fallegum leðurboltum. Vor og sumarlína hans einkennist af blómamunstri, jafnt hjá herrum sem dömum. **- áp**


**BLÓMLEGT LÍF** Skyrta úr vor- og sumarlínu hans árið 2006.


**NÝJASTA TÍSKA Í FÓTBOLTUM** Þennan skemmtilega rósótta fótbolta gerði Smith sérstaklega fyrir heimsmeistarakeppnina.


**RÖNDÓTTUR MINIBÍLL** Þessar rendur eru vörumerki Paul Smiths og er fáanlegt alls konar dót með þessu sama munstri.













**BUBBI MORTHENS** Tónlistarmaðurinn Bubbi Morthens heldur upp á fimmtugsafmæli sitt þann sjötta júní.

# Sextíu aukalög frá Bubba

Í tilefni af fimmtugsafmæli Bubba Morthens þann 6. júní munu Íslenskir tónar gefa út níu af fyrstu sólóplötum Bubba í veglegum afmælisbúningi þennan sama dag.

Um er að ræða plöturnar Plágan, Fingraför, Ný spor, Frelsi til sölu, Dögun, 56, Bláir, Nóttin langa og Sögur af landi. Plöturnar innihalda samtals 60 aukalög sem sum hver hafa aldrei áður komið út á geislaplötum og mörg hafa aldrei komið út áður. Þarna er að finna blöndu af prufuupptökum, upptökum á ensku, upptökum af tónleikum og jafnvel lög sem hafa aldrei áður heyrst. Meðal annars hefur stuttskífan 56 ekki verið fáanlega á geislaplötu í meira en áratug. Auk þess má nefna að Bláir er hlutur Bubba af verki hans og Megasar, Bláir Draumar. Árið 2002 sendi Megas frá sér sinn hluta verksins undir nafninu Englaryk í tímaglasi.

Í fyrra komu út plöturnar Ísbjarnarblús og Kona í sams konar veglegum afmælisbúningi.

Sólóplötur Bubba frá árunum 1991 til nútímans koma síðan út í svipuðum búningi á næstu misserum.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ













ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| POSEIDON | KL. 1:30-3:40-5:50-8-10:10 | B.I. 14 |
| POSEIDON VIP | KL. 1:30-3:40-5:50-8-10:10 | |
| X-MEN 3 | KL. 1:30-3:30-5:45-8-10:20 | B.I. 12 |
| AMERICAN DREAMZ | KL. 1:30-3:30-5:45-8-10:20 | |
| THE SHAGGY DOG | KL. 1:30-3:40-5:50-8:15 | |
| MISSION IMPOSSIBLE 3 | KL. 3:40-6-8-10:30 | B.I. 14 |
| SCARY MOVIE 4 | KL. 10:20 | B.I. 10 |
| BAMBI 2 ísl. tal | KL. 2 | |

ÁLFABAKKI S: 587-8900

KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| POSEIDON | KL. 6-8-10 | B.I. 14 |
| X-MEN 3 | KL. 3-5:45-8 | B.I. 12 |
| THE DA VINCI CODE | KL. 10:10 | B.I. 14 |
| THE SHAGGY DOG | KL. 2-4 | |

AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| POSEIDON | KL. 4-6-8-10 | B.I. 14 |
| AMERICAN DREAMZ | KL. 6-8 | |
| MISSION IMPOSSIBLE 3 | KL. 10 | B.I. 14 |
| THE SHAGGY DOG | KL. 4 | |

AKUREYRI S: 461-4666 • KEFLAVÍK S: 421-1170

KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| POSEIDON | KL. 2-4-6-8:15-10:30 | B.I. 14 |
| AMERICAN DREAMZ | KL. 10 | |
| MISSION IMPOSSIBLE 3 | KL. 8-10:30 | B.I. 14 |
| SHAGGY DOG | KL. 2-4-6 | |
| SCARY MOVIE 4 | KL. 2-4-6-8 | B.I. 10 |

M:i:III POSEIDON SÝNDAR Í STAFRÆNNI ÚTGÁFU. MYND OG HLJÓÐ

KRINGLAN S: 588-0800

Háskólabíó

| | | |
|---|---|---|
| POSEIDON | KL. 5-7-9-11 | B.I. 14 |
| THE DA VINCI CODE | KL. 4-6-8-10 | B.I. 14 |
| THE SHAGGY DOG | KL. 6-8 | |
| MISSION IMPOSSIBLE 3 | KL. 5-8-10 | B.I. 14 |

HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919


# Útrás íslenskra listamanna

Íslendingar eru áberandi bæði í Kaupmannahöfn og London um hvítasunnuhelgina. Fjöldi íslenskra hönnuða tekur þátt í hönnunarsýningu í London sem kallast Grand design. Sýning fer fram í Excel-sýningarhöllinni og má nefna nöfn á borð við Bryndísi Bolla, Þórdísi Zoëga, Sigurð Gústafsson og Erlu Sólveigu Óskarsdóttur af íslensku hönnuðunum sem verk eiga á sýningunni.

Í Kaupmannahöfn verður haldið sérstakt Airwaves-partí á skemmtistaðnum Vega þar sem Hairdoctor og plötusnúðarnir Jack Schidt (betur þekktur sem Margeir) og Alfons X koma fram ásamt hinum innlendu Who Made Who og plötusnúðunum Jessica og Yebo frá plötutútgáfunni Crunchy Frog, sem sáu um sérstakt kvöld á Airwaves-hátíðinni í fyrra. Íslenskir listamenn láta ekki þar við sitja í borginni því um næstu helgi opnar svo fatahönnuðurinn Steinunn Sigurðardóttir sýningu á verkum sínum á Norðurbryggju Kaupmannahafnar en sýningin spannar 20 ára feril Steinunnar.



**ÍSLENSK HÖNNUN** Lampar eftir Bryndísi Bolla verða til sýnis í London um helgina en fleiri íslenskir hönnuðir sýna líka verk sína á stórri hönnunarsýningu þar í borg.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Rachel Weisz, sem tók á móti óskarsverðlaunum fyrir leik sinn í Constant Gardener kasólétt, eignaðist strák á miðvikudag með unnusta sínum Darren Aronofsky. Strákurinn kom í heiminn í New York en nafn hans hefur ekki verið gefið upp. Hjónakornin hittust árið 2001 og trúlofuðu sig í fyrra. Rachel flutti frá London til kærastans á Manhattan, en hún mun senn leika í mynd Aronofskys, The Fountain.




# Tilboð í sólina

Seljum síðustu sætin til Búlgaríu á verulega niðursettu verði!

Verð frá

# 19.000 kr.

Net-flugfargjald með sköttum

apollo 20 ÁRA

Óvissuferðir með gistingu frá 21.990 kr.

Brottfarir:
6. júní - 2 vikur
13. júní - 1, 2 eða 3 vikur
20. júní 1, 2 eða 3 vikur




Náðu þér í bækling!

Bókaðu núna!
www.apollo.is

Esso

*Bæklingar liggja frammi á völdum Esso-stöðvum:*

**Reykjavík:** Ártúnshöfði, Fossvogur og Geirsgata.
**Hafnarfjörður:** Lækjargata
**Keflavík:** Hafnargata
**Akureyri:** Leiruvegur

Ertu á net-lista okkar?
Skráðu þig á www.apollo.is

apollo

5 100 300 www.apollo.is
Langferðir ehf., Holtasmára 1, 201 Kópavogur



## Fjölskylduhátíð á Valbjarnarvelli

Valur og Landsbankinn standa fyrir fjölskylduskemmtun í dag fyrir stórleik Vals og Breiðabliks í kvennaboltanum. Fjörið hefst kl. 14 og leikurinn er kl. 16. Veitingar eru í boði og skemmtanir fyrir alla aldurshópa. Síðan er frítt á leikinn. Gaman að sjá góða umgjörð í kringum kvennalið Vals eftir dapra byrjun og vonandi það sem koma skal.

sport
sport@frettabladid.is

LANDSBANKADEILD KVENNA: STÓRLEIKUR VALS OG BREIÐABLIKS FER FRAM Í DAG

# Baráttan um völdin á Valbjarnavelli

Í dag klukkan 16 taka Valsstúlkur á móti stöllum sínum frá Kópavogi þegar Breiðablik mætir í heimsókn á Valbjarnavöllinn. Liðin eru í efsta sæti Landsbankadeildarinnar og má því búast við hörkuleik.

„Leikurinn leggst mjög vel í mig, maður er í þessu fyrir svona stórleiki en ég held að þetta verði fyrst og fremst baráttuleikur. Það má segja að þetta sé barátta um völdin þar sem þetta eru tvö efstu liðin og spurning um hvort liðið heldur efsta sætinu,“ segir Elísabet Gunnarsdóttir, þjálfari Valsstúlkna, fyrir leikinn.

Margir vilja meina að með þróun kvennaknattspyrnunnar, sé þetta aðeins annar af tveimur úrslitaleikjum Vals og Breiðabliks um Íslandsmeistaratitilinn.

„Ég er nú ekki sammála því, ég held að það eigi meira eftir að gerast í þessu móti. Ég held að KR hafi ekki sungið sitt síðasta og ég er pottþétt á því að þær eiga eftir að hrifsa stig af okkur toppliðunum. Það kemur mér á óvart hversu illa þær hafa byrjað mótið og það er út í hött að þær séu í þessari stöðu. Þær eru með gott lið og það er alveg ljóst að þær eiga eftir að þokast upp töfluna,“ sagði Elísabet en KR er aðeins með þrjú stig eftir þrjá leiki.



Í byrjunarliði Vals í dag verður þýska stúlkan Viola Oderbrecht, en hún á að baki 30 leiki fyrir þýska landsliðið. „Mér lýst rosalega vel á hana, hún er að koma sterk inn. Við gerum miklar væntingar til hennar en það er ákveðin áhætta að setja hana strax inn í svona leik. Hún er frábær leikmaður en maður veit ekki hvernig það kemur út að setja hana svona strax inn,“ sagði Elísabet um landsliðskonuna, en þjálfarinn er hvergi bangin fyrir leikinn.

„Við getum alveg unnið þetta Blikalið, á góðum degi í það minnsta. Það er þó ekkert mikið á milli þessara liða og eins og staðan er núna eru þetta tvo sterkustu liðum í deildinni. Vonandi verður þetta skemmtilegur og spennandi leikur og ég á ekki von á neinu öðru,“ sagði Elísabet að lokum.

## > KA og Þór sameinuð?

Viðæður eiga sér stað þessa dagana um sameiningu Þórs og KA í handboltanum. Hannes Karlsson, formaður handknattleiksdeildar KA, segir í samtali við heimasíðu félagsins að engin ákvörðun liggi fyrir en forsendan fyrir sameiningu er sú að keppt verði undir kennitölu KA enda sé KA með keppnisrétt í efri deildinni en Þór ekki. Ef af sameiningunni verður er talað um að liðið muni heita hinu frumlega nafni Akureyri og svo eru hugmyndir um að senda sameiginlegan 2. flokk í 1. deildarkeppnina.



Flugfélag Íslands:

## Býður á völlinn á Akureyri

**HANDBOLTI** Leikur Íslands og Danmerkur á þriðjudaginn fer fram á Akureyri en það er fyrir tilstilli HSÍ og Flugfélags Íslands sem býður öllum Akureyringum á leikinn. 1500 miðar eru í boði og er hægt að nálgast þá á skrifstofu flugfélagsins á Akureyrarflugvelli frá klukkan 10.00 í dag.

„Þetta er mikil ánægja fyrir okkur að koma að þessu verkefni. Við höfum komið að þessu með landsliðinu undanfarin ár og það er gaman að geta stutt landsliðið sem slíkt og ekki síst að geta stuðlað að því að handboltinn eflist á landsbyggðinni,“ sagði Árni Gunnarsson, framkvæmdastjóri Flugfélags Íslands, við Fréttablaðið í gær. „Aðrar íþróttagreinar hafa ekki verið jafn duglegar að þessu og við hvetjum bara aðra til að taka HSÍ sér til fyrirmyndar.“ **- hþh**

# Guðmundur við hlið Alfreðs í Svíþjóð

**Guðmundur Guðmundsson, þjálfari Íslandsmeistara Fram, mun aðstoða Alfreð Gíslason landsliðsþjálfara í umspilsleikjunum tveimur gegn Svíum. Alfreð segir að allir leggji sitt á vogarskálarnar til að leggja Svíana.**

**HANDBOLTI** Guðmundur Guðmundsson kemur til með að vera Alfreði Gíslasyni landsliðsþjálfara til halds og traust í verkefnum íslenska landsliðsins á næstu vikum en Guðmundur var landsliðsþjálfari á árunum 2001 til 2004. Framundan eru tveir æfingaleikir við Dani, á Akureyri á þriðjudaginn og í Laugardalshöll á fimmtudaginn en fyrri leikurinn við Svía verður í Globen í Stokkhólmi laugardaginn 11. júní og hinn síðari í Laugardalshöll laugardaginn á þjóðhátíðardaginn 17. júní

„Minn gamli vinur og herbergisfélagi frá landsliðstímanum kemur inn í þetta. Hann verður aðstoðarmaður minn og betur sjá augu en auga. Ég hef oft sagt að ég sé erfiður að vinna með fyrir aðstoðarþjálfara en við þekkjum hvorn annan mjög vel. Við höfum verið í miklu sambandi og erum með svipaða skoðun á því hvernig á að spila handbolta. Ég held að hann hafi verið besti kosturinn í stöðunni. Við verðum að gera allt sem við mögulega getum gert til að leggja Svíana,“ sagði Alfreð við Fréttablaðið í gær.

Þetta leggst einstaklega vel í mig og ég hlakka til að vinna aftur með Alfreð. Ég mun koma að greiningu á andstæðingnum og aðstoða við undirbúning liðsins í heild sinni. Ég er auðvitað öllum hnútum kunnugur í þessum málum og þekki alla strákana í liðinu,“ sagði Guðmundur.



**LOKAUNDIRBÚNINGUR HAFINN** Alfreð Gíslason fer með lærisveina sína í landsliðinu norður eftir helgina þar sem liðið mætir Dönum í fyrsta leik Alfreðs sem landsliðsþjálfari. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

„Ég lít á það sem ákveðinn heiður í því að til mín sé leitað og finnst það mög jákvætt. Við erum að þjálfa á mjög svipaðri línu og það er alltaf gott þegar þannig menn vinna saman. Þetta snýst bara um að vinna þessa vinnu eins vel og hægt er og við þurfum á öllum okkar kröftum að halda til að komast áfram. Þetta kemur kannski frekar á óvart en ég gat ekki sagt nei þegar til mín er leitað,“ bætti Guðmundur við.

Danir koma hingað til lands með sterkt lið en fyrri leikurinn fer fram í heimabæ Alfreðs, Akureyri, á þriðjudaginn. „Það er mjög gaman fyrir mig að fara til Akureyrar og spila þar. Allt annað en troðfull höll á Akureyri væru klárlega mikil vonbrigði. Fyrir mig er skemmtilegt að spila minn alvöru landsleik sem þjálfari að byrja á heimavelli mínum,“ sagði Alfreð, sem hefur fylgst grannt með Svíunum eftir að hann tók við sem landsliðsþjálfari.

**hjalti@frettabladid.is**




5. UMFERÐ | LANDSBANKADEILD KARLA

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| mán. | 5. júní | kl. | 19:15 | Víkingur - Valur |
| mán. | 5. júní | kl. | 19:15 | ÍA - Fylkir |
| mán. | 5. júní | kl. | 19:15 | Grindavík - ÍBV |
| mán. | 5. júní | kl. | 20:00 | FH - Keflavík |
| þri. | 6. júní | kl. | 19:15 | KR - Breiðablik |

4. UMFERÐ | LANDSBANKADEILD KVENNA

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| lau. | 3. júní | kl. | 14:00 | FH - KR |
| lau. | 3. júní | kl. | 16:00 | Valur - Breiðablik |
| mán. | 5. júní | kl. | 14:00 | Þór/KA - Fylkir |
| mið. | 7. júní | kl. | 19:15 | Stjarnan - Keflavík |

Tryggðu þér miða á betra verði á landsbankadeildin.is eða ksi.is

Landsbankinn
410 4000 | landsbanki.is



**Á LEIÐ TIL FYLKIS?** Úkraínumaðurinn Igor Andryuschenko mun eflaust sóma sér vel hjá Fylki. Hann er hávaxinn, öflug, rétthent skytta.

Fylkismenn safna liði í handboltanum:

## Úkraínskur landsliðsmaður á leið í Árbæinn

**HANDBOLTI** Fylkismenn ætla sér stóra hluti í handboltanum á næstu leiktíð og leggja ekki árar í bát þó þeirra besti maður á síðustu leiktíð, Heimir Örn Árnason, sé farinn til Danmerkur.

Fylkir gekk í gær frá samningi við Björn Guðmundsson sem hefur leikið með Víkingi síðustu ár. Stóra fréttin er Árbænum er þó sú að liðið er langt komið með að landa samningi við úkraínskan landsliðsmann sem leikur í þýsku Bundesligunni. Samkvæmt heimildum blaðsins heitir leikmaðurinn Igor Andryuschenko og spilar hann með Tus Lubbecke líkt og Þórir Ólafsson.

Þarna er á ferð geysilega öflugur leikmaður sem getur leikið allar stöður. Hann er 26 ára gamall og 196 sentimetrar á hæð. Mikil og kröftug rétthent skytta.

Að sögn Sigmundar Lárussonar hjá Fylki er ætlunin að styrkja hópinn enn frekar en þess má geta að Fylkir var einnig á eftir FH-ingnum Vali Arnarsyni en hann ætlar væntanlega að spila áfram með FH. **- hbg**



**BIKARMEISTARARNIR** Valsmenn eru núverandi bikarmeistarar, en þeir koma inn í næstu umferð. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

VISA-bikar karla:

## Grannaslagi ber hæst

**FÓTBOLTI** Í hádeginu í gær var dregið í fjórðu umferð VISA-bikars karla í knattspyrnu. Tvo grannaslagi ber hæst í umferðinni en KA og Þór mætast á Akureyri og ÍR og Leiknir í Breiðholtinu. Úrvalsdeildarfélögin koma inn í pottinn í næstu umferð, sextán liða úrslitunum.

**FJÓRÐA UMFERÐIN:**

**14. JÚNÍ: FJARÐARBYGGÐ - SINDRI**
15. JÚNÍ: ÍR - LEIKNIR
**15. JÚNÍ: AFTURELDING - NJARÐVÍK**
15. JÚNÍ: ÞRÓTTUR R. - HK
**16. JÚNÍ: KA- ÞÓR**
16. JÚNÍ: HAUKAR - FRAM

Wayne Rooney:

## Byrjaður að sparka í bolta

**FÓTBOLTI** Wayne Rooney hefur tekið mikilvægt skref í átt að bata fyrir HM í sumar en hann tók þátt í æfingu enska liðsins í gær. Hann hljóp mikið og sparkaði í bolta, en það er í fyrsta sinn sem hann gerir það síðan hann braut bein í fætinum á sér í lok aprílmánaðar.

„Hann hefur verið að vinna með læknum Manchester United alla vikuna. Hann er að verða góður, en við verðum að bíða og sjá,“ sagði aðstoðarþjálfarinn Steve McClaren, og tilvonandi landsliðsþjálfari. Rooney fer í ítarlega læknisskoðun þann 7. júní og mun það skera úr um hvort hann geti spilað á mótinu.

„Vonandi sýnir skoðunin fram á að allt sé í góðu. Það býr mikið sjálfstraust í stráknum og við munum gera allt sem við getum til að hann geti spilað,“ sagði Sven Göran-Eriksson um Rooney, en ekki er búist við því að hann geti spilað með í riðlakeppninni. **- hþh**



**NOWITZKI** Fannst ekki leiðinlegt að sjá 50. stigið detta niður í körfuna í fyrrinótt. NORDICPHOTOS/AFP

NBA körfuboltinn:

## Dirk Nowitzki skoraði 50 stig

**NBA** Þjóðverjinn Dirk Nowitzki, sem stundum er kallaður Nick, var allt í öllu í liði Dallas sem vann öruggan sigur á Phoenix í fimmta leik liðanna í úrslitaeinvígi Vesturdeildarinnar 117-101 og tók þar með 3-2 forystu.

„Ég sagði strákunum bara að nú væri kominn tími til að bretta upp ermarnar. Þegar Phoenix náði forskotinu í þriðja leikhlutanum fór ég að sjá frábært tímabil okkar fjara út í huganum og ég gat ekki látið það gerast,“ sagði Nowitzki af sinni alkunnu hógværð.

50 stig Nowitzki voru persónulegt met hjá honum í úrslitakeppni og félagsmet hjá Dallas, en aðeins einn annar, Kobe Bryant, hefur skorað 50 stig í úrslitakeppninni í ár og það var einnig gegn Phoenix - reyndar eftir framlengdan leik.

Tim Thomas var besti maður Phoenix í leiknum og skoraði 26 stig. **- hþh**

Mun Peter Crouch endurtaka vélmennadansinn magnaða gegn Jamaika?:

# Peter Crouch verður í byrjunarliðinu

**FÓTBOLTI** Sven-Göran Eriksson, landsliðsþjálfari Englendinga, mun að öllum líkindum snúa aftur í leikkerfið 4-4-2 í síðasta æfingaleik enska landsliðsins fyrir HM sem verður gegn Jamaika í dag. Peter Crouch skoraði gegn Ungverjalandi í vikunni eftir að hafa komið inn sem varamaður og verður líklegast í byrjunarliðinu og mun verða við hlið Michael Owen í fremstu víglínu.

„Við munum breyta leik okkar töluvert frá því á þriðjudaginn,“ sagði Eriksson á blaðamannafundi í gær. Jamie Carragher mun taka stöðu Gary Neville í hægri bakverðinum þar sem Neville á við smávægileg meiðsli að stríða en hann verður þó sem betur fer fyrir England orðinn leikfær í fyrsta leik riðlakeppninnar. „Hann hefði alveg getað spilað gegn Jamaika, meiðsli hans eru það smávægileg. Við tökum hins vegar enga áhættu,“ sagði Eriksson.



**CROUCH** Heillar stúlkurnar upp úr skónum með vélmennadansinum. NORDICPHOTOS/AFP

„Í þessum tveimur landsleikjum fyrir keppnina sjálfa prufum við tvær ólíkar leikaðferðir, við munum líklega notast við þær báðar á HM,“ sagði Eriksson. David Beckham, fyrirliði enska landsliðsins segir að leikmönnum liðsins líki betur við leikaðferðina 4-4-2.

Gaman verður að sjá hvort Crouch verði á skotskónum í leiknum í dag og bjóði jafnvel aftur upp á vélmennadansinn sem vakti mikla lukku gegn Ungverjum. Síðan Crouch tók dansinn hefur hann oft og tíðum fengið beiðnir um að endurtaka dansinn og gert það fúslega. Búist er við því að þessi dans verði sá heitasti á skemmtistöðum Englands og jafnvel víðar um þessa helgi. **- egm**

Jose Mourinho:

## Drogba er ekki á förum

**FÓTBOLTI** Jose Mourinho, knattspyrnustjóri Chelsea, segir að Didier Drogba sé ekki á förum frá félaginu eins og orðrómur hefur verið um.

„Margir eru að tala um að Andriy kæmi inn og Drogba færi en það var aldrei, aldrei áætlunin. Þeir eru tveir framherjar með mjög mismunandi eiginleika,“ sagði Mourinho.

„Andriy er hraður með boltann á tánum, frábærar hreyfingar og með auga fyrir spili, hann er frábær leikmaður. Didier er sterkur, kraftmikill, baráttuhundur og frábær í að skapa öðrum pláss. Þeir gætu því náð vel saman frammi,“ bætti Mourinho við. **- hþh**


# Norður Evrópumótið í borðtennis 2006

**TBR ÍÞRÓTTAHÚSINU við GNOÐARVOG**

## 2006 North European Table Tennis Championships

**Reykjavík, Iceland, 2-4 June TBR SPORT CENTER – GNODARVOGUR 1**




**FRIDAY 2 JUNE 2006 / FÖSTUDAGUR 2. JÚNÍ 2006:**

| | | |
|---|---|---|
| 09:30-19:00 | Team Events and Mixed Doubles. | Liðakeppni og tvenndarkeppni. |

**SATURDAY 3 JUNE 2006 / LAUGARDAGUR 3. JÚNÍ 2006:**

| | | |
|---|---|---|
| 09:00-17:00 | Team Events, Singles and Doubles | Liðakeppni, einliða- og tvíliðaleikur. |
| 16:45-18:00 | Semi-final and Final: Mixed Doubles. | Undanúrslit og úrslit í tvenndarkeppni. |

**SUNDAY 4 JUNE 2006 / SUNNUDAGUR 4. JÚNÍ 2006:**

| | | |
|---|---|---|
| 10:00-10:45 | Semi-final: Men's and Women's Doubles. | Undanúrslit í tvíliðaleik karla og kvenna. |
| 10:45-11:30 | Semi-final: Men's and Women's Singles. | Undanúrslit í einliðaleik karla og kvenna. |
| 11:30-12:15 | Final: Men's and Women's Doubles. | Úrslit í tvíliðaleik karla og kvenna. |
| 12:15-13:50 | Final: Men's and Women's Singles. | Úrslit í einliðaleik karla og kvenna. |
| 13:00-14:00 | Winners Ceremony. | Verðlaunaafhending. |

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„All people see when they look at me is blonde hair and big boobs.“**

Svar: Elle úr Legally Blonde frá 2001.

# dagskrá

Laugardagur 3. júní

## Í TÆKINU MATT DILLON LEIKUR Í THERE'S SOMETHING ABOUT MARY Á STÖÐ 2 BÍÓ KL. 22.00

# Unglingastjarnan sem varð að manni



Þegar Matt Dillon ruddist fram á sjónarsviðið í byrjun níunda áratugarins virtist þessi myndarlegi drengur ætla að leggja Hollywood að fótum sér. Hlutirnir fara þó ekki alltaf eins og þeir eiga að gera. Matt Dillon er engu að síður meðal allra skemmtilegustu leikara kvikmyndaborgarinnar. Dillon er unglingastjarna og skaust upp á stjörnuhimininn þegar hann lék kvennagullið Randy í Little Darlings. Það var þó ekki fyrr en um miðjan níunda áratuginn sem Dillon vakti athygli fyrir leikhæfileika sína. Þá lék hann í þremur kvikmyndaútfærslum af skáldsögum S.E. Hintons.

Fyrst var það Tex, sem þótti á sínum tíma prýðileg fjölskylduskemmtun. Árið eftir fékk leikstjórinn Francis Ford Coppola hann til að leika í tveimur kvikmyndum eftir sig sem byggðust á sögum Hintons. Fyrst lék hann Dallas Winston í The Outsiders þar sem mótleikarar hans voru ekki af verri kantinum, Tom Cruise og Emilio Estevez. Sama ár lék hann Rusty James í Rumble Fish á móti Mickey Rourke.

Eftir The Flamingo Kid fór að halla undir fæti hjá Dillon, sem vildi losna undan unglingsímyndinni. Þeir sem hafa séð Target vita að Dillon vill gleyma því tímabili. Hann náði sér aftur á strik í Drugstore Cowboy eftir Gus Van Sant. Frá því hefur gengið verið upp og niður, sumar kvikmyndir hans hafa náð hylli á meðan aðrar hafa horfið í gleymskunnar dá. Meðal nýlegra og eftirminnilegra mynda leikarans má nefna One Night at McCool's og There's Something about Mary auk hinnar eftirminnilegu Crash.

**ÞRJÁR BESTU MYNDIR DILLONS:** **Crash** - 2005 **Drugstore Cowboy** - 1989 **There's Something About Mary** - 1998



▶ 20.15 *Drama*

ERIN BROCKOVICH



▶ 20.25 *Gaman*

ÞAÐ VAR LAGIÐ



▶ 19.00 *Gaman*

VINIR



▶ 21.45 *Spenna*

THE DEAD ZONE



▶ 19.45 *Dægurmál*

ÓÞEKKT

## SJÓNVARPIÐ

**8.00** Morgunstundin okkar **8.01** Alda og Bára (4:26) **8.06** Bú! (17:26) **8.17** Lubbi læknir **8.30** Arthúr **8.55** Sigga ligga lá (14:52) **9.08** Skoppa og Skrítla (5:10) **9.18** Matta fóstra og ímynduðu vinirnir hennar (39:40) **9.40** Gló magnaða **10.02** Ástfangnar stelpur (10:13) **10.25** Latibær **10.55** Kastljós **11.25** Hlé

**12.35** Gullmót í frjálsum íþróttum **14.50** Mótorsport (7:15) **15.20** Fótboltaæði (1:6) **15.50** Íslandsmótið í fótbolta **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Hope og Faith (52:73) **18.25** Kokkar á ferð og flugi (6:8)

**18.54 Lottó**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.40 Fjölskylda mín (9:13)** (My Family)
▶ **20.15 Erin Brockovich** Bandarísk bíómynd frá 2000. Atvinnulaus einstæð móðir leggur til atlögu við orkufyrirtæki í Kaliforníu sem sakað er um að hafa spillt vatnsbólum. Leikstjóri er Steven Soderbergh og meðal leikenda eru Julia Roberts og Albert Finney.
**22.25 Kaldbakur** (Cold Mountain) Bandarísk bíómynd frá 2003. Á síðustu dögum þrælastríðsins leggur særður hermaður upp í háskaför heim til kærustunnar sinnar. Meðal leikenda eru Jude Law, Nicole Kidman, Renée Zellweger, Philip Seymour Hoffman, Natalie Portman, Giovanni Ribisi og Donald Sutherland. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

**0.55** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## STÖÐ 2

**7.00** Barnatími Stöðvar 2 **10.35** You Wish!

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Bold and the Beautiful **12.40** Bold and the Beautiful **13.00** Bold and the Beautiful **13.20** Bold and the Beautiful **13.40** Bold and the Beautiful **14.05** Idol – Stjörnuleit **15.00** Life Begins **15.50** William and Mary **16.40** Kabbalah trúarhreyfingin **17.15** Einu sinni var **17.45** Martha

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Íþróttir og veður**
**19.05 Lottó**
**19.10 George Lopez (21:24)**
**19.35 Oliver Beene (6:14)**
**20.00 Bestu Strákarnir**
▶ **20.25 Það var lagið** Gestasöngvarar kvöldsins eru hin gamalreyndu Maggi Kjartans og Helga Möller á móti Andreu Gylfadóttur og gamla Papa- og Logasöngvaranum Hermanni Inga.
**21.35 Being Julia** (Hin eina sanna Júlía) Stjörnum hlaðin verðlaunamynd um líf og ástir sviðsleikara í Lundúnum á 4. áratug síðustu aldar. Aðalhlutverk: Leigh Lawson, Michael Gambon, Annette Bening. Leikstjóri: István Szabó. 2004. Bönnuð börnum.

**23.20** Framed (Bönnuð börnum) **0.50** Blue Crush **2.30** Soul Assassin (Stranglega bönnuð börnum) **4.05** Solaris (Bönnuð börnum) **5.40** Oliver Beene (6:14) **6.00** Fréttir Stöðvar 2 **6.45** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SIRKUS TV

**18.00** Fashion Television (e)

**18.30 Fréttir NFS**
▶ **19.00 Friends (11:23) (e)** (Vinir) Rachel heimsækir vinnustaðinn sinn til að sýna Emmu litlu og það kemur henni á óvart að þar er myndarlegur maður sem hefur verið að leysa hana af. J
**19.30 Friends (12:23) (e)** (Vinir) Rachel er frekar pirruð yfir því að myndarlega keppinautnum hennar í vinnunni hefur verið boðið í afmælið hennar, Ross á fullt í fangi með að halda Joey frá nýju barnfóstrunni hennar Emmu sem er gullfalleg og Mike aðstoðar hana Phoebe sína við að hugsa um rottuunga sem fæddust í skápnum hjá henni.
**20.00 Jake in Progress (2:13)** (Stand By Your Man)
**20.30 Sirkus RVK (e)**

## SKJÁREINN

**10.30** Dr. Phil (e)

**12.45** Yes, Dear (e) **13.15** Life with Bonnie (e) **13.40** Top Gear (e) **14.30** Game tíví (e) **15.00** One Tree Hill (e) **15.50** Less than Perfect (e) **16.15** Run of the House (e) **16.45** Dr. 90210 (e) **17.15** Survivor: Panama – lokaþáttur (e) 18.00 Everybody loves Raymond (e)

**18.30 Everybody Hates Chris (e)**
**19.00 Family Guy (e)**
**19.30 Courting Alex (e)**
**20.00 All of Us – lokaþáttur**
**20.25 Run of the House**
**20.50 The Drew Carey Show**
**21.10 Dr. 90210 – lokaþáttur**
▶ **21.45 The Dead Zone – lokaþáttur** Bandarískur framhaldsmyndaflokkur um kennarann John Smith sem vaknar úr djúpu dái sex árum eftir að hafa lent í umferðarslysi og er nú orðinn skyggn.
**22.30 Rockface – lokaþáttur** Frábærir breskir þættir sem segja frá hugrökku fólki sem hættir lífi sínu til að bjarga mannslífum í fjöllunum.

**23.15** The Bachelorette III (e) **0.10** Law & Order: Criminal Intent (e) **1.00** Wanted (e) **1.50** Tvöfaldur Jay Leno (e) **3.20** Óstöðvandi tónlist

## NFS

**10.00** Fréttir **10.10** Óþekkt **11.00** Fréttavikan m. Þorfinni Ómars

**12.00** Hádegisfréttir/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða **12.25** Skaftahlíð **13.00** Dæmalaus veröld – með Óla Tynes **13.15** Fréttavikan m. Þorfinni Ómars **14.00** Fréttir **14.10** Óþekkt **15.00** Vikuskammturinn **16.00** Fréttir **16.10** This World 2006 **17.00** Dæmalaus veröld – með Óla Tynes **17.20** Skaftahlíð

**18.00** Kvöldfréttir/íþróttir/Veður
**19.10 Skaftahlíð** Maður vikunnar. Viðtal í umsjá fréttastofu NFS.
▶ **19.45 Óþekkt** Óþekkt er femínískur sjónvarpsþáttur sem fjallar konur og femínisma. Óþekkt tekur fyrir ýmis klassísk mál í kvennabaráttunni sem enn er ekki lokið og fjöllum um þau með aðstoð sérfræðinga. Umsjónamenn þáttarins eru Auður Alfífa Ketilsdóttir og Kristín Tómasdóttir.
**20.35 Fréttavikan m. Þorfinni Ómars**
**21.25 Skaftahlíð** Maður vikunnar. Viðtal í umsjá fréttastofu NFS.
**22.00 Kvöldfréttir/íþróttir/Veður**

**23.10** Síðdegisdagskrá endurtekin **9.10** Fréttavikan m. Þorfinni Ómars

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Freaky Friday **8.00** Hvítir mávar **10.00** I Capture the Castle **14.00** Freaky Friday **16.00** Hvítir mávar **18.00** I Capture the Castle **22.00 There's Something About Mary** (Það er eitthvað við Mary) Ærslafull gamanmynd sem á fáa sína líka. Ted Stroehmann á erfitt með að gleyma hinni þokkafullu Mary og ræður einkaspæjara til þess að hafa uppi á stúlkunni. En það versnar heldur betur í því þegar spæjarinn fellur einnig fyrir Mary! Aðalhlutverk: Matt Dillon, Ben Stiller, Cameron Diaz. Leikstjóri: Peter Farrelly, Bobby Farrelly. 1998. Leyfð öllum aldurshópum. **0.00** Mystic River (Stranglega bönnuð börnum) **2.15** Hidalgo (Bönnuð börnum) **4.30** There's Something About Mary

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** The Daily 10 **13.00** 10 Ways **13.30** 10 Ways **14.00** THS The Women Of Desperate Housewives **16.00** Eva Longoria: The Interview with Ryan Seacrest **17.00** 10 Ways **17.30** 10 Ways **18.00** E! News Weekend **19.00** What Hollywood Taught Us About Sex **21.00** Sexiest **22.00** THS Kate Moss **23.00** Wild On Tara **23.30** Wild On Tara **0.00** What Hollywood Taught Us About Sex **2.00** Wild On Tara

## AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15




## VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Cold Mountain **Ríkissjónvarpið** kl. 22.30

*Falleg og hjartnæm mynd*



Mynd sem gerist á síðustu dögum þrælastríðsins og fjallar hún særðan hermann sem leggur upp í háskaför heim til kærustunnar sinnar í Norður-Karólínu. Á leiðinni verður á vegi hans fjöldinn allur af litríku og forvitnilegu fólki en heima í sveitinni er Ada, kærastan hans, tekin við búi eftir föður sinn og nýtur þar aðstoðar flökkukonunnar Ruby. Myndin var tilnefnd til sjö óskarsverðlauna og Renée Zellweger hlaut þau fyrir leik sinn. Leikstjóri er sjálfur Anthony Minghella og meðal annarra leikenda eru Jude Law, Nicole Kidman, Philip Seymour Hoffman, Natalie Portman, Giovanni Ribisi og Donald Sutherland. Sannkölluð stórmynd hér á ferð.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | | | | 2 | | | | 1 |
| | 7 | | | | | | | |
| 3 | | | 9 | | 8 | 6 | | |
| | | 1 | | | 6 | | 5 | |
| | | 9 | | 5 | | 1 | | |
| | 2 | | 7 | | | 3 | | |
| | | 8 | 5 | | 3 | | | 2 |
| | | | | | | | 6 | |
| 4 | | | | 9 | | | | 8 |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 2 | 5 | 6 | 8 | 3 | 1 | 4 | 9 |
| 4 | 1 | 3 | 2 | 5 | 9 | 6 | 7 | 8 |
| 9 | 8 | 6 | 1 | 7 | 4 | 2 | 3 | 5 |
| 3 | 9 | 8 | 5 | 1 | 6 | 7 | 2 | 4 |
| 1 | 6 | 4 | 9 | 2 | 7 | 5 | 8 | 3 |
| 5 | 7 | 2 | 3 | 4 | 8 | 9 | 1 | 6 |
| 8 | 5 | 7 | 4 | 6 | 2 | 3 | 9 | 1 |
| 6 | 4 | 9 | 7 | 3 | 1 | 8 | 5 | 2 |
| 2 | 3 | 1 | 8 | 9 | 5 | 4 | 6 | 7 |



▶ **18.50** *Vaxtarrækt*

AFLRAUNIR ARNOLDS

SÝN besta sætið

**10.50** NBA úrslitakeppnin

**12.50** HM 2006 **15.00** FIFA World Cup Film Collection **16.30** Sænsku nördarnir **17.20** US PGA í nærmynd **17.50** KB banka mótaröðin í golfi 2006

▶ **18.50 Aflraunir Arnolds** (Arnold Schwarzenegger Classic) Árlega flykkjast bestu keppnismennirnir til Ohio í Bandaríkjunum og taka þátt í móti sem kennt er við Arnold Schwarzenegger, ríkisstjóra í Kaliforníu, sem var mikill íþróttagarpur á árum áður.

**19.20 Motorworld**

**19.50 Ensku mörkin** Mörkin og marktækifærin úr enska boltanum, næst efstu deild.

**20.20 HM 2006** (England – Jamaíka) Vináttulandsleikur Englands og Jamaíka endursýndur en hann fór fram fyrr í dag.

**22.00 NBA úrslitakeppnin** (NBA Playoffs) Útsending frá leik í úrslitakeppni NBA körfuboltans.

**1.00** Box – Diego Corrales – Jose Luis Castillo

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.50** Bæn **7.05** Laugardagur til lukku **8.05** Músík að morgni dags **9.03** Út um græna grundu **10.05** Veðurfregnir **10.15** Andi Andalúsíu **11.00** Vikulokin **12.00** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Laugardagsþátturinn **14.00** Töfrar Bollywoodmynda **14.40** Sjö dagar sælir **15.30** Með laugardagskaffinu **16.08** Veðurfregnir **16.10** Spegill tímans: Í húsi skáldsins **17.05** Til allra átta **18.00** Kvöldfréttir **18.25** Auglýsingar **18.26** Leikhúsmýslan **18.52** Dánarfregnir og auglýsingar **19.00** Kringum kvöldið **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Flakk **23.10** Danslög

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **9.03** Helgarútgáfan **10.05** Helgarútgáfan **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Helgarútgáfan **16.08** Geymt en ekki gleymt **18.00** Kvöldfréttir **18.25** Auglýsingar **18.28** Tónlist að hætti hússins **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** PZ **20.30** Reykjavík Trópík **1.10** Næturvörðurinn

### BYLGJAN FM 98,9

**9.00** Gulli Helga **12.00** Hádegisfréttir **12.20** Rúnar Róbertsson **16.00** Ragnar Már **18.30** Kvöldfréttir **19.00** Ívar Halldórsson

### AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt Bylgjan** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 97,7 X-ið** / Enginn viðbjóður


FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR



Gefðu þér tíma
í Flugstöð Leifs Eiríkssonar

**Ókeypis sætaferðir frá BSÍ kl. 4.30 í boði Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar**

**Góðir farþegar**
Við minnum á að framkvæmdir standa yfir í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og hvetjum því farþega til að gefa sér góðan tíma fyrir flug.

**Innritun hefst kl. 5.00 eða 2 tímum fyrir brottför**
Tilboðið gildir til **31. ágúst 2006**

**Njótið ferðarinnar, mætið tímanlega**

**Finnið rúturnar með okkar merki**
Farþegar eru vinsamlegast beðnir um að sýna farseðil

ferð til fjár!
Flugstöð Leifs Eiríkssonar

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„The first time I saw Gareth dance I was afraid that lives would be lost.“**

Svar: Matthew úr Four Weddings and a Funeral frá 1994.

# dagskrá

## Sunnudagur 4. júní

## Í TÆKINU BERNIE MAC LEIKUR Í BARNIE MAC Á SIRKUS KL. 20.30

# Vildi ekki breyta ímynd sinni

Bernard Jeffrey McCollough eða Bernie Mac fæddist árið 1958 í Chicago. Þar ólst hann upp við einkar kröpp kjör og í slæmu hverfi. Árið 1977 hélt Bernie síðan sitt fyrsta uppistand en á þessum tíma var Bernie afar fátækur og þurfti hann meðal annars að fá lánuð jakkaföt hjá bróður sínum. Þetta voru einnig erfiðir tímar fyrir Bernie og bræður hans tvo því móðir þeirra hafði látist úr brjóstakrabbameini skömmu áður.

Ímynd Bernies er og hefur alltaf verið frekar hörð og ófyrirleitin og neitaði Bernie ætíð staðfastlega að breyta þeirri ímynd fyrir sjónvarp og aðra aðila. Það varð hins vegar til þess að Bernie fékk fá tækifæri í upphafi ferils síns og út allan 9. áratuginn. Árið 1995 umbreyttist hins vegar ferill Bernies. Það ár gerði



HBO-sjónvarpsstöðin sérstakan Midnight Mac þátt auk þess sem Bernie kom fram í skemmtiþætti Chris Tucker. Það sem eftir var af áratugnum hélt Bernie áfram að leika ýmis smáhlutverk en fékk nú að koma fram í stærri kvikmyndum á borð við Don't Be a Menace... og Life auk þess að leika í sjónvarpsþáttunum Moesha.

Árið 2001 byrjaði Bernie með sinn eigin sjónvarpsþátt, The Bernie Mac Show, og varð hann strax afar vinsæll. Hann hefur einnig komið fram í mörgum vel þekktum kvikmyndum á borð við Ocean's Eleven, Bad Saint og Guess Who? Bernie Mac hefur sýnt það og sannað að ekki þarf að hneigja sig og beygja fyrir Hollywood heldur eru það þrautseigja og hæfileikar sem til þarf.



▶ 19.30 *Dægurmál*

ÚT OG SUÐUR



▶ 22.20 *Gaman*

SIDEWAYS



▶ 20.30 *Gaman*

BERNIE MAC



▶ 20.00 *Gaman*

LESS THAN PERFECT



▶ 19.10 *Skýringar*

KOMPÁS

### SJÓNVARPIÐ

**8.00** Morgunstundin okkar **8.01** Skordýr í Sólarlaut (25:26) **8.25** Bubbi byggir (801:813) **8.35** Hopp og hí Sessamí (4:26) **9.00** Stjáni (52:52) **9.25** Sígildar teiknimyndir (38:42) **9.32** Sögur úr Andabæ (58:65) **9.54** Gæludýr úr geimnum (12:26) **10.15** Elli eldfluga (5:10) **10.20** Latibær **10.45** Hlé

**12.00** Út og suður (3:16) **12.30** Svört tónlist (2:6) **13.25** Taka tvö (3:10) **14.15** Örkin hans Nóa – Fyrri hluti (1:2) **15.40** Örkin hans Nóa – Seinni hluti (2:2) **17.05** Vesturálman (5:22) **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Stundin okkar (5:31)

**18.30** **Ævintýri Kötu kanínu (4:13)** (Binny the Bunny)
**18.44** **Jonni** Leikin barnamynd frá Hollandi.
**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
▶ **19.30** **Út og suður (5:16)**
**19.55** **Hvítasunnutónleikar** Upptaka frá samkomu hjá hvítasunnukirkjunni Fíladelfíu í Reykjavík. Gospelkór Fíladelfíu syngur ásamt einsöngv.
**20.55** **25 tímar** Heimildamynd eftir Jón Karl Helgason um keppni níu danshöfunda sem semja, æfa og frumflytja stutt dansverk.
**21.20** **Dýrahringurinn (6:10)** (Zodiaque) Franskur myndaflokkur.
**22.15** **Innrás villimannanna** (Les invasions barbares) Kanadísk bíómynd frá 2003 um mann sem er með ólæknandi krabbamein og reynir að gera upp fortíð sína og öðlast sálarfrið áður en hann deyr.

**23.50** Græna mílan (Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 16 ára. e) **2.50** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

### STÖÐ 2

**7.00** Barnatími Stöðvar 2 (Pingu, Jellies, Myrkfælnu draugarnir, Noddy, Kalli og Lóla, Könnuðurinn Dóra, Taz-Mania 1, Ofurhundurinn, Batman, Horance og Tína, Hjólagengið, Sabrina – Unglingsnornin, Hestaklúbburinn, Tvíburasysturnar)

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.45** Neighbours **13.05** Neighbours **13.25** Neighbours **13.45** Neighbours **14.10** Það var lagið **15.20** Leyndardómur Bermúda-þríhyrningsins **16.25** Veggfóður (18:20) **17.10** Eldsnöggt með Jóa Fel (1:6) **17.45** Martha

**18.30** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.10** **Örlagadagurinn**
**20.00** **William and Mary (2:6)** (William og Mary) Hér eru á ferð vandaðir breskir framhaldsþættir með hinum góðkunnu leikurum Martin Clunes úr Men Behaving Badly og Julie Graham í aðalhlutverkum.
**20.50** **Cold Case (11:23)** (Óupplýst mál) Bönnuð börnum.
**21.35** **Twenty Four (18:24)** (24)
▶ **22.20** **Sideways** (Hliðarspor) Margrómuð verðlaunamynd, kostuleg gamanmynd með hádramatískum undirtóni, um vínelskandi einmana sálir í leit að hamingjunni; hinni einu sönnu ást og hinu eina sanna rauðvíni. Myndin var tilnefnd til 5 Óskarsverðlauna og fékk verðlaunin fyrir besta handritið. Aðalhlutverk: Virginia Madsen, Thomas Haden Church og Paul Giamatti.

**0.25** I Am Sam **2.35** The Scream Team **4.00** Unspeakable **5.45** Fréttir Stöðvar 2 **6.30** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS TV

**18.00** Fashion Television (e)

**18.30** **Fréttir NFS**
**19.10** **Friends (13:23) (e)**
**19.35** **Friends (14:23) (e)** (Vinir)
**20.00** **Tívolí** Skemmti- og fræðsluþátturinn.
▶ **20.30** **Bernie Mac (8:22)** Þriðja þáttaröðin um grínistann Bernie Mac og fjölskylduhagi hans. Bernie tekur að sér þrjú börn og á ekki auðvelt með að aðlagast breyttum aðstæðum.
**21.00** **Twins (1:18) (e)** (Pilot) Gamanþættir um tvíburasysturnar Mitchee og Förruh sem eru algjörar andstæður. Mitchee er eins og faðir þeirra, gáfuð og metnaðarfull, en Farrah er eins og móðir þeirra, gullfalleg en er ekkert rosalega skörp.
**21.30** **Killer Instinct (1:13) (e)** (Pilot) Hörkuspennandi þættir um lögreglumenn í San Francisco og baráttu þeirra gegn hættulegustu glæpamönnum borgarinnar.

**22.20** **Clubhouse (5:11) (e)** (Clubhouse) **23.05** X-Files (e) **23.50** Quills (Stranglega bönnuð börnum) **1.50** Smalleville (3:22)

### SKJÁREINN

**12.00** Frasier – öll vikan (e) **14.00** How Clean is Your House (e) **14.30** Too Posh to Wash (e) **15.00** Beautiful People (e) **16.00** America's Next Top Model V (e) **17.00** Innlit / útlit – lokaþáttur (e) **18.00** Close to Home (e)

**19.00** **The Bachelorette III (e)**
▶ **20.00** **Less than Perfect – lokaþáttur** Að baki hverri framakonu er fjöldi fólks sem gæfi hægri höndina fyrir starf hennar. Claude hefur með harðfylgi unnið sig upp úr póstdeildinni og í starf aðstoðarmanns aðalfréttalesarans, Will. Vinnufélögum hennar á fréttastofunni er best lýst sem hrokafullum vitleysingum sem nota hvert tækifæri til að stinga hver annan í bakið og vitlausastur þeirra allra er Will, sem leikinn er af Eric Roberts.
**20.30** **Point Pleasant**
**21.30** **Boston Legal** Shirley verður undrandi þegar hún kemst að því að Ivan hefur ekki sagt Missy frá því að þau hafi verið gift.
**22.30** **Wanted**

**23.15** A Midsummers Nitght's Sex Comedy **0.05** C.S.I. (e) **1.05** The L Word (e) **2.00** Óstöðvandi tónlist

### NFS

**10.00** Fréttir **10.10** Ísland í dag – brot af besta efni liðinnar viku **11.00** Þetta fólk

**12.00** Hádegisfréttir/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða **14.00** Fréttir **14.10** Ísland í dag – brot af besta efni liðinnar viku **15.00** Þetta fólk **16.00** Fréttir **17.45** Hádegið E **18.00** Kvöldfréttir/íþróttir/Veður

▶ **19.10** **Kompás** Íslenskur fréttaskýringarþáttur í umsjá Jóhannesar Kr. Kristjánssonar.
**20.00** **Þetta fólk** (Fréttaljós) Nýr og óvenjulegur spjallþáttur í umsjá Höllu Gunnarsdóttur blaðakonu og heimshornaflakkara. Í þættinum tekur hún fyrir eitt land og freistar þess að veita okkur innsýn í framandi heim. Ekki hefur hún þó sjálf í hyggju að uppfræða okkur ein og óstudd – þótt margfróð sé og velsigld – heldur er meginmarkmiðið að kalla til góða gesti sem hafa þekkingu á viðkomandi landi og geta frætt okkur sem heima sitjum um menningu þess og sögu.
**22.30** **Kvöldfréttir/Íþróttir/Veður**

**23.40** Síðdegisdagskrá endurtekin

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.25** Anger Management **8.10** Elizabeth Taylor: Facets **10.00** Big Fish **12.05** 13 Going On 30 **14.00** Anger Management **16.00** Elizabeth Taylor: Facets **18.00** Big Fish **20.05** **13 Going On 30** (13 bráðum 30) Rómantísk gamanmynd með Jennifer Garner (Alias) í hlutverki unglingsstelpu sem fer í leik í 13 ára afmæli sínu og vaknar daginn eftir upp sem þrítug kona með bráðfyndnum afleiðingum. A Leyfð öllum aldurshópum. **22.00** **Murder by Numbers** (Morðleikur) Hörkuspennandi sálfræðitryllir sem maður gleymir ekki í bráð. Lögreglukonan Cassie Mayweather og félagi hennar, Sam Kennedy, eru kölluð til þegar ung stúlka er myrt. Aðalhlutverk: Sandra Bullock, Ben Chaplin, Ryan Gosling. Leikstjóri: Barbet Schroeder. 2002. Stranglega bönnuð börnum. **0.00** We Were Soldiers (Stranglega bönnuð börnum) **2.15** Prophecy II (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** Murder by Numbers (Stranglega bönnuð börnum)

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News Weekend **13.00** THS America's Next Top Model **14.30** Gone Bad **15.00** THS Tyra Banks **16.00** THS Kate Moss **17.00** Child Star Confidential **17.30** Number One Single **18.00** 10 Ways **18.30** Gone Bad **19.00** THS Hugh Hefner: Girlfriends, Wives & Centerfolds **21.00** Girls of the Playboy Mansion **21.30** Girls of the Playboy Mansion **22.00** Sexiest **23.00** 10 Ways **23.30** Gone Bad **0.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **1.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **2.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops!

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

kr. 3.732.000

í laun á ári fyrir ófaglærða

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„I ask for so little. Just fear me, love me, do as I say and I will be your slave.“**

Svar: Jareth (David Bowie) úr Labyrinth frá 1986.

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON FYLGDIST SPENNTUR MEÐ UMTALAÐRI HÁRGREIÐSLU

# *Hanks, Howard og Da Vinci-hárið*

Mikið hefur verið rætt og ritað um hárgreiðslu Tom Hanks í stórmyndinni The Da Vinci-Code.

Síðastliðið fimmtudagskvöld fékk ég vænan skammt af þessari frægu greiðslu því bæði fór ég á myndina í bíó og sá Hanks síðar um kvöldið mæta í þátt hjá Jay Leno til að kynna myndina.

Hárið truflaði mig lítið á meðan á myndinni stóð. Oftast nær virkaði það frekar eðlilegt en þegar leið á myndina fór Hanks, sem er venjulega með hárkollvik og frekar stutt hár, að greiða faxið aftur fyrir eyrun. Það hefði hann ekki átt að gera því auk þess að vera ósmekklegt þá leit hann út fyrir að vera með hárkollu, sem hugsanlega er raunin.



Hjá hinum skúnkhærða Leno hélt Hanks áfram að greiða hárið aftur fyrir eyrun og þá var ég farinn að verða svolítið pirraður. Svo virðist sem Hanks megi ekki klippa hárið stutt eða taka kolluna ofan á meðan kynningarherferðin fyrir The Da Vinci-Code er enn í fullum gangi. Það er miður því allir virðast vera komnir með ógeð af þessu uppátæki, þar á meðal ég.

Annars stóð Hanks sig ágætlega hjá Leno og talaði um hversu gott hefði verið að vinna með leikstjóranum Ron Howard. Reyndar kæmi það ekki á óvart þótt Howard hefði haft hönd í bagga varðandi hárgreiðslu Hanks því sjálfur greiðir hann yfir skallann með afleitum árangri.

# dagskrá
## Mánudagur 5. júní



20.00 *Tónlist*

SOUL DEEP



19.35 *Drama*

GREY'S ANATOMY



22.30 *Raunveruleiki*

FABOULUS LIFE OF



19.00 *Drama*

BEVERLY HILLS 90210



7.00 *Dægurmál*

ÍSLAND Í BÍTIÐ

### SJÓNVARPIÐ

**8.00** Morgunsjónvarp barnanna **8.01** Kóalabræður (7:13) **8.11** Brandur lögga **8.21** Bitte nú! **8.44** Bangsímon og vinir hans **9.31** Villi spæta **9.52** Ævintýri Barneys **11.05** Hlé

**14.55** 25 tímar **15.20** Mozart **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Myndasafnið **18.01** Alda og Bára (4:26) **18.06** Bú! (16:26) **18.16** Lubbi læknir (14:52)

**18.30** **Vistaskipti (2:26)** (Foreign Exchange)
**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35** **Svona var það** (That 70's Show) Bandarísk gamanþáttaröð.
**20.00** **Svört tónlist (5:6)** (Soul Deep: The Story of Black Popular Music) Heimildamyndaflokkur um sögu dægurlagatónlistar blökkumanna.
**20.55** **Músíktilraunir 2006** 12 hljómsveitir kepptu til úrslita og sigurvegari varð hljómsveitin The Foreign Monkeys.
**22.00** **Fótboltakvöld** Sýnt úr leikjum á Íslandsmótinu í fótbolta.
**22.25** **Lífsháski (44:49)** (Lost II) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.10** Út og suður **23.35** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**7.00** Barnatími Stöðvar 2 (Emil og grísinn, Ofurhundurinn, Froskafjör, Ginger segir frá, Skrímslaspilið, Freaky Friday, Oliver Beene Leyfð öllum aldurshópum.)

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Home Improvement **12.50** Veggfóður (18:20) **13.40** Oprah (65:145) **14.25** Upprisan **15.10** Eivör á tónleikum í Langholtskirkju **15.45** Bruce Almighty **17.40** You Are What You Eat (4:17) **18.05** The Simpsons

**18.30** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.10** **Strákarnir**
**19.35** **Grey's Anatomy (30:36)** (Læknalíf) Við höldum áfram að fylgjast með ástum og örlögum læknanemans Grey sem átti á sínu fyrsta ári sem lærlingur í skurðlækningum á Grace Hospital í Seattle í ástarævintýri með ungum og virtum skurðlækni, Dr. Derek Shepherd.
**20.20** **Blue murder (1:2)** (Blákalt morð) Hröð og vel gerð sakamálamynd í tveimur hlutum um líf og störf rannsóknarlögreglukonunnar Janine Lewis.
**21.30** **The Apprentice – Martha Stewart (13:14)**
**22.15** **Miss Marple – The Moving Finger** (Frú Marple – Fingrahreyfing)

**23.50** Prison Break (Bönnuð börnum) **0.35** Medium (11:22) **1.15** Windtalkers (Stranglega bönnuð börnum) **3.25** Just Visiting **4.50** Grey's Anatomy (30:36) **5.35** Fréttir **6.15** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS TV

**18.30** **Fréttir NFS**
**19.00** **Ísland í dag**
**19.30** **Fashion Television**
**20.00** **Friends (15:23)** (Vinir)
**20.30** **Jake in Progress (3:13)** (Rivals And Departures)
**21.00** **Falcon Beach (1:27)** (Falcon Beach – Pilot)Falcon Beach er sumarleyfisstaður af bestu gerð. Þangað fer fólk til að slappa af og skemmta sér í sumarfríinu sínu enda snýst allt þar um sumar og frelsi. En þar mætast líka tveir heimar – sumarleyfisgestirnir og íbúar bæjarins. Hvað gerist þegar einstaklingar sem eiga ekkert sameiginlegt verða á vegi hvers annars?
**22.30** **Faboulus Life Of**

**23.45** Smallville (3:22) **0.30** Tívolí **1.00** Friends (15:23) (e)

### SKJÁREINN

**8.00** Dr. Phil (e)

**15.40** Courting Alex (e) **16.10** One Tree Hill (e) **17.05** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö (e)

**19.00** **Beverly Hills** Unglingarnir í Beverly Hills eru mættir til leiks.
**19.45** **Melrose Place** Bandarísk þáttaröð um íbúana í Melrose Place, sem unnu hug og hjarta áhorfenda á sínum tíma. Við fylgjumst með ástum og átökum fólks á þrítugsaldri sem hvert hefur sína drauma og væntingar
**20.30** **The O.C.**
**21.30** **South Beach** Glæný þáttaröð sem Jennifer Lopez framleiðir. Æskuvinina Matt og Vince dreymir um bjartari framtíð og flytja frá Brooklyn til sólríkra stranda í South Beach þar sem ríka fólkið leikur sér.
**22.30** **C.S.I.**

**23.25** Jay Leno **0.10** Boston Legal (e) **1.05** Beverly Hills (e) **1.50** Melrose Place (e) **2.35** Óstöðvandi tónlist

### NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi **11.40** Brot úr dagskrá

**12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegið fréttaviðtal. **13.00** Sportið **14.00** Fréttavaktin eftir hádegi **17.00** 5fréttir **18.00** Kvöldfréttir/Ísland í dag/íþróttir/Veður

**19.10** **Hrafnaþing** Ingvi Hrafn Jónsson fer yfir fréttir dagsins á tæpitungulausan hátt.
**21.00** **Fréttir**
**21.10** **60 Minutes**
**22.00** **Fréttir** Fréttir og veður
**22.30** **Hrafnaþing** Ingvi Hrafn Jónsson fer yfir fréttir dagsins á tæpitungulausan hátt.

**23.15** Fréttavaktin fyrir hádegi **2.15** Kvöldfréttir/Ísland í dag/Íþróttir/Veður **3.15** Fréttavaktin eftir hádegi **6.15** Hrafnaþing

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Adventures Of Priscilla, Queen Of the Desert (e) **8.00** Race to Space **10.00** Juwanna Mann **12.00** The Guys **14.00** Adventures Of Priscilla, Queen Of the Desert (e) **16.00** Race to Space **18.00** Juwanna Mann **20.00** **The Guys** (Strákarnir) Átakanlegt drama sem byggir á samnefndu leikriti sem fjallar um slökkviliðsstjóra sem missti átta slökkviliðsmenn sem voru við störf í World Trade Center þegar byggingin hrundi. **22.00** **The Truth About Charlie** (Sannleikurinn um Charlie) Endurgerð sígildrar spennumyndar, Charade, sem skartaði Cary Grant og Audrey Hepburn í aðalhlutverkum Aðalhlutverk: Thandie Newton, Mark Wahlberg, Tim Robbins, Stephen Dillane. Leikstjóri: Jonathan Demme. 2002. Bönnuð börnum. **0.00** Grind (Bönnuð börnum) **2.00** Return to the Batcave: The Mi **4.00** The Truth About Charlie (Bönnuð börnum)

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News Weekend **13.00** THS Lionel & Nicole Richie **14.00** 101 Most Shocking Moments in Entertainment **15.00** 101 Most Shocking Moments in Entertainment **16.00** 101 Most Shocking Moments in Entertainment **17.00** 101 Most Shocking Moments in Entertainment **18.00** E! News Weekend **19.00** THS Elizabeth Hurley **20.00** 101 Incredible Celebrity Slimdowns **21.00** Sexiest **22.00** Dr. 90210 **23.00** Wild On Tara **23.30** Wild On Tara **0.00** THS Elizabeth Hurley **1.00** 101 Incredible Celebrity Slimdowns **2.00** 101 Most Shocking Moments in Entertainment

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15


# kr. 4.915.000

## í laun á ári fyrir iðnaðarmenn

Kynntu þér auglýsingu frá Alcoa Fjarðaáli í Atvinnublaðinu í dag

Alcoa Fjarðaál

ALCOA



## HRÓSIÐ...

*fær Valgeir Sigurðsson sem stjórnaði nýverið upptökum á nýjustu plötu Wills Oldham.*

## NÚNA BÚIÐ



Sundlaugar. Úr því að hitastigið er ekkert að hækka er um að gera að skella sér í sund og heitu pottana á sólardögum. Þannig er hægt að ná ágætisbrúnku á náttúrulegan hátt þrátt fyrir 8 stiga hita.



Kokteilar. Nú er sumarið á leiðinni og þá er um að gera að blanda sér sumarlega kokteila í miðnætursólinni. Á Netinu er fullt af uppskriftum!



Motorola Razr síminn. V3-síminn frá Motorola hefur slegið í gegn í Bandaríkjunum og fæst nú í nokkrum litum þar. Síminn er nýkominn til landsins, reyndar bara í svörtu en alveg jafn töff, grannur og spengilegur.



Silvía Nótt. Silvía var töff, en nú er komið nóg. En Silvía er hæfileikarík stúlka og hlýtur að finna sér eitthvað betra að gera. Arfleifð hennar er fólgin í glystískunni, ekki tónlistinni eða talsmátanum.



Að raka sig. Alskegg eða sexí broddar – karlmenn bæjarins eru hárprúðir þessa dagana og greinilegt að skeggið er inni.



Sterkar strípur. Af Ungfrú Ísland að dæma er greinilegt að málið er að vera með heillit, annað hvort alveg ljóshærð eða alveg dökkhærð. Þó er alltaf flott að setja penar náttúrulegar strípur í hárið til þess að fá smá hreyfingu í það.



**LÁRÉTT:** 2 plat 6 hæð 8 drulla 9 starfsgrein 11 leita að 12 yfirráð 14 híbýli sjávardýra 16 nafnorð 17 flana 18 tunna 20 í röð 21 lokka.
**LÓÐRÉTT:** 1 létu 3 samtök 4 hlykkjast 5 augnhár 7 skemmtun 10 kvenmannsnafn 13 geislahjúpur 15 óbundinn 16 til sauma 19 til.

**LAUSN:**

**LÁRÉTT:** 2 Gabb, 6 Ás, 8 Aur, 9 Fag, 11 Gá, 12 Umráð, 14 Kóral, 16 No, 17 Asa, 18 Áma, 20 Tu, 21 Laða.
**LÓÐRÉTT:** 1 Gáfu, 3 Aa, 4 Bugðast, 5 Brá, 7 Samkoma, 10 Gró, 13 Ára, 15 Laus, 16 Nál, 19 Að.

### VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Margaret Beckett
2. Mikael Torfason
3. Sleater-Kinney

Allar smáauglýsingar einnig frítt í viku á visir.is
PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ



**FLOTTUR VEGGUR** Tvíeykið Mundi og Morri við vegginn góða á Barnum sem sýnir Evu þar sem hún er að láta freistast af eplinu.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

LISTAMENNIRNIR MUNDI OG MORRI: SKREYTTU VEGGINA Á BARNUM

# Syndafall í stiganum

Nýjasti bar bæjarins, Barinn á Laugavegi 22, skartar skemmtilegum veggskreytingum sem vakið hafa eftirtekt gesta. Listamennirnir sem heiðurinn eiga að verkunum heita Guðmundur Hallgrímsson og Friðrik Svanur Sigurðarson, betur þekktir sem Mundi og Morri, en þeir nema báðir grafískra hönnun við Listaháskóla Íslands. Verkin sem um ræðir eru þrjú. Eitt er í stigaganginum sem liggur upp á þriðju hæðina og sýnir það konu horfa girndaraugum á epli á meðan hárið á henni flaksast upp allan vegginn. „Myndin er af Evu í aldingarðinum og sýnir syndafallið. Okkur fannst þessi saga mjög viðeigandi sem þema í veggskreytingu á skemmtistað þar sem margar syndir eiga líklega eftir að verða framdar hér inni," segir Morri. Hinar tvær myndirnar eru á miðhæðinni og eru einnig trúartengdar. Önnur þeirra sýnir prest sem er að biðjast fyrir og hin sýnir slökkviliðsmann að kljást við loga helvítis. „Við erum samt hvorugir sérstaklega trúaðir," ítrekar Mundi og segir að myndin af syndafallinu hafi verið útpæld og mikil vinna lögð í hana á meðan hinar myndirnar tvær hafi verið unnar meira spontant og án fyrirfram gefinnarútkomu.

Salernin á þriðju hæðinni hafa einnig verið skreytt en verkin þar inni eru eftir bandaríkjamann að nafni Skyler. Þannig er kvennaklósettið alsett hundum en strákarnir horfa á sökkvandi bát og þungbrýndar verur meðan þeir pissa.

Mundi og Morri hafa annars komið víða við þegar listin er annars vegar. Morri á t.d. heiðurinn að veggskreytingunum í bakgarði Dillon og Mundi er á kafi í fatahönnun og hannaði m.a. skreytinguna á metanstrætisvögnunum sem keyra um götur borgarinnar. Meiri samvinna er á döfinni hjá strákunum því framundan er sýning á sextán verkum þar sem klámmyndir og ástarsögur koma mikið við sögu en sýningin verður að öllum líkindum fljótlega sett upp í verslunninni Kronkron. Gaman er líka að segja frá því að strákarnir hafa nú þegar fengið tilboð um fleiri vegggskreytingar í kjölfar verkanna á Barnum.

snaefridur@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Breytingar eru fyrirhugaðar á dagskrá útvarpsstöðvarinnar X-ins 977. Eins og Fréttablaðið greindi frá í vikunni



eru Egill Einarsson og félagar í Köllunum.is komnir með þátt á stöðinni á laugardögum. Nú um mánaðamótin rann Helvítis morgunþátturinn sitt skeið á enda en samningur við stjórnendur þáttarins, Gunnar Sigurðsson og Viðar Pétursson, var ekki endurnýjaður. Þorkell Máni Pétursson leysir þá félaga af á morgunvaktinni fyrst um sinn en Frosti Logason dagskrárstjóri vinnur nú hörðum höndum að því að endurskipuleggja dagskrána. Búast má við nýrri og sumarlegri dagskrá X-ins í næstu viku.

Þetta var því ekki góð vika fyrir Gunnar Sigurðsson, eða Gunna samloku eins og hann er oft kallaður, því eins og Fréttablaðið greindi frá í gær verða Strákarnir ekki á dagskrá Stöðvar 2 næsta vetur. Gunnar og Atli Albertsson hafa komið ferskir inn í Strákana í vetur en fyrirhugaðar breytingar gera ekki ráð fyrir þeim áfram í félagi við Sveppa, Auðda og Pétur. Ekki er



alveg útséð með að þeir félagar muni áfram birtast á skjám landsmanna þó ekkert hafi verið ákveðið í þeim efnum.

Hópur fólks vinnur um þessar mundir að skipulagningu samtaka sem nefnast Framtíð Íslands. Um er að ræða frjáls félagasamtök af því tagi sem á ensku eru nefnd „think tank" eða hugveitu eins og mætti ef til vill útleggja það á íslensku. Slík samtök búa jafnan yfir mikilli þekkingu á tilteknu sérsviði og veita jafnvel ríkisstjórnum ráðgjöf í viðkomandi málaflokki. Irma Erlingsdóttir, forstöðumaður Rannsóknarstofu í kvennafræðum við HÍ, er sögð potturinn og pannan í skipulagningu Framtíðar Íslands, sem mun einblína á umhverfismál í víðum og þverpólitískum skilningi, allt frá náttúruvernd að atvinnustefnu. Ekki þarf að koma á óvart að þekktir áhugamenn um umhverfismál koma að samtökunum, þar á meðal Andri Snær Magnason rithöfundur og María Ellingsen leikkona. Þessa dagana



bera félagsmenn Framtíðar Íslands saman bækur sínar og munu væntanlega greina frá samtökunum og tilgangi þeirra í fjölmiðlum á næstu dögum.



Nýr humar, grillpinnar sólþurrkaður saltfiskur
FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
opið alla laugardaga 11-14

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

# Glitrandi flóamarkaður

Í sumar verður starfræktur flóamarkaður á horni Klapparstígs og Laugavegs, nánar tiltekið í bakgarði Sirkus. Það er kvikmyndagerðarkonan Silja Hauksdóttir og leikkonan Elma Lísa Gunnarsdóttir sem standa að markaðnum sem er opinn alla föstudaga og laugardaga í sumar á milli kl. 12-18.

„Það má finna glitrandi gimsteinaflíkur inn á milli gallabuxna og lopapeysna og því má segja að hér sé að finna fatnað sem hentar jafnt á laugardagskvöldi sem á mánudagsmorgni," segir Silja sem lofar fjölbreyttu fataúrvali.




**NOTAÐAR GERSEMAR** Elma Lísa og Silja Hauks standa fyrir Sirkus-markaðnum í miðbæ Reykjavíkur alla föstudaga og laugardaga í sumar þar sem ýmsar tískutýpur selja fatnað og glingur.
FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Síðastliðin tvö sumur hefur markaður verið rekinn á þessum sama stað en fyrsti markaðsdagur sumarsins var í gær og þá var boðið upp á förðun á þúsund kall og spákona spáði frítt fyrir gesti. Gestir mega búast við álíka uppákomum á markaðnum í sumar og verður þar einnig boðið upp á tískusýningar, tónlistaratriði, hárgreiðslu og fleira. Úrvalið á markaðnum í gær lofaði góðu en fyrir utan fatnað var þar að finna alls konar töskur, glingur, klúta, belti og svo má búast við því að ýmislegt annað dót slæðist með í bland við fötin. Öllum tískudrósum bæjarins er velkomið að leigja bás á markaðnum og er áhugasömum bent á að setja sig í samband við stelpurnar.

-snæ

Mamma™

# Af því að

## heima er best

Hjá Mömmu er vöruframboðið einfalt. Hjá Mömmu bjóðast bestu kjörin og starfsfólk Mömmu kemur heim til þín, tengir, stillir og gerir það sem þarf að gera svo þú getir notið **sjónvarpsins, símtalsins, internetsins** og **öryggisins.**

Af því að Mamma einfaldar málið og býður þér bestu kjörin.



**Heimavörn er meira en þjófavörn. Vatnsvörn og brunavörn eru að mínu mati alveg jafnmikilvægir þættir.**
Og svo komum við og setjum upp kerfið fyrir þig.
Það þarf allt að vera í lagi.



Þegar framboðið af **sjónvarpi**, **síma**, **interneti** og **heimavörn** er orðið umfangsmikið og flókið er gott að geta leitað til Mömmu. Af því að Mamma einfaldar málið og býður þér bestu kjörin.

Sjónvarp S M L 365
Sími & internet S M L og vodafone
Heimavörn S M L SECURITAS

Mamma.is

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS MAM 31712 06/2006

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**









BAKÞANKAR


GUÐMUNDAR STEINGRÍMSSONAR


## *Heyrðu*

Ég hef tekið eftir því undanfarið að boðhátturinn af sögninni að heyra, sem sagt: heyrðu – hefur rutt sér töluvert til rúms í íslensku máli undanfarið. Hér er um að ræða, eftir því sem ég best veit, spánýtt tilfelli af ástarsambandi þjóðarinnar við einstakt orð. Mörg smáorð eru náttúrulega fyrir löngu orðin einkennandi fyrir Íslendinga, eins og ha, já og jæja, en nú sýnist mér að heyrðu sé að koma ansi sterkt inn.

**FÓLK** er spurt einfaldrar spurningar eins og „Hvað heitir þú?“ Þá er svarað: „Heyrðu, ég heiti Jón.“ Úti í búð er viðskiptavinur spurður alvanalegrar spurningar eins og „Get ég aðstoðað þig?“ Og þá er svarað: „Heyrðu, já, áttu smjör?“ Sífellt fleira fólk byrjar hversdagslegar setningar, símtöl og spurningar á heyrðu. Heyrðu er tískuorðið í dag.

**ÞAÐ** er hreint ekki ætlun mín að halda því fram að þetta sé einhvers konar öfugþróun. Tungumálið er ekki að deyja. Ég brydda bara upp á þessu vegna þess að mér finnst þetta smá fyndið. Svona er þetta. Orð breiða úr sér og fara út um allt, á hina óvæntustu staði og eru allt í einu notuð í kringumstæðum þar sem þau voru aldrei notuð áður. Svoleiðis getur verið smá kómískt þegar maður spáir í það.

**HVERS** vegna vilja allt í einu svona margir segja heyrðu svona oft? Er þetta eitthvað einstaklega þægilegt orð? Þykir það vinalegt? Er það smart? Eins og áður segir er hér um boðhátt af sögninni „að heyra“ að ræða. Í framhaldi af því má spyrja af hverju boðhættir annarra svipaðra sagna hafa ekki náð svipaðri útbreiðslu, eins og til dæmis sjáðu. Það mætti ímynda sér að stytt útgáfa þeirrar sagnar gæti verið skemmtileg í daglegu tali: „Hvað heitir þú?“ „Sjá, ég heiti Jón.“

**FULL** biblíulegt kannski. Stytt útgáfa af heyrðu gæti líka gengið: „Heyr, áttu smjör?“ Og síðan gæti stytt útgáfa af boðhættinum þegiðu verið mjög skemmtileg til tilbreytingar. Það yrði skáldlegt: „Þey, veistu um Gunnu?“ Og talandi um tilbreytingu. Auðvitað ber það vitni um ákveðið andleysi þjóðarinnar að það sé alltaf sama orðið sem nær svona útbreiðslu og engum skuli detta í hug að nota eitthvað annað í staðinn. Merking orðsins heyrðu er í raun hlustaðu á mig, eða hlýddu á orð mín, eða eitthvað slíkt. Eða bara: Nú skal segja. Hvers vegna ekki að nota það stundum í staðinn? Það yrði fyndið. „Hvað heitir þú?“ „Nú skal segja, ég heiti Jón.“

**ÉG** ætla að sletta fram kenningu. Ég held að útbreiðsla orðsins heyrðu í upphafi setninga í daglegu tali sé ákveðin stæling á sambærilegum fyrirbrigðum í erlendum tungumálum. Á ensku segja töffarar til dæmis sýknt og heilagt jo þegar þeir hittast og þurfa að eiga í einföldum samskiptum. „Jo, what‘s up?“ segja þeir. Ég held að Íslendingar séu meiri málverndunarsinnar en þeir vilja viðurkenna. Hér á landi segir enginn jo nema hann sé rugludallur. Íslendingar segja: Heyrðu.


